

# Árbók kirkjunnar 2014-2015

# Árbók kirkjunnar 2014-2015

**1. júní 2014 – 31. maí 2015**

**Árbók kirkjunnar 2014-2015** 1. júní 2014 - 30. júní 2015

**Desember 2015**

**Útgefandi: Biskupsstofa, Laugavegi 31, 150 Reykjavík, s. 528 4000**
**Umsjón: Guðrún Finnbjarnardóttir og Þorvaldur Víðisson (ábm.)**

**Umbrot: Guðrún Finnbjarnardóttir**
**Prentun Oddi ehf.**

# Efnisyfirlit

**Prestastefna Íslands 2015** .......... 7
Setningarræða biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur .......... 7

**Synodusárið 2014-2015** .......... 17

**Kirkjuþing 2014** .......... 21
Ávarp forseta kirkjuþings, Magnúsar E. Kristjánssonar .......... 21
Ávarp innanríkisráðherra, Hönnu Birnu Kristjánsdóttur .......... 26
Ávarp biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur .......... 28

**Kirkjuþing unga fólksins 2015** .......... 36

**Leikmannastefna þjóðkirkjunnar 2015** .......... 38

**Vígslubiskup Skálholtsstiftis** .......... 40

**Vígslubiskup Hólastiftis** .......... 42

**Störf kirkjuráðs** .......... 47

**Starfið á árinu 2014-2015** .......... 52
Fræðslumál – Kærleiksþjónusta – Fjölskylduþjónusta kirkjunnar – Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga

**Stofnanir, nefndir, ráð og félög** .......... 74
Ellimálanefnd þjóðkirkjunnar – Fagráð um meðferð kynferðisbrota – Hjálparstarf kirkjunnar – Hópslysanefnd – Kirkjugarðaráð – Kirkjuhúsið Skálholtsútgáfan – Kirkjumiðstöð Austurlands við Eiðavatn – Fræðslusetur þjóðkirkjunnar að Löngumýri – Holt í Önundafirði-Friðarsetur – Nefnd þjóðkirkjunnar um kristniboð og hjálparstarf – Samband íslenskra kristniboðsfélaga – Samkirkjunefnd – Tónskóli þjóðkirkjunnar – Verkefnisstjóri kirkjutónlistar – Þjóðmálanefnd

**Sérþjónustuprestar** .......... 110
Fangaprestur þjóðkirkjunnar – Prestur fatlaðra – Kirkja heyrnarlausra – Prestur innflytjenda – Prestur Íslendinga í Noregi – Prestur Íslendinga í Svíþjóð og Danmörku – Trúarleg þjónusta á Sjúkrahúsinu á Akureyri – Sálgæsla presta og djákna á LSH – Prestur á sviði helgihalds og þjóðmenningar

**Starfið í prófastsdæmunum** .......... 146
Suðurprófastsdæmi – Kjalarnessprófastsdæmi – Reykjavíkurprófastsdæmi eystra – Reykjavíkurprófastsdæmi vestra – Vesturlandsprófastsdæmi – Vestfjarðaprófastsdæmi – Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi – Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi – Austurlandsprófastsdæmi

**Mannfjöldi eftir trúfélögum** . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . **177**

**Prófastsdæmi, prestaköll og sóknir** . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . **179**

**Prestar í sérþjónustu** . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . **194**

**Djáknar í sérþjónustu** . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . **195**

**Félög og stofnanir** . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . **196**

**Stjórnir og starfsnefndir** . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . **198**

**Biskupsstofa og aðrar stofnanir** . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . **200**

# Prestastefna Íslands 2015

## *Setningarræða biskups*

Innanríkisráðherra, frú Ólöf Nordal, vígslubiskupar, prestar, djáknar, gestir. Það er mér sönn ánægja að bjóða ykkur velkomin við setningu prestastefnunnar í dag. Ég vil nota tækifærið og þakka fólkinu hér í Grafarvogskirkju fyrir fundaraðstöðuna og allan undirbúninginn, ég vil þakka sr. Vigfúsi Þór Árnasyni fyrir prédikunina við guðsþjónustuna og þeim er þjónuðu með einum eða öðrum hætti. Einnig vil ég þakka Synodusnefndinni, hvar í áttu sæti fulltrúi prófastsdæmisins hér og Prestafélagsins, starfsfólki Biskupsstofu fyrir þeirra framlag við undirbúninginn sem og þeim er erindin flytja, málstofunum og biblíulestrunum stýra.

### Efni stefnunnar – Biblían og samfélagið

Eftir að hafa beint sjónum okkar inn á við í kirkjunni undanfarnar tvær prestastefnur er nú skoðað það samfélag sem við þjónum ásamt þeim grundvelli er við stöndum á þegar við boðum. Fyrirlestur, pallborðsumræður og málstofur taka mið af því. Tilgangurinn er að gera okkur betur grein fyrir því hvaða samfélagi kirkjan er að þjóna, hvernig kirkjan ætti að haga starfi sínu og boðun með tilliti til þeirra breytinga sem átt hafa sér stað. Þá er stutt í umræðuna um hvort hægt sé að aðgreina trúna frá samfélaginu, hvort hún sé einkamál og eða samfélagsmál og hvort og þá hvernig kristið fólk geti haft áhrif á samfélagið í ljósi síns kristna lífsviðhorfs.

Í ár höldum við upp á 200 ára afmæli hins íslenska biblíufélags með ýmsum hætti. Í hverjum mánuði ársins eru greinaskrif og viðburðir tengdir Biblíunni, en félagið var stofnað í húsi þáverandi biskups Íslands, Geirs Vídalín að Aðalstræti 10 hér í borg. Að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni var gengið heim á biskupssetrið og félagið formlega stofnað. Um þetta má lesa í fróðlegri bók sr. Felixar Ólafssonar um Ebenezer Henderson, sem var frumkvöðull að stofnun félagsins. Þar segir m.a.: „Hið íslenska Biblíufélag var stofnað á prestastefnu í Reykjavík 10. júlí 1815, og er því elsta starfandi félag landsins“. „10. júlí 1815 var mánudagur. Prestastefnan hófst með guðsþjónustu í dómkirkjunni, þar sem dómkirkjupresturinn sr. Árni Helgason prédikaði. Svo virðist sem heldur fáir prestar hafi verið þar mættir til fundar, og biskup var hvergi sjáanlegur. Hann hafði veikst kvöldið áður, og gat ekki tekið þátt í prestastefnunni. Samt sem áður má gera ráð fyrir að fjölmennt hafi verið í dómkirkjunni þennan dag“. „Eftir messu komu prestarnir saman á heimili biskups til venjulegra fundarhalda“.

Stefnt er að því að þann 10. júlí næstkomandi, á afmælisdegi félagsins verði guðsþjónusta í Dómkirkjunni kl. 18 og síðan verði gengið að Aðalstræti 10 þar sem nýtt skilti verður sett utan á húsið þar sem m.a. verður getið um stofnun félagsins. Aðalhátíðin verður þó ekki fyrr en 29. ágúst í Hallgrímskirkju í Reykjavík. Um viðburði og fleira gagnlegt má lesa á heimasíðu Biblíufélagsins, biblian.is.

Öldin er nú önnur en árið 1815 og hefur samfélag okkar breyst mikið. Orð Guðs stendur þó stöðugt þá sem nú. Á þessari öld hafa verið miklir fólksflutningar, fyrst innanlands, þar sem fækkað hefur á landsbyggðinni en fjölgað á suðvesturhorni landsins. Síðustu ár hefur fólk flust til annarra landa í auknum mæli, einkum til Noregs og má geta þess að þar í landi eru nú hátt í 20 starfandi íslenskir prestar hjá norsku kirkjunni auk þess sem íslenskir prestar starfa einnig í Svíþjóð, Þýskalandi, Írlandi, Kanada og Sviss. Er ánægjulegt að prestar hafa aftur flutt heim og miðla nú reynslu sinni af þjónustunni á norskri grund. Skipulag Þjóðkirkjunnar tók mið af sjálfsþurftarþjóðfélaginu þar sem meginmarkmiðið var að fullnægja grunnþörfum fjölskyldunnar. Það skipulag getur ekki gilt í markaðsþjóðfélagi nútímans þar sem ekki er skipst á vinnu og vörum heldur vinnu og peningum. Þau tæki sem Þjóðkirkjan notar til boðunar í dag eru fleiri en prédikunarstóllinn og engum hefði dottið í hug þegar biblíufélagið var stofnað að ráðinn yrði vefprestur til að halda utan um boðunina á öllum þeim miðlum sem til eru í dag. Mörgum þykir þó ekki nóg að gert við miðlun upplýsinga og nýtingu á tækjum til boðunar og er þess ekki langt að bíða að úr því verði bætt.

Bættar samgöngur auðvelda skipulag kirkjunnar og eiga þær sinn þátt í því að sameiningar prestakalla og prófastdæma hafa verið talin heppileg leið til hagræðingar innan kirkjunnar. Það vinnulag hefur verið tekið upp að við sameiningar prestakalla hefur sóknarnefndum verið gefinn rúmur tími til að bregðast við hugmyndum um þær. Auk bréfaskrifta hafa verið haldnir fundir með sóknarnefndum, prófasti og biskupum til að sem flest sjónarmið komi fram og auðveldi ákvarðanatöku kirkjuþings þegar og ef til hennar kemur. Draumafyrirkomulagið væri að heimamenn ynnu meira með yfirstjórn kirkjunnar í sambandi við skipulagsmál og fjármál þeim tengdum. Sóknin er grunneining kirkjunnar en menn hafa velt fyrir sér í vinnu við ný þjóðkirkjulög að söfnuður komi í stað sóknar sem félagsleg grunneining þjóðkirkjunnar. Með því er félagsleg skilgreining tekin fram yfir hina landfræðilegu. Félagsleg skilgreining er ágæt þar sem það á við en getur aldrei komið í stað hinnar landfræðilegu skiptingar. Fyrst ný þjóðkirkjulög ber á góma þá er vert að minna á að í gildi eru lög um þjóðkirkjuna, lögin um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78 frá 1997. Að mínum dómi er farsælla að endurskoða þau lög en að semja ný lög frá grunni. Sú endurskoðun er brýn. Það er farið að standa kirkjunni fyrir þrifum að grunnskjalið sem skipulag og fyrirkomulag kirkjunnar byggist á hafi ekki verið fært til betra horfs.

Það hefur ekki farið fram hjá neinum að fjölmenningarsamfélagið hefur hafið innreið sína í íslenskt samfélag. Það minnir okkur á að við erum hluti af stærri heild, sem er heimurinn allur. Það er ekkert nýtt að þjóðflokkar búi saman, fólk af mismunandi þjóðerni með mismunandi tungumál. Heimsmyndin er breytt, hið íslenska þjóðfélag er breytt. Þeim fjölgar hér á landi sem aðhyllast aðra trú en kristna. Í tæpan áratug hefur samráðsvettvangur trúfélaga starfað hér á landi. Markmiðið með honum er að stuðla að umburðarlyndi og virðingu milli fólks af ólíkum lífsviðhorfum, trúarhópum og trúarbrögðum og standa vörð um trúfrelsi og önnur mannréttindi. Samtal er besta leiðin til skilnings og lausna. Þjóðkirkjan hefur lagt sig fram um að auðvelda innflytjendum lífið hér og hefur haft prest þeim til þjónustu um árabil. Einnig hafa margir söfnuðir landsins haft sameiginlegt starf og messuhald þar sem innflytjendur taka virkan þátt. Prestur innflytjenda hefur einnig stutt hælisleitendur hér á landi. Á prestastefnunni í fyrra var biskup hvattur til þess að standa fyrir ráðstefnu, þar sem fjallað yrði um málefni hælisleitenda. Yrði sú ráðstefna haldin í samvinnu við utanríkisráðuneytið, RKÍ og



Prósessía á Prestastefnu 2015

útlendingastofnun. Ég hefur falið Þjóðmálanefnd að vinna að málinu í samráði við ofangreinda aðila, ásamt presti innflytjenda og hugmyndasmið tillögunnar.

Það hefur sett svip sinn á samfélag okkar undanfarin ár að fjöldamótmæli eru tíð miðað við það sem áður var. Fólk vill hafa meiri áhrif á þjóðfélagsskipanina en að kjósa á nokkurra ára fresti. Athygli vekur þó að sífellt fleiri kjósa að sitja heima á kjördag. Væntingar margra hafa ekki staðist og því grípa menn til ýmissa ráða til að láta það í ljós. Mótmælin eru leið til þess sem og úrsagnir úr þeim stofnunum sem hægt er að segja sig frá. Það eru eflaust margar ástæður fyrir því að fólk segir sig úr þjóðkirkjunni. Athygli vekur einnig að margt ungt fólk kýs að láta ekki skíra börnin sín. Ef ástæðan er sú að fólk hefur ekki nægan aðgang að upplýsingum um þýðingu skírnarinnar þá hefur Kirkjan ekki staðið sig á upplýsingaöld. Það er eitt af þeim verkefnum sem ekki má bíða með að sinna. Tölur segja okkur margt og gefa ákveðnar vísbendingar á hvaða leið við erum. Unnið er að því að bæta tölulegar upplýsingar Þjóðkirkjunnar og er eitt dæmi þess rafrænar skráningar skírna. Það er mikilvægt að nota nýja skráningarformið því um leið og við skilum því rafræna formi inn til Þjóðskrár þá erum við að skrá allar upplýsingar um skírnina inn í félagatal Þjóðkirkjunnar. Félagatalið varðveitir allar þær upplýsingar og eru þær tengdar hverri og einni kennitölu. Slíkt safn upplýsinga á eftir að nýtast kirkjunni á margvíslegan máta í framtíðinni. Við verðum öll að hjálpast að við þetta verkefni því mikilvægt er að hafa réttar upplýsingar sem gagnast okkur til framtíðar.

## Þjóðkirkjan

Þjóðkirkjan á sér margar myndir í hugum fólks. Hún er að sönnu stofnun sem á að fara eftir



Kór Grafarvogskirkju ásamt stjórnanda sínum, Hákoni Tuma Leifssyni.

lögum landsins og starfsreglum sem kirkjuþing setur. Stjórnsýsla hennar er flókin og erfitt að finna sambærilegar stofnanir hvað stjórnsýslu varðar nema þá helst Háskóla Íslands. Það er því aldrei hægt að stýra kirkjunni eins og fyrirtæki og heldur ekki eins og venjulegri stofnun því kirkjan á sér margar myndir. Í vísitasíum er áberandi hve vel sóknarnefndir, starfsfólk og prestar leggja sig fram um að hafa kirkjuhúsið og kirkjustarfið í góðu lagi. Þar mætir manni kirkja sem söfnuður Krists þar sem fagnaðarerindið er boðað í orði og í verki. Kirkja sem er sterk og er í miðju samfélagsins. Í fjölmiðlum mætir manni kirkja sem virðist vera allt önnur. Kirkja sem hefur ekki jafn sterka stöðu í samfélaginu og sóknarkirkjan. Það er þó ánægjulegt að skoðanakannanir sýna aukið traust til kirkjunnar. Það má geta þess að frá því þjóðkirkjan varð sjálfstæð árið 1998 hefur meðlimum hennar fækkað. Þeim fjölgaði um rúmlega 8000 fyrstu tólf árin en hefur fækkað um rúmlega 10000 á undanförnum árum. Niðurstaðan er heildarfækkun um 2150 meðlimi.

Árið 2014 fækkaði um 714 manns í þjóðkirkjunni. Til samanburðar fækkaði um 60000 meðlimi í sænsku kirkjunni. Ef tekið er tillit til stærðar kirknanna þá er fækkunin hér á Íslandi tæpur þriðjungur af því sem er í systurkirkjunni. Þróunin í kirkjunum er samt svipuð: Meðlimunum fækkar. Við því þarf að bregðast og það gerist ekki nema við virkjum samtakamáttinn. Þar skipta mörg smáatriði máli. Eitt þeirra er að öll börn sem eru borin til skírnar séu jafnframt skráð í þjóðkirkjuna.

Tölulegar upplýsingar gefa einnig til kynna að traustið á kirkjunni er að aukast eins og áður sagði. Það mælist nú 36%. Hæst hefur það mælst rúm sextíu prósent árið 1999 og lægst 28% árið 2012. Síðan þá hefur það aukist. Við vitum af öðrum könnunum að meira traust mælist til sóknarpresta og starfsins í sóknum þjóðkirkjunnar. Traustið skilst kannski best með því að skoða



það í samhengi. Þjóðkirkjunni er treyst betur en Borgarstjórn Reykjavíkur, Seðlabankanum og Alþingi. Það erum við þakklát fyrir.

Skoðanakönnun sem fram fór fyrir rúmum tveimur árum sýndi líka að meiri hluti þjóðarinnar vill að hún sé hér eftir sem hingað til vernduð og studd af ríkisvaldinu. Öflug kirkja er ekki endilega kirkja sem telur marga félaga. Öflug kirkja er kirkja sem vandar sig við boðunina og brennur í andanum. Sú kirkja er líkleg til að laða fólkið að. Þjóðkirkjan þjónar öllum ekki bara meðlimum sínum, þess vegna er hún Þjóðkirkja og hefur mikið samfélagslegt hlutverk. Hún er enda eina trúfélag landsins sem skuldbindur sig til að þjóna í nærsamfélaginu. Þjónar hennar eru því dreifðir um byggðir landsins og ekki er alltaf auðvelt að jafna þjónustubyrðina. Um það þarf að nást sátt. Gæði þjónustunnar skipta máli og prestar og söfnuðir þurfa að eiga þess kost að breyta til ef þeir vilja og þurfa. Eins þarf að festa djáknaþjónustuna í sessi til að allir landshlutar geti haft djákna í þjónustu sinni. Rödd kirkjunnar þarf að heyrast vegna þess að boðskapur hennar er byggður á bjargi sem bifast ei þó í móti blási. Hann skapar festu og hann vísar veginn.

## Siðareglur og siðanefnd

Siðareglur vígðra þjóna og annars starfsfólks þjóðkirkjunnar tóku breytingum á kirkjuþingi árið 2013. Breytingin fólst í því að bætt var við hvert vísa ætti málum grundvölluðum á siðareglunum. Þar stendur nú að „Hver sá sem telur að vígður þjónn eða annar starfsmaður

þjóðkirkjunnar hafi brotið framangreindar siðareglur getur leitað til biskups Íslands eða kært eftir atvikum". Óskað hefur verið eftir því að siðanefnd taki mál fyrir telji menn á þeim brotið. Slík nefnd hefur ekki verið skipuð. Á meðan Alþingi hefur ekki afgreitt tillögu um breytingu á lögunum um stöðu, stjórn og starfshætti Þjóðkirkjunnar, þar sem meðal annars er lagt til að fella niður úrskurðarnefnd og áfrýjunarnefnd hefur ekki verið talið ráðlegt að skipa siðanefnd. Líklegt er að Alþingi fallist ekki á að fella niður úrskurðarnefndina en skilgreining á hlutverki siðanefndar tekur mið af þeim úrræðum sem þegar eru til staðar í kirkjunni. Málið er sem sé til skoðunar en niðurstaða verður ekki fengin fyrr en Alþingi hefur afgreitt breytingartillöguna um lögin.

## Tjáningarfrelsi

Með fjölgun þeirra miðla er prestar og djáknar nýta sér hafa komið upp spurningar um tjáningarfrelsið, sem svo mjög hefur verið til umræðu í heimi okkar. Skerðir vígslan tjáningarfrelsið? Siðareglurnar svara þessu að einhverju leyti. Úrskurðarnefnd hefur fjallað um eitt slíkt mál og komist að þeirri niðurstöðu að siðareglur hafi verið brotnar þegar færsla var rituð á fésbókarsíðu en hún var hluti af umræðu sem átti sér stað á síðunni. „Úrskurðarnefnd komst að þeirri niðurstöðu að það bryti gegn 2. og 13. grein siðareglna þjóðkirkjunnar að vígður þjónn bæri á borð óstaðfestan orðróm." Hér túlkar úrskurðarnefndin siðareglurnar með skýrum og leiðbeinandi hætti.

Við skulum minnast þess þegar við látum frá okkur texta að „grundvallarregla mannlegra samskipta er gullna reglan: „Allt sem þér viljið, að aðrir menn geri yður, það skuluð þér og þeim gera." (Matt. 7,12) Starfsfólk og vígðir þjónar kirkjunnar hafa þá reglu umfram allt að leiðarljósi" eins og segir í formála að siðareglunum. Prestum ber auk þess að virða siðareglur presta, sem minna á að gæta virðingar í samskiptum sín í milli.

Prestar eru þjónar og þó þeir skipuleggi þjónustuna og leggi áherslu á að fylgja hefðum kirkjunnar og hrynjanda kirkjuársins mega þeir ekki gleyma þjónustuhlutverki sínu. Prestar verða að leggja sig fram um að þjóna í auðmýkt og koma til móts við vilja sóknarbarnanna eftir því sem hægt er. Dæmi um þetta er þegar prestar neita að ferma á degi sem forverinn hefur fermt á. Það þurfa að vera ríkulegar ástæður fyrir því að verða ekki við þeim óskum. Það er óþarfi að ýta undir óánægju ef hægt er að koma í veg fyrir hana.

## Þróunarverkefni

Eitt af því sem mikilvægt er að huga að til að efla starf þjóðkirkjunnar enn frekar er starfsumhverfi presta Þjóðkirkjunnar. Ákveðið hefur verið að fara í þróunarverkefni á því sviði. Fyrir liggur að ýmislegt má betur fara í þeim efnum, en nauðsynlegt er að gera ítarlega og faglega greiningu á því hvað sérstaklega brennur á prestunum og hvaða orsakir liggja þar að baki.

## Markmið

Könnun á starfsumhverfi presta þjóðkirkjunnar hefur að markmiði að fá fram viðhorf presta til

starfs síns og starfsumhverfis. Niðurstöður könnunarinnar verða nýttar til að setja fram áætlun í mannauðsmálum varðandi þá þætti sem brýnast er að þróa og breyta í starfi og starfsumhverfi. Þá nýtast niðurstöðurnar jafnframt sem viðmið þegar mat er lagt á hvernig til hafi tekist að ná settum markmiðum. En gert er ráð fyrir að könnunin verði endurtekin reglubundið.

## Um framkvæmdina

Biskupsstofa hefur fengið Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands til liðs við sig til að framkvæma könnunina. Þá er gert ráð fyrir nánu samstarfi við fulltrúa Prestafélags Íslands sem og aðra sérfræðinga á vettvangi verkefnisstjórnar sem starfa mun náið með Félagsvísindastofnun á meðan á vinnslu verkefnisins stendur.

Lykil verkþáttur í framkvæmdarferlinu er hönnun spurningalista með hliðsjón af sérstöðu prestsembættisins á meðal annarra embætta og starfa. Mögulegt verður að nýta spurningar úr Könnun á starfsumhverfi ríkisstarfsmanna sem lögð var fyrir 16000 starfsmenn hjá 144 stofnunum á haustmánuðum 2006. Aðrar spurningar verður að móta sérstaklega í þessum tilgangi. Við þá mótunarvinnu verður m.a. litið til kirkna nágrannalandanna og kannanna sem gerðar hafa verið í sambærilegum tilgangi.

Undirbúningur þróunarverkefnisins stendur yfir. Framundan er að setja saman verkefnisstjórn og hefja undirbúning að hönnun spurningalistans í samstarfi við Félagsvísindastofnun. Stefnt er að því að spurningalistinn liggi fyrir í lok sumars þannig að hægt verði að leggja könnunina fyrir á haustmánuðum. Þátttaka presta þjóðkirkjunnar í þessu verkefni er mikilvægur svo marktækar niðurstöður fáist og sameiginlega verði hægt að bregðast við þeim.

Ég ber þá von í brjósti að þetta þróunarverkefni efli kirkjunnar þjóna og þar með Þjóðkirkjuna og þjónustu hennar um land allt.

## Synodusárið

Á synodusárinu hafa átta prestar vígst og fimm djáknar. Einnig hafa nokkrar breytingar orðið í skipan embætta.

## Nývígðir prestar

Cand. Theol. Oddur Bjarni Þorkelsson var vígður 27. júlí 2014. Hann var skipaður prestur í Dalvíkurprestakalli, Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi frá 15. júlí 2014.

Cand. Theol. Davíð Þór Jónsson var vígður 14. september 2014 og skipaður héraðsprestur í Austurlandsprófastsdæmi frá 1. nóvember 2014.

Cand. Theol. Ólöf Margrét Snorradóttir var vígð 14. september 2014 og skipuð prestur í Egilsstaðaprestakalli, Austurlandsprófastsdæmi frá 1. nóvember 2014.

Mag. Theol. Sveinn Alfreðsson var vígður 14. september 2014 til þjónustu safnaðarprests í Lindaprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra.

Cand. Theol. Elín Salóme Guðmundsdóttir var vígð 28. september 2014 og skipuð prestur í Patreksfjarðarprestakalli, Vestfjarðaprófastsdæmi frá 1. október 2014.

Cand. Theol. Eysteinn Orri Gunnarsson var vígður 14. desember 2014 til þjónustu á Landspítala

Háskólasjúkrahúsi.

Cand. theol Salvar Geir Guðgeirsson var vígður 14. desember 2014 til þjónustu í Hamar biskupsdæmi í Noregi.

Mag. Theol. Ása Laufey Sæmundsdóttir var vígð 22. febrúar 2015 til þjónustu í íslenska söfnuðinum í Noregi.

## Nývígður djákni

Dóra Sólrún Kristinsdóttir, var vígð 14. september 2014, til djáknaþjónustu í Langholtspestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi vestra.

Sunna Kristrún Gunnlaugsdóttir, var vígð 14. september 2014, til djáknaþjónustu í Glerárprestakalli, Eyjafjarðar- og þingeyjarprófastsdæmi.

Linda Jóhannsdóttir, var vígð 14. september 2014, til djáknaþjónustu í Ásprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi vestra.

Kristín Kristjánsdóttir, var vígð 28. september 2014, til djáknaþjónustu í Fella- og Hólabrekkusóknum, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra.

Anna Elísabet Gestsdóttir, var vígð 22. febrúar 2015, til djáknaþjónustu í Útskálaprestakalli, Kjalarnessprófastsdæmi.

Við bjóðum þau velkomin til þjónustu í kirkjunni og biðjum Guð að blessa þau og leiða.

## Skipanir í embætti

Séra Bryndís Valbjarnardóttir, var skipuð sóknarprestur í Skagastrandarprestakalli, Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi frá 1. ágúst 2014.

Séra Þorgeir Arason, var skipaður sóknarprestur í Egilsstaðaprestakalli, Austurlandsprófastsdæmi frá 1. ágúst 2014.

Séra Eiríkur Jóhannsson, var skipaður prestur í Háteigsprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi vestra frá 1. september 2014.

Séra Kristín Þórunn Tómasdóttir, var skipuð sóknarprestur í Laugarnesprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi vestra frá 1. september 2014.

Séra Arna Ýrr Sigurðardóttir, var skipuð prestur í Grafarvogsprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra frá 1. september 2014.

Séra Ólafur Jóhann Borgþórsson, var skipaður sóknarprestur í Seljaprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra frá 1. september 2014.

Séra Óskar Hafsteinn Óskarsson, var skipaður sóknarprestur í Hrunaprestakalli, Suðurprófastsdæmi frá 1. september 2014.

Séra Sveinn Valgeirsson, var skipaður prestur í Dómkirkjuprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi vestra frá 1. september 2014.

Séra Jón Ómar Gunnarsson, var skipaður prestur í Glerárprestakalli, Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi frá 1. september 2014.

Dr. Sigurður Árni Þórðarson, var skipaður sóknarprestur í Hallgrímsprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi vestra frá 1. desember 2014.

Séra Bryndís Malla Elídóttir, var skipuð prestur í Seljaprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra frá 1. desember 2014.

Dr. Skúli Sigurður Ólafsson, var skipaður prestur í Nesprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi vestra frá 15. febrúar 2015.

Séra Irma Sjöfn Óskarsdótti, var skipuð prestur í Hallgrímsprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi vestra frá 1. apríl 2015.

Séra Þráinn Haraldsson, var skipaður prestur í Garðaprestakalli, Vesturlandsprófastsdæmi frá 1. maí 2015.

Séra Hulda Hrönn M. Helgadóttir, tók við þjónustu sem héraðsprestur II í Kjalarnessprófastsdæmi frá 1. ágúst 2014.

Séra Kristinn Ágúst Friðfinnsson, tók við þjónustu sérþjónustuprests á sviði sáttamiðlunar og sálgæslu frá 14. október 2014.

## Nýir prófastar

Tveir nýir prófastar voru settir inn í embætti

Séra Þórhildur Ólafs, prestur í Hafnarfjarðarprestakalli, Kjalarnessprófastsdæmi var skipuð prófastur í Kjalarnessprófastadæmi frá 1. febrúar 2015

Séra Helga Soffía Konráðsdóttir, sóknarprestur í Háteigsprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi vestra var skipuð prófastur í Reykjavíkurprófastsdæmi vestra frá 1. apríl 2015.

## Lausn frá embætti

11 prestar fengu lausn frá embætti á synodusárinu. Þau eru:

Séra María Guðrún Gunnlaugsdóttir, fékk lausn frá embætti prests í Patreksfjarðarprestakalli, Vestfjarðaprófastsdæmi frá 1. júlí 2014.

Séra Valgeir Ástráðsson, fékk lausn frá embætti sóknarprests í Seljaprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra frá 1. ágúst 2014.

Séra Anna Sigríður Pálsdóttir, fékk lausn frá embætti prests í Dómkirkjuprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi vestra frá 1. ágúst 2014.

Séra Bjarni Karlsson, fékk lausn frá embætti sóknarprests í Laugarnesprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi vestra frá 1. september 2014.

Séra Gunnar Björnsson, fékk lausn frá embætti sérþjónustuprests frá 1. nóvember 2014.

Séra Jón Dalbú Hróbjartsson, fékk lausn frá embætti sóknarprests í Hallgrímsprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi vestra frá 1. nóvember 2014.

Séra Lára G. Oddsdóttir, fékk laun frá embætti sóknarprests í Valþjófsstaðarprestakalli, Austurlandsprófastsdæmi 1. nóvember 2014.

Séra Lena Rós Matthíasdóttir, fékk lausn frá embætti prests í Grafarvogsprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra frá 1. janúar 2015.

Dr. Gunnar Kristjánsson, fékk lausn frá embætti prófasts í Kjalarnessprófastsdæmi og sóknarprests í Reynivallaprestakalli frá 1. febrúar 2015.

Séra Gunnar Jóhannesson, fékk lausn frá embætti sóknarprests í Hofsós- og Hólaprestakalli, Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi frá 1. mars 2015.

Séra Birgir Ásgeirsson, fékk lausn frá embætti prófasts í Reykjavíkurprófastsdæmi vestra og prests í Hallgrímsprestakalli frá 1. apríl 2015.

Séra Sigrún Óskarsdóttir, fékk lausn frá embætti prests í Árbæjarprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra frá 1. apríl 2015.

Er þeim öllum þökkuð þjónustan í kirkju Krists. Guð blessi þau.

## Andlát

### *Prestar*

Séra Baldur Vilhelmsson, fyrrv. sóknarprestur í Vatnsfjarðarprestakalli og prófastur í Vestfjarðarprófastsdæmi, lést 26. nóvember 2014. Baldur var fæddur 22. júlí 1929. Lauk embættisprófi í guðfræði frá Háskóla Íslands 1956 og fór þá vestur í Vatnsfjörð og þjónaði þar alla tíð. Hann tók virkan þátt í mannlífinu við Djúp og setti svip á umhverfið. Auk prestsstarfanna kenndi hann í mörg ár við skólann í Reykjanesi og rak bú um tíma í Vatnsfirði. Hann var þjóðþekktur maður og margar sögur af honum sagðar enda hnyttinn í tilsvörum og hugmyndaríkur í frásögnum.

Kona séra Baldurs var frú Ólafía Salvarsdóttir, er lést einnig á árinu, þann 21. júlí 2014. Hún tók virkan þátt í kirkjustarfinu og þjónaði prestsheimilinu með mikilli reisn.

Við þökkum Guði fyrir trúa þjónustu þeirra hjóna í kirkjunni og biðjum Guð að helga minningu þeirra og blessa ástvini þeirra. Rísum úr sætum og lútum höfðum í hljóðri bæn.

## Nútíðin – framtíðin

Í nútímasamfélagi er spurt hvað fæ ég í staðinn? Hver er ávinningur minn? Við getum spurt hvað hefur kirkjan að bjóða? Hvað bíður kirkjan umfram allar aðrar stofnanir samfélagsins, umfram öll félög landsins? Á tímum hraða og spennu þyrstir margan manninn í kyrrð og innri frið. Margir leita eftir stað sem það bíður. Í kirkjum landsins er hægt að finna þann frið sem er æðri öllum skilningi. Kirkjan býður fyrirbæn og blessun. Hún bíður sálgæslu og helgihald sem er hlaðið merkingu og lífsfyllingu. Hún býður fræðslu og mót Guðs og manns á stórum stundum lífsins. Hún flytur boðskap sem er lífgefandi hér og nú og um eilífð alla. Þessu þurfum við að koma enn betur á framfæri. Þessu þurfum við að miðla. Trúin mótar manninn, sem miðlar kristnum gildum í samfélaginu og hefur þannig mótandi áhrif á það. Aðrir vilja sem minnst af trúnni vita. Hvernig svo sem viðhorfið er til kirkjunnar í samtímanum megum við ekki gleyma því að okkur er falið mikið hlutverk í heimi sem Guð elskar, það er að boða Orðið sem hann sendi í þennan heim til að gera heilt það sem sundrast hefur. „Því svo elskaði Guð heiminn að hann gaf einkason sinn til þess að hver sem á hann trúir glatist ekki heldur hafi eilíft líf."

Bræður og systur. Megi vinátta okkar styrkjast og samheldni okkar aukast.

Göngum með gleði til starfa á þessari prestastefnu. Göngum með gleði til þjónustunnar í kirkju Krists.

Prestastefna Íslands árið 2015 er sett.

# Synodusárið 2014-2015

## Nývígðir prestar

Cand. Theol. Oddur Bjarni var vígður 27. júlí 2014, sem skipaður hefur verið prestur í Dalvíkurprestakalli, Eyjafjarðar- og þingeyjarprófastsdæmi frá 15. júlí 2014.

Cand. Theol. Davíð Þór Jónsson var vígður 14. september 2014, sem skipaður hefur verið héraðsprestur í Austurlandsprófastsdæmi frá 1. nóvember 2014.

Cand. Theol. Ólöf Margrét Snorradóttir var vígð 14. september 2014, sem skipuð hefur verið prestur í Egilsstaðaprestakalli, Austurlandsprófastsdæmi frá 1. nóvember 2014.

Mag. Theol. Sveinn Alfreðsson var vígður 14. september 2014 til þjónustu í Lindaprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra.

Cand. Theol. Elín Salóme Guðmundsdóttir var vígð 28. september 2014, sem skipuð hefur verið prestur í Patreksfjarðarprestakalli, Vestfjarðaprófastsdæmi frá 1. október 2014.

Cand. Theol. Eysteinn Orri Gunnarsson var vígður 14. desember 2014 til þjónustu á Landspítala Háskólasjúkrahúsi.

Cand. theol Salvar Geir Guðgeirsson var vígður 14. desember 2014 til þjónustu í Hamar biskupsdæmi í Noregi.

Mag. Theol. Ása Laufey Sæmundsdóttir var vígð 22. febrúar 2015 til þjónustu í íslenska söfnuðinum í Noregi.

## Nývígðir djáknar

Dóra Sólrún Kristinsdóttir, var vígð 14. september 2014, til djáknaþjónustu í Langholtspestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi vestra.

Sunna Kristrún Gunnlaugsdóttir, var vígð 14. september 2014, til djáknaþjónustu í Glerárprestakalli, Eyjafjarðar- og þingeyjarprófastsdæmi.

Linda Jóhannedóttir, var vígð 14. september 2014, til djáknaþjónustu í Ásprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi vestra.

Kristín Kristjánsdóttir, var vígð 28. september 2014, til djáknaþjónustu í Fella- og Hólabrekkusóknum, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra.

Anna Elísabet Gestsdóttir, var vígð 22. febrúar 2015, til djáknaþjónustu í Útskálaprestakalli, Kjalarnessprófastsdæmi.

## Skipanir í embætti

Séra Bryndís Valbjarnardóttir, skipuð sóknarprestur í Skagastrandarprestakalli, Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi frá 1. ágúst 2014.



Prests- og djáknavígsla í Dómkirkjunni í Reykjavík 14. september 2014.

Fremsta röð: sr. Sveinn Alfreðsson, sr. Davíð Þór Jónsson, sr. Ólöf Margrét Snorradóttir, Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, Dóra Sólrún Kristinsdóttir djákni, Linda Jóhannsdóttir djákni, Sunna Kristrún Gunnlaugsdóttir djákni. Miðröð: Rut G. Magnúsdóttir djákni, sr. Guðbjörg Jóhannesdóttir, sr. Guðmundur Karl Brynjarsson, sr. Lára G. Oddsdóttir, sr. Gunnlaugur Garðarsson, sr. María G. Gunnlaugsdóttir. Aftasta röð: Sr. Davíð Baldursson, sr. Sigurður Jónsson, sr. Þorgeir Arason, sr. Hjálmar Jónsson. *Mynd: Gunnar Vigfússon*

Séra Þorgeir Arason, skipaður sóknarprestur í Egilsstaðaprestakalli, Austurlandsprófastsdæmi frá 1. ágúst 2014.

Séra Eiríkur Jóhannsson, skipaður prestur í Háteigsprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi vestra frá 1. september 2014.

Séra Kristín Þórunn Tómasdóttir, skipuð sóknarprestur í Laugarnesprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi vestra frá 1. september 2014.

Séra Arna Ýrr Sigurðardóttir, skipuð prestur í Grafarvogsprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra frá 1. september 2014.

Séra Ólafur Jóhann Borgþórsson, skipaður sóknarprestur í Seljaprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra frá 1. september 2014.

Séra Óskar Hafsteinn Óskarsson, skipaður sóknarprestur í Hrunaprestakalli, Suðurprófastsdæmi frá 1. september 2014.

Séra Sveinn Valgeirsson, skipaður prestur í Dómkirkjuprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi vestra frá 1. september 2014.

Séra Jón Ómar Gunnarsson, skipaður prestur í Glerárprestakalli, Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi frá 1. september 2014.

Dr. Sigurður Árni Þórðarson, skipaður sóknarprestur í Hallgrímsprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi vestra frá 1. desember 2014.

Séra Bryndís Malla Elídóttir, skipuð prestur í Seljaprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra frá 1. desember 2014.

Dr. Skúli Sigurður Ólafsson, skipaður prestur í Nesprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi vestra frá 15. febrúar 2015.

Séra Irma Sjöfn Óskarsdótti, skipuð prestur í Hallgrímsprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi vestra frá 1. apríl 2015.

Séra Þráinn Haraldsson, skipaður prestur í Garðaprestakalli, Vesturlandsprófastsdæmi frá 1. maí 2015.

## Nýir prófastar

Séra Þórhildur Ólafsdóttir, prestur í Hafnarfjarðarprestakalli, Kjalarnessprófastsdæmi skipuð prófastur í Kjalarnessprófastadæmi frá 1. febrúar 2015

Séra Helga Soffía Konráðsdóttir, sóknarprestur í Háteigsprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi vestra skipuð prófastur í Reykjavíkurprófastsdæmi vestra frá 1. apríl 2015.

## Lausn frá embætti

Séra María Guðrún Gunnlaugsdóttir, fékk lausn frá embætti prests í Patreksfjarðarprestakalli, Vestfjarðaprófastsdæmi frá 1. júlí 2014.

Séra Valgeir Ástráðsson, fékk lausn frá embætti sóknarprests í Seljaprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra frá 1. ágúst 2014.

Séra Anna Sigríður Pálsdóttir, fékk lausn frá embætti prests í Dómkirkjuprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi vestra frá 1. ágúst 2014.

Séra Bjarni Karlsson, fékk lausn frá embætti sóknarprests í Laugarnesprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi vestra frá 1. september 2014.

Séra Jón Dalbú Hróbjartsson, fékk lausn frá embætti sóknarprests í Hallgrímsprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi vestra frá 1. nóvember 2014.

Séra Lára G. Oddsdóttir, fékk laun frá embætti sóknarprests í Valþjófsstaðarprestakalli, Austurlandsprófastsdæmi 1. nóvember 2014.

Séra Lena Rós Matthíasdóttir, fékk lausn frá embætti prests í Grafarvogsprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra frá 1. janúar 2015.

Dr. Gunnar Kristjánsson, fékk lausn frá embætti prófasts í Kjalarnessprófastsdæmi og sóknarprests í Reynivallaprestakalli frá 1. febrúar 2015.

Séra Gunnar Jóhannesson, fékk lausn frá embætti sóknarprests í Hofsós- og Hólaprestakalli, Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi frá 1. mars 2015.

Séra Birgir Ásgeirsson, fékk lausn frá embætti prófasts í Reykjavíkurprófastsdæmi vestra og prests í Hallgrímsprestakalli frá 1. apríl 2015.

Séra Sigrún Óskarsdóttir, fékk lausn frá embætti prests í Árbæjarprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra frá 1. apríl 2015.

# Andlát

## *Prestar*

Séra Baldur Vilhelmsson, fyrrv. sóknarprestur í Vatnsfjarðarprestakalli og prófastur í Vestfjarðarprófastsdæmi, lést 26. nóvember 2014. Baldur var fæddur 22. júlí 1929. Lauk embættisprófi í guðfræði frá Háskóla Íslands 1956.

Kona séra Baldurs var frú Ólafía Salvarsdóttir, er lést í júlí 2014.

# Kirkjuþing 2014

## *Setningarræða forseta kirkjuþings, Magnúsar E. Kristjánssonar*

Kirkjuþing 2014 er sett, 51. kirkjuþing hinnar íslensku þjóðkirkju.

Ég býð ykkur öll hjartanlega velkomin til þessarar setningarathafnar kirkjuþings, kirkjuþingsfulltrúa og góða gesti. Það er gaman að hitta aftur samstarfsfólk frá fyrri þingum og ánægjulegt að kynnast nýjum fulltrúum sem nú setjast á kirkjuþing í fyrsta sinn. Nú hefst nýtt kjörtímabil með nýjum verkefnum, væntingum og vonum.

Við biðjum að vel takist til og að við stöndum undir þeirri ábyrgð sem okkur er falin sem fulltrúum í æðstu stofnun hinnar íslensku þjóðkirkju.

Ég býð sérstaklega velkomna frú Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, innanríkisráðherra og vil nota þetta tækifæri og þakka henni fyrir þann fallega vitnisburð sem kom fram í ávarpi hennar hér á þessum stað fyrir ári síðan. Þau orð voru góð. Það er ekki oft sem maður heyrir fólk af vettvangi stjórnmála tjá sig með svo jákvæðum og einlægum hætti um kirkju og kristni.

Mér þótti gott að heyra það sem ráðherra sagði. En að sama skapi þá þótti mér afar leitt þegar lítill en háværr hópur fólks spratt fram og fann því allt til foráttu að ráðherra talaði af einlægni og velvilja um trú og kirkju.

Eftir á að hyggja er það gagnrýnivert hve þessum háværa hóp var leyft að eiga sviðið í þessu tilfelli sem og sumum öðrum. Það er því miður orðið þannig að fólk í opinberum hlutverkum tekur vissa áhættu ef það lýsir yfir stuðningi við kirkju og kristni. Er það ásættanlegt ástand?

Getur það verið eðlilegt að fólk fái yfir sig gusur ef það telur starf kirkjunnar til góðs. Stofnunar sem um 3/4 þjóðarinnar tilheyra? Er það ásættanlegt að sá siður sem hér hefur mótað samfélag í meira en þúsund ár sé jaðarsettur af örfáum háværum einstaklingum á nokkrum árum?

Nei, góðir kirkjuþingsfulltrúar það er engan veginn ásættanlegt.

En hver á þá að gera eitthvað í því og hvað á að gera? Það er auðvitað erfiðara að svara þeirri spurningu en hinni fyrri. Þó má minna á orð sem höfð hafa verið eftir móður Teresu: Enginn getur gert allt en allir geta gert eitthvað. Þessu ástandi verður ekki breytt með ályktunum á kirkjuþingi eða hvatningu til biskups. Leiðsögn um lausn á þessu er ekki að finna í sögunni um Litlu gulu hænuna. Lausnin hlýtur að vera sú að fólki sem þykir vænt um kirkju og kristni finnist ástæða til að standa upp og segja hingað og ekki lengra. Við viljum ekki að Jesús sé rekinn út úr stofnunum samfélagsins, við viljum ekki að umræða um kristni sé þögguð niður, við viljum ekki að hinn kristni siður sé jaðarsettur.

Fyrrum kirkjumálaráðherra áminnti okkur fyrir 18 mánuðum um að huga að baklandi kirkjunnar. Það á við í þessu sem öðru.

Ef fólk í ábyrgðarstöðum setur sig aðeins í hættu með því að gefa sig upp sem kristinn og vera því fylgjandi að kristinn siður sé hluti af daglegu lífi þá verða þeir fáir sem gera svo. Þá hafa þessir nokkru en háværu náð sínu fram. Eigum við ekki að vona að í hópi þeirra 75% þjóðarinnar séu enn konur og menn sem séu tilbúin að standa með sannfæringu sinni.



Forseti kirkjuþings, Magnús E. Kristjánsson, flytur setningarræðuna

Enginn getur gert allt en allir geta gert eitthvað.

Það hlýtur hins vegar að vera á ábyrgð okkar sem eru fulltrúar á kirkjuþingi, æðstu stofnunar þjóðkirkjunnar að gera eitthvað til að koma á nauðsynlegri viðhorfsbreytingu.

Þegar lengi hefur verið spiluð vörn er oft erfitt að skipta yfir í sóknarleik. En ef ekki er sótt fram þá er nokkuð ljóst að sigrarnir verða ekki margir. Jónas Hallgrímsson minnti okkur á að:

*Það er svo bágt að standa í stað,*
*og mönnunum munar*
*annaðhvort aftur á bak*
*ellegar nokkuð á leið.*

Marshall Goldsmith heitir bandarískur rithöfundur og ráðgjafi. Ein af bókum hans er, „Það sem kom þér hingað mun ekki koma þér þangað“. Þetta er góð bók og skilaboðin þörf áminning fyrir einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir. Því það er staðreynd að það sem dugði til að koma okkur á þann stað sem við erum á er ekki endilega það sem mun gagnast til að komast á þann stað sem við viljum komast á.

Allt er breytingum háð og allir þurfa að vera tilbúnir að takast á við breytingar. Breytingar eru aldrei auðveldar þó nauðsynlegar séu og án efa erfiðari innan stofnunar sem á sér langa sögu og miklar hefðir.

Þjóðkirkja þarf eins og allir aðrir að takast á við breytt samfélag.

Við sem erum hérna inni höfum upplifað miklar breytingar. Það er stutt síðan fréttir í

sjónvarpi voru bara kl. 20 sex daga vikunnar. Það var bara ein útvarpsstöð, eitt símafélag og fáir voru þeir sem ekki voru í þjóðkirkjunni. Í viðtalsþáttum voru ráðherrar og biskup Íslands þéraðir og fengu jafnvel spurningar sendar fyrirfram til samþykktar. Já það var ekkert internet, ekkert blogg og ekki Facebook. Allt var í fastari skorðum, leikreglur voru skýrari, það lá ekki eins mikið á og fólkið mætti spariklætt í messu kl. 11 eða 14 á sunnudögum.

En nú nokkrum áratugum síðar er svo margt breytt.

Ég var að hugsa það um daginn að það eru innan við 20 ár síðan ég fékk fyrsta gsm símann minn, tölvupóstinn og internet samband. Já, fyrir 20 árum fannst manni faxtækið vera tæknilegt afrek.

Núna geta allir rekið sinn fjölmiðil. Verið með beinar útsendingar og sagt frá atburðum um leið og þeir gerast. Nú horfir fólk á fréttir eða annað efni þegar því hentar, þar sem því hentar og ef því hentar. Fólk er ekki eins bundið því að vera á ákveðnum stað á ákveðnum tíma og áður. Samfélagið setur fólki ekki fyrir hvað hegðun varðar eins og áður var.

Predikunarstóllinn var öflugt samskiptatæki í margar aldir. Í raun mikilvægur fjölmiðill í sóknarkirkjunni. Hér er því ekki haldið fram að predikunarstóllinn sé ónýtur en kurteisislega á það bent að það er meiri samkeppni um athygli fólksins en áður var og boðleiðirnar sem bjóðast fleiri en nokkru sinni fyrr.

Skipulag kirkjunnar er í stórum dráttum eins á öllu landinu. Sóknin er grunneining þar sem á því er þörf landfræðilega og eins í þéttbýlinu þar sem ekki eru í sjálfum sér eins mikil landfræðileg rök fyrir því skipulagi. Fólk sem býr þar horfir á það sem það vill horfa á þegar það vill. Verslar í búðum sem eru opnar 24 tíma á sólarhring. Lætur senda sér það sem það vill borða þegar það er svangt. Sendir og sækir börnin sín á alls konar æfingar á öllum tímum dags virka daga sem um helgar. Vinnur langan vinnudag og á sjaldan alveg frí þar sem tölvupósturinn er í símanum sem lætur það ekki í friði.

Líf fólks hefur breyst mikið, bæði hegðunarmynstur og neysla, ekki síst neysla eða móttaka upplýsinga, fróðleiks, fræðslu og afþreyingar. Þurfum við ekki að velta því fyrir okkur hvort kirkjan hafi nægja þekkingu á þeim tækifærum sem þessar breytingar opna á?

Hér er aðeins verið að hvetja til þess að við skoðum með opnum huga hvernig við getum þjónað fólki sem býr við mismunandi aðstæður sem best. Hvetja til þess að við hlustum, skoðum og reynum að skilja betur fólk, þarfir þess og umhverfi. Það er nefnilega svo fátt sem er sjálfgefið í dag og beinlínis hættulegt að taka einhverju sem gefnum hlut.

Það er samkeppni um tíma fólks og það er mikil samkeppni um athygli. Kirkjan er í þeim skilningi í samkeppni um tíma og pláss í lífi fólks.

Á undanförnum kirkjuþingum hafa verið lögð fram mál sem á einn eða annan hátt snúast um skoðun á áherslum kirkjunnar, athugun á stefnu og skilgreiningu á þjónustu. Eða með öðrum orðum, hvar erum við og hvert eigum við að fara? Öll slík mál hafa verið lögð fram af góðum hug af fólki sem vill kirkjunni vel og hefur á því áhuga á starfsemi hennar sé árangursrík.

Stundum hefur mér þótt að margar af þessum tillögum snúist um of lítinn hluta af starfsemi þjóðkirkjunnar og að ekki sé líklegt að nægur árangur verði af því sem þar er lagt til. Ekki af því að það skorti áhuga eða góðan vilja heldur af því að það skorti grundvallar hugmyndafræði til að byggja stefnumótunina á.

Á þessu þingi eru til umræðu mál sem varða stefnu þjóðkirkjunnar. Mikilvægt er þau verði skoðuð í samhengi og niðurstaða þeirra verði grundvölluð á skýrri sýn á það hvernig kirkjan



Gospelkór Jóns Vídalíns, undir stjórn Davíðs Sigurgeirssonar, söng við setningu kirkjuþings 2014

rækir hlutverk sitt sem best. Það er mikilvægt að allt það sem varðar hvers konar stefnumótun sé vel samræmt.

Umræða um stefnumál þjóðkirkjunnar verður ekki verri þó staldrað sé við og það skoðað hvort þær aðferðir sem hafa komið okkur hingað muni duga til að koma okkur þangað.

Mjög mörg fyrirtæki gera á því kannanir hvernig viðskiptavinum þeirra líkar þjónustan. Er ekki nauðsynlegt fyrir þjóðkirkjuna að vita hvernig fólki finnst hún uppfylla þær væntingar sem það gerir til hennar. Skilgreina hverjar þær væntingar eru og meta hvernig til takist með að mæta þeim.

Það skiptir jú máli að skilgreina hvernig árangur skal metinn.

Það þykir eðlilegt að setja skýrt fram hver markmið eru með starfsemi stofnana og hvaða árangri starfsmenn þar hyggjast ná. Ég tel það tímabært að slíkt sé skoðað á vettvangi kirkjunnar.

Kjörtímabil síðasta kirkjuþings einkenndist mjög af erfiðum samskiptum við ríkisvaldið um fjármál. Bæði á það við um greiðslur sem byggja á kirkjujarðarsamkomulaginu og sóknargjöld. Það þekkja allir hér inni hve erfiður tími þetta hefur verið og hve sorgleg niðurstaða hefur orðið af viðræðum við ríkisvaldið hvert einasta ár. Stundum hafa jafnvel verið gefin fyrirheit um að þessi mál verði löguð en jafnan hefur verið minna um að þau fyrirheit rættust. Með nýrri ríkisstjórn vonuðum við að málstað kirkjunnar væri sýndur meiri skilningur.

En jafnvel þegar ráðherra kirkjumála hefur tekið vel í að þessi mál verði sett í sanngjarnan farveg þá fréttist af tæknimönnum í fjármálaráðuneytinu sem nota furðulegar æfingar með vísitölu til að draga úr þeirri leiðréttingu sem ráðherra hefur gefið vilyrði um. Þessar aðferðir eru ekki geðfeldar og samskipti eru ekki hrein og bein þegar svona trix eru brúkuð. Mér persónulega finnst það ekki ríkisvaldinu sæmandi að fara fram með þessum hætti.

Þá er það með algjörum ólíkindum að ár eftir ár lendi fulltrúar þjóðkirkjunnar sem eru í þessum samskiptum í rökræðum um það hvort sóknargjöld trúfélaga séu félagsgjöld eða ekki. Sóknargjöldin eru elstu félagsgjöld á Íslandi. Þótt innheimta þeirra færi í þann farveg sem nú er var það ekki hugmynd löggjafans að leggja sóknargjöld niður eða að hætta að tengja þau við aðild félagsmanna að trúfélögum.

Við getum ekki og viljum ekki trúa því að ekki verði ærlega staðið að fjárhagslegum samskiptum þjóðkirkjunnar og ríkisvaldsins og þau mál verði a.m.k. höfð í þeim farvegi sem ágæt samstarfsnefnd hefur lagt til.

Góðir kirkjuþingsfulltrúar.

Á dagskrá 51. kirkjuþings eru 29 mál.

Þar eru hefðbundin mál svo sem skýrsla kirkjuráðs og fjárhagur þjóðkirkjunnar. Svo eru misstór mál sum ný en önnur hafa verið á vettvangi kirkjuþings í nokkur ár. Í því sambandi má nefna tillögu að nýjum þjóðkirkjulögum.

Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka starfsfólki biskupsstofu fyrir undirbúning þingsins. Við undirbúning þessa þings var haft að leiðarljósi að tíminn væri nýttur sem best, svo dagskráin er nokkuð þétt.

Það er von mín að niðurstaða starfa okkar hér verði góð og þjóðkirkjunni til heilla.

# Kirkjuþing 2014

## *Ávarp innanríkisráðherra, Hönnu Birnu Kristjánsdóttur*

Heiðruðu fulltrúar á kirkjuþingi –

Biskup Íslands og aðrir góðir gestir.

Það er mér venju samkvæmt – nú tala ég um venju þó að þetta sé nú einungis í annað sinn sem ég er hér með ykkur – en það er mér engu að síður mikill heiður og mikil ánægja að fá tækifæri til þess að ávarpa ykkur hér á þessum fallega vetrarmorgni. Ég nefndi það stuttlega þegar ég talaði við ykkur fyrir ári síðan að ég hefði frá því að ég þá tók við sem innanríkisráðherra, átt góð og afar uppbyggileg samskipti við fulltrúa þjóðkirkjunnar, og ég vonaðist þá til þess að framhald yrði á þeim góðu samskiptum. Það er ekki hægt að segja annað en að það hafi orðið raunin, samskiptin hafa verið góð, samskiptin hafa verið mikil og samtalið með ágætum. Og ég vil sérstaklega nota þetta tækifæri til að þakka fyrir það. Sérstaklega vil ég þakka biskupi gott samstarf, lausnamiðuð samskipti og mikil heilindi. Þjóðkirkjan er lánsöm að eiga slíkan leiðtoga.

Ég trúði því fyrir ári síðan og ég trúi því enn, að með farsælu samstarfi sem flestra, þar með talið ríkis og kirkju og hverra þeirra er koma að mótun okkar góða samfélags, gætum við öll sem eitt unnið að mikilvægustu verkefnum í okkar góða samfélagi. Byggt upp aukið traust, byggt upp meiri velvilja og aukna von hjá þjóðinni. Í því gegnum við öll sem erum hér, og öll þau sem eru þarna úti, mikilvægu og stóru hlutverki. Og ég veit og vona að við áttum okkur öll á því hlutverki. Og ég ítreka líkt og ég hef áður gert á þessum vettvangi hvatningu mína til okkar allra að halda því mikilvæga verki áfram.

Ég hjó eftir því í ræðu hér áðan, þar sem forseti kirkjuþings fór yfir ákveðin viðfangsefni þjóðar, kirkju og stjórnvalda og allra sem að opinberri umræðu koma, að oft spyrjum við okkur að því einlæglega, og kannski stundum oft á dag hvernig best sé að halda á málum þjóðinni til heilla til þess að okkur takist að halda áfram, stíga næstu skref og vera samferða í þeirri mikilvægu leið sem framundan er. Mér fannst ræða forsetans endurspegla það vel, að við þurfum kannski að gera eins og Gandhi og hugsa eins og Gandhi; að vera breytingin sem við boðum, og fara í gegnum þá tíma sem að nú eru líkt og tímana sem áður voru, meðvituð um það og í trausti þess að við séum að gera vel fyrir íslenska þjóð og í trausti þess að okkar störf gagnist. Ég kem að því í lok ræðu minnar hvernig ég sé þá hluti fyrir mér.

En góðir gestir, mig langar að byrja á því að víkja beint að málefnum þjóðkirkjunnar og þeim samskiptum sem við höfum átt vegna margra verkefna sem við eigum sameiginleg. Ég geri mér að sjálfsögðu fulla grein fyrir mikilvægi kirkjuþings sem fer með æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar. Vægi kirkjuþings hefur, eins og þið þekkið betur en ég, verið að aukast á undanförnum árum og kirkjuþingi verið faldar ýmsar heimildir til að setja starfsreglur um flest málefni kirkjunnar. Fram að þessum lagabreytingum var það Alþingi sem með setningu laga hafði bein áhrif á innri mál kirkjunnar og ráðuneytið síðan með setningu reglugerða. Þetta hefur breyst, sú breyting hefur verið til góðs, og að mínu mati eigum við að hafa hugrekki og vilja til að bæta þar enn frekar og og breyta. Ég fjallaði stuttlega um það á kirkjuþinginu í fyrra



Hanna Birna Kristjánsdóttir í ræðustól

að ég teldi rétt að breyta fyrirkomulaginu er varðaði gjaldskrá fyrir aukaverk presta, svo dæmi sé tekið, enda tel ég að ráðherra eigi ekki að ákveða slíka gjaldskrá heldur kirkjan sjálf. Nú er unnið að þessu innan ráðuneytisins í samstarfi við stjórn Prestafélag Íslands og ég vonast til að geta nú í vetur lagt fram frumvarp þar sem núgildandi lög eru komin til ára sinna, en þau eru frá árinu 1931, verði afnumin og verkefnið falið kirkjuþingi. Ég mun einnig nú í vetur flytja frumvarp til breytinga á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar; þetta kemur til að beiðni kirkjuráðs og með vísan til samþykkta síðasta kirkjuþings líkt og þið þekkið. En eins og forsetinn ykkar kom inn á áðan þá hefur endurskoðun þeirra laga staðið yfir í nokkurn tíma á ykkar vettvangi en ekki hlotið endanlega afgreiðslu, enda heildarendurskoðun þessa máls umfangsmikil og stefnumarkandi. Ég geri fastlega ráð fyrir að sú vinna haldi áfram en með fumvarpi þessu og því sem þar kemur fram, eru hins vegar lagðar til ákveðnar breytingar á lögunum sem miða að því að veita kirkjuþingi auknar heimildir til að setja starfsreglur um ýmis atriði í stjórnskipan kirkjunnar sem áður hafa verið bundin í lög svo og að auka fjárstjórnunarvald þess en það er eitthvað sem talið hefur verið afar mikilvægt. Ég vona að af framlagningu þess geti orðið innan fárra vikna og um það takist ágæt sátt á hinu háa Alþingi.

En ágætu þingfulltrúar. Á síðustu misserum hafa átt sér stað ýmis samskipti milli ráðuneytisins sem ég fer fyrir, milli ríkisvaldsins almennt og þjóðkirkjunnar varðandi greiningu á fjárhagslegri stöðu kirkjunnar. Ég veit að ég þarf ekki að rifja það upp í þennan hóp og það þekkjum við öll að mikil hagræðing hefur átt sér stað á umliðnum árum í öllum opinberum rekstri og þar hefur kirkjan síst verið undanskilin. Kirkjunnar menn og konur hafa komið sjónarmiðum áleiðis hvað þetta varðar og líkt og nefnt var hér á undan hefur sú umræða auðvitað verið lifandi meðal ríkisvaldsins og á hinu háa Alþingi í mörg misseri. Þess ber þó að geta að þrátt fyrir að, því miður, sé ekki kominn sá tími að við í íslensku samfélagi getum farið að halla okkur aftur og sagt: Nú er skipið á góðri siglingu og við þurfum ekki að huga að

því viðstöðulaust hvernig við vinnum betur úr því takmarkaða fjármagni sem við höfum. Það er enn þá þannig og verður þannig áfram um eitthvert skeið, í nokkuð þrengri mynd en við sáum kannski á árunum fyrir bankahrunið, en engu að síður er það eilífðarverkefni að taka á slíku verkefni með sanngirni. Og það er það sem við höfum viljað reyna að gera. Við erum þess vegna, ríkisvaldið, og ég efast ekki um að það á við alla sem á hinu háa Alþingi sitja að við erum þakklát þjóðkirkjunni fyrir að taka vel í þá útréttu hönd að fara saman í gegnum þetta verkefni og vinna að því sameiginlega hvernig á því hefur verið haldið. Það er hins vegar alveg ljóst að þær ríku og umfram aðhaldskröfur sem gerðar voru, sérstaklega varðandi sóknargjöldin; um það hefur ekki verið fullkomin sátt. Og þess vegna hefur ríkisvaldið verið sammála um að það sé tími kominn til að leiðrétta það og vinna þannig að því að sanngirni og réttlæti sé höfð að leiðarljósi. Þess vegna höfum við verið að vinna að því undanfarið að fara yfir þau mál. Það á ekki einungis við um sóknargjöldin heldur einnig kirkjujarðasamkomulagið, sem hefur lækkað með viðaukasamkomulagi undanfarin ár á hverju einasta ári, þannig að það verður ekki hjá því komist fyrir ríkisvaldið og þjóðkirkjuna að hefja viðræður um þau mál til lengri tíma og tryggja það að við séum sammála um megin þættina þar. Sú vinna verður sett í gang á næstu vikum með aðkomu innanríkisráðuneytisins, fjármála- og efnahagsráðuneytisins og þjóðkirkjunnar og við munum fara yfir það og ég hef þegar átt góð samtöl við biskup um þau mál. Ég sé fyrir mér að út úr þeirri vinnu komi sameiginleg áætlun hvernig við snúum þeirri þróun við sem við þekkjum öll að hafi verið hamlandi.

Við erum hins vegar, sem betur fer, lengra komin hvað sóknargjöldin varðar; og nú ætla ég ekki að fara í umræðuna sem hér var um einstaka þætti er varða fjárlagafrumvarpið eða um það hvernig haldið er á einstaka liðum þess, fjárlagafumvarpið er eins og menn þekkja í meðförum Alþingis þessa stundina, í meðförum þingmanna, og við sjáum hvernig þeir vinna úr þeim málum enda er þeirra rödd endanleg í því máli. En mín afstaða hefur verið skýr í því, ég tilkynnti ykkur hér á kirkjuþingi fyrir ári síðan að ég myndi óska eftir því að Sigríður Anna Þórðardóttir fv. ráðherra myndi leiða starfshóp til að fjalla um fjárhagsleg samskipti ríkis og kirkju, sá starfshópur skilaði til mín greinargerð í sumarbyrjun sem við höfum verið að vinna með síðan, og viljum standa við og vinna með. Ég hef þegar kynnt þá niðurstöðu í ríkisstjórn og um hana er góð sátt. Ég vil stikla á stórum þáttum í þeim niðurstöðum því að öllum sem þekkja að einhverju leyti til starfsemi þjóðkirkjunnar er kunnugt um þær afleiðingar sem niðurskurðurinn hefur haft á safnaðarstarf og almenna starfsemi kirkjunnar um allt land en megin verkefni umrædds starfshóps var jú að gera grein fyrir þeim skerðingum, finna út nákvæmlega hvernig þær hefðu verið og koma með lausnir til þess að leysa þann ágreining. Fram kom í þeirri vinnu að uppsöfnuð skerðing fjárframlaga sem byggja á innheimtu sóknargjalda til þjóðkirkjunnar og til annarra trúfélaga árin 2009-2014; skerðingin þá umfram breytingu fjárveitinga til stofnana sem heyra undir innanríkisráðuneytið nemur 4,1 milljarði á þessum tíma, og það er umframskerðing frá því sem aðrar stofnanir fengu. Það er því ljóst að undanfarin ár var gengið hart fram gagnvart almennri starfsemi sókna í landinu og það er töluvert átak að koma því á þann stað sem allir geta verið nokkuð sáttir við. En starfshópurinn lagði sig fram um það og lagði til að þjóðkirkjan og ráðuneytið myndu semja um hækkun sóknargjalda í áföngum næstu árin. Nefndin lagði einnig til að eigi síðar en árið 2016 yrði samið um að draga að fullu til baka á tilteknum tíma þá skerðingu á sóknargjöldum til að ákvæði laga um sóknargjöld komi að fullu til framkvæmda á ný. Og með þessar tillögur hefur innanríkisráðuneytið og ríkisvaldið unnið

frá því í haust, fjárlagafrumvarpið endurspeglar þá ákvörðun að ganga til þess verks í áföngum og miðar okkar áætlun við að þessum árangri verði náð á fjórum árum. Drög að samkomulagi þess efnis liggja fyrir og ég vonast til að okkur takist að undirrita það samkomulag áður en langt um líður, en eins og ég sagði áður, hefur málið þegar verið kynnt í ríkisstjórn og fengið góðar undirtektir. Síðan er það önnur hlið á sama peningi hvernig Alþingi vinnur nákvæmlega úr því með umræddar verðbætur á sóknargjöldin almennt.

Kæru þingfulltrúar, líkt og ég nefndi í upphafi og líkt og nefnt var hér af forseta þingsins þá hafa undanfarin ár, og engin hefur farið varhluta af því, hvorki kirkjan, aðrar stofnanir, né almenningur í okkar góða samfélagi, síðustu ár hafa verið stormasöm. Þau hafa verið stormasöm í ýmsum skilningi og það má á vissan hátt segja að stormurinn vari enn. Og kannski er það lengri tími en mörg okkar héldu og lengri tími en við höfum áttað okkur á, þegar yfir Ísland dundi það sem í daglegu tali er kallað bankahrunið en hafði að mínu mati mjög almenn og víðtæk áhrif á íslenska þjóðarsál. Sá stormur varir að mörgu leyti enn og ókyrrð og uppþot, ekki síst í almennri umræðu hafa tekið miklum breytingum. Þessir tíma eru að mörgu leyti mjög snúnir fyrir allar stofnanir og almenning í landinu. En stormar og breytingar eru líka oft tilefni til að staldra við og velta fyrir sér hvernig við komumst á betri stað, og það tel ég að sé mikilvægt fyrir okkur að gera. Að velta því fyrir okkur í góðu samtali og samstarfi við þjóðina okkar hvernig viljum taka næstu skref; hvernig við kjósum að halda áfram. Hvort við kjósum að halda þannig áfram að við tökum hönd í hönd og kjósum það sem ég held að skipti mestu máli í þessu samfélagi: Að treysta hvert öðru. Það er kannski það sem hefur verið áhrifamest í öllu þessu, það er að okkur skortir traust hvert á öðru. Ég held að sé stærsta viðfangsefni okkar góða samfélags að endurnýja og endurvekja það traust sem lifað hefur með þessari þjóð frá upphafi, en virðist nú tímabundið hafa glatað því gildi sem það áður hafði. Og við öll sem komum að verkefnum á opinberum vettvangi skynjum þessa stöðu, finnum hana, reynum að nálgast hana en erum líkt og margir aðrir í því á einhverjum þeim tímamótum að það er ástæða til að taka samtalið við fleiri en einungis sjálfa sig. Þess vegna er það svo að opinber umræða eins og hún blasir við okkur flestum er oft afar hörð, afar óvægin og þungbær fyrir marga. Svo þungbær að á köflum hljótum við að velta því fyrir okkur hvort sumt af hinni opinberu daglegu umræðu er jafnvel ekki við hæfi viðkvæmra. Jafnvel ekki við hæfi barnanna okkar, jafnvel ekki boðleg börnunum okkar og jafnvel á þeim stað að við viljum eftir fréttatíma í útvarpi og sjónvarpi eða lestur á vefsíðum setjast niður með börnunum okkar og reyna að telja þeim trú um það að það sé fleira sem sameinar okkur en sundrar. Þegar fjölskyldurnar í landinu telja sig þurfa að eiga það samtal reglulega við börnin sín; að minna þau á það sem mestu skiptir, og minna þau á það að við erum hér saman vegna einhvers, vegna þess að við treystum hvert öðru, trúum hvert á annað og ætlum sameiginlega á góðan stað - meðan við sem foreldrar í þessu landi teljum okkur þurfa að eiga þetta samtal reglulega við börnin okkar þá þurfum við öll að staldra við. Mín von er sú að við gerum það vel, við gerum það vandað og við gerum það af meiri virðingu, meira umburðarlyndi og meiri skilningi fyrir sjónarmiðum annarra en við höfum gert að undanförnu. Við þurfum nefnilega að vanda okkur við það hvernig við tölum um og tölum við náungann. Við þurfum að vanda okkur sem þjóð við að fara á annan og betri stað. Og það sem ég nefndi áðan og skiptir mestu við verðum að læra að treysta á ný. Það getur verið erfitt, það getur verið snúið, en það verður að gerast! Það er forsenda þess að við náum þeim árangri sem býr í þessu samfélagi og er alls staðar í þessu samfélagi. Fyrir utan þessar kirkjudyr hér og

fyrir utan hverja einustu dyr í þessu dásamlega samfélagi er stútfullt af tækifærum sem bíða eftir að verða gripin af börnunum okkar og komandi kynslóðum en þau verða ekki gripin ef engin treystir sér til þess að grípa þau. Þetta þurfum við öll sem eigum í samtali við þjóðina að minna okkur á. Svo verðum við, þegar á móti blæs, eins og nefnt var hér af forseta kirkjuþings, þegar á móti blæs í opinberri umræðu og í almennri umræðu og einhverjum þykir að sér vegið og eitthvað ósanngjarnt, þá bindur maður bara fastar á sig húfuna og hettuna og fer í gegnum storminn vitandi að það skiptir máli. Og ef við vitum að við erum að gera góða hluti og eitthvað sem skiptir máli verður sú ferð auðveldari en ella.

En af hverju er ég að nefna þetta hér á kirkjuþingi? Jú, það er vegna þess að kirkjan og forsvarsmenn hennar hafa á síðustu árum eins menn hafa rætt hér á þessum vettvangi fengið sinn skerf af slíkri umræðu. Ég tek undir það sem sagt var hér í upphafi að við verðum að lifa í þannig samfélagi að hvort sem fólk velur sér að vera innan þjóðkirkjunnar eða velur sér að ástunda önnur trúarbrögð – eða engin trúarbrögð þá hafi samfélagið skilning á og beri virðingu fyrir því. Að það sé aldrei skilgreint sem jaðarskilningur á því hvernig þessir hlutir virka. En eðlilegast væri þá að spyrja að því, eins og ég gerði hér í upphafi; hvað er til ráða og hvernig vinnum við með þetta verkefni? Ég tel svarið við því sé að stórum hluta að finna í sálum okkar sjálfra og í sálum okkar allra hvar sem við stöndum í raun og veru hvað varðar viðfangsefni trúarinnar. Það er að finna í umburðarlyndi og það er að finna í kærleika. Ef við horfum til umburðarlyndisins og kærleikans þá verður okkur ekkert að vanbúnaði og við verðum að sýna þá þætti sem eru svo ríkir í þessari þjóð. Það er stundum sagt að til að hið illa geti sigrað verði góðir menn að sitja hjá eða gera ekki neitt. Ég vil þó brýna fyrir okkur öllum sem erum hér í dag að það er ekki í boði að sitja hjá þegar við upplifum óréttt, þegar við tölum um að illa sé talað um náungann, þegar talað er um vonleysi yfir þjóðinni eða þegar vegið er að grunnstoðum hennar og þeirra gilda sem þetta samfélag byggir á. Eða þegar byggt er á neikvæðni og jafnvel rógburði. Það er einungis í boði að standa upp, segja skoðun sína og hafa hugrekki til að taka slaginn fyrir það sem meira skiptir. Og aftur er það umhugsunarefni fyrir íslenska þjóð, líkt og það er umhugsunarefni að það þurfi að setjast niður með börnunum til að útskýra að það sé fleira sem sameinar en sundrar, þá er það líka umhugsunarefni fyrir íslenska þjóð þegar við getum ekki horft í augun á komandi kynslóð og sagt: „Stattu upp, taktu þátt, það skiptir máli!" Ef að við erum farin að veigra okkur við því vegna þess að við teljum að hin opinbera umræða sé orðin svo harðger og erfið fyrir ýmsa sem í henni standa, þá þurfum við líka að velta því fyrir okkur á hvaða stað við erum stödd sem þjóð. Það er nefnilega hlutverk okkar allra, allra sem ákveðum að vera þátttakendur í þessu samfélagi að tala trú, von og líf inn í samfélagið. Sama hvernig viðrar og jafnvel þó við stöndum sjálf í miðjum storminum. Við megum aldrei gefast upp fyrir því sem er gott og við eigum alltaf að geta hafið okkur yfir umræðu dagsins og gripið til okkar sterkustu vopna; kærleika og umburðarlyndis. Þannig vinnum við sigra og það sem meira máli skiptir; þannig gerum við samfélagið okkar betra.

En kæru gestir, um leið og við stöndum vörð um góð gildi þá verðum við, og ég ítreka það, ég held að það sé líka eitt af þessum brýnu verkefnum sem við stöndum frammi fyrir, og í miðjum storminum í umræðu dagsins um ýmis þungbær mál verðum við, og ég ítreka það fyrir kirkjunni og öllum þeim sem að hennar verkefnum koma, að sýna lífsviðhorfum og skoðunum annarra umburðarlyndi. Látum það aldrei gerast í íslensku samfélagi að okkur verði sundrað vegna trúarbragða eða litarháttar eða vegna þess að fólk kemur annars staðar frá en við sjálf.

Látum það aldrei gerast. Og í þessu samhengi vil ég sérstaklega nefna fjölmenninguna, kannski vegna þess að hún er mér nærtæk og hluti af brýnum verkefnum míns ráðuneytis. Það eru, og við verðum að horfa á það sem aðalatriði, fjölmörg, óendanleg tækifæri fólgin í því að þjóðin okkar verði fjölbreytt. Það er hluti af því að takast á við ný verkefni, að taka fagnandi á móti fólki sem hér vill búa, lifa, og eiga sér líf. Það er hluti af tækifærum íslensks samfélags og það er hluti af því að við getum horft í augun á börnunum okkar og sagt: „Hér er gott að vera! Hér viltu vera!" Vegna þess að ný kynslóð Íslendinga vill búa í þannig samfélagi. Hún vill búa í samfélagi þar sem er fjölbreytt flóra fólks, þar sem fólk kemur héðan og þaðan, þar sem fólk á ólíka reynslu, ólíkt líf en nýtur sömu mannréttinda og samfélagið tekur á móti því með sama hætti og það væri úr okkar eigin samfélagi. Ég árétta það, vegna þess að margar þjóðir hafa staðið frammi fyrir mörgum brýnum verkefnum vegna þessara breytinga sem þessar breytingar hafa kallað yfir okkur. Ég hvet okkur til þess að taka þeim fagnandi og líta á það sem tækifæri að það sé fólk sem hefur fæðst annars staðar sem sér Ísland sem land tækifæranna. Það mun gefa okkur tækifæri og fjölbreytileika sem skiptir okkar góða samfélag miklu. En ég veit, líkt og við öll sem hér erum að kirkjan stendur frammi fyrir þeirri áskorun að aðlaga sig að breyttu samfélagi. Og það hefur kirkjan gert í gegnum aldirnar, því um leið og kirkjan stendur vörð um grunngildi kristinnar trúar hefur hún sýnt umburðarlyndi og kærleika á erfiðum tímum og þess vegna er kristin trú enn á meðal okkar og eins ríkur þáttur í samfélagi okkar og í samfélögum sem við þekkjum. Þannig mun hún lifa áfram í góðri sátt við þjóðina og verða áfram mikilvægur hluti hennar. En það er líka mikilvægt að það ríki traust á milli okkar allra sem að verkefnum kirkjunnar koma á vettvangi ríkisvaldsins. Það traust erum við að byggja upp, það tekur tíma, og það munum við gera og tryggja að almenningur njóti góðs af.

Kæru gestir, nú er hafið nýtt kjörtímabil kirkjuþings og þið kæru þingfulltrúar þið takist á hendur mikilvæg störf fyrir þjóðkirkjuna og um leið fyrir þjóðina alla. Frá mér eru aðeins ein skilaboð; að biðja ykkur um að hafa það ávallt í huga að við erum að starfa fyrir fólkið í landinu við erum að starfa, alveg sama á hvaða opinbera vettvangi við erum, við erum að starfa að því að gera lífið í þessu litla og góða landi betra en það hefur verið og við erum að tryggja það að samfélagið okkar byggi á trausti, við erum að ýta undir það að fólk treysti hvert öðru og við erum að tryggja það að landið okkar verði sá góði staður sem það hefur verið í langan tíma – og jafnvel enn betra.

Innilegar þakkir fyrir mig og gangi ykkur vel.

# Kirkjuþing 2014

## *Ávarp biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur*

Innanríkisráðherra, forseti kirkjuþings, kirkjuþingsfulltrúar, vígslubiskupar, góðir gestir.

Nýtt kjörtímabil kirkjuþings er að ganga í garð. Við setningu þessa þings taka sæti fulltrúar sem ekki hafa verið áður á kirkjuþingi. Nýir fulltrúar eru um 40% fulltrúanna, 10% hafa áður setið en þó ekki á síðasta kjörtímabili og um helmingur fulltrúanna sat þingin á síðasta kjörtímabili. Kirkjuþingið í ár hlýtur því að mótast að nokkru af því að vera það fyrsta á fjögurra ára kjörtímabilinu sem í hönd fer. Ég vænti góðs samstarfs við kirkjuþingið hér eftir sem hingað til.

Ég vil nota tækifærið og þakka þeim er undirbúið hafa kirkjuþingið, starfsfólki Biskupsstofu, forsætisnefnd og þingfulltrúum. Einnig þeim er flytja okkur ljúfa tóna hér í dag. Einnig þakka ég sóknarpresti og sóknarnefnd Grensáskirkju fyrir afnotin af kirkju og safnaðarheimili.

Hlutverk kirkjuþings hefur ekki breyst. Eftir sem áður hefur kirkjuþing æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar innan lögmæltra marka, eins og segir í lögunum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Samkvæmt þeim sömu lögum fer biskup Íslands með yfirstjórn þjóðkirkjunnar ásamt öðrum kirkjulegum stjórnvöldum eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögunum. Þessi tvískipting valds getur valdið spennu ef ekki er vel á málum haldið og er þetta ekki eina dæmið innan kirkjunnar þar sem svo háttar til. Annað dæmi er verkaskipti og valdsvið sóknarnefndar annars vegar og sóknarprests og prests hins vegar. Fleiri dæmi mætti nefna. Það er ekki alltaf ljóst hver á að ráða innan kirkjunnar eins og stundum er tekist á um. Það er ekki spurning um það hvort söfnuður eigi að lúta presti eða prestur söfnuði, heldur ber báðum að lúta Kristi og þjóna náunganum í ljósi fagnaðarerindisins. Þess vegna ber hinum kristnu einstaklingum að skilgreina vel og virða verksvið hvers annars, með öðrum orðum starfsreglur þurfa að vera skýrar og verkferlar einnig.

Ennfremur fer ekki alltaf vel saman guðfræði kirkjunnar og stjórnsýsla hennar. Kirkjuþing setur starfsreglur sem eiga sér stoð í lögum og þær reglur virka misjafnlega til notkunar. Má þar nefna starfsreglur um val og veitingu prestsembætta sem oft hafa verið til umfjöllunar á þingum kirkjunnar, meðal annars á þessu þingi. Það virðist vera erfitt að slá hinn rétta tón í þessum efnum.

Aðskilnaður ríkis og kirkju hefur að mestu farið fram eins og kunnugt er. Samningur var gerður og lög voru sett. Kirkjan er sjálfráð um öll sín innri mál. Það breytir því þó ekki að kirkjan hefur samstarf við stofnanir ríkisins og vil ég þakka innanríkisráðherra, Hönnu Birnu Kristjánsdóttur fyrir hennar framlag og velvilja í garð kirkjunnar. Einnig ber þess að geta að til er samstarfsnefnd Alþingis og Þjóðkirkjunnar en tilvist hennar er bundin í lög. Af hálfu kirkjunnar sitja í nefndinni kirkjuráð og af hálfu Alþingis einn fulltrúi frá hverjum flokki auk forseta þingsins. Nefndin hefur hist árlega og á fundum hennar gefst tækifæri til að koma upplýsingum á framfæri og viðra skoðanir. Kirkjuráð hefur fundið mikinn velvilja í garð kirkjunnar hjá alþingsmönnunum í nefndinni sem og vilja þeirra til að standa við gerða samninga og lög er varða kirkjuna. Því miður hefur það ekki verið svo hin síðustu ár enda er



Frá messu í Hallgrímskirkju við upphaf kirkjuþings 2014

fjárhagsstaða hinna 270 sókna landsins komin niður fyrir þolmörk og Þjóðkirkjan á í vanda við að standa við þjónustuskyldur sínar við þjóðina.

Þrátt fyrir ýmislegt sem haldið er fram um áhugaleysi fólks gagnvart kirkjunni er ljóst að almenningur í þessu landi er því fylgjandi að erindi kirkjunnar haldi áfram að heyast og boðskapurinn haldi áfram að lifa. Nýjasta dæmið er þegar fréttir bárust af því að fella ætti úr dagskrá ríkisútvarpsins daglegar bænir. Morgunbænir hafa verið í útvarpi allra landsmanna nánast frá byrjun sem og guðsþjónustur á sunnudögum. Kvöldbænirnar hafa hljómað frá gosinu í Vestmannaeyjum árið 1973 og var það dyggur hlustandi útvarpsins sem fór fram á það í fyrstu að farið væri að ákalla Guð í bæn þegar allar bjargir voru bannaðar og höfnin að lokast. Með hjálp góðra manna var orðið við þessari bón og var sá háttur hafður á næstu 40 árin. Þá var tilefnið gleymt og þörfin farin að mati ráðamanna. Við þetta vildu margir ekki una og var þessu mótmælt harðlega eins og kunnugt er. Af þessu tilefni sendi ég út tilkynningar tvær og hljóðar hin síðari svona: „Eitt af hlutverkum þjóðkirkjunnar er að standa vörð um kristinn boðskap og gildi í þjóðfélaginu. Það er ekki hlutverk hennar að setja saman dagskrá Ríkisútvarpsins þótt útvarpið og kirkjan eigi gott samstarf um skipulag og framkvæmd nokkurra dagskrárliða, s.s. útvarpsguðsþjónustu, Morgunbænar, Morgunandaktar og Orðs kvöldsins.

Í umræðum um breytingar á dagskrá Rásar 1 áttum við Magnús Geir Þórðarson útvarpsstjóri samskipti um hvernig breytingarnar snertu áðurnefnda dagskrárliði. Í samtölum okkar kom ég því á framfæri að mér þætti það miður að ekki væri rými í nýrri dagskrá fyrir bæði Orð kvöldsins og morgunbæn á þeim tímum sem þessir liðir hafa verið.

Samkvæmt mínum skilningi er það í takt við hrynjandi dagsins, árstíðanna og lífsins, að hafa

bæn í upphafi og lok dags. Það er mikilvægt að bænarorðin hljómi í almannarýminu og þar gegnir Ríkisútvarpið leiðandi hlutverki.

Ég vil með þessum orðum hvetja útvarpsstjóra til að leita allra leiða til að skapa rými í dagskrá Rásar 1 fyrir kvöldbæn.

Þetta hitamál í kringum bænamálið í ríkisútvarpinu sýnir að fólki er ekki sama og e.t.v. er sumum ofboðið hvernig reynt er að koma í veg fyrir að trúarboðskapur og bænamál heyrist í þjóðfélagi okkar.

Fyrir nokkrum dögum voru kynntar tölur frá þjóðskrá, m.a. um útsagnir úr Þjóðkirkjunni fyrri helming þessa árs. Nokkrum dögum síðar voru kynntar tölur um flutning fólks til landsins og frá landinu. Í ljós kom að fleiri fluttu frá landinu en til þess á ákveðnu tímabili. Á bak við tölur eru staðreyndir sem ekki eru tilteknar þegar tölur eru birtar. Gæti það verið að hluti af skýringunni á því að fólk segir sig úr kirkjunni sé sú að fólk flytur úr landi. Þar með fer það sjálfkrafa úr þjóðkirkjunni. Þjóðkirkjan hefur ekki staðið sig vel í því að halda til haga ýmsum tölulegum staðreyndum. Það er eitt að því sem þarf að gera til að geta greint stöðuna og metið aðstæðurnar. Tölulegar staðreyndir hjálpa okkur líka til að bæta okkur og hvetja okkur til að sofna ekki á verðinum varðandi boðunina og þjónustuna. Við höfum átt erfitt með að verjast þegar fréttir með tölulegum upplýsingum hafa verið fram bornar. Það hefur t.d. hvergi komið fram að yfir 90% allra útfara á landinu eru kirkjulegar athafnir og um 90% ungmenna fermast þrátt fyrir það að meðlimir Þjóðkirkjunnar eru rúmlega 70% þjóðarinnar.

Í gærkveldi setti ég landsmót æskulýðssambands Þjóðkirkjunnar sem fram fer á Hvammstanga. Yfir 600 unglingar víðsvegar af landinu koma saman þessa helgi, fræðast, láta gott af sér leiða, skemmta sér og uppbyggjast. Það er því ekki rétt sem stundum heyrist að framtíð þessa lands, unglingarnir vilji ekki vera með í kirkjulegu starfi. Landsmótið hefur verið árviss atburður í fjölda ára og eru margir leiðtoganna búnir að útskrifast úr farskóla leiðtogaefna en þann skóla hefur kirkjan starfrækt um árabil. Það er því margt sem bendir til þess að þjóðkirkjan muni lifi góðu lífi í framtíðinni.

Mörgum landanum er hlýtt til kirkjunnar og í vísitasíum mínum finn ég það glöggt. Kirkjuhúsunum er sinnt af natni og starfið blómstrar víða. Hinir helgu staðir þjóðarinnar eiga sér velunnara sem taka því illa ef stungið er upp á breytingum á þeim. Það hefur ekki farið fram hjá kirkjuráði sem ber ábyrgð á Skálholti að hugmyndir um uppbyggingu ferðaþjónustu þar á stað hafa ekki hlotið hljómgrunn hjá öllum. Kirkjuþingsfulltrúum gefst kostur á því hér á þinginu að ræða samferð kirkju og fleiri aðila varðandi slíka uppbyggingu í Skálholti. Fjöldi fólks leggur leið sína í Skálholt og er staðurinn vanbúinn til að taka á móti fjöldanum. Það verður að finna ásættanlegar leiðir til að bregðast við þeirri staðreynd.

Trúarleg málefni eru meðal grunnstoða hvers samfélags. Kirkja og íslensk þjóð hafa átt langa og farsæla samleið og íslensk menning og samfélagssýn eru sterklega mótuð af kristnum sið.

Þjóðkirkjunni ber að standa vörð um kristinn sið og gildi. Köllun hennar er að boða kristna trú og hún vill leiða, eins og hún hefur gert, samstarf við önnur trúfélög og lífsskoðunarhópa, með það að marki að styrkja heilnæmt mannlíf og stuðla að réttlátu samfélagi.

Kirkjustjórnin ber ábyrgð á því að kirkjan geti rækt þetta hlutverk sitt og ber henni að setja reglur sem tryggja velferð kirkjunnar og þess hlutverks sem henni er falið að sinna. Kirkjuþingi ber að tryggja það að kirkjan sem stofnun geti sinnt boðunarhlutverki sínu og kærleiksþjónustu.

Nútímasamfélag er fjölþætt og margslungið. Þjóðkirkjunni hefur ekki tekist nógu vel að aðlaga sig að breyttum þjóðfélagsháttum. Þegar fólkið flykktist í þéttbýlið hélt hún áfram að vera sveitakirkja og munurinn á sveitakirkjunni og borgarkirkjunni gerir það að verkum að ein tegund starfsreglna á ekki alltaf við í báðum þessum kirkjum. Þetta hefur skapað spennu milli þéttbýlis- og dreifbýliskirkjunnar og spurning er hvort við verðum ekki að fara að viðurkenna kirkjuskipan sem tekur mið af þessu.

Hlutverk kirkjunnar er að koma inntaki fagnaðarerindisins um Krist skýrt á framfæri í orði og verki. Kirkjan verður að þora að eiga samræðu við samtímann um það. Hún þarf að koma fram af öryggi og vera í sókn.

Vörn er ekki í boði. Við þurfum ekki að fyrirverða okkur fyrir fagnaðarerindið. „Treystum Drottni og reiðum okkur ekki á eigið hyggjuvit".

Ég bið þess að Drottinn vaki yfir okkur og leiðbeini á kirkjuþinginu sem í hönd fer.

# Kirkjuþing unga fólksins 2015

## *Sigríður Rún Tryggvadóttir*

Kirkjuþing unga fólksins kom saman í Grensáskirkju á laugardaginn 9. maí 2015. Fyrir þinginu lágu að þessu sinni sjö mál. Þingið kallaði meðal annars eftir umbótum á fræðslu leiðtoga í kirkjustarfi, aukinni eftirfylgd við umhverfisstefnu þjóðkirkjunnar, mótun stefnu um rafræn samskipti og afnámi ákvæða um samviskufrelsi sem heimila prestum að neita að vígja hjón á grundvelli kynhneigðar.

Kirkjuþing unga fólksins kemur saman einu sinni á ári. Það kaus einn áheyrnarfulltrúa, Hafþór Frey Líndal, sem mun sitja kirkjuþing í haust. Ályktanir þingsins verða lagðar fyrir kirkjuráð.

### Betri eftirfylgd mála frá kirkjuþingi

Kirkjuþingið kallaði meðal annars eftir því að aldurstakmark til þátttöku í almennum prestskosningum og til kjörgengis í sóknarnefnd væri samræmt (2. mál). Samkvæmt núgildandi reglum geta sextán ára og eldri tekið sæti í sóknarnefnd en í almennum prestskosningum er miðað við átján ára aldur.

Þá kallaði þingið eftir skýrari ákvæðum um kynningu og eftirfylgd mála kirkjuþings unga fólksins (7. mál) og heimildum til að fylgja málum eftir með því að taka þau á aftur dagskrá á næsta þingi ef þingmenn teldu ekki hefði verið unnið nægilega vel úr þeim (1. mál).

### Úrbætur í leiðtogaþjálfun

Þingið kallaði eftir því að gerðar væru úrbætur á þjálfun leiðtoga í kirkjustarfinu (3. mál):

> *„Einkum á landsbyggðinni er fræðslunni ábótavant og jafnvel kemur fyrir að starfandi eru leiðtogar sem hafa ekki hlotið leiðtogaþjálfun. Gerir lítil eða engin menntun það að verkum að leiðtogar standa berskjaldaðir ef upp koma aðstæður sem reyna á innihald fræðslunnar.*
>
> *Ef litið er til KFUM og KFUK bjóða þeir upp á tvö leiðtoganámskeið á ári, skyndi-hjálparnámskeið, grunn í barnavernd, námskeið um vinnslu eineltismála og fleiri námskeið fyrir leiðtoga og er leitast við því að sjá sambærilega fræðslu innan Þjóðkirkjunnar.“*

### Sett verði á fót umhverfisnefnd

Kirkjuþing unga fólksins vakti í þriðja sinn athygli á stöðu umhverfismál og kallaði eftir því að þeim málum væru betur sinnt innan þjóðkirkjunnar (4. mál). Það lagði jafnframt fram tillögur til úrbóta, meðal annars að:

> *Komið sé á fót umhverfisnefnd sem sér um þau málefni sem snúa að umhverfisstarfinu s.s. könnun á gengi og eftirfylgni. Umhverfisnefnd verði skipuð sem samanstendur af a.m.k.*



Frá kirkjuþingi unga fólksins

*einum aðila úr hverju prófastsdæmi fyrir sig. Nefndin sér um ofangreinda hluti ásamt því að móta nýja umhverfisstefnu og taka þá grænfánann sem fyrirmynd og standi að fræðslu um umhverfismál í öllum prófastdæmum.*
*Unnið sé að stofnun grænkirkjunets þar sem kirkjur starfa saman í samstarfi við hvor aðra og samstarfssamtök að vinna að því að grænka starfsemi sína.*

## Mótuð verði stefna um notkun upplýsingatækni

Þá fjallaði þingið um trúnað og rafræn samskipti (5. mál) og kallaði eftir því að þjóðkirkjan

> *… móti stefnu um hvernig upplýsingatækni er notuð í safnaðarstarfinu. Æskulýðsvettvangurinn, samstarfvettvangur KFUM og KFUK, Skátanna, UMFÍ og Slysavarnarfélagsins Landsbjargar, hefur tekið sér stefnu um rafræn samskipti við þátttakendur og myndbirtingu af myndum úr starfinu. Er því kallað eftir því að Þjóðkirkjan móti stefnu um hvernig hún vill að tekið sé á þessum málum innan kirkjunnar.*
> *Kirkjuþing unga fólksins ályktar að innleiða eigi 17. og 18. grein siðareglna Æskulýðsvettvangsins í siðareglur leiðtoga Þjóðkirkjunnar.*

## Afnema reglur um samviskufrelsi

Þingið samþykkti einnig ályktun um samviskufrelsi presta (6. mál) þar sem segir meðal annars:

> *Kirkjuþing unga fólksins leggur til að reglur þær sem nú eru í gildi um samviskufrelsi presta sem heimila prestum að neita fólki um þjónustu á grundvelli kynhneigðar verði afnumdar, enda stríði þær gegn kenningu kirkjunnar um jafnrétti og gegn lögum landsins sem segja að ekki megi mismuna fólki á grundvelli kyns, kynþáttar, trúar, stéttar né kynhneigðar.*

# Leikmannastefna 2015

*Marinó Þorsteinsson*

## 29. Leikmannastefna þjóðkirkjunnar í safnaðarheimili Hafnarfjarðarkirkjukirkju

Stutt samantekt á því helsta sem gerðist, en fundargerð má finna á vefsíðu leikmannastefnu á kirkjuvefnum.

Biskup Íslands, Agnes M. Sigurðardóttir setti 29. Leikmannastefnu þjóðkirkjunnar í Hafnarfjarðarkirkju. Hún fór með bæn og flutti síðan ávarp.

Formaður leikmannaráðs, Marinó Þorsteinsson, flutti skýrslu ráðsins og greindi frá reikningum. Var hvoru tveggja samþykkt án umræðu.

Aðal fundarefni stefnunnar voru þrjú:

## I Biblíufélagið 200 ára

Ragnhildur Ásgeirsdóttir framkvæmdastjóri Hins íslenska biblíufélags kynnti starfsemi félagsins sem á 200 ára afmæli á þessu ári. Hans Johan Sagrus, norskur Gamla testamentisfræðingur, flutti viðamikið erindi sem hann nefndi: *Biblían um allan heim*; enda hefur hann ferðast um heim allan til að dreifa biblíunni

Nokkrað fyrirspurnir komu fram um þessi erindi.

## II Sóknargjöldin

Sr. Gísli Jónasson, prófastur ræddi um sóknargjöld. Söguna, skerðinguna, tölfræðina og stöðuna í dag. Mikil umræða varð um þetta fróðlega erindi.



Þátttakendur á Leikmannastefnu 2015



## III Kirkjan og þjóðfélagið Þrjú stutt erindi.

- Rúnar Vilhjálmsson, prófessor: *Trúariðkun og boðun fagnaðarerindis í nútímanum.*
- Elín Elísabet Jóhannsdóttir, verkefnastjóri: *Hvernig getur kirkjan höfðað til fólks ?*
- Jónatan Garðarsson, fjölmiðlamaður: *Á kirkjan erindi til fólks, sem sækir ekki kirkju ?*
  Lífleg umræða var að loknum erindum.

## Kosningar

**Leikmannaráð:**
Aðalmenn: Reynir Sveinsson og Elva Björk Bragadóttir.
Varamenn: Guðný Guðnadóttir, Jón Oddgeir Guðmundsson og Ágúst Victorsson.
Skoðunarmaður reikninga Bergur Torfason.
Leikmannastefnuna sátu um 40 fulltrúar og gestir.

## Samþykkt var efirfarandi ályktun um sóknargjöld:

*Leikmannastefna þjóðkirkjunnar, haldin í Hafnarfjarðarkirkju 18. apríl 2015, hvetur ríkisstjórnina til þess að standa við ákvörðun sína um að leiðrétta sóknargjöld til trúar- og lífsskoðunarfélaga þannig að þau verði í fullu samræmi við gildandi lög.*
*Umframskerðing sóknargjalda á árunum 2009 – 2015 nemur um 4.5 milljörðum króna og hefur allt starf trúar- og lífskoðunarfélaga liðið fyrir það á undanförnum árum. Löngu er tímabært að sóknargjöldin verði færð í lögbundið horf.*

# Vígslubiskup Skálholtsstiftis
## *Kristján Valur Ingólfsson*

Eins og kunnugt er skiptast verkefni vígslubiskups í fjóra megin flokka. Það eru verk sem unnin eru í umboði biskups Íslands og að beiðni hans/hennar, það eru vísitasíur og almenn umsýslan í málefnum safnaðanna, það er ábyrgð á starfinu á biskupsstólunum og það eru aðrar skyldur, nefndir og ráð og sérverkefni tengd tiltekinni sérþekkingu og reynslu.

Þegar litið er til baka til ársins 2014 hefur verið nokkuð gott jafnvægi á milli þessara þátta, en þó tók starfið heima í Skálholti mestan tíma, og hefur svo verið í raun þau ár sem ég hef þjónað þar. Það er eðlilegt vegna sérstöðu Skálholts meðal eigna og umsýslu þjóðkirkjunnar, og hlýtur svo að vera áfram. Mikil ábyrgð hvílir á okkur sem störfum á staðnum en við njótum einnig góðrar þjónustu frá Biskupsstofu, sérstaklega frá Fasteignasviði sem heldur utan um allar stærri viðhaldsframkvæmdir á eignum í Skálholti, enda Kirkjumálasjóður skráður eigandi þeirra, og einnig er bókhald staðarins fært á Biskupsstofu.

Skálholtshátíð var haldin dagana 19.-20. júlí. Eins og gert var víða um land á afmælisári Hallgríms Péturssonar var hans sérstaklega minnst á hátíðinni. Haldið var málþing laugardaginn 19. júlí í Skálholtsskóla undir yfirskriftinni: Minning séra Hallgríms Péturssonar og tengsl hans við Skálholt og Brynjólf biskup Sveinsson. Fyrirlesarar voru Morten Fink Jensen og Torfi K. Stefánsson Hjaltalín, og umræðustjórar Margrét Eggertsdóttir og Þórunn Sigurðardóttir. Á hátíðarsamkomunni daginn eftir flutti Karl Sigurbjörnsson, biskup hátíðarræðuna og fjallaði þar um Hallgrím Pétursson og Skálholt. Erindin og predikunin, auk annars efnis frá hátíðarárinu frá öðrum hátíðum verður gefið út á bók.

Í hátíðarmessunni á Skálholtshátíðardaginn predikaði frú Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands. Flutt var fjöldbreytt tónlist á hátíðinni, báða dagana, og Skálholtsfélag hið nýja hélt sinn fyrsta aðalfund. Formaður félagsins, Jón Sigurðsson, flutti erindi á hátíðarsamkomunni undir yfirskriftinni: Skálholtsfélag hið nýja og verkefni þess til eflingar og uppbyggingar í Skálholti. Enn sem fyrr er það stærsta verkefni félagsins að sjá til þess að viðgerð fari fram á gluggum Gerðar Helgadóttur í Skálholtskirkju.

Nýir bændur tóku við búskap í Skálholti á árinu, Jóna Þormóðsdóttir og Ásgeir Ásgeirsson, og staðurinn kvaddi Signýju Guðmundsdóttur og Guttorm Bjarnason sem bjuggu í Skálholti frá árinu 1993.

Á kirkjuþingi 2014 var samþykkt tillaga kirkjuþings um að kirkjuráð skipaði stjórn Skálholts til að halda utan um rekstur staðarins í umboði þess og væntum við góðs af því. Gott samstarf er við Minjastofnun vegna fornleifaskráningar í landi Skálholts, sem nýtast mun þegar haldið verður áfram vinnu við deiliskipulag staðar og jarðar. Endurskoðun á aðalskipulagi Bláskógabyggðar stendur yfir.

Af öðrum vettvangi vígslubiskupsstarfanna má nefna að sá vígslubiskup sem eldri er að vígslu gegnir starfi biskups Íslands í fjarveru hans/hennar. Því fylgja ýmsar skyldur og skemmtileg viðvera á Biskupsstofu meðal góðra vina. Þar var jú vinnustaður þess sem

þetta ritar þann tæpa áratug sem hann var ekki í Skálholti. Það er mér sérstakt fagnaðarefni sem halda þarf til haga, hversu mikið og gott samstarf hefur verið við biskup Íslands allt frá vígsludegi mínum 18. september 2011, fyrst við sr. Karl Sigurbjörnsson og síðan við sr. Agnesi M. Sigurðardóttur. Það er ávalt gott að búa við gagnkvæmt traust.

Ég hef átt mismikið en mjög gott samstarf við prófastana sex í Skálholtsstifti.

Á árinu 2014 vísiteraði ég ásamt prófasti í Suðurprófastdæmis, sr. Halldóru Þorvarðardóttur, Vestmannaeyjaprestakall og Kirkjubæjarklaustursprestakall og einnig Reykjavíkurprófastdæmi eystra, ásamt sr. Gísla Jónassyni prófasti. Þeirri vísitasiu lauk ekki fyrr en komið var fram á árið 1915. Skipulagðar heimsóknir af þessu tagi til safnaða og presta eru afar þýðingarmiklar til þess að halda yfirsýn yfir starfið sem fram fer heima í héraði og deila áhyggjum og gleðiefnum við hinar margvíslegu aðstæður sem kirkjufólk býr við. Mjög er mismunandi hversu mikil almenn þátttaka safnaðarins er í kirkjustarfinu, eins og gefur að skilja, en það er mjög ánægjulegt að sjá hversu öflugt fólk er í sóknarnefndunum og hversu mikla sjálfboðna vinnu þær leggja af mörkum. Það er líka eftirtektarvert að sjá að ein af afleiðingum skertrar fjárhagsgetu safnaðanna er verulega aukið vinnuálag á allt starfsfólk kirkjunnar og ekki síst á prestana, vegna þess að allsstaðar er reynt að halda uppi allri þeirri þjónustu óskertri sem veitt var áður en sóknargjöldin voru skorin niður.

Önnur verkefni ársins tengjast aðallega þeim viðfangsefnum sem hafa fylgt mér frá því að ég sinnti starfi á sviði helgihalds og kirkjurtónlistar á Biskupsstofu. Það er sérstakt gleðiefni að mega fylgja þeim eftir, einkum vinnunni við nýja sálmabók og endurskoðun handbókarinnar. Vonandi tekst okkur að fá í hendur bæði nýja sálmabók og nýja handbók á afmælisárinu 2017.

## Að lokum

Annað veifið kemur upp í umræðum meðal kirkjufólks hvort ekki sé þörf á nánari skilgreiningu vígslubiskupsembættisins, annars vegar í tengslum við biskupsþjónustuna almennt og samstarfið við biskup Íslands, en hins vegar samstarfið við prófastana, prestana í prófstdæmunum og alla söfnuði vígslubiskupsumdæmanna, eða stiftanna. Þar heyrast líka raddir sem telja að leggja megi niður embætti vígslubiskupanna, það sé óþarft og kostnaðarsamt. Ég tel brýnt að þessari umræðu verði haldið áfram og málum skipað til framtíðar með heildarhagsmuni kirkjusafnaðanna og vöxt og viðgang Guðs kristni í landinu fyrir augum.

Ritað er í sálmi 143, 8.10.

Lát mig heyra miskunn þína að morgni dags
því að þér treysti ég.
Vísa mér veginn sem ég skal halda
því að til þín hef ég sál mína.
Kenn mér að gera vilja þinn
því að þú ert Guð minn,
þinn góði andi leiði mig
um slétta braut.

Í Guðs friði.

# Vígslubiskup Hólastiftis
## *Solveig Lára Guðmundsdóttir*

### Hólahátíð 2014

Hólahátíð sumarið 2014 var helguð minningu sr. Hallgríms Péturssonar, en talið er að hann hafi fæðst að Gröf á Höfðaströnd að sumarlagi árið 1614 og farið um 10 ára aldur með föður sínum heim að Hólum og verið búsettur þar allt þar til hann steig á skipsfjöl um fermingaraldur.

Af þessu tilefni ákvað Hólanefnd að merkja gönguleiðina frá Gröf heim að Hólum með pílagrímastaurum. Viðar Sverrisson og sr. Gylfi Jónsson sáu um að koma staurunum fyrir.

Í aðdraganda Hólahátíðar las Steinunn Jóhannesdóttir alla bók sína Heimanfylgja upphátt, en hún er eins og allir vita bæði rithöfundur og leikkona. Hóf hún lesturinn í Grafarkirkju laugardaginn 9. ágúst, og síðan hélt hún lestrinum áfram næstu daga í Auðunarstofu.

Hólahátíð árið 2014 hófst síðan formlega með pílagrímagöngu frá Gröf á Höfðaströnd heim að Hólum föstudaginn 15. ágúst. Sr. Flóki Kristinsson flutti nokkur aðfararorð í Grafarkirkju um eðli pílagrímaganga.

Lagt var af stað frá Gröf kl. 10:00 f.h. Á leiðinni var lesið úr bókinni *Heimanfylgja* eftir Steinunni Jóhannesdóttur, en hún gekk alla gönguna með okkur. Helgistund var í Hóladómkirkju að göngu lokinni.

Á föstudagskvöldið flutti Sr. Gísli Gunnarsson sóknarprestur í Glaumbæ erindi í tilefni af 50 ára afmæli Hólafélagsins í Auðunarstofu.

Dagskrá laugardagsins hófst með ratleik þar sem barnaljóð Hallgríms Péturssonar höfðu verið lögð í Geo kassana á Hólum. Nokkur börn tóku þátt í þessum leik.

Kl. 11:00 flutti Steinunn Jóhannesdóttir erindi í Hóladómkirkju, sem hún nefndi: Hinn ungi Hallgrímur horfir á Hólabríkina.

Var það einstaklega áhrifamikið að hlusta á það erindi þar sem Steinunn stóð undir hinni miklu mynd sem hún telur að hafi haft svo mikil áhrif á hina ungu sál.

Á meðan Steinunn flutti erindið var börnum boðið að fara á hestbak eins og Hallgrímur litli gerði fyrir 400 árum.

Kl. 13:30 flutti Stopp leikhópurinn leiklestur um Hallgrím Pétursson, sem hópurinn hefur síðan flutt í grunnskólum landsins.

Kl. 16:00 voru tónleikar í Auðunarstofu þar sem Hafdís Huld Þrastardóttir og Alisdair Wright sungu og léku fyrir fullu húsi.

Um kvöldið var grill – Undir Byrðunni

Sunnudaginn 17. ágúst var messa í Hóladómkirkju kl. 14:00

Sr. Davíð Baldursson predikaði, Margrét Hannesdóttir söng einsöng og kirkjukór Hóladómkirkju leiddi sálmasöng. Organisti var Jóhann Bjarnason.

Eftir hátíðarkaffi í Hólaskóla var samkoma í Hóladómkirkju. Skagfirski Kammerkórinn söng Hallgrímsljóð og Hólaræðuna flutti Ásdís Sigurjónsdóttir á Syðra-Skörðugili.



## Prestsvígsla

Þann 27. júlí 2014 vígði ég sr. Odd Bjarna Þorkelsson til prests í Dalvíkurprestakalli með aðsetur á Möðruvöllum í Hörgárdal.

## Messuhald

Í Hóladómkirkju er messað á hverjum sunnudegi yfir sumartímann, en einu sinni í mánuði yfir vetrartímann.

Sóknarprestur Hofsós- og Hólaprestakalls sér um messuhald yfir vetrartímann. Sr. Gunnar Jóhannesson hefur þjónað prestakallinu í níu ár, en hefur nú flust til Noregs með fjölskyldu sína. Hann hélt kveðjumessu í Hofsóskirkju þann 22. mars s.l. Sr. Gylfi Jónsson hefur þjónað prestakallinu í afleysingum. Hann lætur af störfum 1. ágúst n.k. þegar nýr sóknarprestur verður skipaður. Eru þeim báðum þökkuð góð störf fyrir prestakallið.

Yfir sumartímann er prestum, organistum og kórum stiftisins boðið að koma heim að Hólum og messa. Hefur það tekist með ágætum. Fyrir það skal einnig þakka.

Sú venja hefur skapast að ég sé um helgihald á hátíðum og uni ég því vel. Messa ég á aðfangadagskvöld, jóladag, gamlársdag, páskadag og hvítasunnudag, sé ekki ferming.

## Kirkjuheimsóknir

Þann 9. nóvember predikaði ég í Seltjarnarneskirkju á 40 ára afmæli safnaðarins og þann 16. sama mánaðar predikaði ég í Víðimýrarkirkju í Skagafirði á 180 ára afmæli kirkjunnar. Til stóð að ég talaði á aðventukvöldi í Ólafsfjarðarkirkju, en þangað komst ég ekki vegna veðurs.



Gönguleiðir merktar með pílagrímastaurum

Aðventuhugleiðingu hafði ég hins vegar í Skagaseli þann 6. desember, en það var sameiginleg aðventusamkoma Ketu- og Hvammssókna. Þann 14. júní 2015 predikaði ég þegar haldið var upp á 150 ára afmæli Grenjaðarstaðarkirkju.

## Visitasíur

Á árinu vísiteraði ég alla söfnuði í Austurlandsprófastsdæmis í þremur lotum. Dagana 8.-12. september vísiteraði ég Kolfreyjustaðarprestakall, Djúpavogsprestakall, Heydalaprestakall, Norðfjarðarprestakall og Eskifjarðarprestakall.

Dagana 7.-9. október vísiteraði ég Egilstaðaprestakall og Mjóafjörð og dagana 2.-4. nóvember vísiteraði ég Vopnafjarðarprestakall, söfnuði hins gamla Valþjófsstaðaprestakalls og Eiðasókn.

## Erlend samskipti

Dagana 21.-29. ágúst fórum við hjónin með prestum og sóknarnefndarfólki í Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi til Kölnar þar sem við kynntum okkur safnaðarlíf. Ferðin endaði á Lútersslóðum þar sem við kynntum okkur vöggu siðbótarinnar og þá hugmyndafræði sem leiddi til hennar.

Þann 21. september tókum við þátt í biskupsvígslu í Tönsberg í Noregi þar sem Per Arne Dahl var vígður biskup í Tönsberg biskupsdæmi og þann 14. desember tókum við þátt í biskupsvígslu í Uppsölum í Svíþjóð þar sem Eva Nordung Byström var vígð til biskups í Harnosand biskupsdæmi.

Dagana 5.-6. maí komu hingað heim að Hólum átta konur frá öllum Norðurlöndunum sem eru að skipuleggja kirkjulega kvennaráðstefnu á Hólum næsta sumar á vegum WICAS og NEKK (*Women in Church and Society og Nordiska Ekumeniska Kvinnokommitéen*).

## Málþing og ráðstefnur

Á starfsárinu kom ég að undirbúningi á tveimur málþingum á vegum nefndar sem undirbýr fimm alda afmæli siðbótarinnar. Hið fyrra var í Hallgrímskirkju á siðbótardaginn 31. október 2014 og var tileinkað sr. Hallgrími Péturssyni á 400 ára afmæli hans og tengslum hans við siðbótina. Málþingið bar yfirskriftina *Siðbótarmaðurinn Hallgrímur.* Hið síðara var haldið í Neskirkju þann 11. apríl og var um sálma Lúters.

Auk þess kom ég að undirbúningi ráðstefnu sem haldin var hér á Hólum í apríl og bar yfirskriftina: Hvernig metum við hið ómetanlega?

Var þetta fyrsta ráðstefnan í fjögurra ráðstefnu röð Guðbrandsstofnunar með sömu yfirskrift. Þessi fyrsta ráðstefna bar undirtitilinn –náttúran.

## Kirkjuþing

Dagana 25.-30. október sat ég Kirkjuþing í Grensáskirkju og framhaldsþing í Neskirkju 17. janúar 2015.

## Biskupa- og prófastafundir

Biskupafundir voru fjórir á starfsárinu. Einnig sat ég prófastafund í Reykjavík dagana 20.-21. janúar 2015.

## Nefndir

Í byrjun starfsársins lauk ég störfum fyrir Jafnréttisnefnd Þjóðkirkjunnar og á Kirkjuþingi 2014 var sr. Sigríður Munda Jónsdóttir kosin formaður í minn stað. Áfram sit í í nefnd sem undirbýr fimm alda minningu siðbótarinnar. Í þeirri nefnd voru fimm fundir á árinu. Auk þess á ég sæti í Kenningarnefnd Þjóðkirkjunnar og í þeirri nefnd var einn fundur á árinu.

## Fundir og viðtöl

Einn kirkjuráðsfund sat ég en hann var haldinn hér á Hólum 18. ágúst daginn eftir Hólahátíð.

Auk nefndafunda sótti ég tvo af þremur héraðsfundum stiftisins, en svo óheppilega vildi til að héraðsfundur Austurlandsprófastsdæmis og Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmis voru haldnir sama dag. Ég valdi þann kost að sækja Austfirðinga heim, en héraðsfundurinn var haldinn í sumarbúðunum við Eiðavatn þann 12. apríl. Einnig sótti ég héraðsfund Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmis, sem haldinn var í Glerárkirkju 2. maí. Þá sótti ég þingmálafund sem haldinn var á Löngumýri 21. október.

Prestafundir eru haldnir mánaðarlega í Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi og sótti

ég þá alla. Auk þess var ég boðin á prestafund í Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi þann 30. janúar og sótti ég hann.

## Guðfræðidagar á Hólum

Samkvæmt venju hélt Prestafélag Hólastiftis hins forna guðfræðidaga hér á Hólum 17.-19. maí. Að þessu sinni var unnið með listmeðferð og meðvirkni. Síðasta kvöldið var móttaka hjá okkur hjónunum í biskupsgarði.

## Hólanefnd og Guðbrandsstofnun

Sem vígslubiskup er ég formaður Hólanefndar, sem ber ábyrgð á Hóladómkirkju og Auðunarstofu. Í Hólanefnd eru auk mín, prófastur Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmis, sr. Dalla Þórðardóttir, formaður sóknarnefndar Hólasóknar, sem lengi var Björg Baldursdóttir, en Einar Svavarsson hefur nú tekið við og rektor Háskólans á Hólum dr. Erla Björk Örnólfsdóttir.

Einnig er ég stjórnarformaður Guðbrandsstofnunar, sem er samstarfsverkefni vígslubiskupsembættisins f.h. Þjóðkirkjunnar, Háskóla Íslands og Háskólans á Hólum um menningarstarfsemi á staðnum. Í stjórn Guðbrandsstofnunar eru auk mín, dr. Hjalti Hugason frá Háskóla Íslands og dr. Erla Björk Örnólfsdóttir rektor Háskólans á Hólum. Starfsemi Guðbrandsstofnunar er þríþætt.

Í fyrsta lagi eru það sumartónleikarnir sem eru á hverjum sunnudegi frá miðjum júní og fram yfir Hólahátíð. Þeir eru styrktir af Menningarsjóði KS. Í öðru lagi eru það Fræðafundir heima á Hólum. Við bjóðum fræðafólki í vikudvöl á Hólum gegn því að halda erindi um hugðarefni sín. Erindin eru tvisvar í mánuði, annan og fjórða fimmtudag mánaðarins. Fræðafundirnir eru styrktir af Uppbyggingarsjóði Menningarráðs Norðurlands vestra.

Í þriðja lagi höldum við ráðstefnur. Nú erum við með í gangi röð fjögurra ráðstefna, sem allar bera yfirskriftina Hvernig metum við hið ómetanlega?

Undirtitill fyrstu ráðstefnunnar var –náttúran, undirtitill næstu ráðstefnu er –menningin, því næst verður það –trú og að lokum –hið góða líf.

## Lokaorð

Að lokum vil ég þakka það góða starf sem unnið er hér á Hólum. Auk þess vil ég þakka söfnuðum stiftisins fyrir hlýjar og höfðinglegar móttökur hvar sem ég kem. Ég vil þakka Austfirðingum sérstaklega móttökurnar s.l. haust. Ferðirnar þangað verða mér ógleymanlegar. Sérstaklega er mér minnisstætt hversu vel er hugsað um kirkjurnar alls staðar og kirkjugarðarnir eru til sóma. Næsta vísitasíuferð verður til nágranna minna í Húnavatnssýslu og hlakka ég til þeirrar ferðar sem verður með haustinu.

# Störf kirkjuráðs

**Ragnhildur Benediktsdóttir, framkvæmdastjóri**

## Inngangur

Biskup Íslands, Agnes M. Sigurðardóttir er forseti kirkjuráðs lögum samkvæmt. Auk biskups sitja í ráðinu fjórir fulltrúar kjörnir af kirkjuþingi til fjögurra ára, tveir leikmenn og tveir guðfræðingar. Kjörnir fulltrúar í kirkjuráði eru sr. Elínborg Gísladóttir, sóknarprestur í Grindavíkurprestakalli, Kjalarnessprófastsdæmi, sr. Gísli Gunnarsson, sóknarprestur í Glaumbæjarprestakalli, Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi, Stefán Magnússon, bóndi í Fagraskógi og Svana Helen Björnsdóttir, rafmagnsverkfræðingur og framkvæmdastjóri. Varamenn í kirkjuráði eru Drífa Hjartardóttir, bóndi, Einar Karl Haraldsson, framkvæmdastjóri, sr. Geir Waage, sóknarprestur í Reykholtsprestakalli, Vesturlandsprófastsdæmi og sr. Gísli Jónasson, prófastur og sóknarprestur Breiðholtsprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra.

## Starfsemi kirkjuráðs

### *Almennt*

Störf kirkjuráðs byggjast á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 svo og starfsreglum um kirkjuráð nr. 817/2000. Þar er kveðið á um verkefni kirkjuráðs sem fer með framkvæmd þeirra sameiginlegu verkefna þjóðkirkjunnar sem lög og stjórnvaldsreglur ætla því og erinda sem vísað er til þess, m.a. af hálfu kirkjuþings, prestastefnu, samtaka leikmanna, ráðherra og Alþingis. Kirkjuráð undirbýr kirkjuþing í samráði við forseta þingsins og forsætisnefnd. Þá undirbýr ráðið þingmál sín og veitir kirkjuþingsfulltrúum sem þess óska aðstoð við framsetningu þingmála. Kirkjuráð annast almennt framkvæmd ákvarðana þingsins ef annað er ekki ákveðið af kirkjuþingi. Kirkjuráð hefur yfirumsjón með fjármálum og fasteignamálum þjóðkirkjunnar og fer með stjórn Jöfnunarsjóðs sókna og kirkjumálasjóðs og úthlutar úr sjóðunum á grundvelli umsókna og fjárhagsáætlana stofnana. Í fjármálaumsýslunni felst m.a. að gera fjárhagsáætlanir og fjárlagatillögur og árita ársreikninga þeirra sjóða sem ráðið stýrir og leggur fram á kirkjuþingi.

### *Starfsfólk kirkjuráðs*

Kirkjuráð réði til starfa þann 1. maí 2015 nýjan framkvæmdastjóra, Ellisif Tinnu Víðisdóttur, lögfræðing, en Ragnhildur Benediktsdóttir, fv. skrifstofustjóri Biskupsstofu, sinnti starfi framkvæmdastjóra ráðsins til 1. maí sl. Guðrún Finnbjarnardóttir, fulltrúi starfar með framkvæmdastjóra að undirbúningi kirkjuráðsfunda og öðrum verkefnum ráðsins.

Guðmundur Þór Guðmundsson, lögfræðingur, fráfarandi framkvæmdastjóri kirkjuráðs tók þann 1. janúar 2015 við starfi sem sviðsstjóri fasteignasviðs til bráðabirgða. Frá 1. júní 2015 er hann sviðsstjóri lögfræðisviðs Biskupsstofu, en framkvæmdastjóri kirkjuráðs tók frá sama tíma við starfi sviðsstjóra fasteignasviðs. Á fasteignasviði starfar einnig Arnór Skúlason, arkitekt,

verkefnastjóri viðhaldsmála. Á sviði upplýsingatæknimála starfa Örvar Kárason, verkefnisstjóri. Sigríður Dögg Geirsdóttir, fjármálastjóri Biskupsstofu, sagði starfi sínu lausu frá og með 1. apríl 2015. Á fjármálasviði starfa Hildur Gunnarsdóttir, aðalféhirðir, Magnhildur Sigurbjörnsdóttir, verkefnastjóri á sviði fjármála sókna, Ólína Hulda Guðmundsdóttir, bókari og Vigdís Helga Eyjólfsdóttir, bókari. Einnig hefur starfað þar Ólöf Kristjánsdóttir, sem aðalbókari, en hún sagði starfi sínu lausu frá og með þann 1.ágúst sl.

### *Svið kirkjuráðs*

Undir kirkjuráð heyra samkvæmt skipuriti þrjú svið; fjármálasvið, fasteignasvið og upplýsingatæknisvið.

## Störf kirkjuráðs

### *Almennt*

Kirkjuráð fer með framkvæmd þeirra sameiginlegu verkefna þjóðkirkjunnar sem lög og stjórnvaldsreglur ætla því og erinda sem vísað er til þess, m.a. af hálfu kirkjuþings, prestastefnu, samtökum leikmanna, Alþingis og ráðherra. Kirkjuráð undirbýr kirkjuþing í samráði við forseta kirkjuþings. Þá undirbýr ráðið ýmis þingmál og veitir kirkjuþingsfulltrúum, sem þess óska aðstoð og ráðgjöf. Kirkjuráð annast almennt framkvæmd ákvarðana þingsins ef annað er ekki ákveðið af kirkjuþingi. Kirkjuráð hefur yfirumsjón með fjármálum og fasteignamálum þjóðkirkjunnar, fer með stjórn Jöfnunarsjóðs sókna og kirkjumálasjóðs og úthlutar úr sjóðunum á grundvelli umsókna og fjárhagsáætlana stofnana. Í fjármálaumsýslunni felst m.a. að gera fjárhagsáætlanir og fjárlagatillögur og árita ársreikninga þeirra sjóða sem ráðið stýrir og leggur fram á kirkjuþingi. Kirkjuráð veitir sóknum margháttaða ráðgjöf um fjármál.

## Verkefni kirkjuráðs á starfsárinu

### *Kirkjuþing 2014*

Reglulegt kirkjuþing, 51. kirkjuþing 2014, hófst í Grensásskirkju þann 10. – 15. nóvember 2014 en var síðan frestað og framhaldið í Neskirkju 17. mars 2015.

Á þinginu voru lögð fram 32 mál, kirkjuráð lagði fram 11 mál, biskup Íslands flutti fjögur mál, biskupafundur eitt mál, forsætisnefnd eitt mál og innanríkisráðherra eitt mál. Þingmannamál voru 14 þar af eitt flutt af fulltrúa kirkjuþings unga fólksins. Alls voru 31 mál afgreidd á þinginu. Gerðir kirkjuþings eru gefnar út og þeim dreift til þingfulltrúa, presta, formanna sóknarnefnda o. fl. Þar eru breytingar á starfsreglum, nýjar starfsreglur, ályktanir og samþykktir kirkjuþings. Kirkjuráð hefur unnið að framkvæmd og kynningu þeirra mála sem kirkjuþing fól ráðinu að sinna. Jafnframt hafa samþykktar starfsreglur verið birtar í Stjórnartíðindum.

### *Hvaða leið er vænlegust til árangurs?*

Þann 10. júlí sl. boðaði biskup aðal og varamenn í kirkjuráði, vígslubiskupa, starfsfólk Biskupsstofu, prófasta, fv. forseta kirkjuþings, forsætisnefnd kirkjuþings og formenn fastanefnda kirkjuþings, fulltrúa Prestafélagsins, lögmenn og almannatengslafólk til fundar í Neskirkju til að ræða vanefndir ríkisins á kirkjujarðasamkomulaginu og hvaða leið væri vænlegust til árangurs.

Kirkjuráð samþykkti á fundinum að beita sér fyrir því að kirkjujarðasamkomulagið verði efnt vegna ársins 2015.

### *Framhaldskirkjuþing 2014*

Á framhaldskirkjuþingi þann 17. mars 2014 var m.a. samþykkt þingsályktunar um viðaukasamning við Samkomulag íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar. Kirkjuþing samþykkti að málinu yrði frestað og vísað til kirkjuþings 2015 til afgreiðslu. Ákveðið var síðan að halda aukakirkjuþing 2015 þann 14. ágúst þar sem tillaga innanríkisráðherra til þingsályktunar um viðaukasamning við Samkomulag íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar var á dagskrá.

Kirkjuráð hafði samþykkt að leggja til að tillögunni yrði hafnað á kirkjuþingi. Kirkjujarðasamkomulagið er samningur tveggja aðila. Þar hefur þjóðkirkjan staðið að fullu við sinn hluta samningsins. Nú fór þjóðkirkjan fram á að ríkið gerði slíkt hið sama og áréttaði að um er að ræða efndir ríkisins á samningi en ekki fjárveitingu. Kirkjuþing hafnaði síðan tillögu innanríkisráðherra sem í sjötta sinn fór fram á afslátt af kirkjujarðasamkomulaginu.

### *Sóknargjöld þjóðkirkjusafnaða*

Þann 5. september 2014 var þáverandi innanríkisráðherra veitt heimild ríkisstjórnarinnar til að hefja undirbúning að gerð samkomulags ríkis og kirkju um að umframskerðing sóknargjalda yrði jöfnuð út. Kirkjuráð hefur sent erindi til forsætis-, fjármála- og innanríkisráðherra um að sóknargjöldin verði leiðrétt í samræmi við tillögur starfshóps IRR um leiðréttingu sóknargjalda. Enn hefur kirkjuráði ekki verið kynntar tillögur ráðherra þar að lútandi.

### *Um störf fasteignasviðs*

Fasteignasvið Biskupsstofu heyrir undir kirkjuráð og hefur með höndum umsýslu og rekstur fasteigna kirkjumálasjóðs. Fasteignir kirkjumálasjóðs eru um 79 talsins. Skálholt er hér talin ein fasteign þótt á jörðinni standi mörg hús, s.s. dómkirkjan, vígslubiskupshús, prestsbústaður, bændabýli, sumarhús o.fl. Hið sama á við um fleiri jarðir í eigu kirkjumálasjóðs þar sem mörg hús kunna að standa. Af þessum eignum eru 52 prestssetur og 3 biskupssetur.

Fasteignasvið sinnir almennum daglegum rekstri og umsýslu fasteigna undir stjórn sviðsstjóra.

### *Skálholt*

Um Skálholt og Skálholtsskóla gilda lög nr. 32/1963 um heimild handa ríkisstjórninni til þess að afhenda þjóðkirkju Íslands Skálholtsstað og lög um Skálholtsskóla nr. 22/1993.

Biskup Íslands og kirkjuráð hafa forræði um framkvæmdir í Skálholti og starfrækslu Skálholtsstaðar. Skálholtsskóli og Skálholtsstaður hafa verið rekin sem ein rekstrareining síðastliðin ár. Samkvæmt samþykkt kirkjuráðs frá 2012 og starfsreglum um vígslubiskupa ábyrgist vígslubiskup í umboði kirkjuráðs rekstur og starfsemi í Skálholti á grundvelli samþykktrar fjárhagsáætlunar og hefur almennt fyrirsvar vegna Skálholts. Jafnframt er stjórnun Skálholtsskóla í höndum vígslubiskups Skálholtsumdæmis fyrir hönd kirkjuráðs.

### *Leigusamningur um rekstur á gisti- og veitingaþjónustu í Skálholtsskóla.*

Fyrra kirkjuráð samþykkti á fundi 8. október sl. að fela framkvæmdastjóra að ljúka gerð

samnings um útleigu á gisti- og veitingaþjónustu í Skálholti. Skyldi gengið frá samningi eftir að úttekt hefði verið gerð á ástandi húsnæðis. Niðurstaða úttektarinnar var sú að verulegra endurbóta væri þörf á. Kirkjuráð tók fyrirætlun um útleigu húsnæðisins til umræðu að nýju, m.a. í ljósi úttektarinnar. Ljóst er að leggja verður í verulegar endurbætur á leiguhúsnæðinu ef þær tekjur eiga að fást sem gengið er út frá í rekstraráætluninni. Óljóst er á þessu stigi hvað viðgerðirnar taka langan tíma ekki síst í ljósi þess að ekkert liggur fyrir um hvernig þær verða fjármagnaðar. Kirkjuráð ákvað að falla frá gerð fyrirhugaðs leigusamnings þar sem forsendur fyrir útleigu séu brostnar.

### *Skipun stjórnar Skálholtsstaðar*

Eftirfarandi ályktun var samþykkt á kirkjuþingi 2014: „Kirkjuþing mælist til þess við kirkjuráð að skoða, hvort málefnum Skálholtsstaðar yrði það til gagns að skipuð yrði þriggja manna stjórn Skálholtsstaðar og jafn margir til vara, er annist í umboði biskups og kirkjuráðs, ásamt vígslubiskupi uppbyggingu og rekstur staðarins í samræmi við lög um afhendingu Skálholts frá 1963, starfsreglur kirkjuþings og samþykktir kirkjuráðs.“

Stjórnin Skálholts er skipuð til fjögurra ára.

Aðalmenn

Formaður: Drífa Hjartardóttir, bóndi og kirkjuþingsmaður

Kristófer Tómasson, sveitastjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Sr. Þorvaldur Karl Helgason, fyrrv. biskupsritari

Varamenn

Þórarinn Þorfinnsson, bóndi

Jónína Bjartmarz, lögfræðingur og kirkjuþingsmaður

Sr. Þorvaldur Víðisson, biskupsritari

### *Skipun skólaráðs Skálholtsskóla.*

Í 11. gr. starfsreglna um kirkjuráð er greint frá því að kirkjuráð skuli skipa Skólanefnd Skálholtsskóla, sbr. lög um Skálholtsskóla nr. 22/1993. Kirkjuráð skal skipa þrjá aðalmenn og þrjá til vara, til fjögurra ára í senn frá og með 1. júlí árið eftir kirkjuþingskjör og jafnframt ákveða hver er formaður nefndar og varamaður hans, nema lög eða starfsreglur mæli annan veg.

Kirkjuráð mun skipa skólaráð Skálholtsskóla fyrir 1. júlí nk.

### *Tónlistarmál þjóðkirkjunnar*

Tónskóli þjóðkirkjunnar starfar samkvæmt starfsreglum um kirkjutónlist á vegum þjóðkirkjunnar nr. 768/2002. Skólinn starfar eftir námskrá sem kirkjuráð samþykkir. Skólastjóri er Björn Steinar Sólbergsson, organist og verkefnisstjóri kirkjutónlistar er Margréti Bóasdóttur, söngkonu.

Kirkjuráð skipað eftirtalda aðila í kirkjutónlistarráðið: Samkvæmt tilnefningu biskups; Guðný Einarsdóttir, formaður, varamaður er Guðmundur Sigurðsson. Samkvæmt tilnefningu Félagi íslenskra organleikara; Kári Allansson, varamaður er Helga Þórdís Guðmundsdóttir. Samkvæmt tilnefningu stjórnar Prestafélags Íslands; dr. Sigurjón Árni Eyjólfsson, varamaður er sr. Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir.

### *Strandarkirkja í Selvogi*

Kirkjuráð hefur forræði yfir málefnum Strandarkirkju en Strandarkirkjunefnd er skipuð af kirkjuráði og hefur umsjón með rekstri kirkjunnar fyrir hönd kirkjuráðs. Kirkjuráð skipaði í Strandarkirkjunefnd frá 1. Júlí sl. til fjögurra ára þau Ragnhildur Benediktsdóttur, lögfræðing sr. Jón Ragnarsson, sóknarprest í Hveragerðisprestakalli og sr. Baldur Kristjánsson sóknarprest í Þorlákshafnarprestakalli. Varamenn eru Ellisif Tinna Víðisdáottir, framkvæmdastjóri kirkjuráðs, Jóhanna Eiríksdóttir, húsfreyja, Vogsósum í Selvogi og Margrét Jónsdóttir, bóndi og fyrrverandi kirkjuþingsfulltrúi.

### *Nýtt húsnæði Biskupsstofu*

Kirkjuráð hefur skoðað möguleika á að byggja nýbyggingu skrifstofu- og þjónustuhúss undir starfsemi Biskupsstofu á reit austan Grensáskirkju við Háaleitisbraut 66.

Hér hefur verið stiklað á stóru um störf kirkjuráðs. Vísað er til fundargerða kirkjuráðs á vef kirkjunnar til frekari fróðleiks og upplýsinga.

# Starfið á árinu

## *Þjónustusvið Biskupsstofu*

### *Fræðslumál*

**Elín Elísabet Jóhannsdóttir, fræðslufulltrúi á þjónustusviði**

#### Efnisveita kirkjustarfsins

Efnisveituvefurinn sem ætlaður er starfsfólki kirkjunnar er nú orðinn sjö ára gamall og er enn í sífelldri þróun. Stöðugt er fylgst með fjölda notenda á vefnum. Komið hefur í ljós að veruleg breyting hefur orðið á umferðinni inn á veituna á þessu ári frá upphafi: Hingað til hefur mest umferð um vefinn verið á haustönn (eða um 100 manns á viku) og venjan er að verulega dragi úr umferðinni á vorönn (fari niður í 50 manns á viku). Í vetur var þessu öðruvísi farið. Aðsóknin að efnisveitunni hefur aukist jafnt og þétt yfir allan veturinn. Ekkert dró úr umferð á vorönninni. Þar sem um lokaðan vef fyrir afar afmarkaðan hóp er að ræða má segja að 150-200 manns fari inn á efnisveituna vikulega. Sumir oftar en einu sinni í viku hverri. Nánast allir prestar og djáknar eru nú með aðgang að veitunni og færst hefur í vöxt að sóknarnefndafólk og guðfræðinemar vilji vera inni á henni. Barna- og æskulýðsstarfsfólk er undantekningalítið með aðgang að efnisveitunni.

Þar sem efnisveitan hefur verið á afar óheppilegu vefforriti (Drupal) var ráðist í það að færa hana yfir á WordPress sem er mun heppilegra forrit fyrir vef sem þennan. Hildur Björk Hörpudóttir og Jóhanna Gísladóttir voru fengnar til þess að sjá um flutninginn. Hinn nýi efnisveituvefur verður opnaður áður en starfið hefst í haust. Gamli efnisveituvefurinn er enn opinn þegar þetta er skrifað. Opnun hins nýja efnisveituvefs verður kynnt nánar þegar nær dregur.

#### Æskulýðsleiðtogalistinn eða Facebooksíðan Æskulýðsleiðtogar Þjóðkirkjunnar

Undanfarin ár hefur verið í gangi póstlisti fyrir æskulýðsleiðtoga. Listinn var hér áður fyrr mjög virkur, þ.e.a.s. þangað inn fóru allar tilkynningar og auglýsingar um námskeið og atburði og skipulag. Í vetur hefur orðið stór breyting á notkun þessa póstlista. Hann er nánast ekkert notaður en Facebook síðan Æskulýðsleiðtogar Þjókirkjunnar hefur tekið við hlutverki hans. Þótt þessi póstlisti sé enn opin er líklegt að honum verið lokað fljótlega og allar upplýsingar og tilkynningar til þessa hóps fari fram á Facebook.

#### Facebooksíðan Kirkjustarfið

Þar sem megin þorri fólks er á Facebook hefur þróunin orðið sú að best er að ná til starfsfólks kirkjunnar þar í gegn. Hefur því verið sett á laggirnar síða undir nafninu *Kirkjustarfið*. Síðan er notuð til að auglýsa námskeið, ýmsa viðburði og stærri fundi. Þar getur það starfsfólks sem

er í beinni þjónustu við starfsfólk safnaðanna (Þjónustusvið Biskupsstofu/ÆSKÞ/ÆSKÞ og fleiri komið á framfæri tilkynningum til starfsfólksins á einfaldan og aðgengilegan hátt.

## Barnastarfið

### *Í sjöunda himni*

Efni vetrarins 2014-2015 bar yfirskriftina „Í sjöunda himni" og vísar hún til gleðinnar: Höfundur efnisins er Elín Elísabet Jóhannsdóttir.

Samið var titillag efnisins sem einnig ber heitið „Í sjöunda himni": Höfundur Sr. Guðmundur Karl Brynjarsson.

### *Úthendi fyrir sunnudagaskólabörn*

Úthendi sem börnin fengu gefins frá sunnudagaskólunum var teiknað af Höllu Sólveigu Þorgeirsdóttur og er óhætt að segja að það hafi slegið í gegn. Úthendið er unnið af Skálholtsútgáfunni í samstarfi við Þjónustusvið Biskupsstofu.

Haustannarefnið seldist upp hjá Skálholtsútgáfu og þurfti að endurprenta það.

Samkvæmt sölutölum á grunnúthendi (bænaplakatinu) sóttu um 3500 börn sunnudagaskólann fyrir áramót og um 2500 börn eftir áramót. Þessar tölur segja eingöngu til um fjölda barna í sunnudagaskólanum en vel flest ef ekki öll sunnudagaskólabörn koma með foreldrum sínum. Það má því áætla að minnst 7000 manns hafi sótt sunnudagaskólann á haustönn og minnst 5000 manns á vorönn.

### *Holy Moly*

Efninu fylgdi að þessu sinni DVD teiknimyndaflokkur sem ber heitið Holy Moly. Voru teiknimyndirnar mis góðar og féllu ekki allar í góðan jarðveg.

### *Hugsað til fjögurra ára í senn*

Efni þessa vetrar er síðasta efnið í námspakka sem er í vinnslu og á að nýtast í fjögur ár. Hugmyndin er að sama efni sé keyrt á fjögurra ára fresti og þá sé það endurskoðað og lagfært í ljósi reynslunnar og þess að tímarnir breytast og tæknin með.

### *Efni vetrarins 2015 -16 í vinnslu*

Efni haustsins 2015 er endurskoðað efni frá haustinu 2011 og kemur það til með að bera sömu yfirskrift og efni nýliðins vetrar. Þar er gert ráð fyrir að DVD efni um Hafdísi og Klemma verði endurnýtt. Þessir þættir voru framleiddir sérstaklega fyrir sunnudagaskólann í samstarfi við Skálholtsútgáfuna. Þar sem ekki var hægt að búa til nægilega marga þætti á sínum tíma fóru í framleiðslu þættir um Nebba. Nebbi er ein af persónunum í *Daginn í dag* myndböndunum eins og Hafdís og Klemmi. Þessar persónur þekkja flest börn. Sömu höfundar eru á ferðinni og gerðu Daginn í dag diskana: Þorleifur Einarsson, Guðmundur Karl Brynjarsson og Guðni Már Harðarson. Þetta efni er unnið í samstarfi við Skálholtsútgáfu.

Auk þess þurfti að bæta við nokkru af hreyfimyndaseríum (biblíusögum) og leyniteikningum en Elín Elísabet er höfundur og teiknari þess efnis.

Öll brúðuleikritin voru endurskoðuð og nokkur ný samin.







Myndir frá Landsmóti ÆSKÞ á Hvammstanga í október 2014



### *Undirleiksdiskur*

Samkvæmt könnunum hafa ekki allir sunnudagaskólar almennilegan undirleik. Sumir hafa engan undirleikara. Því var ákveðið að gefa út DVD/CD undirleiksdisk með 45 barnasöngvum og barnasálmum. Þetta efni er tekið af Daginn í dag diskunum og fylgir Nebbaþáttunum í pakka. Diskurinn kemur út í haust.

## Fermingarstörfin á oddinn í fjögur ár

Samkvæmt fræðslustefnu kirkjunnar 2013 eiga fermingarstörfin að vera í forgrunni í fjögur ár.

### *Fermingarkverið Con Dios*

Nýliðinn vetur var annar veturinn sem fermingarkverið Con Dios var notað og er nú svo komið að langflestar kirkjur nota það efni fyrir sín fermingarbörn. Efnið var gefið út af Skálholtsútgáfu en unnið í samstarfi við þjónustusvið Biskupsstofu.

### *Foreldrahefti Con Dios*

Í haust kom svo út foreldrahefti sem fylgir Con Dios efninu. Hefti þetta er afhent foreldrum fermingarbarna að hausti og lítur út eins og tímarit. Í heftinu er farið í grundvallaratriði kristinnar trúar. Efnið var gefið út af Skálholtsútgáfu en unnið í samstarfi við þjónustusvið Biskupsstofu.

### *Vendikennsla*

Draumur starfsfólks á þjónustusviði var að bjóða prestum og fermingarbörnum möguleika á nútímalegum kennsluháttum á netinu. Hildur Björk Hörpudóttir og Jóhanna Gísladóttir höfðu útbúið vendikennsluvef fyrir fermingarstörfin þar sem unnið er með sömu þemu og í Con Dios efninu. Verkefni unnu þær í mastersnámi sínu við Háskóla Íslands og keypti biskupsstofa notandaréttinn á því. Hér er um að ræða heimanámsefni fyrir börnin þar sem gert er ráð fyrir að þau skoði það heima og undirbúi sig þannig fyrir tímana. Gert er ráð fyrir að fermingarheftið og vendikennsluvefurinn séu notuð samhliða.

### *Fermingarbæklingurinn*

Í vor var fermingarbæklingur sendur til allra væntanlegra fermingarbarna sem eru í þjóðkirkjunni. Er þetta í fyrsta skipi sem það er gert. Veg og vanda af útgáfunni hafði Árni Svanur Daníelsson.

### *Ferming.is*

Fyrir jól sáu Hildur Björk Hörpudóttir og Jóhanna Gísladóttir um vefinn ferming.is í samstarfi við Árna Svan Daníelsson. Undir vorið var nýi fermingarbæklingurinn settur inn á þann vef.

### *Myndband um biblíuna*

Í tilefni að 200 ára afmæli Biblíufélagsins var ráðist í að útbúa myndband fyrir fermingarbörn þar sem þau fá fróðleik um bækur Biblíunnar. Markmiðið er að skoða Biblíuna sem bók en ekki að fara ofan í einstaka þætti hennar. Myndbandið kemur út í haust. Höfundur er Oddur Bjarni Þorkelsson, upptökumaður er Eggert Gunnarsson.

## Æskulýðsdagurinn 1. mars

Efni fyrir æskulýðsdaginn var unnið af Evu Björk Valdimarsdóttur, Þóru Björk Sigurðardóttur og Hjalta Jóni Sverrissyni. Yfirskrift dagsins var: Ljós og myrkur. Þar voru börn og unglingar virkjaðir til þess að skapa æskulýðsmessur hver í sinni kirkju. Efnið fjallaði um guðsmyndina. Gerð voru auglýsingaveggspjöld sem dreift var til kirkna.

## Haustnámskeið 2014

Að venju var upptakturinn í kirkjustarfinu sleginn að hausti.

### *David Lose námskeið:*

Dagana 4. og 5. september 2014 var haldið námskeið í predikunargerð og helgihaldi með rev. David Lose. David Lose hefur um árabil verið prófessor í predikunarfræðum við Luther Seminary í Minneapolis en var nýverið valinn forseti Lutheran Seminary í Philadelpiu. Sr. Guðni Már Harðarson tók að sér skipulagningu ferða í samráði við biskupsstofu. Námskeiðið var afar vel heppnað og voru 46 þátttakendur fyrri daginn og 32 seinni daginn. Námskeiðið var haldið í Neskirkju og var frá 9-15 báða dagana.

Að öðru leyti sá Elín Elísabet Jóhannsdóttir, verkefnisstjóri á Biskupsstofu um námskeiðin.

### *Fermingarfæðslan*

Efni vendikennslunnar og nýtt foreldrahefti kynnt. Hildur Björk Hörpudóttir og Jóhanna Gísladóttir sáu um kynninguna á vendikennslunni í Neskirkju en Elín bauð upp á hana á haustnámskeiðum víða um landið

### *Barnastarfið*

Elín kynnti nýja barnastarfsefnið „Í sjöunda himni" um allt land.

### *Markþjálfunarnámskeiðið „Kirkja í sókn – sóknarkirkja"*

Elín Elísabet lauk framhaldsnámi í markþjálfun nú í vor en bauð upp á námskeið í öllum landshlutum þar sem hugsunargangur markþjálfunar var kynntur. Markmið þessa námskeiðs var að skerpa þá sýn sem við höfum varðandi kirkjustarf og þá möguleika sem sóknir hafa.

Í framhaldi af því vildu ýmsar sóknir nýta sér meiri markþjálfun og sinnti Elín því yfir veturinn með ýmsu móti. Sumar kirkjur vildu eingöngu fá hvatningarfyrirlestur fyrir starfshópa innan sinna vébanda (t.d. kvenfélög og kórar) Aðrar kirkjur óskuðu eftir meiri og persónulegri vinnu og báðu prestar og annað starfsfólk nokkurra sókna þá þjónustu. Prestar, sóknarnefndir og annað starfsfólk kirkna nýttu sér þessa nýju þjónustu sem boðið var upp á í tilraunaskyni.

### *Þátttaka á haustnámskeiðum var þessi:*

Osló: 25
Neskirkja: 67
Hella: 9
Akureyri: 19
Langamýri: 12

Ísafjörður: 5
Stykkishólmur: 7
Egilsstaðir: 7
Samtals: 151

## Fræðslufulltrúafundur

Árviss fræðslufulltrúafundur var haldin í Seljakirkju þann 10.nóvember. Þar komu saman fulltrúar allra prófastsdæma og báru saman bækur sínar.

Fundarstjóri var Irma Sjöfn Óskarsdóttir.

Nokkur erindi voru haldin fyrir fræðslufulltrúana:

Ragnheiður Sverrisdóttir, verkefnisstjóri hafði innlegg um fátækt, Sr. Elína Hrund Kristjánsdóttir hafði innlegg um forvarnir gegn kynferðisofbeldi, Árni Svanur Daníelsson, verkefnisstjóri hafði innlegg um miðlun og Elín Elísabet Jóhannsdóttir hafði innlegg um viðhorf starfsfólks kirkjunnar og endaði dagskráin á fundi sem stýrður var með fundarstjórnunartækni markþjálfunar.

## Erlend samskipti

NSN Málþing í Skálholti: Forkólfar í barnastarfi á Norðurlöndum hittust í Skálholti og deildu reynslu og sýndu nýjungar.

### *Annað*

Málstofur á prestastefnu
Fyrirlestur á leikmannastefnu
Kannanir
Undirbúningur fyrir forvarnanámskeið fyrir starfsfólk kirkjunnar haustið 2015.
Samstarf vegna farskóla leiðtogaefna
Samráðsfundir v. unglingastarfs
Markþjálfanámskeið fyrir djáknafélag Íslands
Ráðgjöf og leiðsögn vegna einstakra mála.

# *Kærleiksþjónustusvið*

**Ragnheiður Sverrisdóttir, verkefnisstjóri**

## Inngangur

Kærleiksþjónustusvið er hluti af þjónustusviði Biskupsstofu. Ragnheiður Sverrisdóttir verkefnisstjóri kom aftur til starfa 15. júlí eftir launalaust árs leyfi. Hún vann í Glerárkirkju í leyfinu og var það gagnlegt að starfa í söfnuði, í grasrótinni, sem einmitt er verið að þjóna á Biskupsstofu. Ragnhildur Ásgeirsdóttir djákni leysti hana af fram til 1. febrúar 2014. Þá fór hún til annarra starfa en sinnti nokkrum verkefnum út veturinn. Henni eru þökkuð vel unnin störf. Það var slæmt að enginn sinnti starfi verkefnastjóra í 4 1/2 mánuð og hafði það áhrif á starfsemina. Eins og undanfarin ár hefur starfsfólki á Þjónustusviði því miður enn fækkað og í þessum rituðu orðum eru aðeins tvær á sviðinu. Augljóst er því að öll starfsemi hefur skerst mikið og verkefni okkar tveggja aukist eða þau verið lögð niður. Útvistun á verkefnum hefur ekki orðið eins mikil og vonir stóðu til enda þarf fjármagn til þess. Þjónusta við innra starf safnaðanna er því í lágmarki.

Kirkjuráð veitti kr. 500 þúsund til sviðsins fyrir 2014 og sömu upphæð fyrir 2015. 160 þúsund voru afgangs af úthlutuninni 2014 og veitti Kirkjuráði leyfi til að færa þær yfir á 2015. Ástæða afgangins var að sjálfsögðu sá að starfsmann vantaði á sviðið hluta ársins. Til starfsþjálfunar djákna- og prestsefna voru veittar kr. 700 þúsund. Guðfræði-og trúarbragafræðideild HÍ fær þrjár milljónir til kennslu kennimannlegra fræða sem eru hluti af starfsþjálfun verðandi vígðra þjóna.

## Starfsþjálfun djáknaefna

Eins og undanfarin ár er starfsþjálfun djáknaefna stór hluti af starfi sviðsins. Haldið var áfram að vinna eftir samningi þeim sem gerður var 25. apríl 2014 milli Biskupsstofu og guðfræði- og trúarbragðafræðideildar Háskóla Íslands. Stýrihópur gerði vinnureglur eins og kveðið er á um í samningnum. Í stýrihópnum eru fyrir hönd biskups sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir og undirrituð. Fyrir hönd GTD dr. Arnfríður Guðmundsdóttir, prófessor og deildarforseti og dr. Sólveig Anna Bóasdóttir, prófessor. Starfsþjálfun sem fer fram á vegum deildarinnar var mikið rædd. Þetta samstarf getur aukið gæði þjálfunarinnar.

Starfsþjálfunin sem fer fram á vegum kirkjunnar var í hefðbundu fari: upphafsviðtöl, viðtal við sálfræðing og tvö við biskup, persónuleikaprófið PAI (Personality Assessment Inventory), leiðtoganámskeið, kynning á stofnunum og starfi kirkjunnar, þjálfun úti á vettvangi, kyrrðardagar og matsviðtöl. Elísabet Berta Bjarnadóttir félagsráðgjafi hjá Fjölskylduþjónustu kirkjunnar og Marteinn Steinar Jónsson sálfræðingur unnu náið með verkefnisstjóra. Þá var mikið samstarf við sr. Irmu Sjöfn Óskarsdóttur sem sá um starfsþjálfun prestsefna. Aðstoð við skipulagningu stofnanakynningar hefur Kristín Arnardóttir fulltrúi veitt. Mikilvægur hluti af starfsþjálfuninni fer fram úti á vettvangi, aðallega í söfnuðum, og vinna þar bæði prestar og djáknar við leiðsögn og þjálfun nema. Til hennar er engu fé varið.

Í vetur voru 17 djáknaefni í starfsþjálfun. Sjö djáknakandídatar luku henni með staðfestingu biskups á embættisgengi þeirra við athöfn í Dómkirkjunni 22. júní. Þeir eru: Áslaug Helga

Hálfdánardóttir, Bergþóra Ragnarsdóttir, Guðrún Halldórsdóttir, Helga Björk Jónsdóttir, Hrafnhildur Eyþórsdóttir, Ingibjörg Eygló Hjaltadóttir og Jónína Auður Sigurðardóttir. Fyrr í vetur luku Sveinbjörg Jónsdóttir og Steinunn Þorbergdóttir starfsþjálfuninni. Átta nemendur halda áfram þjálfun næsta starfsár.

## Djáknavígslur

14. september vígðust til djáknaþjónustu þær Dóra Sólrún Kristinsdóttir til Langholtskirkju, Linda Jóhannsdóttir til Áskirkju og Sunna Kristrún Gunnlaugsdóttir til Glerárkirkju, 28. september Kristín Kristjánsdóttir til Fella- og Hólakirkju og 22. febrúar Anna Elísabet Gestsdóttir til Útskálaprestakalls.

## Merk tímamót djáknaþjónustunnar

Í febrúar voru 20 ár frá útskrift og vígslu fyrstu djáknakandídatanna sem menntaðir eru á Íslandi. Þau eru Bjarni Eiríkur Sigurðsson og djáknarnir Brynhildur Ósk Sigurðardóttir, Kristín Bögeskov (látin), Rósa Kristjánsdóttir, Sigríður Valdimarsdóttir og Valgerður Valgarðsdóttir. Þau héldu upp á tímamótin með því að taka þátt í guðsþjónustu í kapellu Háskólans. Auk þeirra voru þar þau sem sem sátu í fyrstu djáknanefndinni: Dr. Einar Sigurbjörnsson, Unnur Halldórsdóttir, djákni og undirrituð. Undirbúningur er hafinn að málþing í tilefni þessa og jafnframt 20 ára afmæli Djáknafélags Íslands og að 50 ár eru síðan Unnur Halldórsdóttir vígðist til djákna.

## Fjöldi djákna í störfum sem djáknar

Nú er 21 starfandi djákni en aðeins sex þeirra eru í 100% stöðugildi. Því miður er oft verið að ráða djákna allt niður í 40% stöðugildi. Í söfnuðum starfa átta, á öldrunarstofnunum fjórir, í Karítas, hjúkrunarþjónustu einn, á heilsugæslustöð einn, við vinaleið í skólum tveir, í prófastsdæmum tveir, á Hátúnssvæðinu einn, hjá Biblíufélaginu einn og einn á Biskupsstofu. Athyglisvert er að djákni var ráðinn til Útfaraþjónustu kirkjugarðanna. Það má því segja að djáknar vinni á mjög ólíkum stöðum sem sýnir fjölbreytileika stéttarinnar og breiða menntun hennar. Hins vegar hafa 17 djáknar ekki djáknastarf og óska einskis frekar en að kirkjan kalli þá aftur til þjónustu. Þá eru fimm erlendis, sjö komnir á eftirlaun, ein prestsvígð og ein er látin. Alls hefur biskups Íslands vígt 52 einstaklinga djáknavígslu. Djáknakandídatar eru fjölmargir og vilja gjarnan þjóna sem djáknar.

## Nefndir og félög

Verkefnisstjóri situr í Kristniboðs- og hjálparstarfsnefnd og Ellimálanefnd þjóðkirkjunnar. Þá er hann kallaður á fundi Samkirkjunefndar og skilar skýrslum til ársfundar hennar um þau erlendu tengls sem hann ber ábyrgða á og tekur þátt í alþjóðlegri bænaviku í janúar á hverju ári.

Biskupsstofa er aðili að Mannréttinda skrifstofu Íslands og er undirrituð aðalfulltrúi í stjórn hennar og sr. Toshiki Toma til vara. Á aðalfundi 21. maí var Ragnheiður kosin í framkvæmdastjórn og er það í fyrsta skipti sem fulltrúi biskupsstofu situr í framkvæmdastjórn en þrír aðilar skipa hana.



Ragnheiður Sverrisdóttir ræðir við einn þátttakanda á norrænu djáknaráðstefnunni

Biskupsstofa er aðili að *European Anti Poverty Network* gegnum íslensku samtökin EAPN á Íslandi – *Samtökum gegn fátækt* og situr verkefnisstjóri í stjórn. Nýtt félag var stofnað á Akureyri sem Eyjafjarðar- og Þingeyrjarprófastsdæmi á aðild að. Bókin *Breaking Barriers – Driving Changes/Brautin rudd* var þýdd og gefin út á netinu EAPN.is. Sagt er frá 15 tilviksrannsóknum um árangur og mat á baráttu gegn fátækt. Samtökin leggja áherslu á að fátækt fólk tali sjálft máli sínu, séu í stjórn og taki þátt í námskeiðum Evrópusamtakanna sem heita People Expering Poverty (PEP). Þá var ráðstefna um viðunandi framfærslu haldin.

## Námskeið og samverur

Árlegt haustnámskeið til undirbúnings starfsfólks fyrir vetrarstarfið var að venju haldið á vegum þjónustusviðs. Undirrituð fjallaði um fátækt á Íslandi. Markmið þess var að auka vitund starfsfólks um að í starfi kirkjunnar er fátækt fólk og að kirkjan geti markvisst stutt þau með starfi sínu. Starf safnaðanna er ókeypis og það ætti að vera keppikefli okkar að ná til efnalítilla barna og fjölskyldna. Þá eru einnig margir einir á báti og ýmsir lifa við skert lífsgæði sem söfnuðirnir gætu reynt að sinna betur. Það er markmið kærleiksþjónustunnar en til þess að ná því þarf fjármagn.

Námskeiðið *Konur eru konum bestar* var haldið fyrir blandaðan hóp íslenskra og múslimskra kvenna frá Marakkó. Það var mjög ánægjulegt hversu vel gekk að halda námskeiðið í svo blönduðum hóp. Á vormisseri voru haldin tvö námskeið fyrir djákna sem heita „Efling djákna í starfi."

Dagur kærleiksþjónustunnar var 14. september á þrettánda sunnudegi eftir trinitatis.



Útvarpsguðsþjónusta var frá Langholtskirkju, Dóra Sólrún Kristinsdóttir, djákni, prédikaði.

Samvera fyrir syrgjendur var haldin í desember eins og undanfarin ár en það er samstarfsverkefni LSH, Þjóðkirkjunnar og Nýrrar dögunar. Samveran er ævinlega vel sótt og að þessu sinni voru um 350 þátttakendur.

## Handleiðsla og símenntun

Verkefnisstjóri hefur notið handleiðslu hjá Fjölskylduþjónustu kirkjunnar og sótti Master Class námskeið um faghandleiðslu. Verkefnisstjóri reynir að sækja málþing og ráðstefnur um kirkjuleg málefni t.d. kynningu á sálmabókinni 2013, málþing um kyrrðarstarf og málþing vegna 200 ára afmælis Biblíufélagsins og einnig væntanlegs afmælis siðbótarinnar 2017. Þá var Presta- (og djákna)stefna sótt.

## Erlend samskipti

Norræn djáknaráðstefna var haldin í Keflavíkurkirkju 13.-15. ágúst. Verkefnisstjóri annaðist undirbúning og framkvæmd hennar ásamt fleiri djáknum. Yfirskrift hennar var „Vatn og jörð, ís og eldur. Varðveitum tengslin – styrkjum þau." 67 þátttakendur komu til ráðstefnunnar en hún er haldin annað hvert ár og verður í Finnlandi 2016. Biskup Íslands plantaði tré í garði kirkjunnar sem tákn um mikilvægi vaxtar og eflingar diakoniunnar. Elísabet Berta Bjarnadóttir hélt fyrirlestur um handleiðslu sem mikilvægt tæki til að eflast og þroskast í starfi og sr. Erla Guðmundsdóttir kynnti starf Keflavíkurkirkju strax eftir Hrun. Heather Roy, framkvæmdastjóri



Þátttakendur á norrænu djáknaráðstefnunni í Keflavík

Eurodiaconia sagði frá hvernig þessi samtök geta stutt kærleiksþjónustu Norrænu kirknanna. Þá var hópastarf þar sem kynnt var hjálparstarf og barátta gegn fátækt; Þjónandi forysta; kyrrðarbæn og notkun internetsins í starfi meðal aldraðra. Fulltrúar hinna kirknanna kynntu verkefni sem reynst hafa vel hjá þeim. Góð viðbrögð voru við dagskránni sem sýnir að við höfum miklu að miðla. Mikilvægur þáttur í svona ráðstefnu er að efla þátttakendur og skapa tengsl þeirra á milli.

Eurodiaconia hélt aðalfund sinn í Barcelona 10.-12. júní og bauð einnig upp á vettvangsferðir og fyrirlestra. Sérstök áhersla var lögð á að kynna aðstæður flóttafólks á Miðjarðarhafi. Í Eurodiaconia eru nú 43 kirkjur og samtök í 22 löndum.

Það er ómetanlegt að geta verið í samstarfi við aðrar kirkjur og samtök til að efla eigið starf og læra af öðrum. Það stuðlar bæði að endurnýjun í starfi og veitir uppörvun. Því er miðlað með starfinu á heimavelli. Þá er uppbyggilegt að eiga samfélag í trúnni með öðrum sem eru bæði lík og ólík okkur.

## Stofnanir og sérþjónusta kirkjunnar

Reglulegar morgunsamverur voru haldnar með Hjálparstarfinu, Fjölskylduþjónustunni og sérþjónustuprestum sem ráðnir eru af kirkjunni (þ.e. ekki stofnunum) og djákna á Hátúnssvæðinu. Samverurnar eru ávallt gagnlegar og upplýsingum um starfið er miðlað og hugmyndir ræddar m.a. að stefna ætti að því að gera stefnumótun um kærleiksþjónustu kirkjunnar við fyrsta tækifæri. Farið var í vettvangsferð á Litla-Hraun og Líknardeild LSH í Kópavogi.

## Guðsþjónustur í Kolaportinu

Í áraraðir hefur verkefnisstjóri annast helgihald í Kolaportinu einu sinni í mánuði. Þar þjóna prestar Dómkirkjunnar og ýmir aðrir prestar og djáknar. Náin kynni hafa orðið við „söfnuðinn" en það er gjarnan sama fólkið sem kemur aftur og aftur. Burðarásinn í þessu starfi er tónlistarmaðurinn Þorvaldur Halldórsson og kona hans Margrét Scheving. Það er dýrmætt að fara út á vettvang þar sem mikið af vinnu sviðsins er unnin við skrifborð.

## Lokaorð

Það er mikilvægt að efla kærleiksþjónustu safnaðanna svo kirkjan sé trúverðug og trú boðskap sínum að elska Guð og náungann. Kirkjan er fjölmenn og áberandi og þarf ekki að líta svo á að „að henni sé sótt." Með þessum orðum vísa ég í Boga Ágústson fréttamanns á Presta- (og djákna) stefnu 2015.

# *Fjölskylduþjónusta kirkjunnar*

**Rannveig Guðmundsdóttir, forstöðumaður**

Fjölskylduþjónusta kirkjunnar er til húsa í kjallara Grensáskirkju og hefur svo verið síðan í nóvember 2011. Starfsemin hefur verið með svipuðu sniði undanfarin ár. Frá árinu 2001 hafa fjórir fjölskyldufræðingar verið að störfum en 18.desember sl. lést Guðlaug Magnúsdóttir, félagsráðgjafi eftir erfið veikindi og erum við því þrjú sem önnumst þjónustuna í dag. Frá 1.janúar 2015 hafa stöðugildin verið 2.15.

Starfsmenn þjónustunnar eru:

Benedikt Jóhannsson, sálfræðingur

Elísabet Berta Bjarnadóttir,félagsráðgjafi

Rannveig Guðmundsdóttir, félagsráðgjafi, forstöðumaður

Við höfum til skiptis gegnt starfi forstöðumanns tvö ár í senn og tekur Elísabet við af Rannveigu um næstu áramót.

Meginviðfangsefni okkar er viðtalsþjónusta og handleiðsla. Auk þess skipa fræðsla, fyrirlestrar og kynningarstörf ákveðinn sess.

Árið 2014 leituðu um 160 fjölskyldur til Fjölskylduþjónustu kirkjunnar. Þetta er nokkur fækkun frá því sem verið hefur undanfarin ár. Algengast er að fólk leiti vegna sambúðarerfiðleika. Fólki líður illa vegna neikvæðrar þróunar sem átt hefur sér stað í sambandinu. Samskiptin eru erfið og það gengur ekki vel að tala saman. Oft hafa utanaðkomandi atriði áhrif svo sem fjárhagserfiðleikar, veikindi og erfið samskipti í upprunafjölskyldum. Einnig hefur fólk áhyggjur af því að ástarneistinn sé horfinn og annað eða bæði hætt að elska hinn aðilann. Það verður æ algengara að fólk leiti til okkar þegar skilnaður er í uppsiglingu eða ákvörðun um skilnað liggur fyrir og biður fólk þá gjarnan um sáttamiðlun ef ágreiningur er til staðar eða ráðgjöf um heppilega umgengni barna við foreldra sína eftir skilnað. Uppeldisráðgjöf leitar fólk

eftir þegar það vill bæta samskiptin við unglinginn eða barnið. Þá eru viðfangsefni eins og missir, sorg, drykkja og framhjáhald algeng viðfangsefni í viðtölunum. Stjúptengsl eru orðinn algengur veruleiki í íslenskum fjölskyldum og biður fólk gjarnan um aðstoð við að púsla saman fjölskyldufyrirkomulagi, stundum eftir annan eða þriðja skilnað.

Handleiðsla hefur verið stór þáttur í starfi okkar undanfarið. Þannig hafa átta handleiðsluhópar verið í gangi frá hausti 2014. Eru þetta tveir hópar djákna og sex prestahópar. Starfsfólk innan kirkjunnar hefur gjarnan aðgang að einstaklingshandleiðslu hjá okkur og nýta sér það margir, einkum prestar og djáknar. Einnig höfum við veitt starfsfólki Hjálparstarfs kirkjunnar og Hjálpræðishersins handleiðslu.

Kynningarstörf, fyrirlestrar og fræðsla er mikilvægur þáttur í starfi okkar og höfum við reynt að sinna því eftir því sem svigrúm hefur leyft. Formlegt samstarf hefur verið undanfarin ár við Biskupsstofu um starfsþjálfunarmál presta og djákna. Loks má nefna að kynning á starfi okkar hefur verið fastur liður fyrir guðfræði- og djáknanema.

## *Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga*

**María Ágústsdóttir, formaður**

### Starfið

Starfsár SKT er frá september til maí og er fundað mánaðarlega, alls níu sinnum. Fundað er í húsnæði aðildarfélaga til skiptis. Yfir sumartímann hafa einnig verið samskipti á milli nefndarfólks eftir þörfum. Þá hefur nefndin átt aðild að samkirkjulegri bænastund fyrir Íslandi á 17. júní en slík stund hefur verið haldin í Hallgrímskirkju (3 skipti) og Dómkirkjunni (1 skipti) nánast árlega frá 2010 sem hluti af auglýstri dagskrá þjóðhátíðardagsins. Var bænastundin 17. júní 2014 haldin í Hallgrímskirkju í umsjá sr. Jakobs Á. Hjálmarssonar.

### Alþjóðleg, samkirkjuleg bænavika fyrir einingu kristninnar í 35 ár

Bænavikan í janúar (18.-25. janúar) er mikilvægasta verkefni SKT og hefur verið haldin frá því að þjóðkirkjan með prestastefnu í fararbroddi hafði frumkvæði að því að stofnað var til nefndarinnar árið 1979. Fyrsta samkirkjulega guðsþjónustan undir merkjum Samstarfsnefndar kristinna trúfélaga var haldin sunnudaginn 20. janúar 1980 í Dómkirkjunni í Reykjavík og þar steig í stól rómversk-kaþólskur prestur, sr. Ágúst K. Eyjólfsson.

Bænavikan 2015 hófst með guðsþjónustu í Dómkirkjunni sunnudaginn 18. janúar og var stuðst við guðsþjónustuform sem samkirkjuleg nefnd í Brasilíu sendi frá sér. Lestra, bænir og íhugunarefni fyrir dagana átta þýddi sr. Hjalti Þorkelsson, sóknarprestur St. Péturskirkju á Akureyri ásamt fleirum úr hópi aðstandenda bænavikunnar nyrðra, en sr. Guðmundur Guðmundsson, héraðsprestur, hefur um árabil haldið utan um þann undirbúning. Alls 10 viðburðir voru auglýstir syðra: guðsþjónustur, bænastundir og samkomur á sjö stöðum, blessun hafsins í Nauthólsvík, málfundur til kynningar mismunandi guðfræðilegri sýn og



Landsnefnd um alþjóðlegan bænadag kvenna í Safnaðarheimili Landakotskirkju 6. mars 2015.

helgiganga frá Hallgrímskirkju að Fíladelfíu með viðkomu á Hlemmi. Sr. Gunnþór Ingason hafði veg og vanda af þeim viðburði eins og undanfarin ár. Ræðumaður á lokakvöldinu var að þessu sinni sr. Kristján Valur Ingólfsson, vígslubiskup.

## Af öðrum störfum nefndarinnar

Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga hefur umsjón með nokkrum útvarpsguðsþjónustum árlega. Auk guðsþjónustunnar í upphafi bænaviku hefur lengi verið hefð fyrir því að útvarpa samkirkjulegri guðsþjónustu á skírdag kl. 11. Undanfarin ár hefur landsnefnd um Alþjóðabænadag kvenna annast þá guðsþjónustu, ýmist með upptöku af bænadagssamkomunni (sem er ávallt fyrsta föstudag í mars, í ár haldin í Dómkirkju Krists konungs, Landakoti) eða með endurflutningi efnisins í beinni útsendingu. Á skírdag 2015 var útvarpað samkirkjulegri guðsþjónustu frá Seltjarnarneskirkju í samvinnu SKT, landsnefndar um bænadag kvenna og heimafólks. Aðrar guðsþjónustur eru sendar út frá kirkjunum beint, s.s. Aðventkirkjunni á annan páskadag og Fíladelfíu á annan hvítasunnudag. Kaþólska kirkjan hefur iðulega annast útvarpsguðsþjónustu á sunnudegi milli jóla og nýárs en vegna aðstæðna kom það í hlut nefndarinnar að sjá um þann dag að þessu sinni (28.12.14). Var ákveðið að tileinka guðsþjónustuna friði og prédikaði Helgi Guðnason, forstöðumaður Fíladelfíu, um það efni í Seltjarnarneskirkju. Fulltrúar aðildarfélaganna fluttu bænir og lestra og heimafólkið annaðist tónlistarflutning, svo sem hefð er fyrir.

Þá sendi nefndin frá sér ályktun til fjármálaráðherra 2. desember 2014 þar sem lýst er yfir þungum áhyggjum af „áframhaldandi skerðingu sóknargjalda sem boðuð er í fjármálafrumvarpi ríkisstjórnarinnar“. Minnt er á að „sóknargjöld eru félagsgjöld trúfélaganna




Konur í Vestmannaeyjum flytja dagskrá frá Bahamaeyjum 6. mars 2015.

og því hlýtur ríkisstjórn Íslands að vera óheimilt að skerða þau“ og skorað á „ráðherra að sjá til þess að samþykkt ríkisstjórnarinnar [um að leiðrétta skerðingu fyrri ára] verði fylgt eftir og að endurskoðuð verði sú skerðing sem fjárlög boða.“ Einnig voru útvarpsstjóra og dagskrárstjóra Rásar 1 send andmæli nefndarinnar vegna breytinga á morgunbænum og Orði kvöldsins (september 2014).

Meðal annarra málefna sem rædd hafa verið í vetur eru frumvarp um skattaafslátt til líknar- og trúfélaga, fasteigna- og fráveitugjöld á húsnæði trúfélaga, útbreiðsla Biblíunnar á Íslandi, umræða sem varð á opinberum vettvangi í kjölfar Kristsdagsins, sem Friðrikskapelluhópurinn hélt í Hörpu laugardaginn 27.09.14, kynningarmál, umfjöllun fjölmiðla um trúmál o. fl. Einnig hafa farið fram guðfræðilegar umræður og kynningar á alþjóðlegum, samkirkjulegum samþykktum.

## Fulltrúar 2014-2015

Nokkrar breytingar hafa orðið á fulltrúum aðildarfélaganna á þessum vetri. Í stað Þorvaldar Víðissonar, sem starfaði með nefndinni fyrir hönd Biskupsstofu nokkur misseri, kom Sveinn Valgeirsson inn og tók að sér að vera ritari. Helgi Guðnason er nýr forstöðumaður Fíladelfíu og tekur sæti Varðar Leví Traustasonar. Einnig hefur Aron Hinriksson, forstöðumaður hjá hvítasunnumönnum, sótt fund nefndarinnar. Friðrik Schram lét af prestsstörfum fyrir Íslensku Kristskirkjuna á liðnu ári og í hans stað kom Ólafur Knútsson en Edda Matthíasdóttir Swan hefur um árabil sótt fundi SKT fyrir hönd ÍKK. Þá kom Nebosja Colic frá Serbnesku rétttrúnaðarkirkjunni á einn fund. Á síðasta fundi vormisseris var Guðrún Halla Benjamínsdóttir kvödd en ekki er ljóst hver verður fulltrúi Óháða safnaðarins í hennar stað. Eru fráfarandi



Samkirkjulegur hópur kvenna á Akureyri stóð að Alþjóðabænadegi kvenna 2015.

fulltrúum þökkuð mikilvæg og gefandi störf í þágu samkirkjulegra málefna á Íslandi um leið og nýjum fulltrúum er fagnað.

Formlegir fulltrúar við lok starfsársins 2014-2015 voru sem hér segir:

Eric Guðmundsson, varaformaður, fulltrúi Aðventista
Guðrún Halla Benjamínsdóttir, fulltrúi Óháða safnaðarins
Helgi Guðnason, fulltrúi Fíladelfíu
Högni Valsson, fulltrúi Vegarins
Jakob Rolland, fulltrúi Rómversk-kaþólsku kirkjunnar
Magnús Gunnarsson, fulltrúi Betaníu
María Ágústsdóttir, formaður, fulltrúi Þjóðkirkjunnar
Ólafur H. Knútsson, fulltrúi Íslensku Kristskirkjunnar
Sigurður Ingimarsson, fulltrúi Hjálpræðishersins
Sveinn Valgeirsson, ritari, fulltrúi Þjóðkirkjunnar
Timur Zolotuskiy, fulltrúi Rússnesku Rétttrúnaðarkirkjunnar

# Stofnanir, nefndir, ráð og félög

## *Ellimálanefnd þjóðkirkjunnar*

**Sr. Magnús Björn Björnsson, formaður**

Ellimálanefnd þjóðkirkjunnar hefur það hlutverk að styðja og efla kirkjulegt starf með eldri borgurum í þjóðkirkjunni um allt land, í söfnuðum, prófastsdæmum eða á þeim stöðum þar sem skipuleg þjónusta er veitt öldruðum af kirkjulegum aðilum. Hún hefur náið samstarf við fræðslu- og kærleiksþjónustusvið kirkjunnar og Eldriborgararáð Reykjavíkurprófastsdæma. Ellimálanefnd er skipuð af Kirkjuráði. Hún er þannig skipuð í dag: sr. Magnús Björn Björnsson, formaður. Þórey Dögg Jónsdóttir, djákni, varaformaður. Ragnheiður Sverrisdóttir, djákni, ritari. Meðstjórnendur: Stefanía Baldursdóttir og sr. Auður Inga Einarsdóttir.

Störf nefndarinnar má rekja allt til ársins 1979 er herra Sigurbjörn Einarsson skipaði nefnd sem nefndist: „Samtalshópur um málefni aldraðra." Árið 1982 gerði herra Pétur Sigurgeirsson þá tillögu að uppstigningardagur yrði gerður að degi aldraðra í kirkjunni. Sér nefndin um útvarpsguðsþjónustu á þeim degi. S.l. uppstigningardag, 14. maí 2015, var útvarpsguðsþjónusta í Seltjarnarneskirkju. Þar prédikaði Þórey Dögg Jónsdóttir, djákni, en hún er framkvæmdastjóri Eldriborgararáðs Reykjavíkurprófastsdæma. Fyrir altari þjónuðu sr. Bjarni Þór Bjarnason og sr. Magnús Björn Björnsson. Kór eldri borgara og kór ungmenna sungu við guðsþjónustuna undir stjórn Friðriks Vignis Stefánssonar organista.

Ellimálanefnd heldur utan um töluvert efni fyrir kirkjulegt starf með eldri borgurum á efnisveitu kirkjunnar. Hún heldur einnig úti vefsíðunni www.gamlinoi.is, en hún var opnuð árið 2000. Á s.l. ári vann Ellimálanefnd að stefnumótun fyrir kirkjulegt starf með eldri borgurum og endurbættri fræðslustefnu fyrir sama hóp. Stefnumótunin og fræðslustefnan voru lagðar fram á Kirkjuþingi árið 2014 af kirkjuráði:

### Stefnumótun Þjóðkirkjunnar í kirkjulegu starfi með eldri borgurum

*Markmið:* Markmið kirkjustarfs eldri borgara er að skapa samfélag vináttu, gleði, trausts og samfélag um kristna trú þar sem allir njóta virðingar og jafnréttis. Móta af fagmennsku samfélag þar sem fólk hittist til að sinna félagslegum, andlegum og trúarlegum þörfum í öruggu og vingjarnlegu umhverfi. Bjóða upp á samverur sem byggja á helgihaldi, metnaðarfullri og uppbyggilegri dagskrá. Vinna markvisst að því að styrkja innviði og persónuleg samskipti með vinaheimsóknum og stuðningi við sjálfboðaliða í kirkjulegu starfi. Ferðalög og lengri samverur eru til að styrkja hópinn og efla þannig enn frekar traust og vináttu allra.

*Verkefni:*

Þessum markmiðum skal náð með því að:

- sníða samverur að þörfum eldri borgara
- efla gleði og hlátur
- virkja eldri borgara í að vera bæði veitendur og þiggjendur

- mæta eldri borgurum af virðingu, tillitssemi og hlýju
- rjúfa einangrun með vinaheimsóknum
- veita sálgæslu og næði til að sinna úrvinnslu erfiðra mála
- mynda góð tengsl við félagsmiðstöðvar, heilsugæslu, heimaþjónustu og félagsþjónustu



Við útvarpsguðsþjónustu á uppstigningardag þjónuðu sr. Magnús Björn Björnsson, formaður Ellimálanefndar Þjóðkirkjunnar, sr. Bjarni Þór Bjarnason, sóknarprestur Seltjarnarneskirkju og Þórey Dögg Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Eldri borgararáðs Reykjavíkurprófastsdæma.

## Fræðslustefna Þjóðkirkjunnar

**B 3 Eldri borgara starf**

*Markmið:* Að veita faglega fræðslu fyrir eldri borgara sem hjálpar þeim að iðka kristna trú, biblíulestur og tilbeiðslu, vinna úr áföllum, sorg og missi, vera virkir þátttakendur í helgihaldi, kirkjulegu starfi og vinaheimsóknum. Að tryggja faglega umsjón með fræðslustarfi safnaðanna, þjálfun og umsjón sjálfboðaliða og tryggja aðgang að fjölbreyttu fræðsluefni.

*Verkefni:*

- Helgihald, söngur, kirkjuleg tónlist
- Biblíulestrar, fræðsla um trúarleg og kirkjuleg málefni
- Fræðsla um sorg og missi
- Messuþjónusta og þátttaka í henni
- Þjálfun sjálfboðaliða og fræðsla um umsjón sjálfboðastarfs og vinaheimsókna
- Tryggja fjölbreytt fræðsluefni með öflugri gagnaveitu

## Greinargerð

Lagt er til að í fræðslustefnu þjóðkirkjunnar komi fram vilji til að ástunda fagleg vinnubrögð í öllu sem viðkemur kirkjulegu starfi með eldri borgurum, gerð fræðsluefnis og þjálfun sjálfboðaliða. Það sem almennt kallast eldri borgarar í dag er vaxandi hópur. Gróflega mætti skipta honum í tvennt: þ.e. fólk sem ekki stundar lengur fasta vinnu en er við góða heilsu, oft fjárhagslega sjálfstætt, og hefur löngun til að fræðast og láta gott af sér leiða. Vart þarf að árétta mikilvægi þessa aldurshóps í starfi kirkjunnar hvort heldur sem er í helgihaldi, námskeiðum eða sjálfboðnu starfi.

Seinni hópurinn er fólk sem býr við margvíslega hömlun af völdum hrörnunar og sjúkdóma, er gjarnan tengist hækkuðum lífaldri. Þar er minni þörf og eftirspurn eftir beinni fræðslu en frekar eftir helgihaldi og samverum. Vinna þarf að því að rjúfa einangrun þessa hóps og mæta trúarlegum þörfum hans þegar hann getur ekki sótt helgihald í kirkjuna sína. Mikið starf hefur nú þegar verið unnið í því að draga saman efni sem að gagni má koma í starfi með eldri borgurum. Mikilvægt er að halda því markvisst áfram.

# *Fagráð um meðferð kynferðisbrota*

**Gunnar Rúnar Matthíasson, formaður**

Á árinu 2014 barst fagráði eitt erindi sem varðaði vettvang æskulýðsstarfs og var því vísað til barnaverndar. Fyrir utan það bárust fagráði þrjú erindi þar sem farið var fram á ráðgjöf fagráðs. Einu erindi frá fyrra ári var ekki lokið þegar árið 2014 gekk í garð og er það mál enn í farvegi.

Af þeim erindum þar sem farið var fram á ráðgjöf fagráðs varðaði eitt ráðgjöf vegna eftirgrennslan fjölmiðla um mál sem starfsmaður kirkju hafði komið að sem stuðningsaðili þolenda. Í öðru tilviki óskaði biskup aðkomu fagráðs vegna erindis sem varðaði gamalt heimilisofbeldismál. Gerandi í því tilviki hafði gegnt ábyrgðarhlutverki innan kirkjunnar. Þriðja tilvikið varðaði fyrirspurn um útlán kirkju og samstarf safnaðar við utanaðkomandi aðila um tónleikahald, eftir að upp kom að einn forsvarsmanna tónleikanna hefur verið dæmdur fyrir kynferðisbrot gegn barni.

Á árinu hafa fulltrúar fagráðs fundað, eins og fyrri ár, með aðilum sem eru að vinna að verklagsreglum um meðferð kynferðisbrota fyrir félagasamtök og stofnanir. Fagráð um meðferð kynferðisbrota innan Þjóðkirkjunnar fagnar tilkomu fleiri fagráða á vettvangi félagasamtaka og stofnana og vonast til að geta átt góða samvinnu við þessa aðila í framtíðinni.

Fagráð hefur á árinu fundað reglubundið með biskupi, frú Agnesi Sigurðadóttur og þakkar stuðning og samstarf allra kirkjuyfirvalda sem og annarra stofnana kirkjunnar.

# *Hjálparstarf kirkjunnar*

**Bjarni Gíslason, framkvæmdastjóri**

## Skipulag, stjórn, starfsfólk

Hjálparstarf kirkjunnar starfar eftir skipulagsskrá undir stjórn fulltrúaráðs; níu fulltrúa prófastsdæma, fimm fulltrúa kirkjuráðs og breytilegs fjölda fulltrúa prestakalla. Á þessu starfsári voru 60 í fulltrúaráði. Skal formaður framkvæmdastjórnar vera úr þeim hópi sem kirkjuráð kýs. Ráðið fundar tvisvar á ári, á aðalfundi að hausti og fulltrúaráðsfundi að vori. Ráðið kýs framkvæmdastjórn sem nú skipa:

Ingibjörg Pálmadóttir formaður, Lóa Skarphéðinsdóttir hjúkrunarfræðingur og Páll Kr. Pálsson hagverkfræðingur. Varamenn: Hörður Jóhannesson aðstoðar lögreglustjóri, Guðmundur Guðmundsson héraðsprestur.

Stjórnin fundar u.þ.b. einu sinni í mánuði. Starfsfólk er: Bjarni Gíslason framkvæmdastjóri, Áslaug Arndal sem sér um skrifstofuhald og fósturbörn, Kristín Ólafsdóttir fræðslu- og upplýsingafulltrúi, Vilborg Oddsdóttir félagsráðgjafi og umsjónarmaður innanlandsaðstoðar, Sædis Arnardóttir félagsráðgjafi í 60% starfi. Atli Geir Hafliðason hefur umsjón með fatalager, sölu Friðarljósa o.fl.

Hlutverk Hjálparstarfs kirkjunnar er samkvæmt skipulagsskrá að hafa forgöngu um og samhæfa hjálparstarf á vegum kirknanna í landinu, heima og erlendis. Í því felst fjáröflun, stuðningur við verkefni erlendis, framkvæmd innanlandsaðstoðar, talsmannshlutverk og fræðslustarf. Starfsár stofnunarinnar er 1. júlí til 30. júní. Um rekstrartölur vísast í reikninga sem liggja fyrir í september.

## Starfið á Ísland

Markmiðið með starfinu er að rjúfa vítahring fátæktar og félagslegrar einangrunar og hjálpa fólki til sjálfshjálpar. Margir sjálfboðaliðar leggja starfinu lið í hverri viku. Þeir vinna að flokkun og greiningu gagna og sinna úthlutun fatnaðar o.fl.

## Efnislegur stuðningur

Félagsráðgjafar Hjálparstarfsins veittu efnislega aðstoð í samvinnu við presta, djákna, félags- og námsráðgjafa um land allt. Aðstoðin felst fyrst og fremst í því að fólk fær inneignarkort í matvöruverslanir. Á höfuðborgarsvæðinu eru inneignarkortin að mestu einskorðuð við barnafjölskyldur og er einstaklingum vísað á önnur samtök sem bjóða mataraðstoð. Á þeim stöðum sem öðrum hjálparsamtökum er ekki til að dreifa fá allir inneignarkort. Reynslan af inneignarkortunum er mjög góð og eru skjólstæðingar ánægðir með fyrirkomulagið. Auk inneignarkorta var tekjulágu fólki veitt fjárhagsaðstoð vegna lyfjakostnaðar og við kaup á gleraugum sem og vegna skólagöngu, tónlistarnáms og frístunda barna og ungmenna.

## Ráðgjöf

Félagsráðgjafar Hjálparstarfsins veittu ráðgjöf og vísuðu fólki á úrræði í samfélaginu. Fjármálaráðgjöf var í boði alla föstudaga og frá og með áramótum 2014-2015 hefur sálusorgun og sáttamiðlun verið í boði á mánudögum og fimmtudögum.

## Fatasöfnun og -úthlutun

Sjálfboðaliðar unnu ötullega við fataúthlutun á þriðjudögum og tóku fatnað upp úr pokum, flokkuðu og settu í hillur á fimmtudögum. Rótarýklúbburinn eRótarý Ísland stóð fyrir fatasöfnunarátaki fyrir Hjálparstarfið á Facebook á síðunni Gefðu barni hlýju. Átakið tókst með eindæmum vel og mikið af gæðafatnaði bæði notuðum og nýjum hefur borist Hjálparstarfinu síðan átakið hófst í október 2014.

## Sjálfstyrkingarnámskeið og hópastarf

Sérstakt markmið Hjálparstarfsins er að stuðla að bættri sjálfsmynd skjólstæðinga og efla þá til þátttöku í samfélaginu. Á haustönn var haldið 10 vikna sjálfstyrkingarnámskeið í samstarfi við Hjálpræðisherinn á Íslandi. Tuttugu konur tóku þátt í námskeiðinu sem fékk góða dóma hjá þátttakendum. Námskeiðið *Sjálfstyrking og sköpun* var í gangi á vorönn sem og hópastarf til valdeflingar konum í Breiðholti.

## Talsmaður fátækra

EAPN (European Anti Powerty Network) er evrópskur samræðuvettvangur fyrir fólk sem býr við fátækt. Félagsráðgjafar og skjólstæðingar Hjálparstarfsins taka þátt í störfum Íslandsdeildar EAPN sem stóð fyrir ráðstefnu um viðunandi framfærslu í september. Félagsráðgjafar Hjálparstarfins tóku þátt í stefnumótunarvinnu Velferðarvaktar velferðarráðuneytisins á haustönn. Tillögur Velferðarvaktarinnar hafa nú verið sendar til umfjöllunar og ákvarðanatöku á Alþingi.

## Jólaaðstoð

Jólaaðstoðin á höfuðborgarsvæðinu var nú í samvinnu við Hjálpræðisherinn í Reykjavík sem tók þátt í skráningu umsókna hjá Hjálparstarfinu. Þeir sem þegar höfðu fengið inneignarkort gátu sótt um jólaaðstoð á netinu en lagt var inn á kortin skömmu fyrir jól. Nýir umsækjendur gátu eins og áður leitað til presta um allt land og á skrifstofu Hjálparstarfsins. Um 1480 umsóknir bárust sem er svipaður fjöldi umsókna og fyrir jól 2013. Þar sem fleiri en einn einstaklingur er að baki hverri umsókn þýðir þetta að um 4000 hafi notið aðstoðar í heild.

## Fræðslu- og kynningarmál

Fréttablað Hjálparstarfsins Margt smátt … sem kom út í september 2014 og júní 2015 var sent 6.000 áskrifendum. Í tengslum við jóla- og páskasöfnun kom blaðið út sem fylgiblað með Fréttablaðinu. Farið var í fjölda heimsókna m.a. í eldriborgarastarf, í leik-, grunn-, framhalds- og háskóla. Heimasíða Hjálparstarfsins er help.is og einnig er síða á Facebook.

## Breytendur

Breytendur, Changemaker á Íslandi, er ungliðahreyfing sem hefur það að markmiði að gera heiminn að sanngjarnari og réttlátari stað með jákvæðum aðgerðum. Hreyfinging er stofnuð að norskri fyrirmynd og starfar undir verndarvæng Hjálparstarfs kirkjunnar. Hreyfingin hefur beitt sér í náttúrvernd m.a. með því að skipuleggja loftslagsgöngu í september og tala um áhættu við olíuleit á Drekasvæðinu. Fyrir jól seldu Breytendur Friðarljós og gjafabréf á Laugaveginum með góðum árangri. Heimasíða Breytanda (et. Breytönd) er www.changemaker.is og þau halda einnig úti Facebooksíðu.

## Samstarf við félög og stofnanir

Hjálparstarfið hefur á árinu unnið áfram á samstarfsvettvangi mannúðarsamtaka í þróunaraðstoð. Í október stóðu þau ásamt Þróunarsamvinnustofnun Íslands að átakinu „Þróunarsamvinna ber ávöxt“ undir yfirskriftinni *Sterkar stelpur sterk samfélög*. Tilgangurinn var að koma á framfæri mikilvægi þróunarsamvinnu.

Hjálparstarfið er aðili að Almannaheillum sem er samstarfsvettvangur félaga og sjálfseignarstofnana sem vinna að almannaheillum á Íslandi. Hjálparstarfið fundar árlega með hjálparstofnunum kirkna á Norðurlöndum.



Irene frá Úganda fræðir fermingarbörn í Breiðholtsskirkju um lífið í Úganda.

## Safnanir og fjáröflun

### *Fermingarbarnasöfnun*

Fermingarbörn um allt land gengu í hús dagana 3.- 6. nóvember 2014 með bauk Hjálparstarfs kirkjunnar. Þátttaka í söfnuninni var mjög góð en 61 prestakall var með nú. Söfnunin gekk mjög vel og söfnuðust 8.236.000 krónur. Prestar, annað starfsfólk kirkna, foreldrar og börnin lögðu á sig mikla vinnu í tengslum við söfnunina og eru þeim færðar bestu þakkir fyrir! Í tengslum við fermingabarnasöfnunina komu ungmennin Irene og Ronald frá Úganda í október og fræddu tilvonandi fermingarbörn vítt og breytt um landið um aðstæður heima fyrir.

### *Jólasöfnun*

Í jólasöfnuninni 2014 var safnað fyrir vatnsverkefni Hjálparstarfsins í Eþíópíu og Úganda. Heildarsöfnunarfé til verkefna erlendis og innanlandsaðstoðar í desember og janúar að gjafbréfum meðtöldum var 57 milljónir króna þar af voru 37.3 milljónir eyrnamerktar innanlandsaðstoð. Einstaklingar, fyrirtæki, söfnuðir kirkjunnar og samtök standa að baki þessum gjöfum.

### *Páskasöfnun*

Í Páskasöfnun 2015 er einnig safnað fyrir vatnsverkefnin endanlegar niðurstöður liggja ekki fyrir en þó ljóst að hún gekk vel og líklegt að um sjö milljónir króna safnist sem er mun meira en árið áður.



Mariam í Eþíópíu er glöð með búðina sína sem örlán gerði henni kleift að opna.

### *Framlag.is og gjofsemgefur.is*

Vefsíðan framlag.is auðveldar fólki að styrkja verkefni Hjálparstarfsins heima og að heiman. Gjafabréfasíðan gjofsemgefur.is er mjög vinsæl en mismunandi gjafabréf eru í boði til stuðnings verkefnum á Íslandi, Indlandi og í Afríku. Verð eru frá 1.600 upp í 180.000 krónur. Geiturnar eru vinsælastar, en hænur og hlutdeild í brunni er einnig mjög vinsælt.

## Verkefni í þróunarsamvinnu

### *Úganda*

Markhópur Hjálparstarfsins er fyrst og fremst börn sem misst hafa foreldra sína úr alnæmi og búa ein sem og HIV smitaðir einstæðir foreldrar og ömmur sem hafa börn á framfæri og búa við sára fátækt. Verkefnin ná til yfir 1200 manns í heild og eru unnin í samstarfi við Lúterska heimssambandið, LWF, og staðbundin samtök, RACOBAO. Þau eru í þremur héruðum: Rakaí, Lyantonde og Sembabule. Áhersla er lögð á að bæta lífsskilyrði fólksins með því að reisa íbúðarhús með grunnhúsbúnaði, eldaskála með hlóðum sem spara eldsneyti og helstu áhöldum. Reistir eru kamrar og fólkið frætt um samband hreinlætis og smithættu og hvernig bæta má hreinlætisaðstöðu. Aðgangur að hreinu vatni er aukinn til muna með því að koma upp rigningarvatnssöfnunartönkum við hlið íbúðarhúsanna og með viðhaldi á brunnum í héruðunum. Fólkið fær svo geitur og hænur til að auka fæðuval og möguleika á tekjuöflun. Á síðasta ári voru reist 14 hús, með vatnstönkum, eldaskálum og kömrum. Unnið var að endurbótum á 4 vatnsbrunnum. Keppni milli þorpa um mesta hreinlæti var haldin og 3 þorp voru útnefnd sem fyrirmyndarþorp þar sem allir þorpsbúar notuðu kamra og fyllsta



Amma í Úganda sem sér um sjö barnabörn við nýtt hús með vatnstanki.

hreinlætis var gætt í alla staði. Fjárhagsáætlun síðasta árs var 22.6 milljónir króna, þar af leggur Utanríkisráðuneytið fram 70% af kostnaði.

### *Eþíópía*

Markhópur Hjálparstarfsins er 35 þúsund sjálfsþurftarbændur í harðbýlu Sómalífylki í Austur-Eþíópíu. Samstarfsaðilar eru Lúterska heimssambandið og þróunarsvið lútersku kirkjunnar í Eþíópíu, Mekane Jesus. Markmið númer eitt er að bæta aðgang að hreinu vatni og auka fæðuval og -öryggi fólksins. Markmið númer tvö er að efla völd og auka ákvörðunarrétt kvenna yfir efnahagslegu öryggi sínu. Á síðasta ári voru fjórar vatnsþrær (birkur) grafnar en úr þeim fá 5000 manns og 8000 skepnur vatn. Þrír handgrafnir brunnar voru byggðir sem þýðir hreint drykkjarvatn fyrir meira en 3500 manns og 3000 skepnur. 8 kamrar voru reistir sem 280 manns nota nú. Þá hefur fræðslustarf verið í gangi um mikilvægi hreinlætis og góða stjórnun vatnsbóla. 176 karlar og 202 konur fengu þjálfun í vinnuaðferðum í landbúnaði. Þurrkþolnari maísfræjum og margs konar grænmetisfræjum var dreift til mera en 600 bænda. 150 bændur fengu annað hvort plóga eða skóflur. 180 konur fengu lán til atvinnustarfsemi. Unnið var með bændum að því að fyrirbyggja sjúkdóma í dýrum og lækna þau sem voru haldin sjúkdómi. Lyf og áhöld voru útveguð til að bólusetja eða meðhöndla 128,983 dýr. Átta dýrasjúkraliðar voru þjálfaðir til starfa.

Fjörutíu opinberir starfsmenn fengu fimm daga þjálfun í verkefnisstjórnun til að auka getu þeirra til að taka þátt í verkefninu og veita íbúum þjónustu. Fjárhagsáætlun síðasta árs var 48 milljónir króna, þar af leggur Utanríkisráðuneytið fram 70% af kostnaði.

### *Indland*

Hjálparstarf kirkjunnar og 300 íslenskir fósturforeldrar styrkja alls 489 börn til skólavistar hjá Sameinuðu indversku kirkjunni (UCCI) í Andhra Pradeshfylki. Fjörtíu og fjögur þeirra ganga í grunnskóla en eru ekki á heimavist. 231 barn er í skóla og á heimavist og 214 ungmenni eru í bóklegu eða verklegu framhaldsnámi nú. Við skólann er einnig rekin sjúkrastofa fyrir nemendur jafnt sem fátæka íbúa í nágrenni. Ársfjárhagsáætlun hljóðar upp á 23 milljónir króna og er að öllu leyti fjármögnuð af stuðningsaðilum og fósturforeldrum.

## Neyðarhjálp

Hjálparstarf kirkjunnar er aðili að ACT Alliance, Alþjóðahjálparstarfi kirkna og kirkjutengdra samtaka. Í lok júlí skoraði Hjálparstarfið og ACT Alliance á íslensk stjórnvöld að beita pólitískum þrýstingi á alþjóðavettvangi og beita öllum tiltækum ráðum til að stöðva átökin á Gaza. Framkvæmdastjóri fór á allsherjarþing ACT í október en þá hittust 250 fulltrúar 140 kirkjutengdra hjálparstofnana. Stefna samtakanna til 2018 var rædd og samþykkt en framtíðarsýn ACT er *mannleg reisn og farsælt líf fyrir alla*.

# *Hópslysanefnd*

**Gísli Jónasson, formaður**

Hópslysanefnd, er fastanefnd sem starfar í umboði Kirkjuráðs og Biskups Íslands og ber ábyrgð á að skipuleggja og hafa umsjón með viðbrögðum kirkjunnar vegna stórslysa. Í nefndinni eiga sæti:

a) Biskupsritari
b) Framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar
c) Forstöðumaður Fjölskylduþjónustu kirkjunnar
d) Sjúkrahúsprestur þjóðkirkjunnar
e) Einn fulltrúi tilnefndur af kirkjuráði og er hann formaður nefndarinnar.

Núverandi nefnd skipa: Sr. Þorvaldur Víðisson, biskupsritari, Bjarni Gíslason, framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar, Benedikt Jóhannsson, f.h. Fjölskylduþjónustu kirkjunnar, sr. Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir, sjúkrahúsprestur og sr. Gísli Jónasson, prófastur, sem er formaður nefndarinnar.

Starfsmaður nefndarinnar er sr. Guðrún Eggertsdóttir, sem hefur eins og nokkur undanfarin ár verið í 10% starfshlutfalli.

Viðbragðaáætlun kirkjunnar var samþykkt á kirkjuþingi 2006 og var hún á sínum tíma gefin út í litlu hefti sem dreift var til allra presta, sóknarnefnda o.fl. Þessi áætlun hefur nú verið endurskoðuð m.a. með tilliti til þeirra breytinga sem hafa orðið á skipulagi áfallahjálpar á Íslandi og breytinga á prófastsdæmaskipan kirkjunnar. Hina endurskoðuðu áætlun er að finna á vefsvæði þjóðkirkjunnar (www.kirkjan.is/vidbrogd) ásamt ýmsum fylgigögnum sem henni fylgja.

Viðbragðaáætlunin gerir ráð fyrir því, að útbúnar séu sérstakar viðbragðaáætlanir prófastsdæmanna. Hafa flest þeirra lokið við áætlanir sínar, en þó á enn eftir að endurskoða einhverjar þeirra með tilliti til þeirra breytinga, sem orðið hafa á prófastsdæmunum.

Nefndin vinnur nú að því, að útbúa tillögur að helgistundum, bænum og ritningarlestrum sem nota mætti við hin ýmsu tækifæri þegar slys- eða hamfarir hafa orðið. Er að því stefnt, að slíkt efni verði aðgengilegt á netinu.

Þátttaka kirkjunnar og starfsmanna hennar er reglulega æfð í tengslum við flugslysaæfingar. En þátttaka í slíkum æfingum og undibúningi þeirra hefur á undanförnum árum gefið bæði þeim starfsmönnum kirkjunnar, sem þátt taka og hópslysanefndinni dýrmæta reynslu. Hægt hefur verið að prófa viðbragðaáætlunina og einstaka þætti hennar við raunverulegar aðstæður og nota síðan reynsluna til að slípa þá til. Þá hefur á síðustu árum reynt á áætlunina í tengslum við jarðskjálfta og eldgos á Suðurlandi og sömuleiðis í kjölfar nokkurra alvarlegra slysa og virðist hún hafa reynst vel við þessar aðstæður.

Í framhaldi af endurskoðun á skipulagi áfallahjálpar á Íslandi, sem gengið var frá haustið 2010, voru stofnaðir samráðshópar áfallahjálpar í öllum lögregluumdæmum landsins. Prófastsdæmin skipa fulltrúa sína í samráðshópana og hafa þeir verið virkir þátttakendur í fræðslufundum og æfingum sem þeim tengjast.

Þá taka fulltrúar nefndarinnar þátt í störfun Samráðshóps áfallahjálpar í Samhæfingarstöð almannavarna, en þessi hópur hefur yfirumsjón með allri áfallahjálp í landinu og fundar reglulega.

Að lokum skal svo á það minnt, að nefndin ber, ásamt biskupi Íslands, ábyrgð á og sinnir, eftir því sem við á, stuðningi við presta og aðra starfsmenn kirkjunnar, sem unnið hafa við stórslysaaðstæður og/eða verið undir miklu álagi vegna stuðnings við syrgjendur. Og sömuleiðis skal það ítrekað, að neyðarskipulag kirkjunnar er að sjálfsögðu þannig hugsað, að það geti haldið utan um viðbrögð kirkjunnar í hvert sinn er neyðarástand skapast, jafnvel þótt ekki sé um almannvarnaástand að ræða.

# *Kirkjugarðaráð*

**Guðmundur Rafn Sigurðsson, framkvæmdastjóri**

Engar breytingar urðu á skipan Kirkjugarðaráðs á síðasta ári, en ráðið hefur yfirumsjón með kirkjugörðum landsins og sér um úthlutun úr kirkjugarðasjóði. Í ráðinu sitja fimm fulltrúar og eru þeir: Ragnhildur Benediktsdóttir fulltrúi biskups og formaður ráðsins, Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður Minjastofnunar Íslands, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Þórsteinn Ragnarsson forstjóri Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma og formaður Kirkjugarðasambands Íslands, tilnefndur af Kirkjugarðasambandinu. Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar, tilnefndur af kirkjuþingi. Framkvæmdastjóri ráðsins er Guðmundur Rafn Sigurðsson landslagsarkitekt. Á vegum ráðsins starfar einnig Sigurgeir Skúlason landfræðingur og kortagerðarmaður sem sér um uppmælingu og stærðarútreikninga kirkjugarða vegna gjaldalíkans auk þess að vinna að gerð lóðarblaða uppdrátta og legstaðaskráa fyrir kirkjugarða.



Kirkjugarðaráð á ferð um Vestfirði

## Starfsemi ráðsins.

Á árinu voru haldnir níu fundir auk þess sem ráðið fór í sína árlega skoðunarferð, sem í þetta sinn var í kirkjugarða í Vestfjarðarprófastsdæmi. Framkvæmdastjóri ráðsins heimsótti á árinu samtals 79 kirkjugarða.

## Styrkveitingar kirkjugarðasjóðs - framkvæmdir.

Á árinu 2014 voru veittir styrkir úr kirkjugarðasjóði til 44 verkefna samtals að upphæð tæpar 48 milljónir. Meðal helstu verkefna sem styrkt voru má nefna:
*Eiðar:* Hefja endurnýjun á umgjörð kirkjugarðsins. *Eiríksstaðir*: Ljúka gagngerrum endurbótum á garðinum. *Stöðvarfjörður:* Stækka, endurnýja umgjörð og hefja lagfæringar á kirkjugarðinum í Stöð. *Höfn:* Greiða niður skuld við sveitarfélagið. *Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma*: Lagfæra aðkomu Gufuneskirkjugarðs og Leirdalskirkjugarðs í Kópavogi. *Lundur í Lundarreykjardal*: Greiða niður skuld vegna lagfæringa á kirkjugarðinum. *Reykholt*: Hefja undirbúning að því hlaða upp austurhlið kirkjugarðsins. *Hellnar*: Hlaða upp suður- og vesturhlið kirkjugarðsins. Ingjaldshóll: Greiða niður skuld við kirkju. *Ólafsvík*: Greiða niður skuld við kirkju. *Reykhólar*: Stækka kirkjugarðinn og endurnýja umgjörð hans. *Gufudalur*: Greiða niður skuld vegna gagngerra endurbóta á garðinum. *Núpur*: Helluleggja og bæta aðgengi að kirkju og garði. *Súðavík:* Greiða niður skuld við sveitarfélagið og ljúka framkvæmdum við umgjörð garðsins. *Unaðsdalur:* Greiða niður skuld vegna lagfæringa á kirkjugarðinum. *Blönduós:* Malbika aðalstíg kirkjugarðsins. *Kirkjugarðar Dalvíkur:* Lagfæra girðingar kirkjugarðanna á Dalvík, Upsum og Urðum. *Kirkjugarðar Laugalandsprestakalls:* Endurnýja umgjörð Saurbæjarkirkjugarðs.



Súðavíkurkirkjugarður

*Ljósavatn:* Endurhlaða vegg og lagfæra sáluhlið. *Húsavík:* Ljúka við að greiða niður lán vegna þjónustuhúss. Á árinu var unnið við lagfæringu og hirðingu á nokkrum niðurlögðum görðum t.d. í Klausturhólum, Arnarbæli, Búðardal á Skarðsströnd, Skálmanesmúla og Selárdals.

Auk áður talinna styrkja fékk *Kirkjugarðsamband Íslands* styrki til reksturs á vefnum *gardur.is*, og til fræðslumála samkvæmt þjónustusamningi sem í gildi er milli Kirkjugarðaráðs og Kirkjugarðasambandsins.

## Fjármál kirkjugarða og ársreikningar

Í vinnuferðum um landið undanfarið hefur undirritaður orðið talsvert var við að kirkjugarðstjórnir/sóknarnefndir eiga sífellt erfiðara með að ná endum saman í rekstri kirkjugarða. Nefna þeir sérstaklega grafartökukostnaðinn, en gjaldskrá presta við útfarir hafa hækkað umtalsvert án þess að tillit sé tekið til þessara hækkana á útreikningum á framlagi ríkisins til kirkjugarða. Einnig má geta þess að grafartaka, sem hjá mörgum kirkjugörðum er unnin unnin í verktöku, hefur víða þurft að hækka til samræmis við launa og verðlagsþróun. Hafa margar kirkjugarðsstjórnir þurft að grípa til þess, að taka af umhirðutekjunum til að standa undir hækkuðum grafarkostnaði. Er þetta aldeilis ófært og ekki í takt við þá hugsun sem liggur á bak við gjaldalíkanið um kirkjugarða. Kemur þetta án efa til með að koma niður á umhirðu kirkjugarða ef ekkert verður að gert og er slæm þróun á sama tíma og kirkjugarðar fá sífellt fleiri heimsóknir í tengslum við aukinn fjölda ferðamanna.

Til þess að hægt sé gera sér sem best grein fyrir þróun útgjalda hjá kirkjugörðum landsins, er mjög mikilvægt að fyrir liggi tölulegar upplýsingar varðandi t.d. grafarkostnað einstakra

kirkjugarða. Í því tilfelli geta ársreikningar kirkjugarða veit mikilvægar upplýsingar og því brýnt að allar kirkjugarðstjórnir skili inn ársreikningum sínum eins og lög gera ráð fyrir.

## *Kirkjuhúsið-Skálholtsútgáfan*

**Edda Möller, framkvæmdastjóri**

Kirkjuhúsið-Skálholtsútgáfan er fjölbreyttur vinnustaður; verslun, útgáfufélag, þjónustumiðstöð og samkomustaður allt í senn!

Undanfarin ár hafa verið annasöm hjá Skálholtsútgáfunni. Fjöldi útgáfuverkefna hafa komið út sem skipta verulega máli á sviði kirkjufræðslu. Það má segja að Skálholtsútgáfan hafi sótt fram í „andstreymi eftirhrunsáranna“! Við erum ekki stórt útgáfufélag en við erum samt að gera margt nýtt og skemmtilegt, nauðsynlegt og nýstárlegt, hugmyndirnar skortir ekki og heldur ekki kjarkinn! En alltaf má gera betur.

Og útgáfan ætlar sér vissulega stóra hluti og hefur sett sér markmið í útgáfu næstu tvö ár.

Það má til dæmis nefna að fyrir jól 2015 koma út tvær íslenskar barnabækur hjá útgáfunni; *Lítil saga úr orgelhúsi*, saga eftir Guðnýju Einarsdóttur. Bók og geisladiskur en sögumaður er Bergþór Pálsson, höfundur tónlistar Michael Jón Clark og myndir eftir Fanney Sizemore. Skemmtilegt tónlistarævintýri sem leiðir börnin í undraheim pípuorgelsins. En hún er líka saga um vináttu og einelti og um það að vinna saman. Hin bókin heitir *Það er svo mikið í húfi hjá Stúfi*. Saga er sögð af Stúfi sem heimsækir börn í leikskóla og hittir þar fyrir Jólaengilinn. Smátt og smátt áttar Stúfur sig á leyndarmálinu um jólin. Höfundur er Elín Elísabet Jóhannsdóttir og myndir eru teiknaðar af Sigrúnu Hönnu.

Skálholtsútgáfan vinnur náið með þjónustusviði Biskupsstofu. Öll verkefni á sviði kirkjufræðslu og útgáfu eru unnin í sameiningu og hefur svo verið í mörg ár. Með þessari samtvinnun hefur náðst góður árangur. Í haust stóð Fræðslusvið Biskupsstofu og Skálholtsútgáfan að mikilli kynningu á barnastarfi kirkjunnar og var meðal annars búið til myndband sem vakti mikla athygli og fékk mikla útbreiðslu á samfélagsmiðlum. Nýjar stuttmyndir *Nebbi nú* voru einnig unnar fyrir barnastarf kirkjunnar, einnig myndefni og fjölbreytt tónlistarefni á DVD og CD.

Ritstjórn útgáfuverkefna og kynningar þeirra er á okkar verksviði. Við höfum ekkert fjármagn til að leita aðstoðar við þá verkþætti en þó má nefna að útgáfuráð Skálholtsútgáfunnar er afar duglegt að taka að sér verkefni, efnisgerð og ritstjórn og þýðingar og verður áhugi þeirra seint fullþakkaður. Við eigum öll sameiginlega drauma um fræðsluverkefni og útgáfuverkefni og við og við sést árangurinn! Kynningarmálin eru alltaf frekar snúin, auglýsingar dýrar og færni á samfélagsmiðlum kannski ekki mikil en fer þó batnandi. Við tækjum hverjum þeim fagnandi sem gæti aðstoðað okkur við kynningar á nýjum útgáfuverkefnum, margir innan kirkjunnar eru gríðarlega færir í slíku, en eru ekki til staðar fyrir útgáfufélag þjóðkirkjunnar.

Árið 2014 opnaði ný vefsíða – sölusíða – kirkjuhusid.is og erum við nú að vinna að því að sameina hana og vefsíðu útgáfunnar; skalholtsutgafan.is í eina vefsíðu.

Á árinu 2014 gáfum við út, í samstarfi við útgáfufélög kirknanna á Norðurlöndum, nýja











barnabiblíu sem nefnist *Sögur úr Biblíunni handa börnum á Norðurlöndum.* Hún geymir 68 biblíufrásagnir þar sem fimmtán höfundar og myndskreytar frá öllum Norðurlöndum túlka sögur Biblíunnar í orðum og myndum út frá sjónarhóli og hugarheimi norrænna barna. Hér er það gleðin og kímnin sem ræður ríkjum. Auk ýmislegs efnis fyrir barnastarf kirkjunnar gáfum við út *Con Dios* tímarit fyrir foreldra fermingarbarna, þrjár bækur fyrir fullorðna, *Ástvinarmissir* heitir ein þeirra og fjallar um sorg og sorgarviðbrögð á persónulegan hátt, bókin *Vegurinn* fléttar saman bænabandið og sögu Jesú og kemur þessi bók skemmtilega á óvart. Þriðju bókina tók Karl Sigurbjörnsson, biskup saman og nefnist hún *Trú, von og kærleikur. Kærleiksfjársjóðurinn* kom út, sá þriðji í röðinni, áður hafa komið út *Fjársjóður* og *Kvöldbænafjársjóður.* Allir eru þeir eins uppbyggðir; öðrum megin ritningarorð úr Biblíunni, hinum megin bæn eða andlegt húsráð. 84 spjöld, eitt spjald á dag í þrjá mánuði eða búa til sína eigin aðferð! Afar vinsælt efni og kærkomið mörgum.

Einnig gáfum við út plaköt „ Hvers dags orð“ um sorgina, kærleikann, Guð og lífsleikni.

Á árinu 2015 bætast einnig við auk þess sem áður var nefnt:

*Stóra púsluspilið – Leitin að elstu handritum Biblíunnar* er norsk bók þýdd af sr. Hreini S.

Hákonarsyni. Hún rekur ótrúlega og spennandi sögu handrita sem texti Biblíunnar byggist á. Sagt er frá ævintýralegum handritafundum í sorphaugum og í krukkum í eyðimörkinni. Efni sem rithöfundar á borð við Dan Brown og Tom Egeland hafa notað. Þessi bók gefur þeim ekkert eftir! Læsileg og stórfróðleg bók sem kemur á óvart!

*Skilnaður – en hvað svo?* er bók eftir sr. Guðnýju Hallgrímsdóttur. Hún fylgir lesanda á leið sem gengin er eftir skilnað. Sjónum er beint framá veg í flóknum veruleika í átt til betra lífs. Bjartsýni og von og slatti af húmor einkennir bókina. Sálgæslu- og sjálfshjálparbók fyrir konur og karla.

*Passíusálmar* sr. Hallgríms Péturssonar 93. Prentun – Útsetningar allra sálmanna fyrir blandaða kóra (samantekt: Smári Ólason) Plakat fylgir bókinni.

*Sálmasafn sr. Hallgríms Péturssonar* annarra en Passíusálmanna er lítil falleg bók sem kemur út á haustmánuðum.

Viðskiptavinir Kirkjuhússins, verslunar, er öll mannlífsflóran í sorg og gleði og allt þar á milli! Úrvalið í versluninni er fjölbreytt, bækur, tónlist, dvd efni, plaköt og gjafavara á kristnum grunni. Oft kemur verslunin fólki þægilega á óvart og við fáum svo sannarlega hrós fyrir mikið vöruúrval.

## Sóknarfæri

Kirkjuhúsið – Skálholtsútgáfan greinir víða sóknarfæri. Það eitt að hugsa til allra þeirra barna sem skírð eru á Íslandi má alveg hugsa sér það að kynna betur skírnargjafir í Kirkjuhúsinu. Við viljum í auknum mæli gefa út stuðningsefni fyrir foreldra sem vilja ala börn sín upp í kristinni trú og bæn og fræða þau um siðræn gildi. Við viljum einnig gefa út í ódýru kiljuformi efni sem mætir þörf fólks sem vill fræðast um kristna trú og lifa í flókinni veröld. Við viljum á allan hátt reyna að mæta fólki þar sem það er statt hverju sinni, í meðbyr og mótlæti, gleði og sorg. Á sama hátt viljum við líka standa með prestum og kirkjusöfnuðum, að gefa út á hverjum tíma vandað fermingarefni, barnastarfsefni, skírnarfræðsluefni, barnabiblíur, og hvað annað sem kirkjurnar geta nýtt til fræðslu barna og ungmenna, í fullorðinsfræðslu og skírnarfræðslu.

Í stjórn Kirkjuhússins – Skálholtsútgáfunnar situr áhugasamt fólk sem kemur víða að og vinnur að verkefnum ásamt útgáfustjórninni.

Það hefur alla tíð verið gæfa Kirkjuhússins-Skálholtsútgáfunnar að hafa öfluga formenn stjórnar – og áhugasamt stjórnarfólk og starfsfólk. Kirkjuhúsið oft eins og kaffistofa í stóru fyrirtæki þegar prestar og starfsfólk kirknanna líta við.

# *Kirkjumiðstöð Austurlands við Eiðavatn*

**Davíð Þór Jónsson**

Kirkjumiðstöð Austurlands (KMA) við Eiðavatn er sjálfseignarstofnun á vegum safnaðanna á Austurlandi. Hún er ætluð sem vettvangur fyrir hvers konar kirkjlegt starf og einnig til útleigu fyrir aðra starfsemi. Um áramótin tók nýr héraðsprestur í Austurlandsprófastsdæimi við forstöðu Kirkjumiðstöðvarinnar.

Við Eiðavatn eru m.a. reknar einu sumarbúðir Þjóðkirkjunnar. Illu heilli virðist vera að þær eigi undir högg að sækja. Upphaflega var boðið upp á dvöl í fjórum flokkum en fella þurfti niður einn flokkinn vegna lítillar aðsóknar. Sem betur fer var hægt að bjóða þeim börnum sem skráð höfðu verið til dvalar í þann flokk dvöl í öðrum flokkum og nýttu langflest þeirra sér það þannig að fáir þurftu frá að hverfa. Á móti kemur að mjög góð nýting var á dvalarplássum í þeim þremur flokkum sem í boði voru, frá 100% niður í 75%, að jafnaði 83% nýting.

Ráðgert er að mæta þessari áskorun næsta vor með því að auglýsa sumarbúðirnar enn betur en gert hefur verið, en hingað til hafa þær aðeins verið auglýstar með bæklingi sem borist hefur í öll hús á Austurlandi, frá Bakkafirði til Hafnar í Hornafirði. Hugmyndir er að auglýsa sumarbúðirnar á landsvísu, m.a. með plakötum sem hengd verði upp í opinberum byggingum þar sem börn og unglingar eiga erindi.

Eins og undanfarin ár var Hjalti Jón Sverrisson, guðfræðingur, tónlistarmaður og æskulýðsfulltrúi úr Fellabæ sumarbúðastjóri. Aðstoðarsumarbúðastjóri var Arnaldur Máni Finnsson, guðfræðingur. Í síðasta flokknum tók Arnaldur að sér hlutverk sumarbúðastjóra en héraðsprestur Austurlandsprófastsdæmis var aðstoðarsumarbúðastjóri. Matráður var sem fyrr Kristjana Björnsdóttir frá Borgarfirði eystra en henni til aðstoðar í eldhúsinu var Jóna Björg Sveinsdóttir. Kristjana lét af störfum hjá KMA nú í haust og verður henni seint fullþakkað hennar mikla framlag til Kirkjumiðstöðvarinnar, alúð hennar og ástríða fyrir starfinu þar. Skarðið sem hún skilur eftir sig verður vandfyllt.

Fyrstu helgina í október var fyrsta samvera Farskóla leiðtogaefna á Austurlandi haldin í KMA. Farskólinn er ætlaður 14 – 17 ára unglingum og miðar að því að þjálfa þá upp sem leiðtoga í æskulýðsstarfi kirkjunnar. Farskólanum vex jafnt og þétt fiskur um hrygg á Austurlandi og veturinn 2015 – 2016 eru 29 unglingar skráðir í hann.

Strax í kjölfar Farskólans voru haldin fermingarnámskeið fyrir öll fermingarbörn af Austurlandi í Kirkjumiðstöðinni. Þangað mættu ríflega 100 börn í þremur hópum og dvöldu tvær nætur. Þar nutu þau fræðslu í leik og starfi undir handleiðslu héraðsprests og sóknarpresta sinna.

Af öðru starfi sem fram hefur farið í KMA undanfarið ár má nefna æfingabúðir Kórs Egilsstaðakirkju og héraðsfund að ógleymdu TTT mótinu sem er fastur liður á hverju vori og rúsínan í pylsuendanum í TTT starfi vetrarins fyrir austfirsk börn á aldrinum 10-12 ára.

Í fyrra var Kirkjumiðstöðin máluð að utan, einkum af sjálfboðaliðum á vegum Alcoa Fjarðaáls í sk. Action verkefni fyrirtækisins, en því fylgdi styrkur til verksins. Til stóð að mála aðra umferð nú í sumar en úr því gat því miður ekki orðið. Timburklæðningin er þannig að hún þarf að vera vel þurr áður en málað er og helst fá tvo sólarhringa til að þorna. Þannig háttaði aldrei til í



Sumarbúðabörn að leik

allt sumar á Fljótsdalshéraði að hann héngi þurr í fjóra daga samfleytt og því fór sem fór. Til stendur að bæta úr þessu strax með vorinu, um leið og veður leyfir.

Soroptimistaklúbbur Austurlands hefur hreinsað lóðina á vorin, unnið að vorhreingerningu o.fl. og á móti fengið aðstöðu í KMA fyrir fundi sína. Samstarf þetta hefur verið með hinum mestu ágætum og báðir notið góðs af. Eindreginn vilji er hjá KMA að áframhald verði á því.

Í vor var ráðist í kostnaðarsama endurnýjun á brunakerfi hússins. Var það nauðsynlegt til að rekstrarleyfi sumarbúðanna fengist endurnýjað, en það er veitt til fimm ára í senn og rann út nú í vor en var endurnýjað.

Frekari umbætur á aðstöðu KMA eru fyrirhugaðar, enda sumar bráðnauðsynlegar. Meðal annars hefur verið sótt um styrk úr Jöfnunarsjóði sókna til að koma til móts við kostnaðinn af þeim, en KMA er í raun þjónustuhús á vegum allra safnaða á Austurlandi sameiginlega. Þannig verður t.d. ekki hjá því komist öllu lengur að mála svefnálmuna að innan.

Styrkur fékkst frá Alcoa Fjarðaáli til að bæta aðstöðu fyrir báta og á fyrirtækið þakkir skyldar fyrir stuðninginn. Einnig er stefnt að því að koma upp leiktækjum á lóðinni.

Til gamans má geta þess að á næsta ári, sumarið 2016, verða 25 ár liðin frá vígslu Kirkjumiðstöðvarinnar. Ráðgert er að fagna afmælinu með veglegum hætti. Vonir standa til að vinir og velunnarar KMA sjái ástæðu til þess á þessum tímamótum að sýna velvild sína í verki. Einkum er þó áætlað að fagna afmælinu með öflugri starfsemi.

# *Fræðslusetur þjóðkirkjunnar að Löngumýri*

**Gunnar Rögnvaldsson**

Eftir kalt vor er sólin loksins farin að skína og um leið fer kvikasilfrið í hitamælinum að mynnast við rauðu tölurnar sem það hefur ekki hitt fyrir lengi. Birtan og hlýjan eru okkur öllum nauðsynleg og eru einmitt sömu þættirnir og fólkið sem hingað kemur skilur eftir og skapar þann góða anda sem margir telja sig skynja á Löngumýri.

Liðið starfsár kvaddi með minningum um fjölbreytt verkefni og góða gesti og framúrskarandi starfsfólk en þar eru fremstar í flokki þær Lísa, Inga og Sigurbjörg að ógleymdri Helgu Bjarnadóttur. Löngumýrarnefnd er óbreytt og stýrt af sr. Gísla í Glaumbæ, en ásamt honum eru í nefndinni Lárus Ægir Guðmundsson á Skagaströnd og sr. Sigríður Gunnarsdóttir á Sauðárkróki.

## Starfsemi

Fjölmargir lögðu leið sína hingað á liðnu ári og of langt mál að tíunda alla þá hópa og viðburði. Þórey Dögg Jónsdóttir nýr framkvæmdastjóri Eldriborgararáðs kom með þrjá hópa í fyrra og í ár verða þeir fjórir. Þær stallsystur hún og Hólmfríður Ólafsdóttir djákni ásamt djáknanemum standa fyrir stöðugri dagskrá alla daga svo tíminn flýgur hjá. Dagsferðin að þessu sinni er farin í heimabæ Þóreyjar Dalvík með viðkomu á Möðruvöllum og Siglufirði. Alúð þeirra og kraftur smitar alla svo skemmtunin og gleðin eru í fyrirúmi.

Aðrir sumarhópar eru svo Krabbameinssjúklingar, ekkjur og ekklar og sykursjúk börn að ónefndu Kristniboðsmótinu, nemendamótum, nokkrum ættarmótum, skírnum og jafnvel brúðkaupum, sé hægt að finna því stað á dagskránni.

Kirkjustarfið var fjölbreytt og fjörlegt en reglubundið starf prestanna í nágrenninu er sunnudagskólinn, TTT samverur og fermingarfræðsla. Fermingarbörn af Seltjarnarnesi og frá Akureyri heimsóttu okkur líka og hið árlega TTT mót Húnavatns og Skagafjarðarprófastdæmis var haldið á haustdögum. Allmargar guðsþjónustur og samkomur voru yfir árið þar sem gjarnan var boðið uppá veitingar að þeim loknum, ýmist kaffi eða súpu. Svo var t.d. á páskadag þegar fjölmargin sóttu páskamessu og þáðu dögurð að henni lokinni. Mömmumorgnar voru vel sóttir og verða vonandi áfram. Nefnt var að brúðkaup væri líka á listanum. Reyndar var athöfnin haldin í lautinni í garðinum, en brúðurin ákvað fyrir tuttugu árum þegar hún var ung stúlka hér við störf að þar ætlaði hún að láta hjónavígsluna fara fram. Það tókst þrátt fyrir norðan kalsa og yfirvofandi rigningu. Svona eru taugar margra velunnara til Löngumýrar sterkar.

Eldri borgarar úr nágrenninu hittast reglulega yfir veturinn og það sama má segja um Lionsklúbb Skagafjarðar sem hefur hér sitt varnarþing. Fjölmargir fundir og styttri námskeið fá hér inni bæði á vegum staðarins og annarra.

Sá sorglegi atburður átti sér stað um páskana að Kristrún Geirsdóttir vinkona okkar og eigandi Quiltbúðarinnar á Akureyri, sem staðið hefur fyrir skemmtilegum bútasaumsnámskeiðum og prjónahelgum undanfarin þrettán ár lést úr heilablóðfalli. Við söknum vinar í stað og minnumst Kristrúnar með einstakri hlýju um leið og við vottum aðstandendum hluttekningar. Þegar



Eldri borgarar á ferð á Siglufirði með djáknunum Þóreyju og Hólmfríði

þetta er ritað eru jákvæð teikn á lofti að merki hennar verði haldið á lofti með áframhaldandi námskeiðum.

## Kynningarmál

Undirritaður fór austur á Fljótsdalshérað og Reyðarfjörð á Góu til að kynna starfsemina fyrir eldri borgurum þar. Mæting var góð og full ástæða til að heimsækja fleiri staði á komandi ári.

Fjölmargir koma til að skemmta á Löngumýri þegar hópar eru á staðnum og í tilefni af „Gamlingjanum 2015“, tónleikum sem Eldriborgararáð hélt í Lindakirkju fóru undirritaður, Jón Hallur Ingólfsson, Íris Olga Lúðvíksdóttir og Sigvaldi Helgi Gunnarsson suður til að taka lagið. Framlag þessara vina Löngumýrar hefur í gegnum tíðina verið einstakt og ómetanlegt fyrir kvöldvökurnar.

Langamýri fékk sömuleiðis prýðilega umfjöllun í bæði útvarpi og sjónvarpi á árinu. Þá var opnuð Fésbókarsíða þar sem daglegu amstri er komið á framfæri með stuttum greinum og myndum.

## Framkvæmdir

Farið var í nokkrar úrbætur á húsnæði og umhverfi. Eftir erfiða vetur var trjágróður farinn að



láta mikið á sjá svo fella varð töluvert af trjám og endurplanta í garðinum. Því verki lýkur í sjálfu sér aldrei en þökulagning og viðgerðir á helstu stöðum er í gangi.

Skipt var um gólfefni á nánast allri gistiálmunni. Parket leysti gamla dúkinn á herbergjunum af hólmi og nýjar teppaflísar voru lagðar á ganginn. Í stofuna kom nýtt sófasett og huggulegir stólar og innskotsborð í flísaganginn. Þá barst okkur höfðingleg gjöf frá Víðimýrarsókn er sóknarnefndin færði okkur sjónvarp af nýjustu gerð.

Frekari aðhlynning er í uppsiglingu en stöðugt þarf að vera á varðbergi og ma. stendur til að koma upp varmaskipti fyrir neysluvatnið þar sem mjög mikil kísilútfelling í heita vatninu fer ákvaflega illa með öll hreinlætistæki og lagnir.

## Að lokum

Það eru forréttindi að vinna á Löngumýri. Nágrennið er einstakt, hingað kemur bara gott fólk og hér eru skilin eftir verðmæti sem öðrum gagnast, hlýja og kærleikur. Bölmóðurinn og óánægjan sem lesa má daglega um eru í það minnsta ekki tekin með hingað. Við tökum fagnandi á móti nýjum hugmyndum að starfsemi og bjóðum fólki að hafa samband þess vegna.

Öllum þeim sem lögðu leið sína að Löngumýri og greiddu götu staðarins þökkum við af alhug.

# Holt í Önundarfirði-Friðarsetur

Fjölnir Ásbjörnsson

## Sjálfseignarstofnunin

Holt í Önundarfirði-Friðarsetur, 425 Flateyri, var stofnuð af Ísafjarðarprófastsdæmi og kirkjusóknum í Holtsprestakalli. Eftir sameiningu prófastsdæma á Vestfjörðum, er Vestfjarðaprófastsdæmi aðili að rekstri Friðarsetursins.

Hlutverk stofnunarinnar er að standa fyrir fjölbreyttu kirkju- og menningarstarfi og að skapa aðstöðu til félagsstarfs fyrir heimamenn og velunnara.

Stjórnin er skipuð fimm mönnum: Prófastur er formaður, sóknarprestur í Holti er varaformaður, héraðsfundur Vestfjarðaprófastsdæmis velur einn stjórnarmann og sóknarnefndir í Holtsprestakalli velja tvo fulltrúa. Stjórnin er skipuð til 2ja ára í senn og miðast upphaflega við 1. október 2002. Fyrsti stjórnarfundur var haldinn 3. desember 2002, húsið var afhent 1. apríl 2003 og starfsemi hófst í maí 2003.

Húsið er fyrrum Holtsskóli, sem stofnunin keypti af Prestssetrasjóði. Árlegt starfsfé kemur frá kirkjuráði og frá héraðssjóði Vestfjarðaprófastsdæmis og þarf að skila skýrslum og reikningum til þeirra. Að öðru leyti þarf stofnunin að standa undir rekstrarkostnaði með starfsemi sem greitt er fyrir og leita annarra styrkja eftir þörfum. Stofnunin hefur árlega sótt um styrk frá ríkinu til viðhalds og endurbóta á húsnæðinu.

## Stjórnin frá 2014 til 2015

Formaður: Sr. Magnús Erlingsson, prófastur, Ísafirði
Varaformaður: Sr. Fjölnir Ásbjörnsson, sóknarprestur í Holti
Meðstjórnandi: Barði Ingibjartsson, Súðavík, (varamaður: Bergur Torfason, Þingeyri)
Ritari: Jóhanna G. Kristjánsdóttir, Flateyri, (varamaður: Hafdís Sigurðardóttir, Flateyri.)
Gjaldkeri: Kolbrún Guðbrandsdóttir, Ytri-Hjarðardal, (varamaður: Sigríður Magnúsdóttir, Kirkjubóli,Valþjófsdal.)
Umsjónarmaður tilnefndur af stjórn:
Ásvaldur Magnússon, bóndi, Tröð, 425 Flateyri

## Framkvæmdir

Á tólfta starfsári var enn á ný ráðist í viðgerðir á þaki á samkomusal og gerðar endurbætur. Vonir standa til að nú hafi tekist að komast fyrir lekann sem hefur verið þrálátur og ítrekað skotið upp kollinum undanfarin ár. Salurinn var einnig málaður og þurfti sérstaklega að sparsla í loft þar sem leka hafði orðið vart. Í salnum var einnig breytt fyrirkomulagi kyndingar og ofnar færðir til með það fyrir augum að varmadælan nýtist sem best. Auk þess var sinnt reglubundnu og nauðsynlegu viðhaldi eftir því sem hægt var.

## Starfsemi

Í kirkju-, félags- og menningarmiðstöð, fer fram kirkjustarf, félagsstarf og menningarstarf. Sumt er hefðbundið og reglulegt, annað tilfallandi.

### *Kirkjustarfið:*

Barnanámskeið var af óviðráðanlegum ástæðum ekki haldið í júní 2014 eins og verið hefur undanfarin ár. Stjórninni þótti ákaflega leitt að ekki var hægt að starfrækja þetta námskeið að þessu sinni og var greinilegt að eftirspurn er eftir slíkri starfsemi á svæðinu enda hafa þessi námskeið notið vinsælda og alltaf hefur verið nánast fullt á þeim. Stjórnin ákvað að áhersla yrði lögð á að taka upp þráðinn þar sem frá var horfið árið eftir og gekk það eftir. Í júní 2015 var aftur haldið barnanámskeið í Holti og gekk sú framkvæmd vel fyrir sig. Verður greint betur frá því námskeiði í næstu ársskýrslu þar sem það fellur utan þess tímaramma sem þessari skýrslu er ætlaður.

**12-spora námskeið** er í gangi vikulega allan veturinn.

**Söngæfingar Holtsprestakalls** fara yfirleitt fram í Friðarsetrinu. Sömuleiðis fundir og kirkjukaffi í Holtssókn. Prestafundir eru einnig haldnir þar. Fermingarfræðslunámskeið fyrir svæðið var einnig haldið í Friðarsetrinu og sóttu það tugir barna úr nágrenninu.

### *Félagsstarf*

Kvenfélag Mosvallahrepps hélt marga fundi sína í Friðarsetrinu.
Bændafundir og ýmsir aðrir fundir heimamanna voru haldnir þar.
Árlegt þorrablót heimamanna var að venju haldið í Friðarsetrinu.

### *Menningarstarf*

Sett var á laggirnar nefnd til að standa fyrir atburðum til að minnast Guðmundar Inga Kristjánssonar, heitins, frá Kirkjubóli í Bjarnardal. Hefur nefndin staðið fyrir menningardagskrá sem tengist nafni hans og fæðingardegi á ári hverju. Nefndarmenn eru: Ásvaldur Magnússon í Tröð, Sigríður Magnúsdóttir á Kirkjubóli og Halla Signý Kristjánsdóttir, nú í Bolungarvík. Á tólfta starfsári var menningarvaka í Holti Friðarsetri laugardaginn 17. janúar kl 16:00. Dagskráin var tileinkuð Gils Guðmundssyni fv. alþingismanni og rithöfundi. Erindi hélt Ólafur Þ. Harðarson, prófessor í stjórnmálafræði og bar það heitið: Kersknisvísur Bersans. Fjallað var um fráfærslusmalann Kristján Bersa Ólafsson á Kirkjubóli, síðar ritstjóra og skólameistara. Rifjaðar upp kersknisvísur hans um stjórnmálamenn og fleiri. Guðný Hildur Magnúsdóttir hélt ræðu og minntist þess að 100 ár eru liðin frá fæðingu Gils Guðmundssonar, alþingismanns og rithöfundar frá Innri Hjarðardal í Önundarfirði. Halla Signý Kristjánsdóttir flutti ljóð og Kvennakór Ísafjarðar söng undir stjórn Bjarneyjar Ingibjargar Gunnlaugsdóttur. Að lokum var boðið upp á rjómapönnukökur en það er venja á þessum slóðum að gera það þegar sólin sést fyrst eftir skammdegið. Guðmundur Ingi Kristjánsson bauð gjarnan uppá rjómapönnukökur á afmælinu sínu og hefur þeim sið verið haldið. Dagskrá þessi var vel sótt eins og jafnan og voru gestir almennt ánægðir með framkvæmdina.

## Önnur starfsemi

Friðarsetrið sjálft stendur fyrir ýmis konar starfsemi í samvinnu við heimamenn en einnig er húsið leigt ýmsum aðilum. Oft hafa hópar á vegum Háskólasetursins á Ísafirði dvalið á setrinu, sérstaklega á sumrin, sumarið 2014 komu nokkrir hópar frá Háskólasetrinu til dvalar í Friðarsetrinu, einnig voru haldin ættarmót, brúðkaup, afmæli, fermingarveislur o.fl. og margir einstaklingar gistu í friðsældinni. Vinnustaðir hafa notað aðstöðuna til samverustunda og námskeiða og félög utan Önundarfjarðar haldið fundi og samkomur og Sunnukórinn staðið fyrir æfingabúðum svo eitthvað sé nefnt.

# *Nefnd þjóðkirkjunnar um kristniboð og hjálparstarf*

**Ragnar Gunnarsson, formaður**

Nefnd þjóðkirkjunnar um kristniboð og hjálparstarf hefur verið að störfum frá því að Kirkjuþing samþykkti árið 1996 að nauðsyn væri að efla þekkingu, skilning og stuðning við kristniboð og hjálparstarf innan hennar. Nefndin hefur á þeim tíma staðið fyrir ráðstefnum, fyrirlestrum, útgáfu og fundum um kristniboð og hjálparstarf og reynt að hvetja söfnuði jafnt sem einstaklinga til ábyrgðar og starfa fyrir þessu mikilvægu málefni, með því að minna presta, sóknarnefndir og safnaðarfólk á þessa málaflokka og mikilvægi þess að kristniboð og hjálparstarf sé í ríkari mæli eðlilegur hluti safnaðarstarfsins og beðið sé fyrir því í guðsþjónustum og öðru starfi safnaðanna. Hefur samstarf við fræðsludeild biskupsstofu verið mjög gott og ánægjulegt.

Nefndin hefur verið í sambandi við séra Jakob Á. Hjálmarsson til að fræðast um framvindu verkefnisins *Söfnuður til safnaðar* þar sem íslenskum söfnuðum gefst tækifæri til að tengjast ákveðnum söfnðum á starfssvæði kristniboðsins í Afríku vináttuböndum. Tengsl milli safnaða eru missterk en ýmislegt jákvætt gerst á þeim vettvangi.

Meðal verkefna undanfarið hefur verið að fylgja þessum málum eftir og að minna á stefnumörkun þjóðkirkjunnar um kristniboð sem samþykkt á kirkjuþingi 2011. Meðal annars hefur nefndin reynt að minna sóknir landsins á að taka upp sem víðast samskot til Kristniboðssambandsins og Hjálparstarfs kirkjunnar. Undirtektir hafa verið takmarkaðar og virðist feimni við samskot helsta hindrunin. Um áramótin síðustu kom út bókamerki með bænarefnum kristniboðs og hjálparstarfs sem dreift verður sem víðast með haustinu. Nefndin er nú skipuð af kirkjuráði en skipunartíma hennar að ljúka eða lokið. Í henni hafa setið undanfarið ár: Ragnar Gunnarsson framkvæmdastjóri sem er formaður, Bjarni Gíslason framkvæmdastjóri og Katrín Ásgrímsdóttir skógræktarbóndi. Ragnheiður Sverrisdóttir verkefnisstjóri kærleiksþjónustusviðs Biskupsstofu sat einnig fundi nefndarinnar sem ritari hennar og tók þátt í störfum hennar. Þessi tengsl við Biskupsstofu hafa auðveldað samstarf og framkvæmd margs þess sem nefndin hefur verið og er að vinna að.

# *Samband íslenskra kristniboðsfélaga*

**Ragnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri**

## Inngangur

Starf Kristniboðssambandsins (SÍK) teygir sig víða, bæði innanlands og á erlendri grundu. Markmið Sambandsins er að sinna kristinni boðun og kærleiksþjónustu meðal heiðinna þjóða, ekki síst með því að mennta og senda kristniboða til starfa. Kristniboðssambandið vinnur einnig að kynningarstarfi, vitundarvakningu og boðun hér á landi m.a. í samstarfi við margar af sóknum landsins. Kristniboðssambandið er sjálfstæð samtök sem starfa innan þjóðkirkjunnar á kenningargrundvelli evangelískrar lúterskrar kirkju.

## Alþjóðastarf

Kristniboðssambandið starfar áfram í **Eþíópíu** og styrkir ýmis verkefni kirkjunnar á vettvangi boðunar, fræðslu og kærleiksþjónustu. Má þar nefna þýðingarverkefni Biblíunnar yfir á tsemai-mál, útbreiðslu- og boðunarverkefni í Voitó, námsstyrki fyrir presta og prédikara og lestrarverkefni í Ómó Rate. Þá styrkir SÍK einnig 30 börn til náms með verkefninu Af götu í skóla í höfuðborg landsins, Addis Abeba.

Jónas Þórisson og Ingibjörg Ingvarsdóttir störfuðu sem sjálfboðaliðar í Konsó og Ómó Rate í þrjá mánuði í haust og styrktu þar með tengslin við gamla vini í Konsó og sinntu ráðgjöf og



Frá Japan, Katsuko og Leifur Sigurðsson héldu þangað til starfa aftur í sumar.



„Organistinn" þ.e. trommuleikarinn í Kalodeke á landamærum Keníu og Úganda

ýmsu öðru í ferðinni. Kirkjan í Eþíópíu heldur áfram að vaxa og tilheyra rúmar 6 milljónir henni. Esayas Emene, forseti starfssvæðisins (South West Synod) kom í stutta heimsókn til Íslands í haust ásamt eiginkonu sinni.

Í **Keníu** heldur starfið einnig áfram af þrótti. Kristniboðssambandið styður útbreiðslu- og boðunarverkefni kirkjunnar í Pókothéraði, byggingu skóla og barnaheimili. Þá styður SÍK nemendur til náms í framhalds- og háskólum. Útbreiðsluverkefnið nær til staða á mörkum héraðsins og út fyrir það, til Túrkana og Baringó. Skúli Svavarsson og Kjellrun Langdal dvöldu tæpa þrjá mánuði í Kapengúría til að sinna ráðgjöf og fræðslumálum þar og í héraðinu í haust. Í sumar mun Samson Lokipuna biskup og kona hans koma á vegum Kristniboðssambandsins í heimsókn til Íslands. Framkvæmdastjóri og gjaldkeri SÍK heimsóttu í mars Pókothérað til að fylgja eftir verkefnum SÍK, endurskoða og ræða við forystu heimamanna um fjármál og starfið almennt.

Katsuko og Leifur Sigurðsson hafa verið kristniboðar í **Japan** undanfarin fjögur ár en dvelja nú hér á landi í hvíldarleyfi og halda síðan til Japans aftur í júlílok. Þau starfa innan lútersku kirkjunnar í Vestur-Japan og vinna á meðal fólks sem þekkir ekki innihald fagnaðarerindisins um Jesú Krist. Þau verða búsett á Rocko Island í Kobe.

Fjölmiðlastarf Kristniboðssambandsins er annars vegar stuðningur við útvarpssendingar til Kína og samstarf við Sat7 um sjónvarpssendingar til **Mið-Austurlanda og Norður-Afríku**. Þannig næst til milljóna manna í löndum þar sem formlegt kristniboð er bannað. Sat7 gefur kristnu fólki von og uppörvun í erfiðum aðstæðum. Samstarfið um Sat7 er dæmi um samkirkjulegt starf sem gengur einstaklega vel og unnið er á forsendum heimamanna.

Kristniboðssambandið er að öðru leyti í sambandi við nokkra erlenda aðila sem tengjast starfi okkar á alþjóðavettvangi, bæði önnur kristniboðssamtök og regnhlífarsamtök um kristniboð.




Á kristniboðsstöðinni í Konsó var byggt Biblíuhús fyrir nokkrum árum

## Innanlandsstarf, skipulag og fjármál

Starfsmenn Kristniboðssambandsins sinna boðun, fræðslu, kynningu, bókhaldi, útgáfumálum og rekstri skrifstofu og nytjamarkaðar hér heima. Margar kirkjur og fermingarhópar voru heimsóttir á starfsárinu og samstarf við biskupsstofu er gott. Sambandið stendur fyrir vikulegum samkomum allan ársins hring á miðvikudagskvöldum. Vel sótt kristniboðsvika var haldin í mars og kristniboðsmót var haldið að Löngumýri í Skagafirði í júlí. Í haust fór af stað Biblíuskóli SÍK með vikulegri fræðslu yfir vetrartímann. Hópur ungs fólks heimsótti Eþíópíu í fyrrasumar og hafa þrjú ungmenni úr þeim hóp boðið sig fram sem sjálfboðaliða þar í þrjá mánuði í haust. Héldu þau m.a. ljósmyndasýningu í Hinu húsinu eftir ferðina.

Kristniboðssambandið gefur út fréttabréf sitt, Kristniboðsfréttir, fjórum sinnum á ári, tímaritið Bjarma þrisvar til fjórum sinnum á ári og Kristniboðsalmanakið árlega. Einnig er haldið úti vefsíðum, sik.is fyrir starfið almennt, basarinn.is fyrir nytjamarkaðinn, bjarmi.is fyrir Bjarma og saltforlag.is fyrir bókaútgáfuna Salt ehf sem er í eigu Sambandsins en engin ný bók kom út í fyrra. Þá fylgjast um 800 manns með starfinu á Facebook.

Sambandið er í góðu samstarfi við ýmsa aðila innanlands á sviði kirkju, samkirkjumála og þróunarsamvinnu og tók þátt í undirbúningi og framkvæmd Kristdags í Hörpu í september. Eins hafa starfsmenn sinnt dagskrárgerð á útvarpsstöðinni Lindinni.

Á liðnu ári efldi SÍK tengsl við ungliðahreyfingu systursamtakanna í Noregi, NLM Ung. Hingað kom fjögurra manna hópur í heimsókn í mars. Um 25 manns ætla héðan á fjölmennt ungmennamót sem haldið verður í suðvesturhluta Noregs í júlílok.

Basarinn, nytjamarkaður Kristniboðssambandsins, er að miklu leyti andlit okkar út á við og þar tengjumst við stórum hópi fólks með ýmsum hætti. Áherslan er annars vegar á

fjáröflun, hins vegar á kynningu og tengslamyndun. Skrifstofan og Kristniboðssalurinn eru á Háaleitisbraut 58-60.

Formaður stjórnar var Haraldur Jóhannsson læknir fram að aðalfundi í maí þegar Ólafur Jóhannsson sóknarprestur tók við. Ragnar Gunnarsson er framkvæmdastjóri. Stjórn er valin á árlegum aðalfundi en um 300 manns eru skráðir félagar í SÍK eða aðildarfélög þess. Þar fyrir utan er stærri hópur sem styrkir starfið og biður fyrir því.

Um helmingur rekstrarfjár Kristniboðssambandsins eru gjafir og styrkir frá einstaklingum, félögum og kirkjum og um helmingurinn er afrakstur sölu í nytjamarkaði, á frímerkjum, notuðum skóm og ýmsu öðru. Lítill munur var á tekjum og gjöldum í fyrra, hvort tveggja rúmlega 60 milljónir. Fjárhagsáætlun ársins 2015 er um 70 milljónir. Við þökkum sérstaklega framlag kirkjumálasjóðs (tvær milljónir), Reykjavíkurprófastsdæmis eystra (500 þúsund), Hallgrímskirkju (675 þúsund), framlög vegna Tómasarmessa, framlag Keflavíkursóknar, Grensáskirkju og fleiri sem hafa styrkt starfið beint eða með samskotum. Ýmsar sóknir hér á landi eiga sér vinasóknir eða vinakirkjur á kristniboðsakrinum og hafa sumar stutt við bakið á þeim fjárhagslega.

Stjórn og starfsmenn Kristniboðssambandsins þakka alla umhyggju velunnara starfsins sem standa að baki því með gjöfum, fyrirbænum og sjálfboðinni vinnu. Okkar er að sá Orðinu, Guð er sá sem gefur vöxtinn. Við fáum að taka þátt í víðtæku starfi sem ber góðan og margvíslegan ávöxt.

(Ýtarlegri skýrsla er aðgengileg á http://sik.is/wp-content/uploads/2015/05/skyrsla2015-web.pdf)

## *Samkirkjunefnd*

**Þorvaldur Víðisson fv. formaður,**

**Hulda Hrönn M. Helgadóttir formaður**

Í starfsreglum um samkirkjunefnd þjóðkirkjunnar nr. 1006/2005 segir í fyrstu grein að biskup Íslands fari með samkirkjuleg mál fyrir hönd þjóðkirkjunnar. Biskupi til stuðnings er samkirkjunefnd.

Í nefndinni eiga sæti: séra Hulda Hrönn M. Helgadóttir, formaður, og séra Sveinn Valgeirsson, varaformaður, skipuð af biskupi, Bjarni Gíslason frá Hjálparstarfi kirkjunnar, séra María Ágústsdóttir og séra Sjöfn Jóhannesdóttir, kosnar af kirkjuþingi. Varamenn eru Magnea Sverrisdóttir djákni og séra Bernharður Guðmundsson. Sr. Þorvaldur Víðisson er tengiliður nefndarinnar á Biskupsstofu. Þeir fulltrúar kirkjunnar sem sótt hafa þing eða ráðstefnur auk þeirra sem sinna trúnaðarstörfum f.h. þjóðkirkjunnar í samkirkjulegum stofnunum hafa einnig tekið þátt í fundum nefndarinnar. Magnea Sverrisdóttir djákni er stjórnarmaður í LH, dr. Sigurður Árni Þórðarson er  Porvoo tengiliður Þjóðkirkjunnar, séra Sigrún Óskarsdóttir, stýrir norrænu starfi WICAS (á vegum LH), séra Irma Sjöfn Óskarsdóttir er tengiliður við NKS og Ragnheiður Sverrisdóttir djákni er tengiliður við Eurodiaconia.

Ársfundur samkirkjunefndar var haldinn í Neskirkju fimmtudaginn 12. febrúar 2015. Á ársfundinum voru kynntar skýrslur þeirra sem tóku þátt í samkirkjulegu starfi f.h. þjóðkirkjunnar á liðnu ári og umræður um starfið.

Frú Agnes M. Sigurðardóttir biskup Íslands kynnti skýrslu sína en samstarf biskupsembættisins við systurkirkjur í nágrannalöndum og kirkjudeildir á Íslandi hefur gengið prýðilega og verið ánægjulegt. Samskiptin hafa verið í ýmsu formi, fundir, bænastundir, bréfaskriftir, samtöl og símtöl, allt eftir málefninu hverju sinni. Að venju var safnað skýrslum frá fundum og ráðstefnum og rætt um stefnur og málefni. Meðal annars voru lagðar fram skýrslur frá Hjálparstarfi kirkjunnar, Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga, þátttöku ÆSKR og ÆSKÞ í erlendu samkirkjustarfi, og frá fulltrúum í ýmsum nefndum á vegum kirkjunnar. Þá var rætt um messur á enskri tungu á Íslandi.

Ferðaskýrsluform vegna ferða á vegum nefndarinnar og erlendra samskipta kirkjunnar var uppfært. Minnisblað um störf nefnda var kynnt. Nefndin gerði tillögu að tilnefningu í Commission on Faith and Order á vegum Alkirkjuráðsins.

Engin stór þing voru haldin á árinu 2014.

Reikna má með að þjóðkirkjan greiði um 4 milljónir í aðildargjöld árið 2015. Árið 2014 voru aðildargjöld greidd sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| LWF aðild | 1.355.362 | (greitt 2014 vegna ársins 2013, 1.478.450) |
| WCC aðild | 1.119.259 | |
| KEK aðild | 511.408 | |
| Eurodiakonia | 262.854 | |

Samstarf við kirkjur Norðurlanda er mikið og snertir flest svið kirkjulegs starfs. Í skipulagi Alkirkjuráðsins og Lútherska heimssambandsins er þjóðkirkjan á svæði með kirkjum Norðurlanda og kirkjum Eystrasaltsríkjanna. Norræn samvinna er jafnan allnokkur á ýmsum fagsviðum kirkjunnar, kærleiksþjónustu, fræðslu, upplýsinga og samkirkjumála.

Samkirkjunefnd sendi út bréf til presta og djákna þar sem kynnt var það helsta sem var á döfinni erlendis og m.a. vakin athygli á Lúthersárinu 2017

Samkirkjunefnd vinnur að uppsetningu heimasíðu nefndarinnar, en þar munu verða aðgengilega upplýsingar um störf nefndarinnar og alþjóðaleg tengsl þjóðkirkjunnar.

# *Tónskóli þjóðkirkjunnar*

**Björn Steinar Sólbergsson skólastjóri**

Tónskóli þjóðkirkjunnar starfar samkvæmt starfsreglum um kirkjutónlist á vegum þjóðkirkjunnar nr. 768/2002. Meginverkefni skólans er að sjá til þess að ávallt sé nægur fjöldi organista og annarra starfsmanna á sviði kirkjutónlistar er hafi viðhlítandi menntun og færni. Skólinn starfar eftir námskrá sem kirkjuráð samþykkir.

Bráðabirgðatjórn skólans er skipuð Sveinbjörgu Pálsdóttur sem er formaður, Helgu Þórdísi Guðmundsdóttur og Kára Þormar. Stjórnin fundar reglulega með skólastjóra, Birni Steinari Sólbergssyni.

Aðalstöðvar skólans eru í Grensáskirkju en kennsla fór einnig fram í Akureyrarkirkju, Fella & Hólakirkju, Hallgrímskirkju, Kópavogskirkju og Langholtskirkju.

## Námsframboð

Boðið er uppá þrjár námsbrautir; Kirkjuorganistapróf, sem veitir réttindi til starfa við minni kirkjur, Kantorspróf, sem veitir starfsréttindi við stærri söfnuði og BA-gráða í kirkjutónlist sem kennd er í samvinnu við Listaháskóla Íslands.

Auk þess er boðið uppá einleiksáfanga fyrir þau sem vilja bæta menntun sína í orgelleik.

Einnig er boðið uppá nám í kórstjórn og raddþjálfun og hefur það einkum verið hugsað fyrir stjórnendur barna og unglingakóra.

Markmið Tónskóla þjóðkirkjunnar er að tónlistarfólk sem starfar fyrir kirkjuna öðlist til þess fullnægjandi menntun, þ.e. Kirkjuorganistapróf fyrir litla söfnuði og Kantorspróf eða Masterspróf í kirkjutónlist fyrir þau sem starfa við í fullu starfi.

## Starfsfólk

Kennarar við Tónskólann í vetur voru auk skólastjóra; Eyþór Ingi Jónsson, Guðný Einarsdóttir, Guðrún Óskarsdóttir, Hreinn S. Hákonarson, Jónas Þórir Þórisson, Laufey Helga Geirsdóttir, Lenka Mátéóva, Magnús Ragnarsson og Þröstur Eiríksson.

Fulltrúi á skrifstofu er Laufey Helga Geirsdóttir.

Skólastjóri er Björn Steinar Sólbergsson.

## Inntökuskilyrði

Inntökuskilyrðin til að hefja nám við skólann eru þau að nemendur þurfa að hafa lokið miðstigi í píanóleik auk viðtals við skólastjóra. Fyrir áframhaldandi nám þ.e. kantorsnám, nám við Listaháskólann eða nám í einleiksáfanga þurfa nemendur að þreyta inntökupróf.

## Skólastarfið

Tónskólinn var settur í Grensáskirkju þriðjudaginn 9. september 2014 þar sem höfuðstöðvar skólans eru. Skólastarfið var með hefðbundnum hætti, bæði er um einkakennslu, hópkennslu og fjarkennslu að ræða. Allt nám við skólann er metið til eininga. Námsmat fer fram tvisvar á ári, nemendur fá umsögn og einkunn frá kennurum í lok haustannar og vorannar. Próf eru að mestu tekin að vori til. Allir nemendur fá umsagnir eftir veturinn og prófblöð með einkunn og umsögnum prófdómara, ásamt ferilsblöðum.

Skólaslit fóru fram í Hallgrímskirkju í Reykjavík föstudaginn 22. maí.

- Alls stunduðu 18 nemendur nám við skólann í vetur, þar af einn á Akureyri. Tveir nemendur stunduðu nám í kórstjórn og raddþjálfun eingöngu. Er ánægjulegt að sjá stöðuga aukningu yngra fólks sem stundar nám við skólann.

Endurmenntun er einnig mikilvægur þáttur í starfi Tónskólans þar sem starfandi organistar geta aukið menntun sína með námi og námskeiðshaldi á vegum skólans. Þar hefur útibú Tónskólans á Akureyri skilað miklum árangri.

S.l. haust hófst svo námsframboð fyrir organista á vestfjörðum. Tveir nemendur stunduðu nám í orgelleik og kirkjufræði og stefnt er að því að þeir ljúki kirkjuorganistaprófi vorið 2016.

- Þrír nemendur luku áfanga frá Tónskólanum; Erla Rut Káradóttir og Hallbjörg Erla Fjeldsted luku kirkjuorganistaprófi.

Eyþór Franzson Wechner lauk bæði kantorsprófi og einleiksáfanga.

Auk þess luku þau Laufey G. Geirlaugsdóttir og Örlygur Atli Guðmundsson kórstjórnarnámi frá skólanum.

- Tvennir tónleikar voru á haustönn:

Tónleikar kirkjutónlistarbrautar Listaháskóla Íslands í Hallgrímskirkju fimmtudaginn 4. desember. Þar komu fram Sólveig Anna Aradóttir og Steinar Logi Helgason.

Jólatónleikar Tónskólans voru í Langholtskirkju föstudaginn 12. desember kl. 17. Þar komu fram nemendur skólans í kórstjórn og orgelleik.

- Mánudaginn 16. mars hélt Eyþór Franzson Wechner fyrirlestur sem bar yfirskriftina *Námsárin mín í Leipzig*. Í fyrirlestrinum fjallaði Eyþór um borgina Leipzig, líf sitt þar og orgelnámið í Felix Mendelssohn Bartholdy tónlistarháskólanum.

Hann kynnti orgel borgarinnar með myndum, hljóðdæmum og raddskipan.

- Nemendur og kennarar Tónskólans héldu í vorferð mánudaginn 27. apríl.

Ferðin var tvískipt. Annars vegar var orgelsmiðja Björgvins Tómassonar orgelsmiðs á Stokkseyri heimsótt og hins vegar Skálholtsstaður. Björgvin tók vel á móti hópnum, sýndi okkur orgelverkstæðið sitt og fræddi okkur um hljóðfærin sem hann hefur smíðað fyrir kirkjur landsins undanfarin 25 ár.

Í Skálholti söng hópurinn aftansöng með sr. Kristjáni Val Ingólfssyni, vígslubiskup. Á undan aftansöngnum voru tónleikar þar sem fram kom kór Tónskólans og kórstjórnarnemendur. Að aftansöngnum sungnum ávarpaði Margrét Bóasdóttir verkefnisstjóri kirkjutónlistar hópinn.

- Þrennir tónleikar voru á vegum Tónskólans í vor.

Þriðjudaginn 12. maí voru burtfarartónleikar Eyþórs Franzsonar Wechner í Hallgrímskirkju, en Eyþór lauk kantorsprófi og einleiksáfanga frá Tónskólanum.

Miðvikudaginn 13. maí voru tónleikar kirkjutónlistarbrautar Listaháskóla Íslands í Hallgrímskirkju. Þar komu fram Sólveig Anna Aradóttir og Steinar Logi Helgason.



Frá skólaslitum Tónskólans í Hallgrímskirkju 22. maí 2015

Föstudaginn 15. maí voru vortónleikar Tónskólans í Langholtskirkju þar sem fram komu nemendur skólans í orgelleik.

- Tilraunaverkefni Guðnýjar Einarsdóttur og Einars Sigurbjörnssonar um sameiginlegar æfingarmessur orgel- og guðfræðinema hélt áfram. Skiptir miklu að styðja þetta mikilvæga verkefni.

- Nýtt kirkjutónlistarráð hefur verið skipað. Guðný Einarsdóttir er formaður, Kári Allansson, ritari og Sigurði Árni Eyjólfsson, meðstjórnandi. Eitt af meginverkefnum ráðsins er að fara með stjórnarstörf Tónskólans. Margrét Bóasdóttir, verkefnisstjóri kirkjutónlistar situr einnig fundi ráðsins.

Vefsíða Tónskólans er: www.tonskoli.is

# *Verkefnisstjóri kirkjutónlistar*

**Margrét Bóasdóttir**

## Nýtt starf

Í ágúst 2014 skipaði biskup Íslands, Agnes M. Sigurðardóttir undirritaða í starf verkefnisstjóra kirkjutónlistar. Starfið var auglýst í lok maí með umsóknarfresti til 30. júní. Hörður Áskelsson, sem gegndi embætti Söngmálastjóra þjóðkirkjunnar frá árinu 2005 í 50% starfi, sagði starfinu lausu haustið 2011 og var ekki ráðið í það fyrr en nú.

Bráðabirgðastjórn Tónskóla þjóðkirkjunnar vann starfslýsingu sem fram kom í texta auglýsingar og ákvað að starfið skyldi bera nýtt nafn; verkefnisstjóri kirkjutónlistar. Starfið tekur mið af gildandi starfsreglum um kirkjutónlist á vegum þjóðkirkjunnar og heyrir beint undir biskup Íslands. Það er fullt starf með sveigjanlegum vinnutíma og gert ráð fyrir talsverðum ferðalögum. Helstu starfsþættir eru umsjón með kirkjutónlistarmálum þjóðkirkjunnar og ráðgjöf við biskup Íslands, þjónusta og stuðningur við starf organista, kórstjóra og annað starfsfólk kirkjunnar, skipulagning og framkvæmd sí- og endurmenntunar, m.a. í samstarfi við Tónskóla þjóðkirkjunnar, ábyrgð og þróun Söngvasjóðs, tónlistarvefs kirkjunnar, gerð og útgáfa fræðsluefnis.

## Nýsköpun á sviði kirkjutónlistarmála og erlend samskipti

Þar sem ekki var skrifstofupláss á Biskupsstofu, eins og fv. söngmálastjóri hafði haft, var að tillögu minni ákveðið að skrifstofuaðstaða yrði í Skálholtsskóla, enda samrýmist það vel lögum um Skálholtsskóla þar sem stendur að stofnunin skuli m.a. starfa á kirkjutónlistarsviði.

## Markmið og kynning starfs

Í september 2014 var haldinn vel sóttur fundur með organistum á höfuðborgarsvæðinu þar sem ég kynnti helstu markmið starfsins til næstu þriggja ára.

***Helstu markmið eru:***

a) að efla sönginn í kirkjunni; söng barna, söng fermingarbarna á fræðslutíma, söng kirkjugesta og söng kirkjukóra. Þessi markmið þarf að vinna í samstarfi við organista og kórstjóra, presta og prófasta og umsjónarfólk í barna- og æskulýðsstarfi.

b) að efla símenntun í samstarfi við Tónskóla þjóðkirkjunnar, Félag íslenskra organleikara og Skálholtsskóla.

c) að efla útgáfu á kirkjutónlistarefni, í samstarfi við Skálholtsútgáfuna, Sálmabókarnefnd o.fl.

d) að efla þjálfun prestsefna, presta og djákna í tónsöng og þekkingu á sálmaefni kirkjunnar. Guðfræðideild Háskóla Íslands ásamt verkefnisstjórn í starfsþjálfun eru helstu samstarfsaðilar ásamt prófföstum.

e) að efla erlent samstarf um námskeið og tónleika í samstarfi við fagfélag organista, listafélög kirkna og tengslanet íslensks kirkjutónlistarfólks.

Sams konar fundir voru haldnir með stjórn Prestafélags Íslands og prófföstum og í upphafi árs 2015 einnig landshlutafundir með organistum í Suðurprófastdæmi og Eyjafjarðar- og Þingeyjar-prófastdæmi. Önnur prófastdæmi verða heimsótt síðar á árinu. Góður fundur var haldinn með

Björgvin Tómassyni, orgelsmið og farið yfir helstu áherslur í samstarfi til framtíðar. Samstarfsfundir voru haldnir mánaðarlega með formanni organistafélagsins og skólastjóra Tónskólans.

## Samstarf við guðfræðideild Háskóla Íslands

Í upphafi haustmisseris var ákveðið eftir viðtal við deildarforseta guðfræðideildar, að ég skyldi leggja guðfræðinemum lið við vikulegar messur í kapellu með aðstoð við sálmaval, útvegun organista og forsöng. Sköpuðust góð tengsl við nemendur og efldist messusókn þeirra með aukinni söngþátttöku. Á vormisseri annaðist ég ásamt Kristjáni Val Ingólfssyni kennslu í námskeiði um litúrgíu og sálmafræði. Þátttakendur voru 30 og var afar ánægjulegt að kenna svo stórum og söngelskum hópi prest- og djáknanema.

## Syngjandi Kirkjuþing og Prestastefna

Morgunsöngur á Kirkjuþingi var innleiddur í tengslum við morgunbænir, og þar kynntir nýir sálmar. Gerðu þingfulltrúar góðan róm að slíku upphafi dagsins, og verður því framhaldið. Einnig var sungið hressilega í morgunsöng á Prestastefnu og kynnti ég þar einnig nýja sálma sem hlutu góðar undirtektir.

## Samstarf við RUV og útvarpsmessur á landsbyggðinni

Unnið var að undirbúningi jólamessu biskups í sjónvarpi ásamt biskupsritara og einnig var starfshópur frá Biskupsstofu í samskiptum við dagskrárstjóra Rásar 1 hjá RUV og dagskrárgerðarmenn um útvarpsguðsþjónustur. Samkomulag náðist um upptökur á messum á landsbyggðinni og voru teknar upp sex messur á tveimur dögum í Akureyrarkirkju í byrjun júní, sem útvarpað var yfir sumarmánuðina. Sérlega gott samstarf var um þetta verkefni við presta, organista og kóra á Akureyri og á Eyjafjarðarsvæðinu og sá ég um skipulagningu og framkvæmd þessa tilraunaverkefnis með dyggri aðstoð Sveins Jónassonar, kirkjuvarðar Akureyrarkirkju. Stefnt er að sambærilegu verkefni næsta ár í Suðurprófastsdæmi.

## Heimsóknir til íslenskra kirkjukóra erlendis

Í janúarlok heimsótti ég íslensku kirkjukórana í Gautaborg og Kaupmannahöfn. Beiðnin kom frá Ágústi Einarssyni sóknarpresti þeirra. Það var sérlega ánægjulegt að kynnast því mikla og fórnfúsa starfi sem þessir kórar vinna, og gaman að kynna þeim nýja sálma og aðstoða við raddþjálfun kórverka. Glæsileg messa var svo sungin í Gautaborg 1. febrúar þar sem ég aðstoðaði við kórstjórn.

## Útgáfuverkefni og vefverkefni

Í marsbyrjun var fagnað útgáfu nótnabókar fyrir blandaða kóra, þar sem hin gömlu íslensku lög við Passíusálma Hallgríms Péturssonar eru útsett af Smára Ólasyni. Auk laganna er í bókinni viðamikil greinargerð um rannsóknir Smára á þessum lögum. Tónmenntasjóður kirkjunnar styrkti útgáfuna, Aðalheiður Þorsteinsdóttir tölvusetti og bjó til prentunar og Skálholtsútgáfan



Kirkjukórar í Norður Þingeyjarsýslu í Snartastaðakirkju 1. mars 2015

gaf bókina út. Umsjón útgáfu og kynning var í mínum höndum og var nótnabókin boðin kirkjukórum á sérstöku verði í forsölu. Þannig var hægt að standa straum af prentkostnaði en bókin mun seljast um ókomin ár og fagnaðarefni þegar lestur Passíusálmanna eykst ár frá ári að eiga hin gömlu íslensku lög í smekklegum kórbúningi.

Á aðventu voru gerð tíu myndbönd fyrir vef kirkjunnar þar sem barnakórar syngja jóla- og aðventulög og einfaldar myndskreytingar settar við. Mæltist þetta vel fyrir og er ætlunin að auka stórlega kirkjulegt söngefni á vefnum sem höfðar til barna. Leyfi fékkst hjá viðkomandi kórum fyrir notkun efnisins og Bóas Kristjánsson hönnuður sá um gerð myndbandanna. Hann útbjó einnig hljóðskrár með 118 sálmum sálmabókarinnar sem settar voru á sálmabókarvefinn. Mikilvægt er að geta hlustað á sálma á netinu og ætlunin er að auka það efni eins og kostur er. Barnasálmabókin mun væntanlega koma á vefinn með textum og hljóðskrám síðar á árinu.

## Söngdagar með kirkjukórum

Í upphafi aðventu fór ég og hitti kirkjukóra í Þingeyjarsýslu; fylgdist með æfingum þeirra og skipulagði kóradaga fyrir árið 2015. Í lok febrúar voru haldnir söngdagar með kirkjukórum í Norður – og Suður-Þingeyjarsýslu. Í félagsheimilinu Ýdölum sungu rúmlega 60 manns kirkjuleg verk og lærðu sálma úr bókinni Sálmar 2013 og í fyrrum húsnæði Grunnskólans á Kópaskeri sungu 30 manns úr kirkjukórum allrar Norðursýslunar. Í lok kóradags var haldin helgistund í Snartastaðakirkju með prófasti, sr. Jóni Ármanni Gíslasyni þar sem sungin voru sex lög sem lærð voru fyrr um daginn, auk viðameiri kirkjulegra verka. Stefanía Sigurgeirsdóttir, organisti á Raufarhöfn lék á orgel og píanó með kórunum.

Undir lok mars var svo kirkjukvöld í Þorgeirskirkju þar sem kirkjukórarnir sem æft höfðu í



Syngjandi börn á Söngvahátíð barnanna á skírdag 2015 í Hallgrímskirkju

Ýdölum komu nú og sungu bæði nýja einradda sálma úr bókinni Sálmar 2013, og stærri kirkjuleg verk. Kórarnir fluttu m.a. tvo passíusálma úr nýútkominni bók með útsetningum Smára Ólasonar. Þrír organistar stjórnuðu og spiluðu til skiptis og einn þeirra, Dagný Pétursdóttir söng einsöng. Nú þegar er búið að skipuleggja slíka daga í fleiri prófastdæmum.

## Söngvahátíð barnanna

Á skírdag var haldin Söngvahátíð barnanna í Hallgrímskirkju. Þetta er verkefni sem Hörður Áskelsson kom á í starfstíð sinni og hefur Tómas Guðni Eggertsson haldið utan um það ásamt stjórnendum barnakóra við kirkjur. Kirkjan fyllist af fjölskyldufólki sem nýtur þess að hlusta á rúmlega 100 barna kór sem flytur fjölbreytta tónlist ásamt lítilli hljómsveit. Það er heiður og gleði að erfa slíkt verkefni og mun það verða kostað áfram af embætti mínu og skipulagsvinna unnin með kórstjórnendum.

## Nefndarstörf og fræðsla

Í febrúar hóf ég að starfa með Sálmabókarnefnd og er þar framundan mikið og áhugavert starf að útkomu nýrrar sálmabókar haustið 2017. Í tengslum við Biblíudaginn og við fleiri tilefni hélt ég stutt fræðsluerindi um sálma, kynnti þá og viðstaddir sungu með. Ég hef unnið með starfsþjálfunarteymi Biskupsstofu og þar er stefnt að því að auka vægi söngþjálfunar til framtíðar.

## Menntadagur P.Í.

Í samvinnu við Prestafélag Íslands skipulagði ég fræðsludagskrá um kirkjutónlist á menntadegi

presta, daginn fyrir Prestastefnu. Dagskráin nefndist „Tvöfalt biður sá er syngur" og voru haldin sjö örerindi og sungnir 14 nýir sálmar á tveimur klukkustundum.

Viðfangsefnin voru m.a. um syngjandi fermingarbörn, útvarpsmessan, krílasálmar, og tónlistarráðgjöf við útfarir. Vænti ég þess að verði framhald á samstarfi við P.Í. um málefni kirkjutónlistarinnar.

## Starfið almennt

Þetta tæpa ár hefur verið viðburðaríkt og fjölbreytt verkefni, bæði stór og smá. Ráðgjöf í gegnum síma og tölvusamskipti er mikil og mikilvæg og einnig eru heimsóknir og vinna með kórum landsbyggðarinnar og söfnuðum afar brýn verkefni. Kórastarfið er brothætt, ekki síst þegar skortur er á organistum og þá er mikilvægt að stuðla að samvinnu milli kóra svo sönggleðin haldist.

Mikilvægt er að vinna með öllum aðilum, organistum, prestum og sóknarnefndum, því snertifletir við tónlistarmálin eru margvíslegir. Ánægjulegt hefur verið að finna stuðning Héraðssjóða við kórastarf prófastdæmanna. Það skiptir líka máli að vera boðinn í súpu eða kleinukaffi þegar komið er saman til söngs í heilan dag.

Tónlistin og sérstaklega söngurinn er mikil almannagæði og kirkjan hefur mikla möguleika gegnum tónlistina til fjölbreyttrar boðunar og að auka þátttöku safnaðanna í kirkjustarfi, gegnum sönginn og tónlistina.

Ég hef fundið sérstaklega fyrir því í samskiptum mínum við allt kirkjunnar fólk að það vill að starfið haldi sínu upphaflega heiti; Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar. Heitið hefur verið óumdeilt frá upphafi og elst vel, og sýnt fram á vægi tónlistarinnar innan kirkjunnar. Verkefnin eru öll þau sömu og í áranna rás, aðeins með breyttri áherslu í takt við tímana og sjálfstæði starfsins hefur haldist. Í tónlistarstefnu þjóðkirkjunnar kveður á um embætti Söngmálastjóra og í þeirri endurskoðun sem fyrirhuguð er, er þess vænst að embættið fái að halda nafni sínu, þegar starfið hefur nú verið endurheimt sem fullt starf.

# *Þjóðmálanefnd þjóðkirkjunnar*

**Kristín Þórunn Tómasdóttir formaður**

Þjóðmálanefnd var skipuð til fjögurra ára af kirkjuþingi 2014. Í henni sitja sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir, formaður, Ásbjörn Jónsson, sr. Guðný Hallgrímsdóttir, sr. Gunnlaugur Stefánsson og Óskar Magnússon.

Í skipunarbréfi nefndarinnar er vísað í starfsreglur um þjóðmálanefndar þar sem segir að nefndin eigi að efla og hafa frumkvæði að opinberri umræðu um samfélagsmál út frá kristnum gildum og styrkja faglegan grunn fyrir þá umræðu. Nefndinni ber einnig að vera biskupi til ráðgjafar um þjóðfélagsmál á sömu forsendum.

Á þessu starfsári hefur nefndin haldið fjóra fundi og staðið fyrir málþingi um flóttafólk og hælisleitendur, enda var því verkefni vísað til hennar af Biskupi Íslands samkvæmt samþykkt Prestastefnu 2014. Í kjölfar málþingsins sendi þjóðmálanefnd frá sér tillögur til kirkjuþings um stefnu þjóðkirkjunnar í málefnum flóttafólks

# Sérþjónustuprestar

## *Fangaprestur þjóðkirkjunnar*

**Sr. Hreinn S. Hákonarson**

Á þessu ári eru 45 ár liðin frá því að sérstakur fangaprestur þjóðkirkjunnar tók til starfa. Það er við hæfi að fara nokkrum orðum um það í þessari skýrslu.

Á öllum öldum hefur kirkjan sinnt sálgæslu sakamanna með ýmsum hætti. Það á líka við um íslenska kirkju.

Kunn eru þau orð Matteusarguðspjalls sem eru víða í veröld yfirskrift þjónustu kirkjunnar við frelsissvip fólk: *„Í fangelsi var ég og þér komuð til mín …“* (25.36). Á öllum öldum hefur kirkjan leitast við að koma með einum eða öðrum hætti til þess fólks sem svipt hefur verið frelsinu. Koma til þess með kærleiksboðskap trúarinnar í því skyni að hugga og styðja. Margir kannast við þá mynd af presti að hugga þá sem taka átti af lífi fyrr á öldum bæði úr sögum og kvikmyndum. Í kirkjuskipulagi konungs til handa Íslandi frá árinu 1537 sagði til að mynda um þessa þjónustu við fanga: *„Til þeirra ódáðamanna, sem af skulu verða teknir skulu kennimennirnir optlega koma, ekki aðeins þá þeir eru til pínunnar leiddir heldur og endranær á meðan þeir sitja í fangelsi að þeir megi tala fyrir þeim og kynna þeim viðurkenning Guðs náðar.“* (Diplomatarium Islandicum (Íslenskt fornbréfasafn), 10. bindi, R. 1911-1921, bls. 151, Kirkjuordinanzia Kristjáns konungs III., frá 1537, (þýð. Gizur biskup Einarsson, 1541)).

Dómkirkjupresturinn í Reykjavík sinnti prestsþjónustu í Hegningarhúsinu í Reykjavík frá upphafi og presturinn á Eyrarbakka Litla-Hrauni allt frá því að fangelsi eða vinnuhæli tók þar til starfa árið 1929.

Árið 1965 var rætt við sóknarprestinn á Eyrarbakka hvort hann gæti tekið að sér sálgæslu fanga á Litla-Hrauni. Fangahjálpin Vernd hreyfði síðar við þessu máli og benti á að þörf væri á að sérstakur prestur, fangelsisprestur, sinnti föngum og fangelsum. Biskupi var ritað bréf og síðan við hann rætt. Í lögum um skipan prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð sem samþykkt voru á Alþingi 27. apríl 1969 og tóku gildi 1. júlí 1970, var komið inn að frumkvæði Verndar ákvæði um sérstakan prest til þjónustu í fangelsum. Þar sem fjárveiting til þessa nýja embættis kom ekki til strax með lögunum réði Vernd í samráði við dóms- og kirkjumálaráðuneytið og biskup Íslands, sr. Jón Bjarman sem fulltrúa samtakanna og sem fangelsisprest frá 1. júlí 1970. Hlutverk prestsins skyldi vera að sinna föngum í fangelsum ríkisins og eftir að fangavist þeirra lyki. Einnig skyldi hann hafa umsjón fyrir hönd samningsaðila með þeim sem væru á skilorði eða ákærufrestun. Fyrsta skrifstofa fangaprests var í húsnæði Verndar að Grjótagötu 14b. Sr. Jón var síðan ráðinn fangaprestur þjóðkirkjunnar frá 1. janúar 1971. Hann vann þó áfram í nánum tengslum við Vernd og starfi samtakanna var hann ekki ókunnur.

Í núverandi lögum um fullnustu refsinga frá 2005 er í 41. gr. getið um að fangar skuli eiga þess kost að hafa samband við prest eða fulltrúa skráðs trúfélag. Þannig er föngum gefið tækifæri til að ræða við sálusorgara sinn og iðka trú sína. Sömuleiðis segir í lögum um stöðu,



Ármann og Hreinn í garði Hegningarhússins á hvítasunnu 2015

stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar frá 1997, að kalla skuli til prest til að sinna prestslegri þjónustu í fangelsum. Fangaprestur þjóðkirkjunnar starfar samkvæmt þessum lögum og einnig samkvæmt vígslubréfi sínu og erindisbréfi.

Fangaprestur hefur ekki lykil að neinum vistarverum fangelsa og fyrir honum þarf ætíð að ljúka upp dyrum. Það er táknrænt í sjálfu sér – hann er að því leyti eins og fangarnir! Læstur inni! Á ferðum sínum í fangelsin kynnist fangaprestur ekki aðeins föngum heldur og starfsmönnum fangelsanna og þá einkum fangavörðum sem sinna föngum og gæta öryggis þeirra. Fangelsi er ekki bara samfélag fanga heldur og samfélag fanga og fangavarða sem er mikilvægt að hafa ætíð í huga.

Fangaprestsembætti þjóðkirkjunnar hefur verið til í tæpa hálfa öld og það hefur þróast eins og önnur embætti kirkjunnar en er þó í nokkuð föstum skorðum. Fangaprestur er embættismaður kirkjunnar og *prestur fanganna* og því er lykilatriði að hann kynnist söfnuði sínum (þ.e. föngunum) sem best og aðstæðum hans. Fæsta fangana þekkir fangaprestur áður en þeir koma í fangelsi. Það tekur tíma að kynnast fólki en fangaprestur hittir nánast alla fanga landsins og þekkir þá með nafni. Fangelsi er eðli máls samkvæmt sérstakur staður þar sem menn kynnast – sjónarhorn þess bæði inn á við og út á við er með öðrum hætti en þau hin sem venjuleg teljast. Sérstaklega verður að gæta sín á neikvæðum hluta þessa sjónarhorns en jafnframt að horfa raunsæjum augum á það jákvæða sem hægt er að gera innan fangelsisrammans til að draga úr skaðsemi vistarinnar. Alls staðar eru gallagripir á ferð – innan fangelsis sem utan – refir og rógstungur. Og alls staðar er fólk á ferð sem er gull af manni og hægt að treysta. Veröldin er með öðrum orðum margslungin hvort heldur utan fangelsi eða innan en þó ætíð varasöm.



Páskar 2015

Þjónusta fangaprests hefur frá upphafi ekki einskorðast við þá sem tilheyra þjóðkirkjunni heldur hefur hún staðið öllum til boða án tillits til hvaða trúfélagi þeir tilheyra – ef þá nokkru.

Fangaprestur kemur reglulega í fangelsin til að ræða við fanga hvort heldur í trúnaði og/eða í hópum eftir atvikum eða um dag og veg í almennu spjalli hvort heldur inni á fangadeildum eða vinnustöðum fangelsanna. Og þess vegna hafa fangar greiðan aðgang að honum í síma og tölvupósti þar sem netaðgangur er leyfður.

Fangelsi eru staðir tilverunnar sem valda í sjálfu sér vanlíðan vegna þess að þar eru menn sviptir einu því dýrmætasta sem þeir eiga, frelsinu. Fangelsið er líka mismikill hluti af æviskeiði fangans, þar nemur hann staðar og veltir fyrir sér hlutskipti sínu eftir því sem þroski hans segir til um, grefst kannski fyrir um grunnorsök þess að honum varpað í fangelsi og hvort hann sitji í dauðagildru fíknar, sé kannski markmiðslaust rekald, og spyr hikandi hvernig nýrri göngu hans inn í samfélag manna verði háttað. Þar er ekki bara nóg að hafa fæði og húsaskjól. Markmið og sátt þurfa að vera í farteskinu. Menn þurfa að umgangast annað fólk og geta horfst í augu við það án þess að flóttalegur svipur sé dreginn yfir andlitið. Það heitir sátt við sjálfa sig og umhverfi sitt. Sú sátt getur verið torsótt þegar í hlut eiga alvarleg brot. En oft næst hún hægt og bítandi að fullu eða að því marki sem eðli brotsins segir til um. Um allt þetta þarf að ræða og fara í saumana á og það er iðulega gert í samtölum fangaprests og skjólstæðings.

Af sjálfu leiðir að fangaprestur sinnir aðstandendum fanga eftir því sem þeir kjósa og er þungi þeirrar þjónustu breytilegur frá ári til árs. Fangar í gæsluvarðhaldi þurfa sérstakrar aðgæslu við en þar hefur sú venja þróast að spyrja viðkomandi gæsluvarðhaldsfanga hvort hann vilji tala við fangaprestinn sem flestir þiggja.

Samtöl fangaprests við fanga fara fram í trúnaði og hann er bundinn þagnareið um allt

sem fram fer á milli þeirra í samtalinu og allt það sem hann kann að verða áskynja um. Þetta vita fangar almennt og geta treyst. Samtölin eru að hluta til það sem kallast á kirkjulegu máli sálgæsla en má alls ekki rugla saman við störf sálfræðinga. Fangaprestur er ekki sálfræðingur! En fangaprestur hefur lært sem aðrir prestar sálusorgun/sálgæslu sem byggir á aldagömlum grunni. Í fangelsisumhverfinu er það fanginn sem er í forgrunni sem manneskja burtséð frá broti sínum. Brotið er fráleitt afsakað né réttlætt af sálusorgaranum heldur er horft til fangans sem *manneskju á vegi lífsins* sem þarfnast huggunar, uppörvunar og framtíðarsýnar sem byggist á heilindum og ábyrgð gagnvart sjálfum sér og öðrum. Jafnframt er hann hvattur til að takast heiðarlega á við vanþóknun samfélagsins sem lýsir sér í dómi yfir honum – og draga lærdóm af því!

Þrír menn hafa gegnt fangaprestsembætti þjóðkirkjunnar. Sr. Jón Bjarman ruddi brautina og starfaði sem fangaprestur frá 1970-1986. Við honum tók sr. Ólafur Jens Sigurðsson, sem var fangaprestur frá 1986-1993. Þá tók undirritaður við embættinu og gegnir því enn. Skrifstofa fangaprests þjóðkirkjunnar er í Grensáskirkju í Reykjavík.

En störf fangaprests á liðnu ári hafa verið með svipuðum hætti og hin fyrri ár og margt sem hér að framan hefur verið sagt á almennt við starfið:

Fangaprestur situr í húsnefnd áfangaheimilis Verndar. Sú nefnd hittist vikulega allan ársins hring og hefur það hlutverk að velja þá fanga sem teljast hæfir til að búa á áfangaheimilinu. Fangar geta lokið síðasta hluta afplánunar sinnar eða allt að ári á áfangaheimili Verndar í Reykjavík. Skilyrði er að þeir séu í námi eða vinnu.

Þá er fangaprestur ritstjóri Verndarblaðsins eins og undanfarin ár. Kemur að jafnaði út eitt blað á ári. Ritar hann ýmislegt í blaðið um málefni fanga og fangelsa.

Í nokkur skipti hefur fangaprestur rætt einu sinni á ári við fermingarbörn í Dómkirkjusókn í Reykjavík. Hefur hann sagt þeim frá starfi sínu og hvers vegna kirkjan hefur á að skipa sérþjónustu. Þetta hafa verið einkar ánægjulegar og gefandi stundir með fermingarbörnunum.

Fangaprestur hefur og ritað á starfsárinu greinar í Morgunblaðið um málefni fanga og fangelsa. Sömuleiðis tekið þátt í umræðuþáttum í útvarpi um málefni fanga.

Samstarf fangaprests við félagasamtökin Vernd og önnur félög og samtök sem láta sér annt um málefni fanga hefur verið gott. Vernd gegnir mikilvægu hlutverki í sambandi við afplánun fanga utan fangelsis. Samstarf við starfsmenn Fangelsismálastofnunar ríkisins er sem fyrr gott og afar nauðsynlegt. Ekki má gleyma samstarfi fangaprests við fangaverði sem er mjög þýðingarmikið vegna þess að þeir eru jafnan í eldlínu hversdagsins í fangelsunum.

Samstarf fangaprests við Hjálpræðisherinn hefur verið gott en þess má geta að Herinn gefur öllum föngum jólagjafir og hefur fangaprestur séð um að dreifa þeim í fangelsin.

Fangaprestur fer reglulega í fangelsin en þau eru nú fimm að tölu: Litla-Hraun, Kvíabryggja, Hegningarhúsið, fangelsið á Akureyri, og Sogn í Ölfusi. Þjónustuþörfin er eins og að líkum lætur mest í stærsta fangelsinu, Litla-Hrauni, og þangað kemur fangaprestur tvisvar til þrisvar í viku hverri og oftar þá þörf er á. Fangaprestur leitast við að vera í sem bestu sambandi við starfsmenn fangelsa, fangaverði og yfirmenn. Hann sinnir einnig föngum á áfangaheimili Verndar.

Fangelsinu í Kópavogi var lokað í þriðju viku maímánaðar. Það var gjarnan kallað Kvennafangelsið en þar voru konur vistaðar ásamt körlum. Nú eru konur vistaðar í fangelsinu á Akureyri sem og á Kvíabryggju. Sérstök kvennaálma verður í nýja fangelsinu á Hólmsheiði sem tekið verður í notkun á næsta ári.



Kópavogsfangelsinu var lokað 2015

Fangaprestur á sæti í stjórn Kærleikssjóðs Sogns sem er hollvinasjóður réttargeðdeildarinnar á Kleppi. Nú skipa stjórn sjóðsins: Hreinn S. Hákonarson, fangaprestur, dr. Sigurður Páll Pálsson, geðlæknir og yfirlæknir réttargeðdeildarinnar, og Kristjana Thorarensen, leikskólaþerapisti.

Helgihald í fangelsunum var með svipuðu sniði og hin fyrri ár. Ármann Hákon Gunnarsson hefur liðsinnt fangapresti við guðsþjónustuhald af lipurð. Nokkrir kórfélagar úr kirkjukór Selfosskirkju syngja jafnan við jólamessur á Litla-Hrauni og opna fangelsinu að Sogni. Haukur Gíslason, organisti, sá um undirleik. Þessum mönnum eru færðar þakkir fyrir stuðning og vel unnin störf.

Fangaprestur kom í níunda sinn upp s.k. englatré í Grensáskirkju á síðustu aðventu í samvinnu við Grensássöfnuð. Englatréð er heiti á verkefni sem snýst um að gefa börnum fanga jólagjafir. Viðtökur við englatrénu hafa verið afar góðar frá fyrstu tíð og er Grensássöfnuði þakkað kærlega fyrir aðstoðina.

Fréttabréf fangaprests: *Á leiðinni*, kom út að venju mánaðarlega og er hægt að lesa marga pistla þess á heimasíðu fangaprests: http://www.kirkjan.is/fangaprestur. Hefur fréttabréfið komið út í sautján ár og aldrei fallið út einn mánuður. Allir fangar fá fréttabréfið í sínar hendur sem og þeir starfsmenn refsivörslukerfisins sem þess óska.

# *Prestur fatlaðra*

**Sr. Guðný Hallgrímsdóttir**

## Forsendur, lög og reglur.

Lögin um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 kveða á um hvað sérþjónusta kirkjunnar sé: „Þar sem almennri prestsþjónustu verður ekki við komið, svo sem á sjúkrastofnunum, við fangelsi og meðal heyrnarlausra, skal kalla til presta ...“

Sérþjónustan byggir þess vegna á því að tiltekinn hópur fólks í vissum aðstæðum myndar söfnuð sem ekki getur notið hefðbundinnar kirkjulegrar þjónustu vegna sérstakra aðstæðna sem ýmist vara ævina út (eins og hjá heyrnarlausum, fötluðum, sjúkum og deyjandi) eða eru tímabundnar (eins og hjá föngum, sjúkum sem fá endurheimt heilsu, og innflytjendum). Segja má því að þetta sé frumástæða þess að kirkjan hefur talið þörf á því að setja á laggirnar sérþjónustuprestsembætti. Allt þetta fólk tilheyrir að sönnu formlega séð söfnuði í tilteknu prestakalli en getur ekki nýtt sér þá þjónustu sem þar býðst vegna aðstæðna sinna.

Ég sem prestur fatlaðra tilheyri þjónustusvæði Reykjavíkurprófastsdæmis vestra og hlít umsjón viðkomandi prófasts, sæki fundi á vegum prófastsdæmisins og tek þátt í starfi á prófastsdæmisgrundvelli. Hvað skipulag starfans snertir er ég sem embættismaður í fyrirsvari um kirkjulegt starf á starfsvettvangi mínum og hef forystu um mótun þess og skipulag eins og aðrir þjónandi prestar þjóðkirkjunnar. Ég er í samstarfi við fólk sem sinnir öðrum störfum á vettvangi mínum hvort sem það hefur einhver mannaforráð eða ekki. En fyrst og síðast erum ég kölluð til að veita kirkjulega þjónustu, leiðbeina, styrkja og hugga.

## Umfang og staðsetning

Ég er nú á 26. starfsári mínu sem prestur fatlaðra. Þjónustan nær yfir þá staði þar sem fatlað fólk lifir og starfar s.s. heimili, sambýli, vinnustaði, stofnanir og skóla. Hin síðari ár hefur verið lögð meiri áhersla á að þjóna fólki með þroskahömlun, þar sem þau hafa í sama mæli og aðrir ekki haft tök á að tileinka sér almenna þjónustu kirkjunnar.

Starfið einkennist af ferðum til og frá þessum stöðum sem og samskiptum mínum við fólk með þroskahömlun, aðstandendur og fagfólk. Ég kem frekar til fólksins en það til mín vegna þess að ég á einfaldlega mun hægara um vik með að ferðast milli staða en fatlaður einstaklingur sem í flestum tilvikum þarf að reiða sig á ferðaþjónustu fatlaðra eða annan ferðamáta. Staðsetning skrifstofunnar í Grensáskirkju er mjög góð og aðgengi fyrir fatlaða til fyrirmyndar. Síðast en ekki síst er dýrmætt að starfa í góðu samfélagi alls þess góða fólks sem starfar í Grensáskirkju eða hefur þar starfsaðstöðu.

## Sorgarvinna

Ég er í flestum tilvikum kölluð til þjónustu þegar dauðsföll verða meðal fólks með þroskahömlun og/eða vandamanna þeirra. Í sumum tilvikum er ég líka kölluð til þegar starfsfólk í þessum geira

fellur frá. Útköllin tengjast flest heimilum fólks með þroskahömlun en einnig er farið í skóla, á vinnustaði og skammtímavistanir til þess að tilkynna sorgarfréttir og/eða hafa þar umsjón með bæna- og minningarstundum. Stundum er einnig óskað eftir því að hafa minningarstundir á sambýlum, vinnustöðum og í heimahúsum. Ef þess er kostur, er bænum og útförum beint til viðkomandi sóknarprests og samvinna höfð um alla sorgarvinnu.

Hlutverk prests fatlaðra á þessum sorgarstundum er fyrst og fremst að vera stuðningsaðili einstaklingsins með þroskahömlunina. Hann gæti verið að missa ástvin, vin úr sínum röðum eða tengst öðrum sem er að missa einhvern sér nákominn. Leitast er við að styðja einstaklinginn í gegnum sorgina allt frá því að vitað er að ástvinur er deyjandi eða frá tilkynningu dauðsfalls, við kistulagningu, útför og eftir útför eins lengi og þörf er á. Boðin er liðveisla og stuðningur við viðkomandi sóknarpresta í þessum efnum s.s. við að undirbúa kveðjustundir á „aðgengilegan" máta svo að fólki með þroskahömlun sé mætt þar sem það er statt í sorginni og fái tækifæri til þess að kveðja á sinn hátt. Á síðasta starfsári voru haldnar 20 minningar- og bænastundir í tengslum við missi.

## Samtal

Ég er með fasta viðtalstíma á skrifstofu minni en er einnig með viðtalstíma einu sinni í viku á fjórum vernduðum vinnustöðum í Reykjavík og Kópavogi. Þar gefst fólki með þroskahömlun tækifæri til þess að ræða við prestinn í einrúmi án þess að fara út af vinnustað sínum. Ég heimsæki reglulega mörg af sambýlum stór höfuðborgarsvæðisins. Þá eru ótalin þau útköll sem sinnt er í tengslum við sambýli, skóla og vinnustaði fólks með þroskahömlun. Heimsóknir og húsvitjanir á vinnustaði, skammtímavistanir, heimili fatlaðra o.fl. voru á síðasta ári 220 talsins.

## Erindi, fræðslufundir og málþing

Hluti starfans er að kynna málefni fatlaðra sem víðast innan kirkjunnar. Leitast er við að sækja alla þá viðburði sem tengjast fötluðum og fólki með þroskahömlun. Ekki þarf að taka fram hversu mikilvægt það er starfi sem þessu að sjá og heyra hvað aðrir eru að gera á sama vettvangi, bæði til að styrkjast í starfi og efla það sem fyrir er. Ég sæki t.d. ár hvert landsþing Þroskahjálpar, enda á ég mikið og gott samstarf við samtökin sem og við Sjónarhól. Sjónarhóll er ráðgjafamiðstöð sem lætur sig varða hag langveikra og fatlaðra barna. Þessi samtök eru: ADHD samtökin, Landssamtökin Þroskahjálp, Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra og Umhyggja sem er félag til stuðnings langveikum börnum. Til upplýsingar fyrir þau sem vilja kynna sér starfsemi Sjónarhóls betur, er bent á vefslóðina http://www.sjonarholl.net.

Á hverju ári er ég beðin um að halda fyrirlestra, erindi og námskeið fyrir hin ýmsu félagasamtök, stofnanir og fólk sem á einhvern hátt tengist málefnum fatlaðra. Á síðasta ári voru m.a. haldnir fyrirlestrar fyrir nemendur á þroskaþjálfabraut Kennaraháskóla Íslands, leiðtoga í ÆSKR, starfsfólk á starfsdögum hjá hæfingastöðum fyrir fólk með þroskahömlun eins og Örva, Bjarkarás og Lækjarás sem og félagasamtökum ýmis konar. Efnistök voru m.a. hjónavígslur og fólk með þroskahömlun, hugvekjur fyrir fólk með fötlun, sorg og sorgarviðbrögð, sálgæsla meðal fólks með þroskahömlun, samskipti á vinnustað, margbreytileiki samfélagsins, samskipti kynjanna og sjálfsvirðing.

## Guðsþjónustur og hátíðir

Hið hefðbundna messuform hentar ekki alltaf fólki með þroskahömlun, þar sem orð og athafnir virka oft of flókin. Mikilvægt er að prestar og starfsfólk kirkjunnar bjóði líka fólki með fötlun þátttöku í helgihald kirkjunnar s.s. messuhópum og þar með velti því um leið fyrir sér hvernig kirkjan getur nálgast betur fólk með þroskahömlun. Ég hef bent á ýmsar leiðir í þeim efnum, eins og að bjóða fólki með þroskahömlun að taka þátt í samtali um messuna. Að þau taki þátt í messuhópum t.d. með því að lesa létta texta, bjóða fólk velkomið, útdeila sálmabókum eða tendra ljós í upphafi samveru.

Ég flyt hugvekjur á fjölmörgum aðventustundum fatlaðra sem og í kyrruviku fyrir páska. Tel ég að kirkjan mætti nýta sér enn betur það sóknarfæri sem felst í því að flytja hugvekjur fyrir páska eins og mikið er gert af um allt land á jólaföstunni. Samverur sem þessar eru venjulegar haldnar á vinnustöðum á vinnutíma en einstöku sinnum hafa verið haldnar aðventu- og páskastundir á sambýlum eða á öðrum stöðum. Útbúið hefur verið sérstakt fræðsluefni til þess að styðjast við þegar fólk vill halda aðventustundir á heimilum. Ég sendi ávallt út til allra sambýla og verndaðra vinnustaða, kveðju frá kirkjunni í upphafi aðventu þar sem kvatt er til helgihalds á heimilum. Einnig er bent á allar þær stundir sem kirkjur landsins bjóða upp á í jólamánuðinum og fólk hvatt til kirkjuheimsókna. Á síðasta starfsári voru haldnar níu hugvekjur.

## Samverur í Grensáskirkju í samvinnu við ÆSKR

Samvinna við ÆSKR um samverur fyrir fólk með þroskahömlun hófst í byrjun árs 2005. Við eigum því tíu ára afmæli í ár. Tilgangurinn var að opna betur kirkjuna fólki með þroskahömlun og koma til móts við trúarþörf þeirra. Reynslan hefur sýnt að fólkið sem sækir samverurnar telur þær mjög dýrmætar. Það telur gott að eiga stund frá öllu amstri, þar sem áhyggjur, líf og hugsanir eru lagðar í hendur Guðs. Samverunar eru annan hvern fimmtudag yfir vetrartímann, frá klukkan fjögur til fimm. Það er ánægjulegt að segja frá því að samverurnar njóta mikilla vinælda og hefur orðið mikil fjölgun þátttakenda á milli ára. Ég hef átt mikið og gott samstarf við Kristján Ágúst Kjartansson, framkvæmdastjóra ÆSKR og á hann miklar þakkir skildar fyrir gefandi og góða samvinnu. Þorvaldur Halldórsson hefur svo séð um söng og undirleik af sinni alkunnu snilld. Ég þakka þeim báðum trausta og góða samvinnu og hlakka til áframhaldandi samstarfs. Samverur síðasta vetrar voru sautján talsins.

## Samvinna

Ég hef átt mjög góða samvinnu við mörg þau sem starfa með fólki með þroskahömlun s.s. þroskaþjálfa, forstöðumenn sambýla og vinnustaða, sérkennara og annað starfsfólk. Samstarfið við Sjónarhól hefur verið nefnt en síðast en ekki síst hef ég átt gott samstarf við kollega mína, presta um allt land sem hafa leitað til mín þegar þau hafa þurft á upplýsingum eða annarri aðstoð að halda í tengslum við samstarf með fólki með þroskahömlun í sinni heimabyggð. Í því sambandi má sérstaklega minna á fermingarfræðslu ungmenna með þroskahömlun sem unnin er af hendi kollega minna um allt land. Ég vil þó nota tækifærið og hvetja starfssystkin mín til enn frekari dáða, að þau komi enn meira til móts við fólk með þroskahömlun í sóknum sínum og leggi sig fram um að þjónusta þau eins vel og önnur sóknarbörn sín.

## Fermingarfræðsla þroskaheftra

Frá árinu 1990 hefur verið boðið upp á sérhæfða fermingarfræðslu í sérskólum borgarinnar sem og við ákveðnar sérdeildir grunnskólanna. Umfang fermingarfræðslunnar hefur breyst heilmikið, sérstaklega á síðustu árum. Í því sambandi má helst nefna þá stefnu mennta-yfirvalda að hvert barn á rétt á því sækja sinn heimaskóla óháð fötlun, svo nefndur: „Skóli án aðgreiningar". Þróunin undanfarin ár hefur verið sú að nemendum í sérskólum fækkar á meðan nemendum í sérdeildum almennra grunnskóla fjölgar. Þetta kallar á breyttar vinnuaðferðir þar sem ég kem oftast til fermingarbarnsins heldur en að það komi til mín. Ég hef leitast við að tengja sóknarprestana við fermingarbörn með þroskahömlun í þeirra sóknum. Starf mitt er þá aðallega fólgið í því að tengja saman barn og fjölskyldu þess við prestinn sinn, benda á fræðsluefni við hæfi og vera þeim öllum innan handar með það sem þau telja sig þurfa aðstoðar við. Í sumum tilvikum hef ég annast fræðsluna og síðan hafa börnin verið fermd með sínum bekk í sóknarkirkjunni. Þá hef ég komið inn í þær fermingarguðsþjónustur og þjónað með viðkomandi presti/prestum.

Í Reykjavík hefur skapast sú hefð að flest börnin fermast á Sumardaginn fyrsta og er það nú orðið ómissandi þáttur í helgihaldi Langholtskirkju. Kirkjan býður upp á gott aðgengi og starfsfólk þar hefur verið einstaklega velviljað mínu starfi. Organisti Langholtskirkju, Jón Stefánsson hefur frá upphafi starfans annast tónlistina í messunni og hefur kór hans, Gradualekór Langholtskirkju séð um að styrkja okkur í söngnum. Fyrir það er af hjarta þakkað.

Umfang fermingarfræðslunnar fer ört vaxandi vegna nýrrar þróunnar eins og áður hefur verið vikið að. Á síðasta starfsári var ég með fjóra fermingartíma á viku og fermingarbörnin komu frá fjórum grunnskólum. Fermingarnar voru fimm talsins.

## Kirkjan öllum opin

Mikið og gott starf er unnið á vegum Þjóðkirkjunnar. Til þess að fatlað fólk finni sig þar heima þarf að huga vel að góðu aðgengi. Taka þarf burt alla þröskulda, vanda til handriða við tröppur, litavals á gólfi og veggjum og breidd hurða svo eitthvað sé nefnt. Rýma þarf fyrir hjólastólum inni í kirkjubekkjaröðum og gera þar með fólki sem notar hjólastól kleyft að sitja „meðal" safnaðarins en ekki fyrir framan eða utan við kirkjubekki. Eins þarf að huga sérstaklega að því hvernig við nálgumst fólk með þroskahömlun. Að við tölum ekki við þau eins og börn heldur sem fullorðið fólk á jafnréttisgrundvelli. Að við bjóðum þau velkomin t.d. í messuhópinn, kvenfélagið eða kirkjukórinn. Innan kirkjunnar okkar eru mikil tækifæri til þess að skapa fötluðu fólki hlutverk. Það er von mín og bæn að við finnum fötluðu fólki góð og velmetin hlutverk innan kirkjunnar og auðgum þar með kirkjustarfið fleiri litum og meiri vídd.

## Aukaverk, heimsóknir o.fl á starfsárinu

Skírnir – 10
Fermingar – 6
Hjónavígslur – 2
Kistulagningar – 8
Útfarir – 8

Messur – 4
Kyrrðar- og bænastundir - 1
Samverur fyrir fólk með þroskahömlun í Grensáskirkju - 17
Minningar og bænastundir – 20
Heimsóknir á sambýli og vinnustaði og húsvitjanir – 220
Viðtöl á vinnustöðum – 188
Viðtöl á skrifstofu 145
Hugvekjur á aðventu og páskum á sambýlum, vinnustöðum o.fl. fyrir fatlaða – 9
Fyrirlestrar/málþing –15

# *Kirkja heyrnarlausra*

**Sr. Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir**

Í lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar er kveðið á um það hvað sérþjónusta kirkjunnar sé; „ þar sem almennri prestþjónustu verður ekki við komið, svo sem á sjúkrahúsum, við fangelsi og meðal heyrnarlausra …“ Sérþjónusta kirkjunnar er á þeim sviðum sem hefðbundinni prestþjónustu er ekki við komið og er þessi þjónusta þjóðkirkjunnar mjög mikilvæg fyrir þá eintaklinga sem hafa fyrir hana þörf og nota.

Kirkja heyrnarlausra hefur verið starfandi frá 1981 eða frá því að herra Pétur Sigurgeirsson vígði sr. Miyako Þórðarson til starfa sem fyrsta prest heyrnarlausra.

Kirkja heyrnarlausra er söfnuður fólks sem á það sameiginlegt að hafa íslenskt táknmál að móðurmáli, þ.e fólk sem er heyrnarskert, heyrnarlaust og daufblint. Söfnuðurinn er ekki bundinn við ákveðna sókn heldur nær yfir allt landið þar sem táknmálstalandi einstalingar eru. Flestir þeirra búa á Stór-Reykjavíkursvæðinu en eins eru döff einstaklingar búsettir á Reykjanesi, Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum. Þó nokkur hópur er af erlendum heyrnalausum einstaklingum sem flust hafa til landsins síðastliðin ár og eru þau einnig dugleg að sækja starf Kirkju heyrnarlausra.

Döff (heyrnarlausir sjálfir skilgreina sig sem „döff“, sem þýðir að hafa táknmál sem sitt móðurmál og tilheyra menningarsamfélagi heyrnarlausra) á Íslandi er um 300 einstaklingar og sinnir prestur heyrnarlausra þeim auk aðstandendum þeirra, fjölskyldum og vinum.

## Starfið

Kirkja heyrnarlausra hefur aðstöðu í Grensáskirkju, þar er skrifstofa prests heyrnarlausra og fara guðsþjónustur safnaðarins að jafnaði þar fram.

Kirkja heyrnarlausra hefur lengi haft aðsetur í Grensáskirkju og átt gott samstarf bæði við Grensássöfnuð og starfsfólkið þar.

Messað er einu sinni í mánuði og er messusókn mjög góð. Eru allt frá 30 og upp í 200 manns sem sækja guðsþjónustur safnaðarins. Söfnuðurinn tekur góðan og virkan þátt í öllu starfi kirkjunnar. Allar athafnir og starf Kirkju heyrnarlausra fer fram á táknmáli og til staðar er að jafnaði túlkur.

Táknmálstúlkur, ef full táknmálskunnátta/táknmálsnotkun er ekki hjá þeim sem sinnir



Guðsþjónusta á aðventunni sr.Brynja Vigdís og Árný Guðmundsdóttir túlkur.

athöfninni og raddtúlkur, ef sá sem athöfninni sinnir notast eingöngu við táknmál. Mikilvægt er að allir þeir einstaklingar sem taka þátt í starfsemi Kirkju heyrnarlausra, bæði heyrnarlausir og heyrandi geti tekið þátt og skilji það sem þar fer fram. Því er gríðarlega mikilvægt að hafa táknmálstúlk/raddtúlk í starfi kirkjunnar.

Táknamálskór Kirkju heyrnarlausra tekur þátt í öllum guðsþjónustum og mörgum öðrum athöfnum á hennar vegum. Er hann gríðarlega mikilvægur fyrir safnaðarstarfið og skiptir söngur kórsins miklu málið við guðsþjónustur safnaðarins. Táknmálskórinn samanstendur af heyrnarlausum einstaklingum sem syngja á táknmáli.

Táknmálskór Kirkju heyrnarlausra er fyrsti táknmálskórinn á Norðurlöndum. Kórinn hefur unnið til verðlauna erlendis og er mjög virkur innan safnaðarins og utan.

Mikill hluti af starfi prests heyrnarlausra fer í sálgæslu, hús- og vinnustaðavitjanir. Fastir viðtalstímar eru í Grensáskirkju tvo daga í viku og eins eftir þörfum ef óskað er eftir. Auk fastra viðtalstíma hafa sl.ár verið gríðarlega mörg viðtöl og vitjanir til einstaklinga bæði í heimahúsum og á vinnustöðum. Mánaðarlega eru helgistundir í Gerðubergi og reglulega eru samverustund með íbúum sambýlis fyrir heyrnarlausra í Lækjarási. Prestur heyrnarlausra fer á DAS og heimsækir heyrarlausa íbúar þar, sem og á Blindravinnustofuna. Einnig er farið reglulega yfir árið í vinnustaðaheimsóknir á staði þar sem heyrnarlausir einstaklingar starfa.

Síðastliðin tvo ár hefur verið samstarf meðal Kirkju heyrnalausra, Gerðubergs og Fella-og Hólakirkju, með aðventustund í desember. Þar sem einstaklingar sem sækja starf eldriborgara í Gerðubergi fara og njóta samverustundar í Fella-og Hólakirkju. Hefur prestur heyrnarlausra tekið þátt í stundinni svo einnig heyrnarlausir eldriborgara sem sækja starfið í Gerðubergi geti einnig notið hennar. Hefur þetta mælst vel fyrir og samstarfið reynst vel. Mikil ánægja er meðal þeirra döff einstaklinga sem stundina sækja og vonum við að samstarfið haldi áfram.



Guðþjónusta á aðfangadag túlkuð í fyrsta sinn í sjónvarpi

Í fyrsta sinn var guðsþjónustan sem sýnd er á RÚV, að kvöldi aðfangadags jóla táknmálstúlkuð í heild sinni. Guðsþjónustan var auglýst vel meðal heyrnarlausra og almennt áhorf þeirra var mjög mikið. Var það stórkostleg upplifun að horfa á þetta og óhætt er að segja að þetta hafi vakið mikla gleði og þakklæti í hópi heyrnarlausra, sem nú fengu í fyrsta sinn að njóta þess að sitja með fjölskyldu sinnu og/eða vinum og skilja það sem fram fór í guðsþjónustunni sem sýnd var. Ákveðin vonbrigði voru þó að þessi útsending var send út á aukarás (íþróttarás) RÚV en ekki þeirri almennu. En nú er bara að halda áfram baráttunni og fá RÚV til að sýna að þar fer sjónvarp allra landsmanna, svo að næstu jól verði guðsþjónustan táknmálstúlkuð sýnd á aðalrás RÚV. Á vormánuðum kom hópur heyrnarlausra barna og unglinga, sem taka þátt í verkefni sem SHH (Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra) stendur fyrir, í heimsókn til prests heyrnarlausra og fengu að kynnast prestinum og starfi kirkjunnar. Ekki er laust við að presturinn hafi verið spurð spjörunum úr um allt milli himins og jarðar af heimsækjendum.

Fermingarfræðsla var tvisvar í viku sl. vetur. Mismunandi er hversu margir það eru sem sækja fermingarfræðslu og fermast hjá Kirkju heyrnarlausra hvert ár. Ástæðan er m.a sú að misjafnt er eftir árum hversu mörg heyrnarskert/heyrnarlaus börn (eða börn sem eiga heyrnarlausa foreldra) eru á fermingaraldri. Eins ganga þau flest í Hlíðarskóla og mörg þeirra velja að fá fræðslu og fermast með sínum bekkjarsystkinum. Ef óskað er eftir því, kemur prestur heyrnarlausra að fræðslu þeirra barna sem þetta vilja, í samstarfi við sóknarpresta. Góð og mikil samvinna er við Félag heyrnarlausra, sem er öflugt hagsmunafélag og veitir hvers konar ráðgjöf og álit er snúa að málefnum heyrnarlausra og hefur ávallt að leiðarljósi hagsmuni félagsmanna sem tryggir þeim jafnræði hvarvetna í samfélaginu. Heimasíða þeirra er www.deaf.is. Þrátt fyrir að mikil breyting hafi orðið á málefnum heyrnarlausra síðustu árin, gerast hlutirnir hægt. Allt of langt er í land enn að því að heyrnarlausir njóti sömu mannréttinda og

heyrandi einstaklingar hér á landi. Komust málefni þeirra í fjölmiðla í vor, þegar enn og aftur kláraðist sá sjóður sem notaður er til að greiða fyrir alla félagslega túlkun. Þegar slík aðstaða kemur upp að einstaklingar geta ekki tekið þátt í samfélaginu vegna skorts á túlki, leita þeir mikið til prestsins síns og kirkjunnar sinnar. Því er mikilvægt að hlúð sé að Kirkju heyrnarlausra og um hana staðið vörð.

## Athafnir, helgistundir og fleira

Messur - 11
Helgistundir - 10
Heimsóknir/helgistundir á sambýli, DAS og vinnustöðum - 32
Skírn - 8
Hjónavígslur - 7
Kistulagnirnar - 1 / Útfarir – 1
Fermingar – 2
Fermingarfræðslutímar – 62
Fyrirlestrar – 3

## Lokaorð

Eins og nefnt var hér fyrir ofan hefur orðið mikil breyting á málefnum heyrnarlausra og sést það glöggt á ljóðum sem Júlía Guðný Hreinsdóttir orti. Annað þeirra er frá árinu 1986 og hitt frá árinu 2012 og lýsa þau heimi heyrnarlausrar manneskju í heyrandi heimi. Munum að Guð skapaði okkur öll, þrátt fyrir að við séum ekki öll eins og að það er okkar að taka tillit til hvors annars, standa vörð um hvort annað og passa að það sé pláss í kirkjunni okkar fyrir alla – hvernig sem við erum.

*„Ég er heyrnarlaus“* frá 1986
Ég er heyrnarlaus.
Allir í heiminum vorkenna mér.
Þeir fæðast heyrandi og þekkja ekki heyrnarleysi.
Ég er fædd heyrnarlaus og fékk ekki heyrn.
Ég er ánægð með lífið.
Ég man ekki eftir því að ég er heyrnarlaus.
Ég er eðlileg.
fólki bregður þegar það veit að ég er heyrnarlaus.
En ég er ekki að tala við það.
Fólkið forðast mig.
En ég elti það
JGH

*„Döff er töff“* frá 2012
Döff er eðlilegt og stolt
og heimurinn virðir Döff.
Döff á íslenskt táknmál og íslensku alla

daga, mánuði og ár
og heimurinn virðir döffmál.
Döff á menningu
og heimurinn virðir döff menningu.
Döff vill vera döff
og heimurinn virðir Döff.
Döff virðir heiminn.
Döff og heimurinn verður eitt.
JGH

Ég horfi björtum augum á komandi vetur og starfið framundan í stórkostlegum söfnuði og bið fyrir Guðs blessun yfir Kirkju heyrnarlausra og öllum söfnuðum landsins.

# *Prestur innflytjenda*

**Toshiki Toma**

## Tilgangur og starfsemi þjónustunnar

**Megintilgangur þjónustu prests innflytjenda á Íslandi er eftirfarandi:**

1. Að aðstoða innflytjendur, flóttamenn, hælisleitendur og langtímagesti sem búsettir eru á Íslandi. Í því felst að auðvelda þeim og fjölskyldum þeirra að byrja nýtt líf hérlendis og vernda mannréttindi þeirra.
2. Að stuðla að gagnkvæmum skilningi á milli ólíkra trúarbragða hér á landi þannig að fyrirbyggja megi óþarfa fordóma sem upp geta komið gagnvart öðrum trúarbrögðum en kristni.

**Helstu þættir starfseminnar eru:**

- að tala við fólk sem á í erfiðleikum og að hjálpa því að finna lausn á sínum vanda
- að veita fólki aðstoð til að það geti iðkað trú sína
- að skipuleggja námskeið og/eða fræðslufundi um málefni innflytjenda og trúarbrögð þeirra
- að veita upplýsingar um kristna trú og kirkju
- að sjá um messur, bænastundir og fleiri kirkjulegar athafnir

Það er mikilvægt að hafa í huga að markmið og tilgangur þjónustu prests innflytjenda er að hjálpa innflytjendum að aðlagast íslensku samfélagi og fræða og upplýsa bæði innflytjendur og Íslendinga í þeim tilgangi að koma í veg fyrir fordóma sem kunna að vera á milli þeirra.

Prestur innflytjenda vinnur starf sitt sem prestur kristinnar kirkju og reynir að vitna um kærleik Jesú Krists.

## Formáli

Prestsþjónusta við innflytjendur hófst í nóvember árið 1996.
Skrifstofa prests innflytjenda hefur aðsetur í safnaðarheimili Neskirkju.

**Starfsemi á tímabilinu júní 2014 – maí 2015**
*Viðtöl, ráðgjöf og sálgæsla*

Tímabil: 1. júní 2014 – 31. maí 2015
Fjöldi fólks: 151 einstaklingur
Fjöldi viðtala: 596
Þjóðerni: 45 (*inniheldur ósjálfstæð svæði)

Trúarbrögð: lútersk trú, kaþólsk, rétttrúnaðartrú og önnur mótmælendatrúarbrögð. Íslam, búddhatrú, bahá´iatrú, hindúatrú, utan trúfélaga og ókunnugt.

***Fjöldinn inniheldur ekki fjölda hælisleitenda sem prestur innflytjenda heimsækir reglulega á Flóttamannahælið Fit og í aðrar íbúðir í Reykjanesbæ og Reykjavík ásamt sjálfboðaliðum Rauða Kross Íslands. Fjöldi hælisleitenda alls var um 150 -160 á árinu 2014.

| **Innihald viðtala – aðgreining (miðað við fjölda einstaklinga)** | |
|---|---|
| Fjölskyldumál og almenn lífskjör | 40 |
| Atvinnu- og fjármál | 17 |
| Mál sem varða lög | 8 |
| Húsnæði | 8 |
| Veikindi, meiðsli og sorg | 16 |
| Mennta- og menningarmál | 64 |
| (****innifelur mál sem varðar fordóma) | |
| Trúarbrögð | 46 |
| Málefni hælisleitenda | 56 |
| **Samtals** | **250** |

**Samanburður við tölur undanfarinna fjögurra ára**

| | **2010** | **2011** | **2012** | **2013** | **2014** |
|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi fólks | 157 | 137 | 136 | 148 | 151 |
| Fjöldi viðtala | 355 | 368 | 349 | 489 | 569 |
| Þjóðerni | 31 | 25 | 24 | 28 | 43 |

Aðaltilgangur þjónustu prests innflytjenda er sálgæsla og lífsstuðningur þar sem þarf meira en eitt til tvö viðtöl til. Sem dæmi um slík langtímaviðtöl má nefna fjölskyldumál almennt, mál sem fylgja aðlögun, veikindum og hælisleitendamál.

Fjöldi einstaklinga sem leitaði til prestsins á tímabilinu 2014-15 var 151 eða næstum því sá sami og á tímabilinu 2013-14 (148). Uppruna fólksins sem leitaði til prestins mátti rekja til 45 þjóða sem eru fleiri en á fyrra tímabili (28). Fjöldi viðtala var 569 og er það mun meiri fjöldi en á fyrra tímabili (489). Ástæðan er skýrð á eftir í lið 2. Fólk kemur venjulega í viðtöl oftar en einu sinni og oftar en tvisvar, jafnvel mörgum sinnum.

## Þjónusta við hælisleitendur

Prestur innflytjenda hefur haft stöðug samskipti við hælisleitendur á Íslandi á síðustu 18 árum eða frá upphafi þjónustunnar. (*Prestur innflytjenda hefur hvatt fólk og fjölmiðla til að nota orðin „umsækjandi um alþjóðlega vernd" í staðinn fyrir „hælisleitandi", þar sem síðarnefnda orðið er oft gildishlaðið og orðið neikvætt en hér notar hann það engu síður til þess að einfalda skýrsluna).

Eins og kunnugt er hefur fjöldi hælisleitenda sífellt verið að aukast undanfarin ár og málefni þeirra er orðið stórt samfélagsmál. Aðaldvalarstaður þeirra hefur lengi verið í Reykjanesbæ en Reykjavíkurborg byrjaði að taka á móti hluta þeirra frá og með janúar 2014 og í lok maí 2015 dvöldu um 80 manns í Reykjanesbæ og næstum því sami fjöldi í Reykjavík. Þetta þýðir vitaskuld að afskipti prests innflytjenda, sem hefur aðsetur í Reykjavík, hefur einnig aukist og sérstaklega jukust þau á skýrslutímabilinu. Aukinn fjöldi viðtala (en 80 fleiri boðuðu sig í viðtöl við prestinnn en á síðasta tímabili) eru komin vegna samskipta við hælisleitendur.

Prestur innflytjenda er í mikilli samvinnu við Rauða Kross Íslands eins og nefnt er í 3. lið en starfsemi hjá RKÍ byggist auðvitað á almennum mannúðarsjónarmiðum. Hins vegar er margt kristið fólk meðal hælisleitenda og veitir prestur innflytjenda því kirkjulega þjónustu. Bæði í viðtali í kirkju og í heimsókn í gistiheimili fólks fylgir bænargjörð. Prestur innflytjenda heimsótti fólk (sem prestur) í Reykjanesbæ 13 sinnum á skýrslutímabilinu og fór 42 sinnum í heimsókn í til fólks í Reykjavík.

Frá janúar 2015 gerði prestur innflytjenda nýja tilraun til að tengja kristna hælisleitendur söfnuði kirkjunnar. Hann hvatti fólkið til að sækja messu reglulega og reyndi að fylgja því eftir í messu að þess ósk og einnig að sækja það í gistiheimili þess og keyra til kirkju þegar veður var slæmt. Fjöldi slíkrar messufylgdar var 16 sinnum. Þessi tilraun hefur gengið vel og sumir sækja reglulega messu á íslensku núna og nokkur hópur sækir enska messu í Hallgrímskirkju (hjá séra Bjarna Þór Bjarnasyni).

Einnig hófst bænastund með hælisleitendum vikulega í Laugarneskirkju (á miðvikudögum kl. 11:00) frá miðjum apríl 2015. Stundin er nefnd „Seekers prayer meeting" og er hún í samstarfi við séra Kristínu Þórunni Tómasdóttur, sóknarprest Laugarneskirkju. Um 7-8 manns koma saman í hvert hvert skipti. Þessi bænastund var eingöngu fyrir hælisleitendur í byrjun, en stefnt er að því opna hana fyrir alla.

Annað verkefni hjá presti innflytjenda um málefni hælisleitenda er að kynna málaflokkinn fyrir samfélaginu. Málefnið er oft til umfjöllunar í fjölmiðlum og stundum valda fréttir misskilningi hjá fólki og fordómum í garð hælisleitenda.

Til þess að berjast við slíkan misskilning og fordóma, reynir prestur innflytjenda að skapa tækifæri til að kynna einstaklinga sem eru hælisleitendur fyrir fólki í söfnuðum á beinan hátt eða skrifa greinar í dagblöð um málefni þeirra.

## Starfsemi við hælisleitenda í samstarfi við RKÍ o.fl.

Prestur innflytjenda tók þátt í heimsóknarverkefni til hælisleitenda sem hófst árið 2005, þar sem nokkrir einstaklingar tóku sig saman og mynduðu litla hreyfingu sem hafði það að markmiði að heimsækja hælisleitendur. Tilgangurinn er að rjúfa einangrun hælisleitenda með mannlegum samskiptum og veita þeim stuðning í erfiðum aðstæðum.

Sumarið 2006 var þetta tilraunaverkefni þróað frekar og samkomulag gert við RKÍ um að móta heimsóknarvinahóp undir merkjum RKÍ (formlegur samstarfssamningur er ekki til milli RKÍ og prests innflytjenda). Starfsemi hófst á ný í nóvember 2006.

Prestur innflytjenda heimsótti Reykjanesbæ 10 sinnum á vegum þessa verkefnis og fjórum sinnum gistiheimili í Reykjavík.

Einnig tók prestur innflytjenda þátt í opnu húsi með hælisleitendum hjá RKÍ sem sjálfboðaliði en opið hús hófst í nóvember 2014. Hann tók 15 sinnum þátt í því í Reykjavík og þrisvar í Reykjanesbæ.

Í samstarfi við RKÍ talar prestur innflytjenda ekki um trúmál, samkvæmt stefnu RKÍ. En með því að kynnast hælisleitendum á þennan hátt, gerist það oft að þeir óska eftir frekari viðtölum og samtali. Þá fer prestur innflytjenda í heimsókn á ný eða býður viðkomandi á fund á öðrum stað. Samstarf á þennan hátt gengur mjög vel og það auðgar bæði starfsemi prestsins og RKÍ. Prestur innflytjenda vill þakka starfsfólki hjá RKÍ og sjálfboðaliðum fyrir gott samstarf á liðnu tímabili.

Einnig var málstofan „Fólk á flótta segir frá“ haldin 24. október 2014 í annað skiptið í Háskóla Íslands. Málstofan var skipulögð af starfshópi stúdenta í samstarfi við námsbraut í Mannfræði við Háskóla Íslands, Rauða krossinn á Íslandi og MARK (Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsókna). Prestur innflytjenda tók þátt í atburðinum frá alveg upphafi sem ráðgjafi. Málstofan tókst vel og mættu 60 manns.

## Samstarf við aðila utan þjóðkirkjunnar

Á því tímabili sem skýrslan nær yfir var ákveðin samvinna á milli prests innflytjenda og stofnana bæði innan þjóðkirkjunnar og utan hennar.

Prestur innflytjenda hefur verið varafulltrúi í MRSÍ fyrir hönd þjóðkirkjunnar síðan árið 2005.

Einnig sat hann í stjórn Rannsóknarstofu HÍ í fjölmenningarfræðum síðan árið 2009, en hætti árið 2014.

Prestur innflytjenda er í „Teymi um innflytjenda- og fjölmenningarmál“. Þetta er óformlegur vettvangur stofnana, sem tengd eru við málefni innflytjenda og fjölmenningar. Teymið er góður vettvangur til að safna upplýsingum sem varða málefni þess.

Samstarf við Rauða Kross Íslands og Háskóla Íslands var farsælt á skýrslutímabilinu eins og hefur verið greint í 2. lið.

## Samstarf við söfnuð Neskirkju og aðra söfnuði

Prestur innflytjenda tók þátt í safnaðarstarfi Neskirkju, þar sem hann er með aðsetur, og tók þátt í fermingarfræðslu.

Auk þess var ríkt samstarf við Nessöfnuð á skýrslutímabilinu í tengslum við Félag Horizon en frá því er greint í hér að neðan.

Prestur innflytjenda hafði óskað eftir messuskyldu svo að hann mætti messa á föstum grundvelli. Árið 2012 var samþykkt að prestur innflytjenda myndi leita að tækifærum til að messa mánaðarlega í prófastsdæmi Reykjavíkur vestra, til að byrja með.

Þessi tilraun er enn ekki komin í fastan farveg.



Frá brenniboltamóti Horizon

Hins vegar stefnir prestur innflytjenda að halda mánaðarlega messu á ensku í Breiðholtskirkju á næsta starfsári og ef það gengur upp, mun staðan verða mun betri.

Samt óskar prestur innflytjenda þess að hann fái tækifæri til að sjá um messu á íslensku reglulega af því að slíkt er sönnun um hið jákvæða fjölmenningarsamfélag.

Með góðfúslegu leyfi presta í söfnuðum, prédikaði prestur innflytjenda fjórum sinnum í söfnuðum á höfuðborgarsvæðinu á árinu. Þetta var í Seltjarnarneskirkju (júlí 2014), í Laugarneskirkju (janúar), í Kópavogskirkju (febrúar) og í Breiðholtskirkju (mars).

Prestur innflytjenda vill þakka viðkomandi söfnuðum fyrir tækifærið til að messa eða prédika og hlýjar móttökur.

Einnig hófst bænastund með hælisleitendum apríl 2015, í samvinnu með Laugarneskirkju eins og hefur verið greint í 1. lið.

Nánar um kirkjulega þjónustu:
Prédikun: 4 sinnum
Þjónusta í altarisgöngu: 5 sinnum
Guðsþjónusta: 1 sinni
Brúðkaup: 1 sinni
Skírn: 1 sinni
Bænastund með hælisleitendum: 5 sinnum (hófst 22. apríl 2015)

## Samráðsvettvangur trúfélaga á Íslandi og samstarf við Félag Horizon

Að byggja brú á milli þjóðkirkjunnar og annara trúfélaga sem eru nágrannar í samfélaginu er



Sema-dans dansaður á Ashura hátíðinni sem haldin var í Neskirkju

mikilvægt hlutverk og eitt af markmiðum prests innflytjenda.

Samráðsvettvangur trúfélaga var stofnaður í nóvember 2006 og eru núna í honum 16 trúfélög. Félögin eru: Þjóðkirkjan, Rómversk-kaþólska kirkjan, Fríkirkjan í Reykjavík, Krossinn, Kirkja sjöunda dags aðventista á Íslandi, Búddistafélag Íslands, Fríkirkjan, Vegurinn, Bahá'í -samfélagið, Félag múslima á Íslandi, Ásatrúarfélagið, FFWPU – Heimsfriðarsamband fjölskyldna og sameiningar, Söfnuður Moskvu-Patríarkatsins í Reykjavík, Kirkja Jesú Krists hinna síðari daga heilögu, Soka Gakkai á Íslandi (Búddistafélag), Óháði söfnuðurinn í Reykjavík, Menningarsetur Múslíma og Guðfræði- og trúarbragðafræðistofnun HÍ.

Reglulegir fundir voru haldnir, yfirleitt mánaðarlega. Samráðsvettvangurinn hélt málþingið „Trú og vísindi – hand in hand“ þann 19. febrúar í safnaðarheimili Neskirkju og þar mættu um 50 gestir.

Fyrirlesarar voru: Dr. Ingo Hoffmann (prófessor við Háskólann í Frankfurt, Báha´i), Eyrún Ósk Jónsdóttir (rithöfundur og leikstjóri, SGI búddisti) og Dr. Svanur Sigurbjörnsson (læknir, Siðmennt).

Einnig tóku fulltrúar samráðsvettvangsins þátt í Reykjavík Peace Festival“ sem var haldin í samvinnu við Reykjavíkurborg þann 22. febrúar í Hörpu.

Prestur innflytjenda tekur þátt í starfsemi vettvangsins sem fulltrúi Þjóðkirkjunnar ásamt Bjarna Randveri Sigurðarsyni, guðfræðingi og stundakennara við HÍ.

Prestur innflytjenda tók þátt í „Kristsdagur“ sem var haldin í Hörpu þann 27. september á samkirkjulegum vettvangi og bað fyrir innflytjendum á Íslandi.

Mikið samstarf hafði prestur innflytjenda við Félag Horizon, menningarleg samtök múslíma af tyrkneskum uppruna á skýrslutímabilimu. Aðaltilgangur félagsins er að fræða og hlú að gagnkvæmum skilningi í þjóðfélaginu.

Fyrst var honum boðið í „Ramadan dinner" sem var haldinn þann 24. júlí á Nauthóli sem einn af ræðumönnum.

Síðan kom Nessöfnuður, einkum séra Sigurvin Jónsson, til liðs við framtakið og tyrknesk hátíð „Ashura" var haldin í safnaðarheimili Neskirkju 15. nóvember. Nedó, æskulýðsfélag Neskirkju, tók virkan þátt í atburðinum frá undirbúningsstigi og félagar Nedó hófu að rækta vináttutengsl við æskulýðsfélaga í Horizon.

Á hátíðinni var tyrknesk menning eins og „Ebru-list" eða „Sema-dans", og um 150 gestir nutu stundarinnar.

Í útvarpsmessu í kjölfarið á þessu, lagði séra Sigurvin Jónsson, skipaður prestur Neskirkju, til samtal við íslam sem þema messunnar. Félagi úr Horizon og prestur innflytjenda báðu fyrir friði á milli mismunandi trúarbragða og lögðu áherslu á vináttu í messunni.

Horizon hélt svo brenniboltamót 11. apríl í íþróttahúsi Kennaraháskólans í samvinnu við prest innflytjenda og séra Sigurvin Jónsson í Neskirkju og Evu Björk Valdimarsdóttur, framkvæmdastjóra ÆSKÞ. Átta lið tóku þátt í mótinu en þau voru t.d. úr Félagi múslíma á Íslandi eða nemendur í HÍ auk Horizon-liðs og Nedó-liðs. Mótið heppnaðist mjög vel.

Prestur innflytjenda telur að slík samvinna og samvera séu mjög mikilvæg sérstaklega á tímum eins og nú þegar sterk andúð ríkir í þjóðfélaginu og hann þakkar Félagi Horizon, Neskirkju og ÆSKÞ fyrir góða samvinnu.

## Fræðslustarf og forvarnarstarfsemi

a) Samstarf við Móðurmálskennsluhóp Japana og „Móðurmál" samtök foreldra tvítyngdra barna.

b) Fyrirlestrar og fræðslustundir, alls 19 sinnum.
Fræðslan var haldin m.a. hjá HÍ (3 sinnum), fyrirlestur í Endurmenntun HÍ, innlegg í opnun listasýningar „Án landamæra" í Laugarneskirkju (tvisvar), fyrirlestur á málþingi um málefni hælisleitenda, fermingarfræðsla Dómkirkju, fermingarfræðsla Neskirkju, fermingarnámskeið Grensáskirkju (tvisvar), innlegg hjá Hollvinafélagi Breiðholtskirkju, innlegg á fundi með fulltrúm ESB nefndar ,,Inter cultural city", innlegg við nemendur LHÍ, innlegg við nemendur Guðfræðideildar HÍ, innlegg við ,,Gerum betur" (Ferðaþjónustuskrifstofu).

c) Greinargerðir í blöð og vefblöð (fyrir utan Trú.is) samtals 19 sinnum.

d) Pistlar og prédikanir á Trú.is, samtals 13 sinnum.

e) Viðtöl við blöð, sjónvarpsstöðvar, útvarpsstöðvar o.fl. samtals níu skipti.

## Lokaorð

Aðstæður í kringum málefni innflytjenda og hælisleitenda hafa stöðugt verið að breytast á síðustu tveimur áratugum. Konum frá Asíu fjölgaði mikið á seinni hluta tíunda áratug síðustu aldar og fordómar gagnvart innflytjendum jukust almennt sem og umræðan um fjölmenningu á árunum 2000-2004. Fjölgun karlaverkamanna frá EES varð áberandi á árunum 2005-2008.

Nú eru málefni múslima (bæði innanlands og utan) og hælisleitenda á Íslandi orðin brýn umræðuefni .

Samfélagið þarf að fylgja slíkum breytingum en það tekur allaf tíma til að laga kerfið og breyta því eftir þörfum. Þannig verður ákveðið holrúm/bil alltaf til staðar í samfélaginu. Prestur innflytjenda hefur alla tíð reynt í starfi sínu að vinna í og gegn slíkum holrúmum/bilum í samfélaginu sem myndast varðandi innflytjendamál. Prestur innflytjenda hefur ákveðinn sveigjanleika í starfi sínu og hann nýtist ágætlega til að sinna nýjum áskorunum í innflytjendamálum.

Eins og heyra má á ofangreindu þá hefur prestur innflytjenda eytt miklum tíma og starfsorku í að sinna málum hælisleitenda og einnig málum um íslam og múslíma í skýrslutímabili.

Samskiptin við hælisleitendur voru orðin talsvert mikil strax í byrjun ársins 2015. Tilraun prests innflytjenda til að tengja og fylgja hælisleitendum til messu í söfnuðum kirkjunnar tók ákveðinn tíma hjá prestinum en það reyndist þess virði því hælisleitendur fengu þar tækifæri til að rækta trú sína og fólk í söfnuðinum fékk tækifæri til að kynnast hælisleitendum en samskipti eru besta leiðin til að losna við fordóma.

Af þessu starfi leiddi vikulega bænastund „Seekers" í Laugarneskirkju. Miðað við almenna messu, er bænastundin persónulegri og hælisleitendur beðið Guð fyrir sín sérstöku mál. Prestur innflytjenda vill þakka séra Kristínu Þórunn Tómasdóttur og Laugarnessöfnuði fyrir góðan skilning á málum og samvinnu.

Það var annríki hjá presti innflytjenda á fyrri hluta ársins 2015 og hann gat aðeins tekið sér átta frídaga frá byrjun janúar til síðastu viku maímánaðar þegar hann fór í sumarfrí. En hinn ríkulegi starfsárangur hefur umbunað honum.

Prestur innflytjenda hyggst halda aðra bænasamkomu fyrir flóttafólk og innflytjendur á nýju starfsári í samvinnu við séra Steinunni Arnþrúði Björnsdóttur, prest í Hjallakirkju. Nánari upplýsingar um það munu koma síðar.

Einnig er mánaðarleg messa á ensku í Breiðholtskirkju á dagskrá nýs starfsárs.

Prestur innflytjenda hefur haldið þeirri grunnstefnu að móta ekki sérstakan innflytjendahóp innan kirkjunnar heldur hvatt til þess að innflytjendur og Íslendingar sæki sömu messu saman.

Sú stefna er óbreytt. Bænastund á ensku er sérstaklega fyrir fólk sem er í mikilli neyð eins og hælisleitendur, og messum á ensku er ætlað að vera stökkpallur áður en farið er í íslenska messu, ekki varanlegt úrræði. Engu að síður blasir það við núna að slík þjónusta sé nauðsynleg og þýðingarmikil.

Að lokum skal geta þess að aðalhlutverk prests innflytjenda er ekki að annast athafnir, heldur sálu hvers einstaklings á hans jarðnesku tilveru og gangi. Prestur innflytjenda nýtur þess mikið að starfa í þjóðkirkjunni og þjóna fólki í þjóðfélaginu, með gleði.

Drottinn blessi starfið og varðveiti aðila þá sem koma að því.

# Prestur Íslendinga í Noregi

**Sr. Arna Grétarsdóttir**

## Inngangur

> ***Fyrst Kristur veitir kjark, fyrst kærleikur hans uppörvar, fyrst andi hans skapar samfélag, fyrst þar ríkir hlýja og samúð gerið þá gleði mína fullkomna með því að vera einhuga, hafa sama kærleika, einn hug og eina sál." (Fil.2.1-2)***



Þessi orð úr Filippíbréfinu lýsa vel þeim kærleiksanda sem einkenna samfélag og samstarf allt í söfnuðinum okkar. Kærleiksuppsprettuna og kjarkinn til þjónustunnar er að finna í Jesú Kristi. Stór hópur vinnur saman að því að skapa notalegt og uppbyggilegt andrúmsloft fyrir þau fjölmörgu sem leita þjónustu safnaðarins og fyrir það ber að þakka, bæði þeim sem leggja hönd á plóg, sem og Guði sem sendi okkur son sinn Jesú Krist sem vísar veginn. Ég er þakklát öllum fyrir veru ykkar og verk, sem og góðum Guði fyrir að gefa trú, von og samstarfsanda.

Íslenski söfnuðurinn í Noregi er einn af fjölmörgum söfnuðum Þjóðkirkju Íslands og fær fjármagn til boðunarstarfsins í gegnum norsk sóknargjöld, frá ríki og sveitafélögum. Þau sem skráð eru í Þjóðkirkju Íslands og flytja til Noregs eru því hluti af Íslenska söfnuðinum í Noregi. Þetta fyrirkomulag á sóknarbarnaskráningu er notað fyrir þær norrænu þjóðkirkjur sem eru starfandi í Noregi. Þegar sótt var um sóknargjöld fyrir árið 2014 lá fyrir efi um þetta skráningarform og óvissa ríkti um hvort sóknargjöld bærust yfirleitt. Þegar þetta er ritað hafa sóknargjöldin borist og þar með má ætla að viðkennt sé hjá norskum yfirvöldum að

þjóðkirkjuskráning í þeim löndum sem þjóðkirkja er rekin sé viðurkennd. Góðir lögfræðingar hafa unnið vel og samstarf norrænu kirknanna ómetanleg. Við erum lánsöm og njótum mikilla forréttinda að hafa fé til að boða trú á frelsarann Jesú Krist. Söfnuðurinn nær yfir stórt og yfirferðarmikið land og þjónustan markast af þeim landfræðilegu aðstæðum.

Biskup Íslands hefur vígt Ásu Laufeyju Sæmundsdóttur til 50% prestsþjónustu við Íslenska söfnuðinn í Noregi að beiðni sóknarnefndar. Ása Laufey mun áfram gegna 50% stöðu fræðslufulltrúa og hafa að megin verkefni að sjá um yfirgripsmikið barna- og æskulýðsstarf. Þær breytingar hafa því gengið í gegn hvað prestsþjónustuna varðar að nú er starfandi sóknarprestur í fullu starfi og prestur í hálfu starfi. Breytingar á starfsreglum safnaðarins voru samþykktar á aðalfundi 2015 til að fylgja eftir þessari þróun.

Inga Erlingsdóttir er ritari safnaðarins og er okkur öllum innan handar með fastri viðveru í Ólafíustofu sem er til húsa að Pilestredet Park 20 í Óslo.

Í sóknarnefnd hefur valist einvalalið með metnað og trúarvilja til að byggja upp safnaðarstarfið, halda því við sem vel hefur verið gert í gegnum árin og reka söfnuðinn með ábyrgum hætti. Formaður sóknarnefndar er Arnar Páll Michelsen.

## Prestsþjónusta

### *Guðsþjónustur, helgihald og athafnir*

Guðsþjónustuhald var á einum 10 stöðum árið 2014. Þeir staðir sem messað var á eru: Ósló, Drammen, Kristiansand, Stavanger, Bergen, Þrándheimur, Tromsö, Sandefjord, Ålesund og Ísland (fermingarmessa á Seltjarnarnesi). Haldnar voru 28 guðsþjónustur og 27 bæna- og/eða helgistundir og 88 sunnudagaskólar um landið. 5300 sálir sóttu helgihald safnaðarins á árinu þar sem talið var. Árið 2014 voru skírð 11 börn, í kirkjum og heimahúsum. Hjónavígslur voru átta og sjö útfarir/minningarathafnir. 51 barn var skráð í fermingarfræðslu safnaðarins veturinn 2013-14 og á árinu 2014 voru fermd 24 börn í fjórum athöfnum (Osló, Stavanger, Sandefjord og Seltjarnarneskirkju). Hluti fermingarbarnanna fermist á Íslandi hjá prestum á fyrri heimaslóðum fjölskyldnanna. Þetta er gert í góðu samstarfi og gefur prestur út vottorð um að fermingarfræðslu sé lokið eða muni ljúka hjá söfnuðinum í Noregi.

Blómlegt barna- og æskulýðsstarf er rekið um landið og eldri borgarar 60 ára og eldri hittast í Ólafíustofu í Ósló einu sinni í mánuði yfir veturinn. Lesa má sérstaka skýrslu um starfið á www.kirkjan.no.

Við skipulag á guðsþjónustunum eru tengiliðirnir eða safnaðarfulltrúarnir út um landið ómissandi sem fyrr. Það er mjög misjafn hvert hlutverk þeirra er eftir stöðunum, enda aðstæður oft ólíkar staða á milli. Hér verður einnig að minnast á kórastarfið sem fer vaxandi meðal Íslendinga í Noregi. Nú eru starfandi þrír kórar, Ískórinn í Ósló, Íslendingakórinn í Bergen og Kór Kjartans í Þrándheimi. Þessir kórar hafa allir gegnt hlutverki kirkjukórs í messuhaldinu á árinu.

*Aðventuhátíðin í Ósló* heppnaðist með eindæmum vel. Herra Karl Sigurbjörnsson fyrrverandi biskup Íslands flutti hátíðarræðu við mikið lof. Það var sérstaklega hátíðlegt að fá Hr. Karl og frú Kristínu í heimsókn og unun að hlusta á vel flutta ræðu sem snerti marga strengi. Gunnar Þórðarsson, hinn ástsæli tónlistarmaður flutti fallega tónlist ásamt Hjörleifi Valssyni fiðluleikara og Ískórnum. Þeir fóru einnig til Bergen og Þrándheims og glöddu þar kirkjugesti aðventunnar.

*Sameiginleg guðsþjónusta* íslenska safnaðarins í Noregi og Nordberg safnaðar í Osló var

haldin í október. Prestar safnaðanna sr. Egil Stray Nordberg og sr. Arna Grétarsdóttir leiddu guðsþjónustuna ásamt messuþjónum. Messan fór fram á íslensku og norsku og sungnir voru sálmar á báðum tungumálum. Framundan er að norrænu þjóðkirkjurnar sem starfa í Noregi hefji samstarf sín á milli og með sameiginlegu guðsþjónustuhaldi með reglulegu millibili.

*20 ára messuafmæli safnaðarins* var minnst á annan í hvítasunnu með hátíðarguðsþjónustu. Sr. Jón Dalbú Hróbjartsson, sem söng fyrstu messuna meðal Íslendinga í Noregi fyrir 20 árum, var sérstakur gestur safnaðarins við þessi tímamót. Í hátíðarmessunni predikaði sr. Jón Dalbú og þjónaði fyrir altari og fermdi börn ásamt sóknarpresti safnaðarins.

Sóknarprestur hefur getað leitað til íslenskra presta sem starfandi eru hjá norsku kirkjunni til að taka einstaka guðsþjónustu eða athöfn. Þetta hefur verið hið ágætasta fyrirkomulag enda prestsþjónustan yfirgripsmikil um víðfeðmar lendur Noregs.

### *Sálgæsla og kærleiksþjónusta*

Prestur sinnti sálgæslu og kærleiksþjónustu sem fyrr og fór í 21 hús- og sjúkravitjanir á árinu. 89 sálgæsluviðtöl voru veitt á skrifstofu/kirkjum eða hótelum og 154 símasálgæsluviðtöl voru veitt. Þá er ótalin sálgæsla sem veitt er í gegnum tölvusamskipti.

*Ólafíusjóður* safnaðarins starfar eftir skipulagsskrá sem aðalfundur setti sjóðnum. Sjóðnum er ætlað að styrkja íslenskar fjölskyldur sem búsettar eru í Noregi í neyð ásamt því að meta hvert ár hvort styrkja beri hjálparstarf á Íslandi. Formaður sjóðsstjórnar er Dr. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir prófessor og fyrrverandi sendiherra í Osló. Úr sjóðnum var úthlutað á árinu 2014 nkr. 49.000.- til einstaklinga og fjölskyldna og nkr. 30.000.- var veitt til Hjálparstarfs kirkjunnar á Íslandi.

## Fræðsla og námskeið

Ýmis námskeið hafa verið í boði og eru þar á meðal námskeið sem kallast *Lífsýn og trú*, *Sjálfstyrkingarnámskeið fyrir konur* og *Hjónanámskeið*. Höfundar námskeiðanna eru Sr. Arna Grétarsdóttir og Eygló Sigmundsdóttir sálfræðingur. *Konur eru konum bestar* er námskeið sem Margrét Ólöf Magnúsdóttir djákni hefur sérhæft sig í og hélt einu sinn á árinu. Árlegt leiðtoganámskeið var haldið fyrir sunnudagaskólaleiðtoga íslensku safnaðanna á Norðurlöndum og var skipulag og umsjón í höndum Íslenska safnaðarins í Noregi í samstarfi við fræðslusvið Biskupsstofu. Námskeið fyrir ungleiðtoga var haldið í tengslum við fermingarfræðsluferð til Svíþjóðar. Fermingarnámskeiðin eru tvisvar á ári, í maí og september. Þessi námskeið eru samstarfsverkefni Íslensku safnaðanna á Norðurlöndum.

## Upplýsingamál, samstarf og fundir

Heimildarmynd um Ólafíu Jóhannsdóttur og söfnuðinn var frumsýnd 22. október á fæðingardegi Ólafíu í Ólafíustofu. Myndin var samstarfsverkefni Safnaðarstjórnar, Ólafíusjóðs-stjórnar og Guðna Ölverssonar sem fékk til liðs við sig Viðar Hákon Gíslason. Gert er ráð fyrir að myndin verði sett á netið innan skamms.

Fréttabréf safnaðarins kemur út tvisvar á ári og haldið er úti heimasíðu: www.kirkjan.no. Safnaðarstarfið er einnig kynnt á facebook.

Samstarf við sendiráðsskrifstofu er mikilvægt þegar á reynir og er sendiherra og öllu starfsfólki hans þakkað gott samstarf.

Eins er mikilvægt fyrir prest að vera í góðu samstarfi við presta og starfsfólk norsku kirkjunnar víða um land, þar sem allt guðsþjónustuhald er háð því að fá inni í norskum kirkjum.

Sóknarprestur sótti 54 fundi á árinu í tengslum við safnaðarstarf allt og prestsþjónustu ásamt því að sinna 22 fyrirlestrum, námskeiðum og annarri fræðslu.

## Að lokum

Safnaðarstarfið er án efa lifandi og virkt samfélag sem er í góðum tengslum við þau sem þiggja þjónustu. Á hverju ári eru gerðar breytingar sem styrkja og bæta starfið og þjónustuna. Ég bið þess að þau fjölmörgu sem þjóna í hinum margvíslegu trúnaðarstörfum fái að nærast af kærleiksanda Krists sem uppörvar og leiðir í lífi öllu. Það er von mín að hvert skref og hver ákörðun sem tekin er af leiðtogum öllum styrki söfnuðinn okkar til framtíðar. Verkefni yfirstandandi árs eru ærin og krefjandi þá ríður á að samhugur um markmið safnaðarins sé öllum ljós; að boða kærleiksríkt Orð Drottins Jesú Krists til lífs, vonar og frelsis.

Ársskýrslu sóknarprests og safnaðarstarfsins má lesa óstytta á www.kirkjan.no

***Kærleikur Drottins umvefji allt safnaðarstarfið og gefi okkur öllum trú, kjark og samhug til að takast á við verkefni daganna.***

# *Íslenska kirkjan í Svíþjóð og Danmörku*

**Sr. Ágúst Einarsson**

## Inngangur

Þau ánægjulegu tíðindi bárust á vordögum árið 2014 að íslenska þjóðkirkjan vildi á ný koma að fjármögnun íslensks prestsembættis á meðal Íslendinga í Svíþjóð og Danmörku. Frá miðju ári 2014 var undirritaður settur í embætti prests í Svíþjóð með aðsetur í Gautaborg ásamt nágrannaþjónustu við söfnuðinn í Danmörku.

Að baki eru rúm fjögur ár þar sem reynt var að halda uppi íslensku safnaðarstarfi við ótryggar aðstæður í þessum tveimur löndum. Í Svíþjóð reyndist mögulegt að halda úti prestsþjónustu í hlutastarfi með hjálp styrkja frá sænsku kirkjunni og samningi við Sjúkratryggingar Íslands um þjónustu við íslenska sjúklinga á Sahlgrenska sjúkrahúsinu. Nánari umfjöllun um íslenska kirkjustarfið í Svíþjóð síðustu ár er að finna í Árbók kirkjunnar 2013. Í Danmörku lagðist prestsembættið hins vegar af. Á prestslausa tímabilinu skipulagði sóknarnefndin í Kaupmannahöfn guðsþjónustur og fermingarstarf með prestum frá Svíþjóð, Noregi og Íslandi, auk þess sem sr. Kristinn Á. Friðfinnson sem var í námsleyfi í Kaupmannahöfn kom einnig að þjónustunni. Sunnudagaskólastarf var i umsjón foreldra í samstarfi við sóknarnefndina og fermingarbörnin komu á fermingarmót í Svíþjóð þar sem undirritaður hafði umsjón með fræðslunni.

Nú sjáum við fram á bjartari tíma og hinn nýi starfsgrundvöllur er afar kærkominn. Prestsþjónustan felst í helgihaldi, sálgæslu og öðru safnaðarstarfi í Svíþjóð og Danmörku í samráði við sóknarnefndirnar í Gautaborg og Kaupmannahöfn. Samkvæmt samningi við Utanríkisráðuneytið hefur presturinn vikulega viðveru í íslenska sendiráðinu í Kaupmannahöfn. Einnig er sem fyrr samkomulag við Sjúkratryggingar Íslands um að presturinn sé sjúklingum og aðstandendum sem leita sér lækninga á Sahlgrenska sjúkrahúsinu í Gautaborg innan handar.

## *Íslenska kirkjustarfið í Svíþjóð*

### Guðsþjónustur, barnastarf og kórstarf í Gautaborg

Íslenska kirkjustarfið í Svíþjóð með aðsetur í Gautaborg hófst með því að sr. Jón Dalbú Hróbjartsson kom til Gautaborgar árið 1994. Þjóðkirkjan sendi hann hingað í samvinnu við Sjúkratryggingar Íslands til aðstoða sjúklinga sem sendir voru á Sahlgrenska sjúkrahúsið og til að vinna að almennu safnaðarstarfi.  Við fögnuðum 20 ára afmæli kirkjustarfsins með hátíðarguðsþjónustu 12. október 2014. Sr Jón Dalbú Hróbjartsson heimsótti okkur af þessu tilefni og predikaði í guðsþjónustunni. Einnig komu fulltrúar íslensku safnaðanna í Noregi og Danmörku til að samfagna okkur.

Íslenskar guðsþjónustur eru mánaðarlega í Gautaborg í Västra Frölunda kirkju. Kirkjusókn hefur verið ágæt, yfirleitt um 40–60 manns en mun fleiri við hátíðarguðsþjónustur. Boðið er upp á barnastund og smábarnahorn í tengslum við guðsþjónusturnar. Með því fær öll fjölskyldan tækifæri til þess að njóta samverunnar í kringum helgihaldið.

Kirkjuskólinn í Gautaborg var tvisvar í mánuði yfir vetrartímann og aðsókn góð. Afbragðs aðstaða er fyrir barnastarf í safnaðarheimili V-Frölunda kirkju og fjölskyldusamveran kringum barnastarfið er vinsæl. Síðstliðinn vetur sóttu 20 til 30 manns barnastarfið í hvert sinn. Umsjón höfðu Birna, Júlíus, María og Rósa auk prests.

Íslenski kórinn í Gautaborg hefur frá upphafi verið mjög mikilvægur samstarfsaðili sóknarnefndar og prests. Íslenski kórinn hafði verið stofnaður fimm árum áður en kirkjustarfið hófst og hefur alla tíð verið ein af grunnstoðunum í að halda uppi reglulegu guðsþjónustuhaldi í Gautaborg. Lengst af var formaður sóknarnefndar, Kristinn Jóhannesson, einnig kórstjóri og kona hans Tuula Jóhannesson annaðist hljóðfæraleikinn í guðsþjónustunum. Það urðu því mikil tímamót á miðju ári 2014 þegar Kristinn og Tuula hættu sem stjórnendur kórsins og organisti í íslenskum guðsþjónustum í Västra Frölunda kirkju. Á aðalsafnaðarfundi í janúar 2015 voru Kristni og Tuulu færðar innilegar þakkir fyrir allt sem þau hafa af listfengi veitt til yndis og ánægju á tónlistarsviðinu.

Jafnframt buðum við velkominn nýjan kórstjóra Þorstein Sigurðsson og nýjan orgelleikara Lisu Fröberg. Eiginmaður hennar Herbjörn Þórðarson einsöngvari syngur einnig reglulega við guðsþjónustur.

### Kirkjustarf í Lundi og Stokkhólmi

Í Lundi var jólaguðsþjónusta á Þorláksmessu í St Hans kirkju í Lundi að venju og var vel sótt. Íslenski kórinn í Lundi söng, auk þess sem nokkrir unglingar léku á hljóðfæri.




Frá fermingarmóti á ÅH stiftgård, 34 unglingar voru í fermingarfræðslu í Svíþjóð og Danmörku

Í Stokkhólmi er kirkjuskóli einu sinni í mánuði í umsjón Sólveigar Cosser og Daggar Gunnarsdóttur. Í Stokkhólmi er nýstofnaður íslenskur kór undir stjórn Brynju Guðmundsdóttur og gefur möguleika til að auka íslenskt guðsþjónustuhald í höfuðborginni og fyrsta sameiginlega verkefnið var aðventuhátíð í desember 2014.

## Fermingarfræðslan

Fermingarfræðslan var með hefðbundnu sniði starfsárið 2013 til 2014. Um haustið hóf nýr hópur frá Svíþjóð, Noregi og Danmörku fermingarfræðslu með samveru í Åh stiftsgård síðustu helgi í september og voru 20 unglingar í sænska fermingarhópi vetrarins. Unglingarnir lesa íslenska kennslubók og leysa verkefni í tölvusamskiptum milli fermingarmóta. Boðið er upp á fræðslutíma eftir því sem við verður komið. En þeir sem ekki komast í fræðslutíma fá einstaklingskennslu gegnum tölvu með hjálp samskiptaforritsins Skype. Þá sækja unglingarnir íslenskar eða sænskar guðsþjónustur a.m.k. mánaðarlega. Í samvinnu við Gídeonfélagið á Íslandi er unglingunum í fermingarfræðslu fært Nýja testamentið að gjöf.

## Sjúkrahúsþjónustan

Presturinn hefur það hlutverk í samvinnu við Sjúkratryggingar Íslands að veita Íslendingum er koma á Sahlgrenska sjúkrahúsið í Gautaborg aðstoð. Ár hvert koma nú um 30 sjúklingar til rannsókna og aðgerða. Dvalartíminn er frá 4 dögum og upp í nokkra mánuði. Það er viðbótarálag að vera í öðru landi þar sem tungumálið er hindrun og vera jafnframt fjarri stuðningsneti fjölskyldu og vina. Prestinum er ætlað að veita stuðning eftir þörfum og óskum hvers og eins.

## Sóknarnefnd og samstarfsaðilar

Prestur og sóknarnefnd hafa samvinnu um safnaðarstarfið og í sóknarnefnd Íslensku kirkjunnar í Svíþjóð eru: Birna Ágústsdóttir, formaður og ritari, Guðni Jónsson, varaformaður, Rósa Jónasdóttir, gjaldkeri og meðstjórnendur eru Atli Seelow, Bjarni Arngrímsson og Björn Sverrisson. Mikilvægur samstarfsaðili okkar er Christina Nilroth ræðismaður Íslands í Gautaborg. Hún sýnir starfinu mikinn áhuga og fundar með okkur mánaðarlega til að ræða íslensk menningarmál.

Nýr sendiherra Íslands í Svíþjóð frá miðju ári 2015 er Estrid Brekkan, við bjóðum hana velkomna með ósk um gott samstarf. Jafnframt þökkum við Gunnari Gunnarsyni fráfarandi sendiherra fyrir gott samstarf.

Eftirlitsaðili okkar fyrir hönd biskups er prófasturinn í Reykjavíkurprófastsdæmi vestra. Sr. Birgir Ásgeirsson hefur gegnt því embætti þar til hann lét af störfum um mitt ár 2015. Við þökkum honum innilega fyrir gott samstarf, velvilja, stuðning og ötula baráttu við að skapa á ný grunn fyrir kirkjustarf meðal Íslendinga í Svíþjóð og Danmörku. Við fögnum einnig nýjum prófasti sr. Helgu Soffíu Konráðsdóttur og samstarfi við hana. Þessi þakkarorð til fráfarandi prófasts og ánægju með nýjan prófast flyt ég fyrir hönd sóknarnefnda beggja landa.

Leiðtoganámskeið hefur verið samstarfsverkefni íslensku safnaðanna á Norðurlöndum um árabil. Í byrjun september 2014 var leiðtoganámskeiðið haldið í Osló. Elín Jóhannesdóttir kom frá Íslandi og kynnti nýja efnið frá fræðsludeild Þjóðkirkjunnar. Einnig voru fleiri fyrirlesarar með efni er tengist styrkingu leiðtoga í kristilegu starfi. Það er nýjum sem reyndari leiðtogum í íslensku barnastarfi á erlendri grund mikilvægt að fá að taka þátt í þessum fræðslusamverum sem haldnar eru árlega. Leiðtogarnir fá fræðslu og hvatningu og finna að þeir eru hluti af þeirri stóru heild sem er fræðslustarfsemi íslensku Þjóðkirkjunnar.

## Möguleikar og takmarkanir í íslensku safnaðarstarfi í Svíþjóð

Vegna þess hve þjónustusvæði íslenska prestsins er stórt um þessar mundir eru prestinum settar skorður um þjónustu í Svíþjóð. Auðveldast er að tryggja reglubundna þjónustu við Íslendinga í Gautaborg og nágrenni. Alltaf má hafa samband og athuga hvaða möguleikar eru fyrir hendi. Prestur hefur ásamt sóknarnefnd lagt áherslu á að reyna að koma á reglubundnu barnastarfi með hjálp heimafólks sem víðast um land. Það hefur tekist í Stokkhólmi eins og áður er nefnt og vonir standast til að innan skamms verði hægt að taka upp þráðinn í Lundi. Við hvetjum áhugasama um íslenskt safnaðarstarf í Svíþjóð til að hafa samband og ræða góðar hugmyndir.

Upplýsingar um kirkjustarfið hverju sinni er að finna á www.kirkjan.se en netfangið er kirkjan@telia.com og sími Ágústs er 0046702863969 (innanlands 0702863969) og íslenskur sími er 5457726.

# *Íslenska kirkjustarfið í Danmörku*

## Guðsþjónustur og barnastarf í Kaupmannahöfn

Sr. Jónas Gíslason hóf störf í Kaupmannahöfn árið 1964 og íslensk prestsþjónusta hefur því verið nær samfelld í rúm 50 ár í okkar gömlu höfuðborg.

Íslenskar guðsþjónustur eru haldnar einu sinni í mánuði í Skt Pauls kirkju. Kvennakórinn í Kaupmannahöfn undir stjórn Sigríðar Eyþórsdóttur og Kammerkórinn Staka skiptast á að syngja í guðsþjónustum. Kirkjukaffið er í Jónshúsi og er hverju sinni í umsjón þess kórs sem ekki syngur í guðsþjónustunni.

Sunnudagaskólinn var einu sinni til tvisvar í mánuði í Jónshúsi á sunnudögum kl. 13. Umsjón síðasta vetur höfðu: Vera, Helga, Ásta og Ágúst. Sunnudagaskólinn er lífleg samvera með söng, frásögum og brúðuleikhúsi og hafa um 20 manns sótt þessar samverur síðastliðinn vetur, börn ásamt foreldrum.

## Fermingarfræðsla

Síðastliðinn vetur voru 14 unglingar í fermingarhópnum. Kynningarfundur um fermingarfræðsluna var fyrir börn og foreldra í Jónshúsi um miðjan september 2014. Síðan hófst fræðslan með fermingarmóti á Åh stiftgard í Svíþjóð síðustu helgina í september. Vormótið var á sama stað fyrstu helgina í maí 2015. Fermingarmótin eru tveggja sólarhringa námskeið þar sem leitast er við að samtvinna fræðslu, helgihald, íþróttir og útiveru. Milli fermingarmóta voru fræðslusamverur í Jónshúsi og einnig var skipulagður langur laugardagur í nóvember 2014 með fjölbreyttri dagskrá. Þau fermingarbörn sem búa í Kaupmannahöfn sækja guðsþjónusturnar í Skt. Pauls kirkju en fara einnig með kirkjusóknarblöð í dönsku kirkjuna næst heimilinu. Fermingarbörnum utan Kaupmannahafnar er boðið upp á einstaklingskennslu gegnum tölvusamskipti (Skype).

## Sóknarnefnd og samstarfsaðilar

Prestur og sóknarnefnd vinna saman að kirkjustarfinu og í sóknarnefnd Íslensku kirkjunnar í Danmörku voru á síðasta starfsári: Lárus Guðmundsson formaður, Vera Guðmundsdóttir varaformaður, Borgþór Arngrímssson gjaldkeri, Vala Ólafsdóttir ritari og meðstjórnendur voru Signý Kristinsdóttir og Katrín Ósk Einarsdóttir.

Margháttaður stuðningur Íslenska kirkjustarfsins í Noregi hefur verið ómetanlegur á þeim þrengingartímum sem verið hafa. Sérstakar þakkir fyrir frábæran stuðning færum við sr. Örnu Grétarsdóttur, sr. Ásu Laufey Sæmundsdóttur og Arnari Páli Michelsen formanni sóknarnefndar.

Sr. Gísla Gunnarsyni kirkjuráðsmanni þökkum við einnig mikinn velvilja og stuðning. Sr Gísli var gestur okkar og flutti hugvekju í Skt. Pauls kirkju á aðventuhátíðinni 2014.

Menningarmiðstöð Íslendinga í Kaupmannahöfn, Jónshús, er í raun safnaðarheimili kirkjustarfsins. Við erum afar þakklát fyrir þá góðu aðstöðu sem okkur er veitt þar. Jón Runólfsson, sem ásamt konu sinni Ingu, hefur verið forstöðumaður Jónshúss um árabil lét af störfum s.l. sumar (2015). Þau hjónin voru gestir á uppskeruhátíð sóknarnefndar í júní síðastliðnum þar sem þeim heiðurshjónum var þakkað fyrir mjög svo gott og elskulegt samstarf öll árin. Hallfríður Benediktsdóttir er nýr forstöðumaður Jónshúss og við bjóðum hana velkomna til starfa og hlökkum til samstarfsins.

Skt. Pauls kirkja er mikilvægur samstarfsaðli kirkjustarfsins. Í áratugi hefur íslenska kirkjustarfið fengið þar inni fyrir guðsþjónustur endurgjaldslaust og kirkjan hefur auk þess boðið fram þjónustu organista kirkjunnar. Kathrine Bang Lilleör er sóknarprestur kirkjunnar.



Sunnudagaskóli í Jónshúsi í Kaupmannahöfn

## Viðvera prests í Sendiráði Íslands í Kaupmannahöfn

Samkvæmt samningi við íslenska Utanríkisráðuneytið hefur presturinn viðveru í Sendiráði Íslands í Kaupmannahöfn einn dag í viku. Á skrifstofunni í Sendiráðinu annast presturinn skipulagningu og viðtöl tengd almennri prestsþjónustu. Samhliða tekur presturinn við ýmsum verkefnum er berast inn á borð sendiráðsins og er þannig sem einn af starfsmönnum Sendiráðsins.

Það er prestinum mikils virði að hafa fastan vinnustað í Sendiráðinu og gott samstarfsfólk á starfssvæði þar sem hann annars er gestkomandi á mörgum stöðum. Samstarfið við Benedikt Jónsson, sendiherra og Veturliða Þór Stefánsson, sendiráðunaut og annað starfsfólk sendiráðsins hefur á margan hátt auðveldað prestinum að vinna starf sitt í Danmörku.

Til að fá hjónavígsluréttindi fyrir íslenska prestinn í Danmörku var eina færa leiðin að sækja um vígsluréttindi fyrir sendiráðsprest fyrir atbeina Sendiráðsins. Aðrar leiðir reyndust ekki færar því að Íslenski söfnuðurinn í Danmörku er óformlegt trúfélag og Danska þjóðkirkjan hefur reynst fremur treg til samstarfs um íslensku prestsþjónustuna. Önnur mikilvæg fyrirgreiðsla Sendiráðsins var að útvega prestinum nafnskírteini frá danska utanríkisráðuneytinu sem auðveldar honum að gera grein fyrir sér við heimsóknir í fangelsi, á sjúkrahús og aðrar stofnanir.



Heimsókn íslenskuskólans í Skt. Pálskirkju

## Heimsókn biskups Íslands

Heimsókn biskups Íslands Agnesar M. Sigurðardóttur er ráðgerð fyrstu helgi í desember 2015 til íslensku kirkjunnar og Íslendinga í Kaupmannahöfn. Biskup Íslands mun hitta Bertel Haarder kirkjumálaráðherra, Peter Skov-Jakobsen, biskup Kaupmannahafnar og Egil Bank Olesen prófast auk þess að vera með á aðventuhátíð í Skt Pauls kirkju á 2. sunnudegi í aðventu.

## Möguleikar og takmarkanir í íslensku safnaðarstarfi í Danmörku

Reynt er að tryggja reglubundna þjónustu við Íslendinga í Kaupmannahöfn og nágrenni. Oft er hægt að verða við beiðnum um athafnir víðar í Danmörku ef fyrirvarinn er góður. Prestur og sóknarnefnd hvetja til þess að fjölskyldu- og barnastarf komist á laggirnar á fleiri stöðum í Danmörku og höfða þar til áhugasamra foreldra. Vel kemur til greina að fá prest og fulltrúa úr sunnudagaskólahópnum í Kaupmannahöfn í heimsókn, ef það gæti orðið til hjálpar og hvatningar til að koma á reglulegu starfi.

Oft fer umræða, ráðgjöf og skipulagning fram með símtali eða tölvusamskiptum þegar fjarlægðir hamla því að auðvelt sé að hittast. Einnig hefur reynst vel að hittast á „Skype" til að hafa fermingarfræðslu, hjónaviðtal eða aðra fundi.

Upplýsingar um kirkjustarfið hverju sinni er að finna á www.kirkjan.dk og netfangið er prestur@kirkjan.dk Sími Ágústar er 004533181056 (innanlands 33181056) og íslenskur sími er 5457726.

# *Trúarleg þjónusta á Sjúkrahúsinu á Akureyri*

**Sr. Guðrún Eggertsdóttir, sjúkrahúsprestur**

## Inngangur

Trúarleg þjónusta hefur verið starfandi við FSA síðan 1. janúar 1995 og er nú sinnt af presti í 75% starfi. Vegna skipulagsbreytinga er ekki lengur um sjálfstæða deild að ræða en þjónustan heldur þó áfram á svipaðan hátt og verið hefur eftir því sem mögulegt er eftir niðurskurð og minnkun stöðugilda.

## Starfsemin

Starfið felst í sálgæsluviðtölum, samfylgd, fræðslu og helgihaldi, einnig eru úrvinnslu- og viðrunarfundir með starfsfólki, auk áfallahjálpar við sjúklinga og aðstandendur stór þáttur þjónustunnar. Þjónustan stendur öllum til boða, jafnt sjúklingum, aðstandendum og starfsmönnum. Leitað er leiða til að laga helgihaldið sem best að þörfum deilda og einstaklinga.

Stór hluti þess fer fram í dagstofum og sjúkrastofum, en um 110 helgistundir voru á árinu 2014. Undanfarin ár hefur Dóróthea Tómasdóttir organisti aðstoðað við guðsþjónustur í Kristnesi, ásamt tveim sjálfboðaliðum þeim Hermanni Jónssyni og Kristjáni Árnasyni sem leiða sönginn. Þökkum við þeim öllum innilega þeirra mikilvæga framlag.

Tilkoma kapellunnar, sem vígð var í desember 2007 breytti aðstöðu og umgjörð fyrirbænastunda og viðameira helgihalds. Organistar og kórar kirknanna á Akureyri koma og leiða söng á stórhátíðum og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir. Þróunin hefur reyndar orðið sú að ferðafærir sjúklingar fara heim um stórhátíðir og þeir sem eftir eru á deildunum treysta sér illa til að fara fram í kapellu. Því hefur verið brugðið á það ráð að fara með helgihaldið inn á deildarnar og hefur það mælst vel fyrir.

Kapellan nýtist þó fyrst og fremst öllum þeim sem finna vilja skjól í erli dagsins, athvarf til bænar og íhugunar. Kapellan er alltaf opin öllum sem þangað vilja leita. Vikulegar fyrirbænastundir á miðvikudagsmorgnum eru öllum opnar og í sjö ár hefur verið boðið upp á vikulegar bæna- og íhugunarsamverur með áherslu á Kyrrðarbæn (Centering prayer) í kapellunni.

Í september hefur, í nokkur ár, verið boðið upp á minningarstund vegna fósturláta. Stundin er haldin í Höfðakapellu, í samvinnu við útfararþjónustu kirkjugarða Akureyrar.

Sjúkrahúsprestur sinnir einnig fræðslu til starfsmanna sem og ýmissa hópa utan Sjúkrahússins m.a. með kynningu á trúarlegri þjónustu og starfi sjúkrahúsprests, fræðslu um áfallahjálp, sálgæslu, sorg, áföll, bæn og íhugun.

## Samstarf

Hið góða samstarf við starfsfólk á deildum og öllum einingum Sjúkrahússins er sjúkrahúspresti mjög mikilvægt og stuðlar að skilvirkri þjónustu við sjúklinga og aðstandendur.

Sjúkrahúsprestur tekur þátt í sameiginlegu bakvaktarkerfi presta í prófastsdæminu. Því er ætlað að tryggja að alltaf sé hægt að ná í prest í neyðartilvikum utan hefðbundins vinnutíma.

Samstarf við presta og starfsfólk kirknanna hér á Akureyri, sem og í prófastsdæminu öllu er gott og gefandi.

# *Sálgæsla presta og djákna á LSH*

**Sigfinnur Þorleifsson**

Í árslok 2014 voru starfandi sex prestar og einn djákni hjá Sálgæslu presta og djákna á Landspítala Háskólasjúkrahús í alls sex stöðugildum. Þjóðkirkjan greiðir fyrir eitt stöðugildi og Landspítali fyrir fimm.

Prestar og djákni skipta með sér verkefnum, umsjón sviða og deilda og ganga bakvaktir alla daga ársins. Verkefnin eru mörg og fjölbreytt og eru unnin í samstarfi við aðrar starfsstéttir á sjúkrahúsinu einkum hjúkrunarfræðinga og lækna. Þjónustan beinist fyrst og fremst að sjúklingum og aðstandendum þeirra, en er jafnframt fólgin í stuðningi við annað starfsfólk.

Öll verk þjónustunnar eru skráð og flokkuð í Sögukerfi spítalans og þannig aðgengileg og mæld, frá mánuði til mánaðar. Skráðir verkþættir eru þrettán talsins, miskrefjandi og tímalengd hvers og eins breytileg, allt frá þrjátíu mínútum upp í nokkrar klukkustundir, allt talið og skráð. Verkþættirnir eru eftirtaldir, og fylgja hverjum og einum tölur síðasta árs, þ.e. fjöldi en ekki tímalengd.

**Sálgæsla presta og djákna**

| | 01 | 02 | 03 | 04 | 05 | 06 | 07 | 08 | 09 | 10 | 11 | 12 | Samtals: |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Sálgæsla við sjúkling** | 117 | 99 | 101 | 101 | 133 | 79 | 69 | 80 | 108 | 96 | 125 | 118 | **1226** |
| **Sálgæsla - fjölskylduviðtal** | 128 | 103 | 86 | 74 | 117 | 62 | 80 | 66 | 84 | 69 | 92 | 74 | **1035** |
| **Sálgæsla - eftirfylgd** | 88 | 83 | 51 | 64 | 56 | 32 | 49 | 61 | 62 | 72 | 82 | 50 | **750** |
| **Sálgæsla - símtal** | 75 | 35 | 36 | 35 | 24 | 9 | 61 | 51 | 39 | 54 | 59 | 42 | **520** |
| **Helgihald** | 25 | 29 | 27 | 21 | 22 | 16 | 12 | 12 | 24 | 38 | 32 | 52 | **310** |
| **Útkall, stund v/dánarbeð** | 31 | 20 | 32 | 20 | 30 | 31 | 25 | 26 | 16 | 20 | 26 | 26 | **303** |
| **Stuðningur v/starfsmenn** | 34 | 15 | 29 | 24 | 22 | 12 | 22 | 13 | 24 | 29 | 21 | 17 | **262** |
| **Útkall, stuðn.v/aðstandendur** | 21 | 19 | 28 | 14 | 14 | 21 | 16 | 18 | 18 | 7 | 13 | 28 | **217** |
| **Sálgæsla við dánarbeð** | 14 | 18 | 10 | 10 | 8 | 7 | 14 | 11 | 11 | 9 | 12 | 15 | **139** |
| **Útkall, stuðn.v/sjúkling** | 7 | 6 | 7 | 21 | 10 | 9 | 14 | 7 | 6 | 3 | 10 | 9 | **109** |
| **Handleiðsla** | 11 | 3 | 17 | 14 | 11 | 4 | | 2 | 3 | 7 | 16 | 14 | **102** |
| **Sálgæsla - hópastarf** | 11 | 9 | 8 | 6 | 6 | 1 | | 3 | 10 | 7 | 9 | 2 | **72** |
| **Sálgæsla - fjölskyldufundur** | 5 | 4 | 8 | 3 | 7 | 6 | 4 | 9 | 7 | 4 | 8 | 6 | **71** |
| **Fræðsla** | 5 | 8 | 2 | 7 | 6 | | | 3 | 6 | 6 | 9 | 1 | **53** |
| **Fundur** | | 2 | | | 1 | 1 | | | 1 | 2 | | 7 | **14** |
| **Útkall, stuðn.v/starfsmenn** | | 3 | 2 | | 2 | | 1 | | | | | 1 | **9** |
| Samtals: | **572** | **456** | **444** | **414** | **469** | **290** | **367** | **362** | **419** | **423** | **514** | **462** | **5192** |

Þjónusta Sálgæslu presta og djákna er velþegin og metin og órjúfanlegur þáttur af heildstæðri starfsemi spítalans og einkunnarorðum hans: **umhyggju, fagmennsku, öryggi og framþróun**. Sálgæsla presta og djákna tekur einnig mið af einkunnarorðum Þjóðkirkjunnar í þjónustu sinni: **biðjandi, boðandi og þjónandi.**

# *Prestur á sviði helgihalds og þjóðmenningar*

**Gunnþór Þ. Ingason**

***Ferð og fagnaðarerindi. „Í öllu læt ég sjást, að ég er þjónn Guðs" (11 Kor 6.4). Athvarf friðar og umhverfisverndar.***

*Ég heyrði þau nálgast*
*í húminu beið*
*á veginum, rykgráum veginum.*
*Hann gengur með hestinum*
*höndin kreppt*
*um tauminn, gróin við tauminn.*

*Hún hlúir að barninu*
*horfir föl*
*fram á nóttina, stjarnlausa nóttina.*

*Og ég sagði; þið eruð*
*þá enn sem fyrr*
*á veginum, flóttamannsveginum,*
*en hvar er nú friðland*
*hvar fáið þið leynzt*
*með von ykkar, von okkar allra?*

*Þau horfðu á mig þögul*
*og hurfu mér sýn*
*inn í nóttina, myrkrið og nóttina.*

Svo yrkir Snorri Hjartarson á sinni tíð og á erindi við samtíð sína en orð hans og ljóð eiga ekki síður við á seinni tíð, er enn fleira fólk en fyrrum hrekst frá heimalöndum sínum vegna ófriðarástands og styrjalda, þurrka og bjargarleysis. Það leggur út í algjöra óvissu um afdrif sín, fjölskyldur með börn oft í meirihluta og það gerist að fjölskyldur sundrast á flóttanum, vegna þess að hann kostar marga lífið eða hópurinn tvístrast af öðrum ástæðum. Skáldið sér samsvörun með flóttamönnum allra tíma og hinni heilagu fjölskyldu sem flýr til Egyptalands því að frelsarinn, „von okkar allra", er ávallt sjálfur á ferð með og tengdur þeim sem berjast í bökkum, berast fram í ólgufljótum og leita skjóls og griða undan ófriði og ófremdarástandi.

Á undan uppreisn gegn valdhöfum í Sýrlandi og fylgjandi átökum, sem hafa kostað fjölda mannslífa, eytt landi og lagt mannvirki, hús og heimili í rúst, svo sem fréttamyndir sýna, fór fimm ára nær samfelld þurrkatíð, er eyddi uppskeru og felldi búfé og þrengdi mjög að mannfólkinu. Áþekka sögu er hægt að segja víðar í veröldinni. Veðrabreytingar og umskipti hafa gert Arabalönd og stóran hluta Afríku mun óbyggilegri en var fyrir ekki margt löngu. Því verður ekki lengur dregið í efa að skaðlegar breytingar hafa orðið á loftslagi jarðar vegna ótæpilegrar brennslu jarðefnaeldsneytis sem hækkar hitastig, breytir veðrakerfum til hins verra, vegur að lífkerfum og rýrir lífsgæði og kosti. Ljóst er af þessu að umhverfsvernd og friður fara saman en hætt er við að háskasamlegum breytingum á umhverfisgæðum fylgi átök og ófriður.

Hættumerki greinast líka á norðurslóðum. Íslendur pólsvæða rýrna og Grænlandsjökull bráðnar hratt. Hætt er við að freðmýrar þiðni sem í árþúsundir hafa verið í klakaböndum lengstan hluta árs, en við það losnar mikið magn metangass úr læðingi er margfaldar gróðurhúsaáhrifin og afleiðingar þeirra.

Koma guðfræðiprófessoranna og alþjóðlegu sáttasemjaranna, dr. Rodney Petersen og dr. Raymond Helmick, hingað til lands frá Boston vorið 2014, sem áður leituðu til mín um



Myndin sýnir listaverk fremst í skipi klausturkirkjunnar á eyjunni Iona á Suðureyjum. Heilagur Kolumkilli reisti þar klaustur 563. Kristnir menn er komu sem landnámsmenn til Íslands frá keltneskum menningarsvæðum Bretlandseyja munu hafa litið á hann sem dýrling sinn og vildarmann. Ljósmynd: Ray Devlin

fyrirgreiðslu, miðaði að því að kanna hug íslensks kirkjufólks og ráðamanna til þess að hér á landi yrði haldin ráðstefna í samstarfi við Heimsráð kirkna, WCC, um réttlátan frið og nauðsyn umhverfisverndar. Með því væri fylgt meginstefnumörkun alsherjarþings WCC 2013 í Búsan í Suður-Kóreu. Þeir töldu Ísland vera kjörinn vettvang slíks ráðstefnuhalds vegna hnattlegu, sögu sinnar, fegurðar og friðarmenningar. Bæði í fyrirlestum sínum í Háskóla Íslands og merkum kynningarfundi í Langholtskirkju, sem forsvarsmenn kristni og fulltrúar ráðamanna sóttu, kynntu þeir þessi sjónarmið og fengu góðar undirtektir.

Eftir fundinn væntu þeir þess að fá brátt vilyrði fyrir því að fyrrgreindir aðilar vildu stuðla að þessum áformum með því að gerast gestgjafar ráðstefnunnar, leggja til húsnæði og greiða viðurværi þátttakenda á ráðstefnustað, sem að öðru leyti greiddu kostnað, far- og gistigjöld. Horft var til þess að um 80-100 manna ráðstefnu yrði að ræða og helmingur þátttakenda kæmi utanlands frá. Hlutur Þjóðkirkjunnar í kostnaðinum yrði sá að geta boðið þátttakendum í skoðunarferð á Þingvöll og Skálholt og veitt þeim þar beina.

Fulltrúar borgaryfirvalda lýstu fljótlega yfir áhuga og stuðningi sínum en svar barst seint og treglega frá fulltrúum landstjórnar þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir þess efnis. Það varð til þess að þeir Petersen og Helmick gátu ekki um sumarið, svo sem þeir væntu, lagt á þingi Samkirkjustofnunar, Ecumenical Institute, fram boð frá Íslandi, og víðar á fundum á samkirkjuvettvangi, um að halda í samstarfi við WCC ráðstefnu hér á landi um réttlátan frið og umhverfisvernd.

Fleira kom þó til að lítt miðaði, þó að reynt væri að halda leiðum opnum og lagði ég mig fram um það með fjölda innlendra og erlendra bréfaskrifa. Átök og ófriður í Úkraníu, aukin

spenna á alþjóðavettvangi og flóttamannvandi, drógu að sér athygli WCC og einstök málefni og aðstæður kröfðust atorku Heimsráðsins fremur en víðtækari stefnumörkun.

Fyrst vorið 2015 barst tilkynning frá aðalstöðvum WCC í Genf í Sviss um að von væri á málsmetandi fulltrúa þaðan, Natöshu Kuklach, hingað til lands. Hún kæmi í einkaerindum um sumarið en myndi jafnframt vilja hitta fyrir fulltrúa kristni og kirkju til þess að ræða forsendur fyrir því að halda fyrrgreinda ráðstefnu hér á landi með tilstyrk WCC. Vonir voru við það bundnar að með heimsókn hennar kæmist skriður á málið og stefnt yrði að því að halda ráðstefnuna svo fljótt sem aðstæður leyfðu.

Til þess að halda málefninu gangandi og miða fram stóð ég enn í miklum bréfaskriftum og efndi til funda. Það heyrir helst undir samkirkjustarf Þjóðkirkjunnar og ber að tengjast því jafnframt því sem Guðfræðistofnun Háskóla Íslands hefur sýnt því áhuga, en nefnd á vegum Biskupsstofu hefur sérstaklega haldið um taumana. Þar hafa Einar Karl Haraldsson, kirkjuþingsmaður, dr. Sigurður Árni Þórðarson, sóknarprestur og séra Gunnar Sigurjónsson, sóknarprestur, verið í forystu og séra Þorvaldur Víðisson, biskupsritari, tekið á málum með okkur. Séra Solveig Lára Guðmundsdóttir, Hólabiskup, hefur sýnt þessu hugsjónamáli mikinn skilning og látið sig það varða og svo einnig guðfræðiprófessorarnir dr. Sólveig Anna Bóasdóttir, og dr. Arnfríður Guðmundsdóttir sem fulltrúar Guðfræðistofnunar og Guðfræði- og trúarbragðadeildar Háskólans. Ögmundur Jónasson, alþingismaður og fyrrverandi innanríkisráðherra, hefur verið nefndinni til trausts og halds og stutt mjög framgang þessa mikilvæga máls.

## Helgiganga á Öndverðarnesi með keltneskum brag

Laugardaginn 28. júní 2014 leiddi ég ásamt sr. Óskari Inga Ingasyni, sóknarpresti á Ólafsvík, helgigöngu á Öndverðarnesi. Lagt var af stað frá Ingjaldshólskirkju kl. 13 og ekið þaðan út á nesið og gengið að Öndverðarnesvita og Fálka skammt undan. Þar voru haldnar helgistundir með fornkeltnesku trúarefni og bænum, ritningarorðum og fornsöguefni. Síðan var gengið að Gufuskálum um 10 km. leið en áð til hvíldar og áþekks helgihalds við Írsku brunna, Selvörðu, Grasbala og Írskabyrgi. Sæmundur Kjartansson, staðkunnur fræðaþulur, sagði sögur af merkum atburðum, minnisstæðu fólki og miðlaði helgisögnum og þjóðlegum fróðleik sem tengjast leiðinni og mannlífinu að fornu og nýju. Göngufólk las ritningarorð og fornsögutexta og fór saman með trúar- og bænatexta. Síðan var ekið frá Gufuskálum aftur að Ingjaldshólskirkju þar sem farið var með fornírska bæn kennda við heilagan Kolumkilla og írsk fararblessun sungin við þekkt írskt lag: *Verði greiðfær þér gatan,/gefist byr er leiki við þig hlýtt,/fjörgi geislar sólar svipinn þinn, /svali regn og akur vökvi blítt./Þar til að hittumst við þér haldi öruggt/Guð lífs í lófa sér. (Þýð.G.I.)* Að því loknu bauð sóknarprestur til kirkjukaffis í safnaðarheimili kirkjunnar sem konur í kvenfélagi sóknarinnar höfðu tilreitt og vel var þegið af þreyttu en ánægðu göngufólki. Lauk samverunni um kl. 17 svo sem að var stefnt.

## Stefnt að gerð útialtaris á Esjubergi

Að þessu sinni gat ég því miður ekki tekið þátt í útiguðsþjónustu á Esjubergi því að hún var haldin á sama degi og fyrrgreind helgiganga fór fram á Öndverðarnesi. Dr. Gunnar Kristjánsson,



Fyrir framan altari Kristjánskirkjunnar í Klakksvík. Biskupar Færeyja og Íslands, Agnes M. Sigurðardóttir og Jógvan Fríðriksson, eiginkona hans María Eiríksdóttir, ferðafélagar Agnesar frá Íslandi, greinarhöfundur og prófastarnir séra Þórhildur Ólafs og séra Gísli Jónasson og einnig kirkjuráðsmenn í Færeyjum.

prófastur, leiddi guðsþjónustuna, en keltneskt trúarefni, sem ég lagði til, mun hafa sett sinn brag á hana.

Ég hef síðustu árin tekið þátt fundum í Sögufélaginu Steina á Kjalarnesi og lagt þar sitthvað til mála um fornkeltneska kristni, útbreiðslu hennar og áhrif á eyjum í Norður–Atlantshafi og einkum hér á landi. Ég hef þá ítrekað orðað það, að vel færi á að reist yrði útialtari á Esjubergi til minningar um þá kirkju, sem landsnámsmaðurinn Örlygur Hrappsson lét byggja þar í árdaga landnáms og helguð var heilögum Kolumkilla, sem stofnaði klaustrið merka á eyjunni Iona árið 563 að talið er. Kirkja Örlygs mun vera sú fyrsta sem getið er í íslenskum ritheimildum. Frá klaustrinu á Iona breiddust kristin trú og menning til Skotlands og Skotlandseyja og svo einnig til Færeyja og Íslands með Pöpum og landnámsmönnum, er komu frá Skotlandi og Írlandi, eða norrænum mönnum sem höfðu kristnast þar.

Á aðalfundi Sögufélagsins í Klébergi 27. febrúar 2015 flutti ég fyrirlestur um heilagan Kolumkilla með litskyggnum af sögustöðum sem hann varða. Ég sagði jafnframt frá námsferðum mínum til Iona og kynnum af Iona-samfélaginu, sem er mikilsvirtur og áhrifaríkur félagsskapur er hefur haldið keltneskri kristni frammi og einnig sótt sér föng víðar til að glæða félagslega vitund og virðingu fyrir sköpunarverkinu, og lagst m.a. mjög gegn kjarnorkuverum. Ég sýndi þá einfaldan uppdrátt, sem ég hafði gert að útialtari á Esjubergi og gerði grein fyrir því, að ég tæki þar leynt og ljóst mið af listaverki, sem væri í endurgerðri klausturkirkjunni á Iona er væri upprunalega frá 14. öld. Verkið myndar keltneskan kross á gólfi fremst í kirkjuskipinu og í miðju þess rís keltneskur kross í hnattlíkani.

Uppdrátturinn og samsvörun hans við þessa fögru fyrirmynd og kristnisögu vakti bæði athygli og hrifningu. Ég óskaði eftir því, að væri vilji fyrir því hjá félagsmönnum að taka mið af uppdrætti mínum við gerð útialtaris á Esjubergi, yrði landslagsarkitekt fenginn til að gera nákvæmari uppdrátt að því.

Á kirkjuþingi 29. september 2014 lögðu þeir séra Hreinn Hákonarson, félagi í Sögufélaginu Steina og heimamaður á Kjalarnesi, sem fulltrúi vígðra, og Björn Jónsson í Brautarholti, sem fulltrúi leikra, fram tillögu til þingsályktunar um að kirkjuráð skipaði nefnd til að gera tillögur að uppsetningu útialtaris á Esjubergi. Tillagan fékk ekki afgreiðslu á þinginu en samt góða umfjöllun og hvatt var til þess að heimamenn á Kjalarnesi ynnu markvisst að þessu máli.

Á fundi í Sögufélaginu 3. október 2014 var gerð útialtaris á Esjubergi á dagskrá. Þar kom fram, að Örn Kærnested landeigandi á Esjubergi, veitti fúslega heimild fyrir því að útialtari yrði reist á landi sínu. Rætt var um hvar best gæti farið á að reisa útialtarið, sem þyrfti að endurspegla keltneska menningu og trúarhefð, samanber teikninguna er ég sýndi á aðalfundi félagsins fyrr á árinu og lögð var fram á fundinum. Ég orðaði það að áhugavert gæti verið að fá ungmenni á Kjalarnesi í sumarvinnu til að vinna ásamt fagmönnum að gerð útialtarisins og kanna jafnvel hvort hægt væri einnig að fá sjálfboðaliða frá keltneskum menningarsvæðum erlendis, Skotlandi og Írlandi, til að taka þátt í verkunum. Fram kom að þrjú atriði þyrfti sérstaklega að hafa í huga við staðarval og hönnun: 1. Aðgengi að vegi. 2. Listrænar og trúarlegar kröfur. 3. Nýta þyrfti byggingarefni sem væri á staðnum. Í gerð fundarins segir: „Sögufélagið Steini leiðir verkefnið. Ákveðið er að formaður [Hrefna Sigríður Bjartmarsdóttir] kynni verkefnið formlega fyrir hverfisráði með það í huga að fá aðstoð borgarinnar. Nauðsynlegt er að landslagsarkitekt komi að staðarvali og hönnun verksins. Leitað verði álits lögfræðings vegna eignarhalds og samkomulags við landeiganda. Verði útialtarið að veruleika verður það vígður helgidómur Þjóðkirkjunnar."

Til stóð að sögufélagsfólk færi í gönguferð fljótlega eftir áramót um Esjubergslandið til að gæta að hugsanlegum stöðum fyrir útialtarið. Það dróst þó vegna þungs veturs alveg fram á vorið.

Á aðalfundi Sögufélagsins Steina 25. febrúar 2015 í Félagsheimilinu Fólkvangi var staðfest að aðalverkefni Steina væri nú það að undirbúa byggingu útialtaris að Esjubergi og ég væri sérstakur ráðgjafi félagsins í þessu máli og fulltrúi Biskupsstofu.

Á fundi félagsins 8. apríl 2015 var gerð altarisins til umfjöllunar. Sigurbjörg Haraldsdóttir landslagsarkitekt og Ari Óskar Jóhannesson hleðslumaður, sem bæði eru heimafólk á Kjalarnesi, voru gestir fundarins. Þeim leist vel á grunnteikningu mína, sem ég lagði þar fram, og töldu tiltölulega vandalítið að vinna út frá henni. Ég setti fram grunnhugmyndir að umfangi og stærðum útialtarisins, sem þeim sem fagmönnum og öðrum fundarmönnum leist vel á. Þar er tekið mið af tölunni þrír, er var mikilvæg og helg hjá Keltum til forna sem tala hins þríeina Guðdóms.

Á teikningu minni er gerð ráð fyrir tveimur upphlöðnum hringformum um sömu miðju, þar sem yrði altari, og á því og undir uppréttur keltneskur kross um 3 m. á hæð. Innri hringurinn yrði 18 m í þvermáli en sá ytri 21 m sem yrði hærri og gegndi hlutverki skjólveggs. Gangvegir, sem mynduðu kross að altarinu, næðu töluvert út fyrir hringformin og yrðu þeir á hellulagðri upphækkun. Samþykkt var að Sigurbjörg útfærði teikninguna með faglegum frágangi og gerði jafnframt líkan að útialtarinu og að Ari Óskar tæki, þegar þar að kæmi, að sér hleðslu hringforma og gangvega. Sögufélagsfólk fór loksins í byrjun maímánaðar í skoðunarferðina um Esjubergsland til að gæta að stað fyrir útialtarið og leist því best á þrjá staði nærri hver öðrum á austurmörkum þess lands sem nú tilheyrir Esjubergi, en náði austar og var forðum daga mun viðfeðmara. Ari Óskar hleðslumaður var með í för og taldi hann þar vera nægt af góðu grjóti fyrir hleðslu hringforma altarisins.



Frá heimsókn biskups í Kirkjubæjarkirkju sem að uppruna til er frá 12 öld.
Auk Íslendinganna eru á myndinni sr. Heri Joensen og Jóhannes Patursson, Kirkjubæjarbóndi, sonarsonur Kóngsbóndans, ljóðskáldsins og þjóðfrelsisbaráttumannsins, nafna síns.

10. maí 2015 sem var sunnudagur fór ég ásamt stjórn Steina og Margréti Björk Magnúsdóttur fornleifafræðingi til að huga að og segja til um hver þessara staða væri best til fallinn fyrir útialtarið. Við urðum sammála um staðarvalið. Þar er rúmgott sléttlendi í hæfilegri fjarlægð frá Vesturlandsvegi, sem sést þó þaðan vel. Afleggjari liggur frá veginum, að norðanverðu þegar komið er upp úr Kollafirði fram hjá Leiðhömrum, að þessum ágæta stað.

Hin árlega guðsþjónusta á Esjubergi á Kjalarnesdegi var svo haldin á þessum útvalda stað fyrir útialtarið laugardaginn 27. júní 2015. Séra Þórhildur Ólafs, nýr prófastur Kjalarness-prófastsdæmis, leiddi hana en ég prédikaði og gerði þar m.a grein fyrir einkennum og sérstöðu keltneska krossins sem fögru kristnu trúartákni allt frá 5. og 6. öld. Þátttakendur tóku virkan þátt í guðsþjónustunni með ritningarlestri og samlestri fornkeltnesks trúarefnis. Þeir fögnuðu þeim fyrirheitum og tímamótum, er fólust í helgistundinni, og nutu þess að koma saman og spjalla eftir hana í Fólkvangi þar sem kaffiveitingar voru í boði í tilefni Kjalarnessdagsins.

## Krýsuvíkurkirkja

Enn er unnið að smíði nýrrar Krýsuvíkurkirkju í Iðnskólanum í Hafnarfirði í mynd þeirra fyrri sem varð íkveikju að bráð en inniviðir, altari, prédíkunarstóll og setbekkir verða gerðir sem líkastir því sem upprunalega var í þeirri kirkju. Tafir hafa orðið á lokum verksins vegna þess m.a. að fáir nýnemar hafa sýnt sig í skólanum síðustu árin og líka af því að skólinn hefur nú sameinast Tækni-skólanum en Vinafélag Krýsuvíkurkirkju horfir þó til þess að verklok verði veturinn 2015-2016.

## Biskup Íslands á ferð í Færeyjum

Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, var í einkar ánægjulegri opinberri heimsókn í Færeyjum frá föstudeginum 24. til mánudagsins 27. apríl sl. í boði Jógvans Fríðrikssonar Færeyjabiskups og færeysku þjóðkirkjunnar, fólkakirkjunar. Vann ég með Færeyjabiskupi að skipulagi heimsóknarinnar.

Frá því að Færeyjabiskup kom í opinbera heimsókn hingað til lands haustið 2010 og bauð þáverandi biskupi Íslands til Færeyja hafði verið vænst biskupsheimsóknar héðan af landi til Færeyja, en aðstæður ekki gefist fyrr til að þiggja boðið. Við séra Gísli Jónasson, prófastur Reykjavíkurprófastsdæmis eystra og séra Þórhildur Ólafs, prófastur Kjalarnesprófastsdæmis, vorum með Agnesi biskupi í för. Móttökur voru allar mjög hlýjar og elskulegar í Færeyjum, enda þótt veður væri fremur kalt og hryssingslegt, og margt fallegt og markvert þar að sjá. Agnes biskup prédikaði við fjölsótta Guðsþjónustu í Vesturkirkjunni í Þórshöfn, þar sem Jógvan Færeyjabiskup og séra Heri J. Joensen, sóknarprestur, þjónuðu fyrir altari. Íslenska ræðismannsskrifstofan í Þórhöfn bauð svo til kirkjukaffis. Víða var farið um eyjarnar í fylgd Færeyjabiskups og kirkjuráðs færeysku þjóðkirkjunnar, kirkjur skoðaðar og sögustaðir, í Klakksvík á Borðey, Viðareiði á Viðey og Kirkjubæ á Straumey. Boðið var í veislur og upp á færeyskan dans jafnframt því sem fræðst var um skipulag færeysku kirkjunnar, safnaðarstarf og leikmannaþjónustu hennar og drög lögð að því að auka og efla samskiptin milli þjóðkirkna Færeyja og Íslands á komandi tíð.

## Bókarskrif og frágangur

Ég hef sem fyrr haldið samskiptum við íslenska og erlenda fræðimenn um fornkeltneska menningu og áhrif og hef ritað bók um „Vesturför keltneskrar kristni" og vann að því á árinu að ganga að fullu frá henni til útgáfu í Vesturheimi.

## Merkt kirkjusögurit, Helgistaðir við Hafnarfjörð

Störf mín í ritnefnd kirkjusöguritsins, Helgistaðir við Hafnarfjörð, sem gefið var út í afar veglegu þriggja binda ritverki á miðju ári 2015, alls nærri 1600 síður, kröfðust mikils einkum síðasta árið sem unnið var að útgáfunni, en biskup Íslands veitti mér heimild til að gefa mig að ritnefndarstörfunum. Ritverkið var samið að tilhlutan sóknarnefndar Hafnarfjarðarkirkju í tilefni þess að árið 2014 voru 100 ár liðin frá vígslu Hafnarfjarðarkirkju. Sóknarnefnd skipaði á árinu 2003 sóknarnefndarmennina Sigurjón Pétursson, formann, og Jónatan Garðarsson í ritnefnd að söguritinu, en ég var þá í framhaldsnámi í Wales. Gunnlaugur Haraldsson þjóðhátta-og fornleifafræðingur var ráðinn til að skrifa söguna.

Upphaflega stóð til að gefa út mun minna ritverk á 90 ára afmæli Hafnarfjarðarkirkju árið 2004. Það átti að ná yfir tímabilið 1914 til 2004 og fjalla um Hafnarfjarðarkirkju, safnaðarstarfið og bæjarlífið á þeim tíma. Fljótlega var horfið frá því að gera eingöngu yfirlitsrit um sögu Hafnarfjarðarkirkju og vinna þess í stað að heildstæðu verki um sögu kristnihalds í Garðaprestakalli hinu forna og helgihald í Hafnarfirði. Ritverkið, Helgistaðir við Hafnarfjörð, nær enda yfir rúmlega 1000 ára sögu, allt frá landnámi til samtíðar. Í því er gerð ýtarleg grein fyrir

rótum og forsendum að sögu Hafnarfjarðarkirkju, þróun kirkjustarfs um gengnar aldir í hinu forna prestkalli, er á síðari tímum hefur skipst í fleiri sóknir, og sagan skoðuð í víðu samhengi.

Ég tók sæti í ritnefndinni haustið 2009, þegar söguritun var komin að miðri 19. öld, eldra söguefnið var þó enn í smíðum. Á þeim tíma komu fyrst fram hugmyndir um að reisa kirkju í ört vaxandi byggð í Hafnarfirði. Í tveimur síðari bindum ritverksins er fjallað um aðdraganda þess, að sóknarbúar ákváðu að byggja kirkju í kaupstaðnum, undirbúning framkvæmda, staðarval, hönnun, byggingu og vígslu Hafnarfjarðarkirkju 4. s.d. í aðventu 20. desember 1914. Gefin er lýsing á kirkjunni og fylgt eftir breytingum og endurbótum, sem gerðar hafa verið á henni í tímans rás, m.a. með byggingu safnaðarheimilisins Strandbergs, en með því var á farsælan hátt greitt úr áratuga aðstöðuleysi alls safnaðarstarfs. - Ég lagði fram ýtarlega og gleggri lýsingu á safnaðarheimilinu, gerð þess og búnaði, en fram kemur í prófastsvísitasíu, þar sem heimilisins er getið, en það efni lagði ég á sínum tíma einnig til.

Lýst er í ritverkinu einstökum kirkjugripum og innri búnaði kirkjunnar, svo og rekstri og umhirðu hennar. Þá er gerð grein fyrir breytingum, sem orðið hafa á hinu forna Garðaprestakalli á löngu árabili með stofnun nýrra sókna og prestakalla. Að öðru leyti hverfist efni ritsins um helgihald og safnaðarstarf Hafnarfjarðarkirkju um aldarskeið. Sagt er frá þjónustu presta og annars starfsfólks, störfum sóknarnefndar, kvenfélags kirkjunnar, söngkóra og annarra, sem átt hafa hlutdeild í starfsemi kirkjunnar. Brugðið er upp svipmyndum úr margþættu safnaðarstarfi og að síðustu er rakin saga Kirkjugarðsins á Öldum, Kirkjugarðs Hafnarfjarðar, sem var vígður í ársbyrjun 1921.

Ég lagði til mikið söguefni úr skýrslum, ávörpum og prédikunum og tók síðasta árið saman sögulegt yfirlit, nærri 150 A4 síður, um helgihald, mótun og uppbyggingu safnaðarstarfs þau 32 ár, sem var sóknarprestur Hafnarfjarðarkirkju, en þar gerði ég einnig grein fyrir helgihaldi í Krýsuvíkurkirkju árin 1997-2009. Ég hafði hliðsjón af Fréttabréfi Hafnarfjarðarkirkju, sem gefið var samfellt út frá árinu 1978. Ég fór einnig ásamt formanni yfir mikið myndasafn kirkjunnar, einar 10.000 myndir, sem ég hafði flestar tekið. Við völdum úr því myndir, sem kæmu til greina í myndavali fyrir bókaútgáfuna. Hluta safnsins þurfti að flokka, einkum fjölda litskyggnumynda.

## Lífsins ferð og framrás á Guðs vegum

Kristni og kirkja hafa fylgt og mótað íslenskt mannlíf um aldir, frá því og einnig áður en formlega og lagalega „var á Þingvöllum tekið við kristni af lýð.“ Í umróti samtíðar mega þau verðmæti og dýri arfur, sem felast í lifandi og virkri trú á Guð í Jesú nafni, ekki rýrna til tjóns fyrir samtíð og framtíð, trúarsaltið ekki dofna er ver gegn rotnun og spillingu og bjarmi fagnaðarerindisins þarf að skína skært inn í mannlíf til að glæða gleði þess og styrk til góðra verka. Miklu varðar að kindilberar kristni haldi loga hennar hiklaust á lofti þrátt fyrir aðfarir og andstöðu og beri hann fagnandi fram ekki síst inn í afneitun og myrkviði, raunir og þrautir.

Það gera þeir með samstöðu og bænum hver fyrir öðrum, siðferðisþreki sem sýni sig í vönduðu og trúverðugu lífi og lífsvitnisburði, samkvæmt orðum postulans: „Í öllu læt ég sjást að ég er þjónn Guðs“… (11 Kor 6.4). Einlæg auðmýkt og hógværð votta best hvort svo sé í raun og að þeir séu sáðjörðin mjúka þar sem sáðkorn Guðsríkisins fær bestan vöxtinn, auðmýkt sem samþykkir ekki rangindi, yfirgang og illsku en sýnir sig í yfirvegun og innri styrk, glöggskyggni og árvekni í hverri sannleikans baráttu.

Uppflosnun fólks úr heimahögum, þar sem ófriðareldar loga, gerir það að flóttamönnum á háskaför, sem knýja dyra þar sem lífvænlegra er. Skaðvænlegar loftslagsbreytingar eru undirliggjandi ástæða þessara rauna og styrjaldarátaka, sem fylgt hafa í kjölfarið, en hrægammar siðleysis og auðvalds, vopnasölu og víga ýta augljóslega undir þau. Flóttafólkið horfir til athvarfs hvar sem kostur er einnig hingað til lands í von um björgun og skjól. Sé kristin kirkja frelsara sínum trú er hún knúin til að bregðast vel við ákalli þess. Það gildir vissulega um Þjóðkirkju Íslands. Hún svarar því kalli með því að gæta að því hvernig best sé að tilreiða skjólið en verður jafnframt að hafa kjark til þess að taka þá áhættu sem neyðin krefst og sýna hann í orðum og fórnfúsum gjörðum, vera þannig fyrirmynd að farsælum viðhorfum og viðbrögðum íslenskrar þjóðar. Með því styrkist hún sjálf, eykur tiltrú á gildi sínu og þess fagnaðarerindis sem henni er trúað fyrir og ber að breiða út á hverri tíð í krafti heilags anda, lifandi trú, kjarki og kærleika í Jesú nafni.

# Starfið í prófastsdæmunum

## *Suðurprófastsdæmi*

**Sr. Halldóra Þorvarðardóttir, prófastur**

Kristnilíf á Suðurlandi gekk í sínum taktfasta hrynjanda á nýliðnu ári.

Skýrslur presta og safnaða sýna svo að ekki verður um villst, að í prófastsdæminu er unnið mikið og gott starf. Og víðast er jarðvegurinn frjór. Og það er sérstök ástæða til að gleðjast yfir góðum vexti í barna- og æskulýðsstarfi undanfarin ár.

### Fráfarandi formenn og nýir

Ég vil nefna þá sem látið hafa af störfum sem sóknarnefndarformenn frá því síðast var ritað í Árbókina, en þær breytingar hafa orðið að Gísli H. Magnússon, Ytri-Ásum lét af störfum sem sóknarnefndarformaður í Grafarsókn eftir áratuga þjónustu við kirkjuna sína og við keflinu tók Elín Heiða Valsdóttir. Helga Jónsdóttir hætti sem formaður Prestsbakkasóknar og við tók Elín Anna Valdimarsdóttir. Í Villingaholtssókn lét af störfum Anna Fía Ólafsdóttir og Sólveig Þórðardóttir tók við formennsku í hennar stað. Guðný J. Valberg dró sig í hlé eftir áratuga starf sem sóknarnefndarformaður í Eyvindarhólasókn og við Selfosskirkju lét Grímur Hergeirsson af formennsku og Björn Ingi Gíslason tók við stjórnartaumum þar.

### Breytingar á embættum

Þær breytingar urðu í prestamálum á síðasta ári að sr. Eiríkur Jóhannsson í Hruna var valinn prestur í Háteigskirkju í Reykjavík og kvaddi því söfnuð sinn í Hrunaprestakalli eftir 18 ára þjónustu sl. sumar. Sr. Óskar Hafsteinn Óskarsson var einróma valinn í hans stað og boðinn velkominn og settur í embætti þann þann 5. okt. 2014.

Sr. Kristinn Ágúst Friðfinnsson lét af störfum sem sóknarprestur í Selfossprestakalli eftir 23 ára þjónustu fyrst í Hraungerðisprestakalli og síðan í sameinuðu Selfossprestakalli og hvarf til sérstarfa á vegum Biskupsstofu sl. haust. Þeir sr. Axel Árnason Njarðvík og sr. Þorvaldur Karl Helgason hafa þjónað prestakallinu í vetur og sr. Ninna Sif að hluta til eða þar til hún fór í fæðingarorlof 1. nóvember 2014.

Sr. Sveinn Valgeirsson á Eyrarbakka var valinn prestur í Dómkirkjuna í Reykjavík sl. haust en prestakallinu hefur verið þjónað í afleysingu af sr. Jóni Ragnarssyni í Hveragerði og sr. Jóni Dalbú Hróbjartssyni. Biskupafundur hefur gert það að tillögu sinni að leggja til sameiningu prestakallanna tveggja Eyrarbakkaprestakalls og Þorlákshafnarprestakalls og að þjónandi sóknarprestur í Þorlákhafnarprestakalli muni verða sóknarprestur í hinu nýja prestakalli og við starfslok hans verði auglýst eftir sóknarpresti fyrir sameinað prestakall. Eru þessi mál nú í farvegi.

Í Suðurprófastsdæmi eru 13 prestaköll með 52 sóknum , auk Sólheimakirkju, Þingvallakirkju og annarra kirkna og kapella sem ekki teljast sóknarkirkjur en athafnir fara fram í, alls tæplega 60 guðshús.

Almennar guðsþjónustur í prófastsdæminu voru 571 talsins og að aðrar guðsþjónustur s.s. helgi- og bænastundir 711. Barnaguðsþjónustur og/eða kirkjuskóli og samverur með börnum voru 266. Á suðurlandi var 301 skírn, 339 fermdir, 111 hjónavígslur og 144 útfarir.

Það er **messan** sem er miðja hins kirkjulega starfs í hverju prestakalli. Í guðsþjónustuna sækir söfnuðurinn trúarlega næringu og uppörvun. Og í kjölfar helgihaldsins kemur barna- og æskulýðsstarfið, fermingarstörfin, heimsóknir á öldrunarstofnunir og kórastarfið sem eru burðarásarnir í kirkjustarfinu í flestum prestaköllum. Barna- og æskulýðsstarfið er uppeldisstarf, þar er grunnur lagður meðal yngri kynslóðarinnar.

Mér sýnist að í prestaköllunum sé gott **kórastarf** í gangi undir stjórn áhugasamra og ötulla organista og kórstjórnenda, og öldrunarstarfið er líknarþjónusta við þann hóp Íslendinga sem hefur skilað sínu dagsverki og sú kynslóð sem ekki aðeins hefur þegið þjónustu kirkjunnar undangengna áratugi, heldur einnig borið hana uppi að miklu leyti.

Ég fylgdi víslubiskupi eftir í tveimur vísitasíum sl. ár. Þegar hann vísiteraði í Vestmannaeyjum síðastliðið vor og síðar í lok ágúst mánaðar þegar hann vísiteraði Kirkjubæjarklaustursprestakall. Heimsókninni hjá þeim Skaftfellingum lauk með mikilli hátíð í tilefni 150 ára vígsluafmælis Þykkvabæjarklausturskirkju. Það má með sanni segja að lyft hefur verið grettistaki í endurnýjun kirkjunnar og skartar hún sínu fegursta í dag og ber fagurt vitni um umhyggju og metnað sóknarfólks fyrir hönd kirkjunnar sinnar. Að aflokinni hátíðarguðsþjónustu var boðið til veglegs kaffisamsætis sem fór fram með miklum hátíða- og gleðibrag. Það sama má segja um kirkju Eyjamanna, það fer ekki fram hjá gestsauganum hveru vel er hlúð að kirkjunni og mikill samhugur í öllu starfi hennar.

**Sóknarnefndarnámskeið** fyrir fólk er starfar í sóknarnefndum var haldið í safnaðarheimilinu á Selfossi þann 24. mars, þar sem farið var yfir helstu lög og reglur Þjóðkirkjunnar er snerta hlutverk og störf sóknarnefnda sem og helstu stefnumál kirkjunnar. Það hefur sýnt sig að það er mikilvægt að halda námskeið sem þetta með jöfnu millibili, ekki aðeins vegna nýrra fulltrúa sem koma til starfa í sóknarnefndum, heldur og fyrir þá sem eldri eru í starfi og vilja halda sér við og fylgjast með þeim breytingum sem ævinlega eiga sér stað, bæði í starfsaðferðum, lögum og reglugerðum.

Í apríl var námskeið fyrir presta þar sem Anna Valdimarsdóttir sálfræðingur fjallaði um núvitund eða Mindfulness.

Að lokum skulu færðar ómældar þakkir öllum þeim sem við kirkjuna starfa eða koma að málefnum hennar á einn eða annan hátt, fyrir störfin þeirra góðu.

# *Kjalarnessprófastsdæmi*

**Dr. Gunnar Kristjánsson, prófastur emeritus**

Héraðsfundur Kjalarnessprófastsdæmis árið 2015 var haldinn 28. janúar 2015 í Hafnarfjarðarkirkju, sem fagnaði þá aldarafmæli, en hún var vígð fjórða sunnudag í aðventu árið 1914. Þessi héraðsfundur var síðasti héraðsfundur prófasts, dr. Gunnars Kristjánssonar sem lét af prófastsembætti 31. janúar. Í upphafi fundar minntist prófastur þessara látnu samstarfsmanna:

Ragnheiður Sigurbjartsdóttir starfaði um árabil með Kvenfélagi Hafnarfjarðarkirkju. Hún átti um tíma sæti í sóknarnefnd kirkjunnar ásamt því að leysa meðhjálpara kirkjunnar af þegar á þurfti að halda. Ragnheiður fæddist í Hafnarfirði 23. september 1942 og lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi föstudaginn 31. október 2014. Útför hennar fór fram frá Hafnarfjarðarkirkju 12. nóvember 2014.

Ásgeir Markús Jónsson átti sæti sem varamaður í sóknarnefnd Lágafellssóknar. Mörg kristileg félög nutu krafta hans. Hann var virkur félagi í KFUM og sat í stjórn þess félags um árabil. Formaður sumarbúðanna í Kaldárseli var hann í 10 ár. Sem ungur maður gerðist hann félagi í Gideon og fór í fjölmargar skólaheimsóknir með Nýja testamenti til 10 ára barna. Ásgeir fæddist 15. apríl 1943 og lést 4. janúar 2015. Útför hans fór fram frá Hallgrímskirkju miðvikudaginn 14. janúar 2015

Í lok embættistíma síns vísiteraði prófastur allar sóknir prófastsdæmisins á haustmánuðum 2014, 27. okt.-12. des. Með honum í för var Grétar Halldór Gunnarsson mag. theol., settur starfsmaður prófasts. Á héraðsfundi þakkaði prófastur hlýjar móttökur á öllum stöðunum, einnig gjafir sem þakklætisvott fyrir gott samstarf. Ýmsar breytingar hafa orðið á vísitasíum í prófastsdæminu á embættistíma prófasts, m.a. hvatti hann til þess fyrir allmörgum árum að söfnuðir gerðu skrá yfir eignir og búnað kirknanna, einkum á það við um fjölmennari sóknirnar. Hvað minnstu söfnuðina varðar skiptir eignaskrá ekki sama máli enda rúmast upptalning eigna þeirra í flestum tilvikum auðveldlega í vísitasíugjörðinni sjálfri. Eignaskráin var mikil framför. Prófastur benti formönnum sóknarnefnda á nýtt bréf frá Þjóðskjalasafni um frágang á fundargerðum, þar er horfið frá reglum sem hafa gilt um það efni.

## Af prestsþjónustunni

Séra Kristín Þórunn Tómasdóttir héraðsprestur var sett til þjónustu sem prestur í Garðaprestakalli meðan á námsleyfi séra Jónu Hrannar Bolladóttur stóð: 1. sept. 2013 til 31. maí 2014. Hún sótti um Laugarnesprestakall í Reykjavík og var skipuð í embættið í samræmi við niðurstöðu valnefndarkjörs. Héraðsnefnd kvaddi sr. Kristínu Þórunni við hádegisverðarfund á Lækjarbrekku 27. ágúst og afhenti henni bók að gjöf sem þakklætisvott fyrir langt og gott samstarf og farsælt starf á vegum Kjalarnessprófastsdæmis þar sem starfið í prófastsdæminu fékk að njóta hennar fjölþættu hæfileika og einlæga áhuga á starfinu.

Séra Friðrik J. Hjartar var settur sóknarprestur í Garðaprestakalli í námsleyfi sr. Jónu Hrannar. Hún sneri aftur til starfa 31. maí 2014 að námsleyfi loknu.

Séra Gunnar Jóhannesson, sóknarprestur í Hofsósprestakalli, lauk þjónustu sinni sem settur héraðsprestur í Kjalarnessprófastsdæmi í stað séra Kristínar Þórunnar 31. maí 2014.

Sr. Hulda Hrönn Helgadóttir var skipuð 15. ágúst 2014 sem héraðsprestur II að ósk biskups og með samþykki prófasts, meginhlutverk hennar er að sinna afleysingaþjónustu í prófastsdæminu, héraðssjóður er undanþegin öllum kostnaði af embætti héraðsprests II.

Grétar Halldór Gunnarsson guðfræðingur var settur starfsmaður prófasts 1. sept. 2014 til 31. des. 2014 en héraðsnefnd falaðist eftir störfum hans út janúar 2015.

## Fundir prófasts, verkefni héraðssjóðs

Eins og endranær átti prófastur fjölda funda þar sem fjallað er um starf presta og safnaða en einnig um ytra starfið, tengingu þess við stofnanir samfélags og kirkju. Fundir héraðsnefndar voru sex á árinu. Hefðbundnir fundir voru með formönnum sóknarnefnda haust og vor, einnig með prestum haust og vor, þá hélt prófastur guðfræðiseminar með prestum fyrir jól og páska. Allmarga aðra fundi hélt prófastur á árinu, ýmis með sóknarnefndum, einstökum hópum í kirkjustarfinu en einnig fjölda annarra funda um starf kirkjunnar.

Meðal verkefna héraðssjóðs var gerð þriggja minútna heimildakvikmynd um prófastsdæmið til sýninga á prestastefnu 12.-14. júní 2014 á Ísafirði. Héraðsnefnd tók þetta mál fyrir og fékk Þorstein Jónsson kvikmyndagerðarmann til að taka verkið að sér og fór hann vítt og breitt um prófastsdæmið og þróaði hugmyndina sem var ekki auðveld viðfangs í svo víðlendu og fjölmennu prófastastsdæmi.

Héraðssjóður styrkti Stoppleikhúsið myndarlega til þess að láta semja og setja á svið leikrit sem fjallar um unga manninn Hallgrím Pétursson, verkið hefur verið sýnt víða í prófastsdæminu og einnig utan þess við afar góðar viðtökur, það er einkum ætlað fermingarbörnum en á einnig erindi til fullorðinna.

Sunnudaginn 16. nóv. 2014 prédikaði prófastur í Hafnarfjarðarkirkju í tilefni af aldarafmæli kirkjunnar. Veglegt afmælisrit verður gefið út í tilefni af afmælinu. Sömuleiðis prédikaði prófastur við útvarpsguðsþjónustu á jóladag í Hafnarfjarðarkirkju, séra Jón Helgi Þórarinsson þjónaði fyrir altari.

Héraðsnefnd átti fund með biskupi í nóvemberlok þar sem málefni prófastsdæmisins voru rædd. Einkum voru þau mál rædd sem framundan voru en það er embætti héraðsprests, auglýsing lausra embætta og skipan nýs prófasts.

Fimmtudaginn 11. des. 2014 var prófastur í Ástjarnarkirkju viðstaddur kynningu á þrem vinningstillögum um kirkju og safnaðarheimili, tillögurnar voru áhugaverðar og hyggst sóknarnefndin ráðast í byggingu safnaðarheimilis skv. vinningstillögunni.

## Til umhugsunar

Til umhugsunar og fróðleiks gat prófastur um þrjár ráðstefnur sem hann sótti erlendis á árinu og um eina hér á landi, ýmist á eigin vegum eða í boði ráðstefnuhaldara: Dagana 9-12. apríl sat hann ráðstefnu í Vínarborg í boði Vínarháskóla sem einn fyrirlesara um efnið *Mennska og trú*. Fjallaði erindi hans um mótandi áhrif náins sambýlis við blíða og óblíða náttúru á trúarvitund Íslendinga í sögu og samtíð. Dagana 6.-11. júlí sótti prófastur ráðstefnu alþjóðasamtaka um list og kirkju (*ACE: Art and Christianity Enquiry*) sem haldin var í London. Dagana 9-12. okt. sótti hann þýska kirkjubyggingaþingið (*Der deutsche Kirchbautag*) sem haldið var í München, það er

haldið þriðja hvert ár og er fjölsótt af arkitektum, guðfræðingum og kirkjuleiðtogum. 15. sept. sótti prófastur ráðstefnuna *The Religious Significance of Nature* í Seltjarnarneskirkju, fyrir enska og íslenska guðfræðinga og flutti þar erindi um meginefni ráðstefnunnar.

Þing og ráðstefnur af þessu tagi hafa mikilvægu hlutverki að gegna við miðlun hugmynda og þær eru farvegur nauðsynlegrar umræðu sem líðandi stund kallar sífellt á. Samskipti íslenskra guðfræðinga og íslenskra leikmanna í þjóðkirkjunni við kirkjufólk í nágrannalöndum okkur eru ekki aðeins mikilvæg heldur óhjákvæmileg nema ætlun okkar sé að einangrast og vera hvorki miðlandi né þiggjandi í því sem fram fer á vettangi samfélagsins. Allar nýjungar spretta af því að komast í snertingu við menn og málefni á nýjum vettvangi, það er gömul speki og ný.

Fyrsta febrúar 2015 urðu prófastaskipti í Kjalarnessprófastsdæmi. Mannaskipti gefa tilefni til að horfa til mótunar og þróunar þess sameiginlega starfs sem á sér ávallt stað á vettvangi eins prófastsdæmis. Í Kjalarnessprófastsdæmi hafa margar nýjungar í kirkjulegu starfi átt upphaf. Kjalarnessprófastsdæmi var löngum forystuprófastsdæmi í íslensku þjóðkirkjunni, það er ekki fyrr en 1940 sem því er skipt upp í Kjalarnessprófastsdæmi og Reykjavíkurprófastsdæmi, fram til þess tíma voru innan marka þess allar helstu stjórnsýslustofnanir þjóðarinnar, andlegar og veraldlegar. Ein ástæðan fyrir þeirri grósku sem einkennt hefur starfið er margbreytnin, í prófastsdæminu eru stórar og litlar sóknir, til sjávar og sveita, í reynd endurspeglun á kirkjustarfi þjóðkirkjunnar. Önnur megináherslan fyrir þeirri grósku sem hefur einkennt kirkjustarf í Kjalarnessprófastsdæmi er samheldnin sem þar hefur alla tíð ráðið ríkjum. Áhöfnin nær bestum árangri þegar hún rær í takt á bæði borð, þegar fólk veit hvert af öðru og styður hvert annað í starfi. Það andrúmsloft hefur löngum ráðið ríkjum í Kjalarnessprófastsdæmi. Þar gegnir héraðsnefnd, héraðsprestur og síðast en ekki síst prófastur lykilhlutverki. Árið 1978 var tímamótaár þegar héraðsnefnd var stofnuð í fyrsta skipti hér á landi á héraðsfundi í febrúar það ár. Með stofnun hennar urðu miklar breytingar á starfi prófastsdæmisins og síðar allra prófastsdæma landsins. Samtakamátturinn og samstaðan hefur hvort tveggja skilað sér í fjölþættu fræðslustarfi, í menntun leikra og lærðra, í símenntun presta, í kynnisferðum til kirkna og kirkjustofnana erlendis, í fjölþættu safnaðarstarfi, í barna- og æskulýðsstarfi, í blómlegu tónlistarstarfi. Allt hefur það skilað vaxandi starfi vegna aukinnar þekkingar og aukins áhuga þeirra sem starfið leiða, hvort sem þeir eru leikir eða lærðir.

Í vísitasíuferð minni um Kjalarnessprófastsdæmi í haust ræddi ég oftast um stöðu kirkjustarfsins í lok vísitasíunnar á hverjum stað fyrir sig með sóknarnefnd og presti eða prestum. Þrennt var mér ofarlega í huga. Í fyrsta lagi er okkur öllum ljóst að íslenska þjóðkirkjan hefur haft vindinn í fangið um alllangt skeið, í hinni almennu umræðu virðist hún ekki hafa haft meðbyr og fjárhagslega hefur hún þurft að greiða stærri toll af hruninu 2008 en aðrar stofnanir samfélagsins, þetta hafa ráðamenn nú loksins viðurkennt opinberlega. En þegar ég lít til þeirra ára sem ég var að stíga mín fyrstu skref sem sóknarprestur austur á landi 1971, eða fyrir rúmum fjórum áratugum, var andbyrinn í garð kirkjunnar síst minni, ekki síst vegna þess að heilu stjórnmálaflokkarnir höfðu það að markmiði að hefta starf kirkjunnar sem mest. Svo er ekki nú. En samt er eins og ekkert hafi breyst, yfirborðið blekkir okkur sýn, undir niðri er allt óbreytt og þegar á reynir er trúin síðasta haldreipið.

Í ávarpi sínu á héraðsfundi sagði prófastur, dr. Gunnar Kristjánsson að lokum: „Með þessum síðasta héraðsfundi mínum í Kjalarnessprófastsdæmi horfi ég með þakklæti og stolti um öxl,

ég er þakklátur fyrir góða samstarfsmenn sem ég þarf ekki að nafngreina hér, sömuleiðis fyrir góð og gefandi kynni við presta og sóknarnefndafólk, ekki hvað síst formennina sem sumir hverjir hafa staðið vaktina lengi og með miklum sóma, ég er þakklátur fyrir samstarf með tónlistarfólkinu, einkum organistunum, með kirkjuvörðum og kirkjugarðsvörðum, með þeim sem hafa leitt barna- og æskulýðsstarf í prófastsdæminu. Þannig gæti ég haldið lengi áfram. Við eigum öll þessa sögu. Samstarf um göfugt málefni er gefandi og göfgandi, það skilur ekki eftir tómarúm í sálinni heldur lífsfyllingu. Það finn ég á þessum tímamótum og fyrir það er ég þakklátur.“ Ω

# *Reykjavíkurprófastsdæmi eystra*

**Sr. Gísli Jónasson, prófastur**

## Inngangsorð

Þegar horft er tilbaka yfir liðið starfsár blasir við enn eitt ár niðurskurðar og margs konar vandamála sem honum fylgja. Má því segja að nú séu liðin sjö mögur ár frá efnahagshruninu og hlýtur það að vera von okkar, að nú taki, með Guðs hjálp og góðra manna, við sjö ár vaxtar, uppbyggingar og eflingar. Þessi aðhalds- og þrengingatími, hvað efnahagsmálin varðar, hefur kennt okkur margt og það hefur á margan hátt verið uppörfandi og lærdómsríkt að fylgjast með viðbrögðum safnaðanna við þessu ástandi. Vel hefur verið unnið og af miklum dugnaði og fórnfýsi, þrátt fyrir erfiðar ytri aðstæður. Er það vissulega mikið þakkarefni, en nú hlýtur hins vegar að vera komið nóg og tími til þess kominn að fyrirheit stjórnvalda um leiðréttingu verði efnd. Enda ljóst, að víða er fólk að komast að þrotum og að margvíslegum viðhaldsverkefnum verður ekki lengur frestað.

Við skulum því ganga til móts við nýtt starfsár með djörfung og í fullu trausti til fyrirheita Drottins, sem hefur heitið því að hann yfirgefur okkur ekki, sama á hverju gengur. Setjum traust okkar á hann sem segir við okkur fyrir munn spámanns síns, Jeremía:

„Því að ég þekki sjálfur þær fyrirætlanir sem ég hef í hyggju með yður, fyrirætlanir til heilla en ekki til óhamingju, að veita yður vonarríka framtíð.“ (Jer. 29:11)

Látum þetta fyrirheiti Drottins fylgja okkur inn í nýtt starfsár og vera okkur til uppörfunar og hvatningar. Hann veit hvað okkur er fyrir bestu og hann vill leiða okkur og blessa. Setjum því traust okkar á hann og leyfum honum að vinna sitt verk í hjörtum okkar að hann fái notað okkur sem sín verkfæri öðrum til blessunar. Felum honum allt okkar ráð og biðjum hann að styrkja okkur til þjónustunnar, efla samstarf okkar og samstöðu, og auka okkur fúsleika og djörfung til eftirfylgdar við hann á komandi starfsári.

Ég mun nú í þessari skýrslu leitast við, að nefna það helsta, sem gerst hefur í starfi prófastsdæmisins á síðasta starfsári, um leið og horft er til þess sem framundan bíður.

## Starfið í söfnuðunum

Helstu tölur um helgihald í prófastsdæminu árið 2014, skv. starfsskýrslum presta, eru sem hér segir, (tölur frá 2013 eru í sviga): Almennar guðsþjónustur 594 (602), barnaguðþjónustur 362 (375), aðrar bæna- og helgistundir 913 (922). Guðsþjónustur voru því samtals 1869 (1899). Viðstaddir þessar guðsþjónustur voru alls 105.077 (103.431). Fermingarbörn voru 999 (929) og altarisgestir 22.689 (21.802). Þá voru skírð 718 (731) börn, hjónavígslur voru 177 (211) og útfarir 374 (365).

Þar sem enn vantar töluvert uppá að starfs- og messugjörðarskýrslur presta gefi nægjanlega glögga mynd af umfangi kirkjustarfsins höfum við haldið áfram þeirri reglubundnu talningu á völdum þáttum starfsins í prófastsdæminu sem við tókum upp fyrir sex árum. Samkvæmt þessari talningu tóku alls 195.212 (269.880) manns þátt í þeim liðum safnaðarstarfsins sem talið var í árið 2014 og er þar þó ýmislegt undanskilið, eins og t.d. kórastarfið, fermingarfræðslan og fundir og samverur af ýmsu tagi. Er þetta veruleg fækkun frá síðasta ári en svipaður fjöldi og var árið 2012. Munar þar mestu, að veruleg fækkun varð í útförum. Meðalþátttakan í messum, sem fram fóru á árinu 2014 var 89,1 manns, en var 96,6 árið áður.

Samstarf innan hinna þriggja samstarfssvæða í prófastsdæminu var með svipuðu sniði á starfsárinu og var árið áður. Ég tel það mikilvægt, að við leggjum áframhaldandi áherslu á samstarfssvæðin á komandi árum og leitum allra leiða til að efla starf kirkjunnar í prófastsdæminu með margvíslegu samstarfi og verkaskiptingu, þegar það á við. Gerir héraðsnefndin því tillögu um, að á fjárhagsáætlun næsta árs verði all myndarleg fjárveiting til samstarfssvæðanna, eins og verið hefur síðustu fimm árin.

Þá leyfi ég mér, undir þessum lið, að minnast enn einu sinni á messuhópana, en slíkir hópar eru nú starfandi í allmörgum kirkjum á höfuðborgarsvæðinu og þar á meðal við um helming kirkna í okkar prófastsdæmi. Hefur þetta starf tvímælalaust orðið til að auðga og efla guðsþjónustuhaldið og vil ég því hvetja enn fleiri söfnuði til að huga að möguleikunum á því að koma á slíku starfi.

Lítið sem ekkert hefur verið um byggingarframkvæmdir eða aðrar verklegar framkvæmdir á starfsárinu, enda hefur viðhald eða endurbætur á húsnæði safnaðanna verið í algjöru lágmarki mörg undanfarin ár. Í Árbæjarsókn liggja fyrir samþykktar teikningar að viðbyggingu við safnaðarheimilið, en framkvæmdir hafa frestast ár eftir ár vegna óvissu í efnahagsmálunum. Byrjað var á viðgerðum á þaki Breiðholtskirkju s.l. sumar og verður þeim fram haldið á komandi sumri. Þá má geta þess, að hljóðkerfi og annar tæknibúnaður var endurnýjaður bæði í Digranes- og Fella- og Hólakirkju. Þá var á starfsárinu unnið að frágangi á kirkjuskipi Lindakirkju ásamt forkirkju og kapellu. Er þeim áfanga nú nánast lokið og var því blásið til vígsluhátíðar á sex ára vígsluafmæli kirkjunnar á 3. sunnudegi aðventu, sem var 14. desember 2014.

## Ráðstefnur, námskeið, fræðslustarf o.fl.

Að venju var boðið upp á ýmiss konar fræðslustarf á vegum prófastsdæmisins á liðnu starfsári og skal það helsta talið upp hér:

**Prédikunarklúbbur presta** hefur komið saman vikulega yfir vetrartímann undir leiðsögn dr. Sigurjóns Árna Eyjólfssonar, héraðsprests. Þá voru vikulegir biblíulestrar í Breiðholtskirkju í umsjá dr. Sigurjóns Árna í samvinnu við Starfs- og leikmannaskóla kirkjunnar. Stóðu þeir

samtals yfir í 20 vikur. Einnig hefur dr. Sigurjón Árni boðið upp á ýmsar fræðslusamverur eins og t.d. fræðslunámskeið fyrir sóknarnefndir og heimsóknir í félagsstarf aldraðra.

**Fermingarnámskeið** voru í Vatnaskógi á vegum flestra safnaðanna í samvinnu við Skógarmenn KFUM. Er þar bæði um að ræða dags námskeið auk hefðbundinna námskeiða með einnar nætur gistingu.

Prófastsdæmið hefur mörg undanfarin ár tekið þátt í fræðslustarf í samstarfi við Biskupsstofu og Reykjavíkurprófastsdæmi vestra undir merkjum Starfs- og leikmannaskóla kirkjunnar. En vegna niðurskurðar og manneklu á Biskupsstofu þá lá þetta starf því miður nánast alveg niðri á sl. starfsári.

Þá skal á það minnt, að söfnuðunum standa jafnan til boða eldvarnarnámskeið, framsagnarnámskeið og námskeið í skyndihjálp á vegum prófastsdæmisins og eru þau einkum ætluð starfsfólki og sjálfboðaliðum safnaðanna.

**Ný dögun**, samtök um sorg og sorgarviðbrögð, stóð að venju fyrir nokkrum fræðslufundum fyrir syrgjendur í samvinnu við prófastsdæmin, Kirkjugarða Reykjavíkur-prófastsdæma og Fræðsludeild Biskupsstofu.

Loks er þess að geta, að auk þess sem hér er upp talið þá er að sjálfsögðu margvíslegt fræðslustarf í boði á vegum safnaðanna.

## Fundir, aðrar samverur o.fl.

Héraðsfundur var haldinn í Digraneskirkju 19. maí sl. og aukahéraðsfundur í Breiðholtskirkju 15. október. Héraðsnefnd prófastsdæmisins, hefur að jafnaði haldið einn fund á mánuði og voru þeir alls 11 á starfsárinu. Að auki héldu héraðsnefndirnar í eystra og vestra prófastsdæminu tvo sameiginlega fundi. Í héraðsnefnd sitja nú sr. Gunnar Sigurjónsson og Benedikta Waage, en varamenn þeirra eru sr. Guðrún Karls Helgudóttir og Ólafur Hjálmarsson. Sitja bæði aðal- og varamenn alla fundi. Þá eiga prófastarnir í Reykjavíkurprófastsdæmunum reglulega með sér fundi þar sem þeir ræða sameiginleg málefni og sömuleiðis áttum við nokkra samráðsfundi með prófasti Kjalarnesprófastsdæmis. Nú hafa nýir prófastar tekið við störfum í báðum prófastsdæmunum. Vil ég því nota þetta tækifæri til að bjóða þær sr. Þórhildi Ólafs og sr. Helgu Soffíu Konráðsdóttur velkomnar til starfa og vænti ég mikils af samstarfinu við þær. Sömuleiðis vil ég nota þetta tækifæri til að þakka fráfarandi prófföstum, þeim sr. Birgi Ásgeirssyni og sr. Gunnari Kristjánssyni samstarfið á liðnum árum. Samráðsfundir presta og djákna voru þrír á starfsárinu og sömuleiðs voru haldnir þrír formannafundir og var einn þeirra sólarhringsfundur í Skálholti.

Auk þeirra funda sem hér hafa verið nefndir, hefur prófastur setið marga fundi um málefni ÆSKR, Ellimálaráðs, Fjölskylduþjónustu kirkjunnar, Kirkjugarða Reykjavíkur og Kirkjugarðasambands Íslands, svo eitthvað sé nefnt. Þá hefur prófastur einnig setið samráðsfundi með prestum, sóknarnefndum, biskupi Íslands, öðrum próföstum, félagsmálayfirvöldum o.fl., auk margvíslegra nefndarstarfa.

Í febrúar sl. lauk vísitasíu vígslubiskupsins í Skálholti, hr. Kristjáns Vals Ingólfssonar, í prófastsdæminu, en hún hófst í febrúar 2014. Átti hann fundi með sóknarnefndum og starfsfólki safnaðanna auk þess sem hann á viðtöl við presta, djákna og sóknarnefndarformenn. Einnig tók hann þátt í guðsþjónustum og öðru safnaðarstarfi og kynnti sér á þann hátt starf og

aðstæður safnaðanna. Vísitasíunni lauk með fræðslu- og umræðufundi presta og djákna með vígslubiskupi 26. mars sl.

## Breytingar á starfsliði

All nokkrar breytingar hafa orðið í hópi presta og djákna í prestaköllum prófastsdæmisins á starfsárinu. Sr. Valgeir Ástráðsson lét af störfum sem sóknarprestur í Seljaprestakalli 1. ágúst sl. og var sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson kjörinn í hans stað með almennri kosningu og skipaður sóknarprestur frá 1. september. Í framhaldi af því var starf prests í Seljaprestakalli auglýst laust til umsóknar og var sr. Bryndís Malla Elídóttir valin til þeirrar þjónustu og skipuð prestur í Seljaprestakalli frá 1. desember og lét hún þá jafnframt af störfum sem héraðsprestur. Embætti það, sem sr. Bjarni Þór Bjarnason gengdi áður, sem prestur í Grafarvogsprestakalli, og sem hafði verið ósetið í u.þ.b. heilt ár, var loks auglýst í byrjun maí 2014 og var sr. Arna Ýrr Sigurðardóttir skipuð sem prestur í Grafarvogsprestakalli frá 1. september sl. Sr. Lena Rós Matthíasdóttir, prestur í Grafarvogsprestakalli, sem verið hafði í launalausu leyfi um hríð, sagði svo starfi sínu lausu um sl. áramót og hefur sr. Sigurður Grétar Helgason þjónað í hennar stað í hlutastarfi. Þetta embætti var auglýst nú í vor og var sr. Sigurður Grétar valinn til að gegna því og hefur fengið skipun til þess frá 1. ágúst n.k. Þá er þess einnig að geta, að sr. Sigrún Óskarsdóttir, prestur í Árbæjarprestakalli, sem all lengi hafði verið í hálfu starfi, sagði embætti sínu lausu frá 1. apríl sl. og á sama tíma lét sr. Kristín Pálsdóttir, sem þjónað hafði á móti henni af störfum. Var þetta embætti því einnig auglýst nú í vor og var sr. Petrína Mjöll Jóhannesdóttir valin til að gegna því og hefur verið skipuð sem prestur í Árbæjarprestakalli frá 1. ágúst n.k. Staða héraðsprests, sem losnaði við fráhvarf sr. Bryndísar Möllu hefur hins vegar ekki verið auglýst og er ekki vitað hvenær það verður. Sr. Sigurður Grétar Helgason var hins vegar settur til að þjóna að hluta sem héraðsprestur til 30. júní ásamt þjónustunni í Grafarvogsprestakalli. Þá var sr. Sigríður Guðmarsdóttir, sóknarprestur í Grafarholtsprestakalli í launalausu leyfi frá 1. ágúst 2014 og hefur sr. Karl V. Matthíasson þjónað í hennar stað. Sr. Sigríður hefur nú sagt starfi sínu lausu og verður það auglýst á næstu vikum og skipað í það frá 1. september n.k. Loks er þess að geta, að sr. Sveinn Alfreðsson var vígður 14. september 2014 til þjónustu safnaðarprests í Lindaprestakalli, en hann hafði áður verið starfsmaður safnaðarins um all langt skeið.

Varðandi djáknaþjónustuna er það að segja, að Kristín Kristjánsdóttir, var vígð 28. september 2014, til djáknaþjónustu í Fella- og Hólabrekkusóknum, en hún hafði áður starfað á vegum safnaðanna, sem almennur starfsmaður.

Þjónandi djáknar í prófasdæminu eru nú aðeins þrír, auk framkvæmdastjóra Eldriborgararáðs, en voru þegar best lét sjö og þar af þrír í fullu starfi. Þjónandi prestar eru hins vegar 20 í 19 stöðugildum, en fjölgar í 21 í 20 stöðugildum er skipað hefur verið í þau störf sem nú eru auglýst frá og með næsta hausti. Er einn þessara presta safnaðarráðinn. Hafa prestar í prófastsdæminu ekki verið færri til fjölda ára, en flestir voru þeir 23-24 í 22,5 stöðugildi. Við þessa fækkun presta bætist svo sú staðreynd, að öðru starfsfólki í söfnuðum prófastsdæmisins hefur fækkað gríðarlega en áætla má að öðrum starfsmönnum, en prestum og djáknum hafi fækkað um u.þ.b. 40% frá því sem var fyrir áriði 2008. Er þetta auðvitað mikið áhyggjuefni enda hefur það bæði leitt til niðurskurðar í safnaðarstarfinu og svo hins, að starfsálag þeirra sem

eftir eru hefur stóraukist. Er því full ástæða til að standa vörð um þau störf sem eftir standa og andmæla þeim röddum sem halda því fram, að enn þurfi jafnvel að fækka í okkar hópi.

## Sameiginlegt starf Reykjavíkurprófastsdæma o.fl.

Megin verkefni Eldriborgararáðs Reykjavíkurprófastsdæma hefur alla tíð verið að hvetja til og styðja við kirkjustarf eldri borgara í söfnuðunum. Er það m.a. gert með margvíslegum námskeiðum og samráðsfundum fyrir starfsfólk og sjálfboðaliða safnaðanna, sem munu vera um 130, og með því að skipuleggja og sjá um ýmiskonar sameiginlega viðburði fyrir þennan aldurshóp. Þá hefur ráðið staðið fyrir sumardvöl fyrir aldraða á Löngumýri í samráði við Ellimálanefnd kirkjunnar. Hefur aðsókn verið mjög góð og er því boðið upp á fjóra dvalarflokka á komandi sumri í stað þriggja áður. Framkvæmdastjóri ráðsins er Þórey Dögg Jónsdóttir, djákni.

ÆSKR býður sömuleiðis upp á fjölbreytt starf bæði fyrir leiðtoga og unglinga í æskulýðsfélögum safnaðanna. Yfirskrift starfsins á síðasta starfsári var: „Ertu Samverji?" og megin markmiðið var að reyna að vekja athygli á ábyrgð okkar í samfélaginu út frá ýmsum sjónarhornum. Dagný Halla Tómasdóttir, sem verið hafði framkvæmdastjóri ÆSKR í rúm ellefu ár lét af störfum um sl. áramót og vil ég því nota þetta tækifæri til að þakka henni vel unnin störf. Nýr framkvæmdastjóri er Kristján Ágúst Kjartansson og býð ég hann jafnframt velkomin til starfa.

Starfsemi Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma er bæði viðamikil og fjölþætt eins og fram kemur í ársskýrslu garðanna. Það hefur þó skapað starfseminni mikinn vanda að niðurskurður lögbundinni framlaga til kirkjugarða hefur leitt til verulegs hallareksturs, sem stefnir rekstri garðanna í þrot ef ekkert verður að gert. Prófastarnir í Reykjavíkurprófastsdæmunum sitja fundi framkvæmdanefndar kirkjugarðanna sitt hvort árið og mun undirritaður sitja þessa fundi á komandi starfsári.

Starfsemi Fjölskylduþjónustu kirkjunnar hefur dregist töluvert saman á síðustu misserum vegna niðurskurðar. Prófastsdæmið hefur frá upphafi stutt þetta starf með verulegum fjárframlögum. Héraðsnefnd telur mikilvægt að þessum stuðningi verði ekki hætt, enda um ákaflega mikilvæga þjónustu kirkjunnar að ræða. Er því að því stefnt, að stuðningur við Fjölskylduþjónustuna verði heldur aukinn á næsta ári.

Þá vil ég geta þess, að prófastsdæmið hefur styrkt starf Hjálparstarfs kirkjunnar með allmiklum framlögum, eins og fram kemur í ársreikningi, enda heldur umsóknum um aðstoð Hjálparstarfsins áfram að fjölga og þá ekki hvað síst úr okkar prófastsdæmi.

## Sjóðir, samskipti við Reykjavíkurborg o.fl.

Starfssjóður safnaðarhjálparinnar í Reykjavíkurprófastsdæmum úthlutaði aðeins einum styrk að upphæð kr. 200.000 á þessu vori, enda hafa tekjur sjóðsins dregist mjög saman í kjölfar bankahrunsins.

Samkvæmt ákvörðun kirkjuráðs um úthlutun úr Jöfnunarsjóði sókna árið 2015 koma 15 milljónir kr. í hlut fjögurra sókna í prófastsdæminu, en árið áður fengu fjórar sóknir alls 21,5 milljónir kr.

Þá fengu þrír söfnuðir í prófastsdæminu úthlutun úr Kirkjubyggingarsjóði Reykjavíkur á þessu ári, alls kr. 3,8 milljónir, en framlag borgarinnar til sjóðsins hefur verið nánast óbreytt að krónutölu frá hruni eða 11,2 milljónir. Það er því ekki er von á háum framlögum til hvers aðila, þar sem umsóknir í sjóðinn voru 10.

Samstarfsnefnd Reykjavíkurborgar og Reykjavíkurprófastsdæma hefur verið algjörleg óvirk það sem af er þessu kjörtímabili og ekki hefur enn sem komið er tekist að ná fram neinum breytingum á reglum um samskipti skóla og trúar- og lífsskoðunarfélaga, sem samþykktar voru í Borgarráði haustið 2010, né á túlkun skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur á þeim. Er nú svo komið að nánast hefur verið tekið fyrir alla möguleika frjálsra félagasamtaka á því að kynna starf sitt í skólunum og hefur þetta valdið mörgum aðilum miklum erfiðleikum og kemur í raun í veg fyrir að skólinn sé í eðlilegu samstarfi við nærumhverfið. Undirstrikar þessi staða enn mikilvægi þess, að við leitum allra leiða til að fá þessar reglur endurskoðaðar sem allra fyrst, þannig að sníða megi af þeim mestu vankantana.

## Fjárhagur sókna- og prófastsdæmis

Það má öllum ljóst vera, að hinn mikli niðurskurður sóknargjaldsins frá árinu 2009 hefur haft verulega neikvæð áhrif á starf safnaðanna, prófastsdæmisins og kirkjunnar allrar. Ég hef tekið saman yfirlit um niðurskurðinn eins og hann hefur verið í hverjum söfnuði prófastsdæmisins fyrir sig. Kemur þar fram, að heildarniðurskurðurinn bara í okkar prófastsdæmi er nú orðinn u.þ.b. einn miljarður króna eða að meðaltali u.þ.b. 143 milljónir kr. á hverju ári. Og heildarniðurskurðurinn til allra safnaða Þjóðkirkjunnar er nú tæplega 3,9 milljarðar. Það er líka ljóst, og hefur verið viðurkennt af opinberum aðilum, að sóknargjaldið hafi verið skorið niður langt umfram þann niðurskurð, sem aðrir aðilar hafa almennt mátt þola vegna efnahagshrunsins.

Í ljósi þessa skipaði innanríkisráðherra starfshóp, sem falið var að finna ásættanlega lausn á fjárhagsvanda kirkjunnar vegna þessa niðurskurðar, og voru undiritaður og Inga Rún Ólafsdóttir, sviðsstjóri hjá Samtökum íslenskra sveitarfélaga og formaður sóknarnefndar Breiðholtssóknar, skipuð í hópinn fyrir hönd kirkjunnar. Starfshópurinn skilaði niðurstöðum sínum til ráðherra fyrir tæpu ári síðan og staðfestu þær, í einu og öllu, þann mikla niðurskurð sem sóknargjaldið hefur orðið fyrir umfram það sem aðrir aðilar hafa mátt þola. Gerði hópurinn það að tillögu sinni, að þessi munur yrði leiðréttur á þremur til fjórum árum og að síðan verði að því stefnt að sóknargjaldalögin komi að fullu til framkvæmda sem fyrst eftir það. Féllst ráðherra á tillögur hópsins, um leiðréttingu á fjórum árum, en því miður varð niðurstaðan engu að síður sú, að þeim var aðeins fylgt að litlu leyti. Miðað við tillögur hópsins hefði sóknargjaldið á yfirstandandi ári orðið u.þ.b. 878 kr. á mánuði en ekki 824 eins og nú er. Hefði það því hækkað um 84 kr á mánuði en ekki 30 kr. eins og raunin varð.

Við hljótum að sjálfsögðu að vænta þess, að stjórnvöld fari að þessum tillögum, þannig að skerðing sóknargjaldsins verði leiðrétt með markvissum hætti á allra næstu árum. Ég vil nota þetta tækifæri til að skora á okkur öll, að standa nú saman og leitast við, eftir því sem okkur er framast unnt, að hafa áhrif á það að svo verði.

Á aukahéraðsfundi haustið 2012 var samþykkt að héraðssjóður skyldi, vegna hinnar erfiðu fjárhagsstöðu sóknanna, endurgreiða söfnuðum prófastsdæmisins 1% sóknargjaldsins. Nam

þessi endurgreiðsla alls kr. 4.808.297 á síðasta ári og var u.þ.b. fjórðungur þessarar upphæðar endurgreiddur til samstarfssvæðanna, en hinn hlutinn beint til sóknanna. Er hér um að ræða 20% af tekjum héraðssjóðs, sem áður höfðu að sjálfsögðu lækkað í sama hlutfalli og tekjur safnaðanna. Fyrirmyndin að þessu fyrirkomulagi var m.a. sótt til Reykjavíkurprófastsdæmis vestra, sem tekið hafði upp slíka endurgreiðslu tveimur árum fyrr. Nú er hins vegar svo komið að héraðssjóður hefur verið rekinn með verulegu tapi síðustu tvö árin og er höfuðstóll héraðssjóðs því orðinn það lágur, að ekki verður gengið öllu lengra án þess að til greiðslufalls gæti komið. Gerði hérðasnefnd það því að tillögu sinni, að þessari endurgreiðsla yrði hætt í áföngum á fjórum árum og verði fyrsti áfangin tekinn á þessu ári, með breytingu á fjárhagsáætlum, þannig að í ár verði endurgreiðslan 0,75%, eða kr. 3.751.088 og á næsta ári 0,5%. Var þessi tillaga samþykkt á héraðsfundi og er þessa að vænta, að með þessari breytingu verði hægt að ná jafnvægi í rekstri héraðssjóðs.

## Kirkjuþing

Nýtt kirkjuþing kom saman á síðasta starfsári og kom þá því miður enn og aftur í ljós, að fulltrúar þéttbýlisins á höfuðborgarsvæðinu gátu ekki staðið saman við kjör til kirkjuráðs. Virðist því ljóst, að enn á ný sitjum við uppi með kirkjuráð, sem virðist hafa takmarkaðan skilning á þjónustuþörfinni á þessu svæði. Kemur þetta m.a. fram í því, að störf sem losna hér á svæðinu hafa ítrekað ekki verið auglýst fyrr en eftir langan tíma og í einstaka tilfellum hefur það jafnvel verið lagt til, að þau verði aflögð.

Tel ég það því ákaflega brýnt, að kirkjuþingsfulltrúar okkar svæðis standi saman að því, að hafna öllum hugmyndum um fækkun presta á höfuðborgarsvæðinu og að því, að tryggt verði að þau embætti sem losna á svæðinu séu auglýst þegar í stað. Við þolum sannarlega ekki meiri fækkun starfsfólks en orðið er.

## Niðurlagsorð

Ég læt svo þessari skýrslu vera lokið með því að færa þeim mörgu, sem komið hafa að starfinu í prófastsdæminu á sl. starfsári, innilegar þakkir. Það er blessun þessa starfs, hversu mörg þau eru, sem eru fús að leggja hönd að verki og gefa bæði af tíma sínum og kröftum til þjónustunnar. Og síðast, en ekki síst, vil ég svo fá að þakka góðum Guði, sem hefur blessað starfið svo ríkulega á liðnum árum. Hann yfirgefur okkur ekki, á hverju sem gengur, því megum við treysta. Hann hefur fyrirætlanir í hyggju með okkur hvert og eitt, fyrirætlanir til heilla. Mætti það því verða gæfa okkar, að hleypa honum að í lífi okkar, að hann komist þar að með blessun sína og handleiðslu og fái gefið okkur þann styrk og kraft, sem við þurfum á að halda til að starfa og þjóna í kirkju hans.

# *Reykjavíkurprófastsdæmi vestra*

**Birgir Ásgeirsson, prófastur**

Skýrsla mín sem prófasts í RPV tekur að þessu sinni til tímabilsins júní 2014 – mars 2015.

## Héraðsnefnd

Héraðsnefnd hefur haldið reglulega fundi mánaðarlega, nema í ágúst. Fjöldi umsókna um styrkveitingar hafa borist vegna ýmissa kirkju- og listviðburða. Einnig hafa styrkir til bókaútgáfu og námsverkefna komið á borð nefndarinnar. Héraðsnefnd hefur orðið við allmörgum umsóknum, en hafnað nokkrum, sem í flestum tilfellum er miður, því umsóknir og verkefni hafa verið áhugaverð, þótt þau falli ekki undir starfsreglur héraðssjóðs. Héraðsnefnd skipa eftirtaldir auk prófasts. Sr. Pálmi Matthíasson, Bústaðasókn og Jóhannes Pálmason, Hallgrímssókn, sem aðalfulltrúar, en sr. Helga Soffía Konráðsdóttir, Háteigssókn og Aðalbjörg Stefanía Helgadóttir, Laugarnessókn, sem varafulltrúar. Prófastur hefur boðað öll 4 á fundi héraðsnefndar, auk skrifstofustjóra prófastsdæmisins, Margréti Bragadóttur og héraðsprest, sr. Maríu Ágústsdóttur.

## Þjónustan

Tímabil þetta einkennist af breytingum, einkum í embættisskipan. Á liðnu tímabili hafa eftirtaldir prestar hætt þjónustu og óskað eftir lausn frá embætti sínu. Sr. Jón Dalbú Hróbjartsson, Hallgrímsprestakalli, sr. Sigurður Árni Þórðarson, Nesprestakalli, sr. Birgir Ásgeirsson, Hallgrímsprestakalli. Auk þess sagði Dagný Halla Tómasóttir, æskulýðsfulltrúi starfi sínu lausu um áramótin að eigin ósk, en hún hafði gegnt því starfi fyrir prófastsdæmið um árabil, farsællega, af umhyggju gagnvart unga fólkinu og mikilli vandvirkni í hvívetna. Á sl. ári, 2014, voru átta prestsembætti auglýst í RPV og hefur verið valið í þau öll. Sr. Helga Soffía Konráðsdóttir var valin sóknarprestur í Háteigssókn, þar sem hún hafði verið prestur. Sr. Eiríkur Jóhannsson, var valinn prestur í Háteigssókn. Sr. Sveinn Valgeirsson var valinn prestur í Dómkirkjusókn. Sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir, var valin sem sóknarprestur í Laugarnessókn. Síðan náðist sá árangur að fá samþykkta eina sameiginlega stöðu fyrir prest í Svíþjóð og Danmörku. Sr. Skúli S. Ólafsson var valinn prestur í Nessókn. Sr. Ágúst Einarsson, hefur þjónað í hlutastarfi í Gautaborg, en hefur nú verið skipaður sérþjónustuprestur í Svíþjóð og Danmörku. Um þessa ráðstöfun var gert sérstakt starfsskipulag í samráði og samstarfi við Utanríkisþjónustuna og Sjúkratryggingar. Þetta er góður kostur að sinni, en vonandi næst það mikilvæga markmið, með batnandi hag þjóðkirkjunnar, að í Svíþjóð og Danmörku verði skipað í a.m.k. eitt embætti í hvoru landinu, Svíþjóð og Danmörku. Á haustdögum voru bæði sóknarprests- og prestsembætti auglýst laus í Hallgrímskirkju. Sr. Sigurður Árni Þórðarson var valinn sóknarprestur frá 1. des. sl. og sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir, prestur frá 1. apríl á þessu ári. Þau öll upptalin hafa verið sett í embætti af undirrituðum prófasti. Þá hefur verið ráðinn til starfa sem æskulýðsfulltrúi í RPV, Kristján Ágúst Kjartansson, cand.theol., frá 1. jan. 2015. Einnig var Eysteinn Orri Gunnarsson ráðinn sem sjúkrahúsprestur á LSH og vígður til þeirrar þjónustu.

Ása Laufey Sæmundsdóttir hlaut einnig vígslu og var skipuð sérþjónustuprestur þjóðkirkjunnar í Osló. Síðast en ekki síst hefur biskup Íslands, í kjölfar þess að leita umsagnar presta í RPV, ákveðið að skipa sr. Helgu Soffíu Konráðsdóttur, prófast í Reykjavíkurprófastsdæmi vestra frá 1. apríl.

Ég árna þessu góða og hæfileikaríka fólki öllu saman heilla og bið þeim Guðs blessunar í störfum sínum og þjónustu.

## 60 mínútur

Á Prestastefnu á Ísafirði í júní 2014 voru sýndar 3ja mínútna yfirlits- og fréttamyndir frá hverju prófastsdæmi. Hugmynd biskups, frú Agnesar, hafði þannig komist í framkvæmd, en hún lagði til á janúarfundi með prófböstum landsins að slíkt yrði undirbúið og gert. Karl Jeppesen annaðist myndatöku og gerð þessarar stuttu myndar í einu og öllu, en sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir samdi texta í samráði við Karl og las inn á myndina. Í framhaldi af þessu kom fram sú hugmynd að nýta það mikla efni, sem safnast hafði upp í myndatökum Karls, og framleiða 60 mínútna yfirlitsmyndar úr prófastsdæminu. Héraðsnefnd fjallaði fyrst um málið og samþykkti að freista þess að ná samstarfi um þetta verkefni hjá öllum sóknum og Biskupsstofu. Með þessu verklagi tókst að safna nægilegu fjármagni til þess að kosta gerð klukkustundar langrar yfirlitsmyndar úr prófastsdæminu. Myndataka, klipping og frágangur var í höndum Karls Jeppesen, en sr. Irma Sjöfn samdi texta og las inn. Myndin er gerist öll frá sjónarhorni sóknarbarnsins, sem horfir á kirkjurnar í Reykjavík vestra, hverja af annarri, skoðar söguna lítið eitt og arkitektur. Síðan er litið á hið innra starf og reynt að draga fram ákveðin sérkenni eða verkefni hverrar sóknar fyrir sig. Sóknarbarnið er svolítið álengdar, eins og sögumaður, og fylgist með því sem fram fer og ber fyrir augu. Mynd er hæg í frásögn sinni, falleg og upplýsandi. Hún gefur tilefni til umhugsunar um starfsemi þjóðkirkjunnar og þjónustu og af henni má margt læra, hvort heldur er til eftirbreytni eða til umbóta. Það er von undirritaðs að hún nýtist vel í sóknarstarfinu, sé fræðandi og hvetjandi.

## Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæmis

Eitt af hlutverkum prófastanna í Reykjavík er að sitja fundi stjórnar Kirkjugarða Reykjavíkurpófastsæmis. Þeir skipta með sér verkum með því að sitja fundina annað hvert ár. KGRP er ákaflega vel rekið þjónustufyrirtæki. Forstjóri þess, Þórsteinn Ragnarsson, er mikilvirkur og hæfur stjórnandi, sem bæði hefur glögga yfirsýn yfir starfsemi kirkjugarðanna og ríka tilfinningu fyrir þjónustuhlutverki þeirra. Það hefur verið mér sérstaklega ánægjulegt að starfa á þessum vettvangi og þótt erfitt árferði sé þar sem og annars staðar á þjónustusviði þjóðkirkjunnar, þá er ljóst að vel er unnið að þessum mikilvæga málaflokki. Hann varðar alla landsmenn og það er augljóslega ósk allra að starfseminni sé búin góður grundvöllur, þannig að allt sé til sóma hvað rekstur kirkjugarðanna varðar.

## Prófastsdæmið

Frá upphafi Héraðsnefnda og Héraðssjóða var mörkuð sú stefna að þeir styrktu verkefni sem

væru nýbreytni og efldu sameiginlegt safnaðarstarf í prófastsdæminu. Í áranna rás hafa tvö verkefni skorið sig úr í RPV og RPE, hvað varðar umfang og kostnað varðar, en það er Ellimálaráð og Æskulýðsráð. Héraðsnefndir beggja prófastsdæmanna hafa staðið fyrir rekstrinum og ráðið sérhæft fólk til þess að tryggja gott starf og öflugt. Það hefur og reynst mjög vel. Þegar niðurskurður sóknargjalda átti sér stað í kjölfar hins mikla fjármálahruns í landinu 2008, kom það að sjálfsögðu niður á starfsemi Héraðsnefnda. Af þeim sökum hefur minni áhersla en áður verið lögð á nýmæli og frumkvæði í starfi og stuðningi Héraðsnefndar í prófastsdæminu. Í von um að hagur Héraðssjóðs batni er ástæða til að huga að frekari uppbyggingu og útfærslu nýrra hugmynda í starfi prófastsdæmis og safnaðarstarfs. Hvað sem verður í þessu efni, er ástæða til að minnast þess hve mikilvægt það er að sameiginlegur aðili innan hvers prófastsdæmis, eins og Héraðsnefnd í krafti Héraðssjóðs, hvetji til nýbreytni og geti stuðlað að uppbyggingu og framkvæmd nýrra hugmynda á sviði uppfræðslu, kirkju- og listviðburða, sem og nýjunga í almennu safnaðarstarfi. Samstarf sóknarnefnda, stuðningur og hvatning við sóknarnefndarfólk og starfsfólk kirkna og safnaða er þar einnig afar þýðingarmikill þáttur.

## Prófastar

Ég hef notið þeirrar ánægju að þjóna sem prófastur síðan 2011 eða í fjögur ár. Prófastur gegnir þjónustu- og tilsjónarhlutverki og er trúnaðarmaður biskups í prófastsdæminu. Fækkun prófastsdæma og prófasta hefur mjög reynt á skipulag og framkvæmd og er í mínum huga ekki heppileg ráðstöfun. Rík ástæða er til að fara vel yfir þennan þátt kirkjuskipulagsins og endurskoða stærð og umfang prófastsdæmanna, starfsreglur og tilsjónarhlutverk prófastanna. Þess vegna þarf að styrkja prófastsembættin á ný og skoða vel þann möguleika að prófastar, amk í þrem stærstu prófastsdæmunum hafi fyrst og fremst þjónustuskyldu gagnvart prófastsdæminu í heild sinni. Um leið er mikilvægt að búa embætti prófastanna þann ramma og umfang að það efli tilsjónar- og skipulagsþjónustu prófastanna verulega. Samstarfsvæðin munu þá styrkjast, starfsskil prestanna verða markvissari og frítími, hvíld og uppbygging öruggari þáttur á starfssferli prestanna. Umhyggja og aðhlynning í starfi og þjónustu eflir kirkjuna og gerir þjóna hennar hæfari en ella til að sinna krefjandi og mikilvægri þjónustu innan þjóðkirkjunnar og á meðal þeirra mörgu annarra sem leita þjónustu hennar við hinar ýmsu aðstæður í lífi sínu.

## Friðarkveðja

Ég þakka biskupi Íslands, frú Agnesi M. Sigurðardóttur, afar gott samstarf, leiðsögn og trúnaðartraust og bið góðan Guð að blessa hana í sinni mikilvægu þjónustu og leiða hana í því mikilvæga erindi sem hún á við kirkjuna í landinu og þjóðina alla. Prestunum öllum, í sóknunum, sjúkrahús- og sérþjónustu, djáknum, fólkinu í sóknarnefndum, valnefndum og öðru starfsfólki þakka ég gott samstarf og hlýtt viðmót í hvívetna. Organistum og öðru tónlistarfólki, sem og öðrum listamönnum, sem hafa tengst þjónustu prófasts þakka ég einnig frábært samstarf og uppörvandi. Prófastsembættið hefur átt húsaskjól í Hallgrímskirkju í 20 ár. Margrét Bragadóttir hefur allan þann tíma verið skrifstofustjóri prófastsdæmisins og leyst það verkefni af einstakri alúð, skipulagshæfileikum og árvekni í hvítvetna. Eru henni hér með færðar innilegar þakkir

fyrir samstarf og skilning á þjónustu og verkefnum prófastsins. Fólkinu í Hallgrímskirkju, forvera mínum sr. Jóni Dalbú Hróbjartssyni, héraðsnefnd, sóknarnefnd, framkvæmdastjóra Hallgrímskirkju, Jónönnu Björnsdóttur, þakka ég samstarf, umönnun og velvild gagnvart þjónustu prófastsins. Einnig þakka ég sérstaklega kirkjuvörðum í Hallgrímskirkju fyrir tillitssemi og umburðarlyndi gagnvart embætti prófasts og því umfangi sem því fylgir í daglegum rekstri. Guð blessi störf þeirra allra og þá gleði sem þau veita í kærleiksríkri þjónustu sinni.

Nú hefst nýr kafli í sögu prófasts í RPV. Skrifstofan er flutt í Háteigskirkju og nýtur nú gestrisni og aðhlynningar sóknarnefndar þar. Nýr prófastur, sr. Helga Soffía Konráðsdóttir er tekin við embættinu. Ég óska henni innilega til hamingju með hið nýja embætti og bið góðan Guð að blessa hana í fjölbreyttu og viðamiklu þjónustu- og tilsjónarhlutverki sínu.

## *Vesturlandsprófastsdæmi*

**Sr. Þorbjörn Hlynur Árnason, prófastur**

Héraðsfundur Vesturlandsprófastsdæmis 2015 var haldinn í Búðardal sunnudaginn 26. apríl. Fundurinn hófst með messu í Hjarðarholtskirkju, þar predikaði séra Páll Ágúst Ólafsson á Staðastað. Sóknarprestur, séra Anna Eiríksdóttir þjónaði fyrir altari ásamt sóknarpresti.

Á dagskrá fundarins voru hefðbundin aðalfundarstörf. Fundarsókn var góð þrátt fyrir rysjótt veður og erfiða færð.

Í héraðsnefnd sitja auk prófasts sr. Gunnar Eiríkur Hauksson í Stykkishólmi og Indriði Valdimarsson á Akranesi. Varamenn eru sr. Elínborg Sturludóttir í Stafholti og Sigrún Baldursdóttir á Hellissandi. Kirkjuþingsmenn eru þeir séra Geir Waage og Guðlaugur Óskarsson.

Um hefðbundið kirkjustarf í prófastsdæminu er það að segja að þar er allt með svipuðum hætti og síðustu ár. Sóknirnar eru, líkt og víðast á landsbygginni ólíkar að stærð og burðum, en víða er þróttmikið æskulýðsstarf, auk hinnar hefðbundnu þjónustu. Prestar og starfsfólk í æskulýðsstarfi hafa verið dugleg að halda fermingarbarnasamverur innan samstarfssvæðanna. Samstarf höfum við prestar svo sem unnt er.

Séra Páll Ágúst Ólafsson á Staðastað sinnir jafnframt héraðsprestskyldum með embætti sínu. Það er nýmæli í okkar prófastsdæmi og lofar góðu.

Á héraðsfundi var mikið rætt um fjárhagsstöðu sókna. Eðlilega viðruðu fundarmenn áhyggjur sínar.

Líkt og öllum er kunnugt hefur kirkjan fengið sinn skerf af þeim efnahagserfiðleikum sem gengið hafa yfir þjóðina síðustu misseri og ár. Sóknargjöld, sem eru í raun félagsgjöld þjóðkirkjumanna hafa verið skert verulega. Það gildir einnig um sjóði kirkjunnar svo sem jöfnunarsjóð og kirkjumálasjóð. Vitaskuld hafa þessar skerðingar haft sín áhrif á fjárhagslega stöðu sóknanna í héraði, en sóknarnefndir hafa sýnt ábyrgð og varfærni og ekki farið fram úr sér varðandi framkvæmdir eða aðrar skuldbindingar, þannig að hvergi eru veruleg vandræði vegna lækkaðra sóknartekna, þótt vitaskuld þurfi að taka skrefin varlega.

Nú er hins vegar svo komið, að söfnuðir munu vart þola frekari skerðingar án þess að það

bitni á starfi þeirra og þjónustu við sóknarfólk. Þá þarf að sinna viðhaldi á mannvirkjum, sem hefur verið látið bíða eftir því sem kostur er. Á síðasta ári varð ljóst að skerðingar þessar eru farnar að bíta verulega, svo að til vandræða horfir varðandi nauðsynlegt viðhald. Þessi staða eykur álag á sóknarnefndarfólk, sem nú, líkt og fyrrum vinnur mikið sjálfboðaliðsstarf í kirkjum sínum. Þá eru víða orðið erfitt að kosta laun eða þóknun organista vegna fjárskorts.

Það er mér augljóst að það er mikil þreyta meðal kirkjufólks vegna þessara aðstæðna og langlundargeð á þrotum.

Störf nefndar þeirrar er innanríkisráðherra skipaði til að kanna áhrif skerðinga á starfsemi sóknanna hafa hins vegar leitt í ljós að skerðingarnar, eða eignaupptakan er langt umfram það sem gefið var til kynna; Alþingi virðist hafa verið blekkt með villandi útreikningum frá fjármálaráðuneytinu, þar sem ekki var tekið tillit til verðlagsbreytinga milli ára. Því þarf verulega og skjóta hækkun á sóknargjöldum til að þau standi ámóta og tekjustofnar hliðstæðra stofnana. Kirkjan er ekki að heimta neitt umfram aðra, einvörðungu að stofnanir hennar sitji við sama borð og hliðstæðar stofnanir.

Nú er því brýnt að kirkjufólk, með biskup, kirkjuráð og kirkjuþing grípi til varna sem duga svo ekki fari illa í kirkjustarfi. Það er brýnt að hvetja stjórnvöld til að axla sína ábyrgð. Rekstur sókna, uppbygging og brýnt viðhald er í uppnámi.

Víða er staðan mjög erfið. Svo ég taki nærtækt dæmi þá eru brýnar utanhússviðgerðir á Borgarneskirkju búnar bíða árum saman og ásigkomulag á klæðningu kirkjunnar ekki til sóma.

Framundan er tugmilljóna viðgerð á Stykkishólmskirkju. Þá þarf helgidómurinn í Ólafsvík nauðsynlega aðhlynningu. Mörg dæmi eru um illa farna helgidóma, Hellnakirkja er í bágu ástandi, Síðumúlakirkja ekki messuhæf eftir vatnsskemmdir.

Miklum framkvæmdum er nú lokið við Borgarneskirkjugarð, loksins, og er mikil bót að og aðkoma allt önnur og betri en áður var. Þá standa yfir framkvæmdir við stækkun kirkjugarðsins á Borg. Og framundan er stórt verkefni varðandi stækkun kirkjugarðsins á Akranesi. Áfram er unnið að endurbótum á kirkjugarði og kirkju í Stafholti.

Árið 2011 byrjaði samstarf um pílagrímagöngur. Fyrst voru það prestarnir í Stafholts,- Reykholts- og Hvanneyrarprestaköllum sem hófu þetta starf, að frumkvæði séra Elínborgar Sturludóttur. Síðar var vettvangurinn stækkaður og Borgar- og Saurbæjarprestaköll bættust við. Upp var sett heimasíða, pílagrímar.is, þar sem göngurnar voru kynntar og sú hugsun er þar liggur að baki. Áhugasömum er bent á að kynna sér efni síðunnar. Þetta er afar dýrmætt samstarfsverkefni er hlotið hefur mjög góðar undirtektir, ekki aðeins meðal heimafólks, heldur hefur fólk komið um langan veg til að taka þátt. Héraðssjóður hefur stutt þetta framtak.

Að ganga í hópi frá einum helgistað til annars, fara götur og leiðir er farnar voru um aldir, er sérlega gefandi; gangan gefur andlega, trúarlega og líkamlega heilsubót, skapar ný kynni og eflir samkennd fólks og vináttu.

Leiðin austur um úr Borgarfirði að Skálholti hefur nú verið stikuð og merkt.

Í mai mánuði síðastliðnum voru gengnar pílagrímagöngur frá Hvammi í Dölum að Reykholti. Þetta voru heilar sex dagleiðir, sem farnar voru undir leiðsögn séra Elínborgar Sturludóttur. Tókst þetta allt afar vel og var þátttaka góð.

Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að biskup Íslands hefur falið séra Flóka Kristinssyni, með nýju erindisbréfi að þjóna að pílagrímaverkefnum á vegum þjóðkirkjunnar. Þá er í hinu nýja erindisbréfi ákvæði um að hann sinni verkefnum á vegum prófastsdæmisins í samráði við prófast.

Á síðasta ári var þess minnst, að 400 ár voru liðin frá fæðingu séra Hallgríms Péturssonar.

Þessara tímamóta hefur verið minnst með veglegum hætti. Í dymbilviku á síðasta ári var frumflutt í Hallgrímskirkju ópera eftir heimakonuna Alexöndru Chernyshovu *Skáldið og biskupsdóttirin* og fjallar hún um vináttu sr. Hallgríms við Brynjólf biskup í Skálholti, en þó einkum vináttu hans við Ragnheiði dóttur hans, sem hann færði að gjöf eitt fyrsta passíusálmahandritið árið 1661 er Ragnheiður var einungis 19 ára að aldri.

Um var að ræða konsertuppfærslu. Handrit er eftir Guðrúnu Ásmundsdóttur leikkonu og Rúnar Kristjánsson samdi flesta söngtexta. Kór heimafólks söng ásamt einsöngvurum. Stjórnandi var Magnús Ragnarsson.

Þetta framtak er einstakt hér á Vesturlandi og var óperan flutt tvisvar fyrir fullri kirkju. Viðtökur voru mjög góðar.

Þá var einkar vel heppnuð Hallgrímshátíð haldin í Saurbæ í ágústmánuði. Hátíðarmessa og samkoma á eftir, þar sem meðal annarra dr. Einar Sigurbjörnsson og Steindór Andersen komu við sögu. Þessi atburður var vel sóttur.

Í tilefni af 400 ára fæðingarafmæli Hallgríms hefur Steinunn Jóhannesdóttir rithöfundur tekið saman kver, sem fjallar um fyrstu passíusálmahandritin og hefur það hlotið nafnið *Svoddan ljós mætti fleirum lýsa* en fyrirsögnin geymir tilvísun í umsögn sr. Jóns Jónssonar á Melum í Melasveit um sálmana, en hann var skáldabróðir sr. Hallgríms. Um sálmana sagði hann: „… væri óskandi að þessir hjartnæmu sálmar af svo dýrðlegu efni innilega samanteknir lægi ekki í einu eður tveimur húsum, heldur að svoddan ljós mætti fleirum lýsa og til góðrar uppvakningar verða.“ Kverið stendur öllum ókeypis er vilja.

Í Borgarneskirkju voru allir Passíusálmarnir lesnir á föstudaginn langa og er þetta í fyrsta sinn sem það hefur verið gert þar.

Undanfarin ár hefur Sigurður Skúlason lesið í Hallgrímskirkju í Saurbæ og hafa lestrar hans verið gefnir út á hljóðdiski.

Ég var viðstaddur kirkjuafmæli á Hvammi í Dölum í júnímánuði og á Kolbeinsstöðum í ágúst; það voru afar vel heppnaðar samverur, sem sýna vel hug fólks til kirkju sinnar og voru góður vitnisburður um dygga þjónstu heimafólks við helgidóma sína.

Þau tímamót urðu nú í vetur að ákveðið var fjölga prestsembættum á Akranesi.

Í nóvember síðastliðnum var þannig auglýst embætti prests í Garðaprestakalli og er þetta í fyrsta sinn á okkar vettvangi sem tvímenningsprestakall verður til. Embættið var auglýst með sérstakri áherslu á hæfni í barna- og æskulýðsstarfi.

Það var löngu tímabært að bæta þarna við embætti. Garðaprestakall telur hátt í sjö þúsund manns er fjölmennsta prestakall landsins sem þjónað er af einum presti. Undanfarin ár hefur stoðþjónusta verið yfir vetrartímann, frá biskupsstofu, nágrannapresti og settum presti síðastliðinn vetur. Þessi þjónusta hefur vitaskuld verið dýrmæt, en biskup ákvað með hvatningu frá heimamönnum að stofna nýtt embætti frá og með 1. janúar sl.

Um embættið sóttu tíu prestar og guðfræðingar. Ekki reyndist unnt að ljúka störfum valnefndar fyrir áramót vegna óveðra, en valnefndarfundir voru haldnir 6. og 7. janúar og komu umsækjendur allir á fund nefndarinnar.

Valnefndin komst að þeirri samhljóða niðurstöðu að mæla með því að séra Þráinn Haraldsson yrði skipaður í starfið. Biskup fór yfir öll gögn valnefndar og skýrslu lögfræðilegs ráðgjafa og skipaði í kjölfarið séra Þráinn í embættið til fimm ára. Séra Þráinn hefur starfað í

norsku kirkjunni síðustu fjögur ár og getið sér þar gott orð. Hann hafði ekki tök á að taka við embætti undir eins, þurfti að ljúka 3ja mánaða uppsagnarfresti. Hann tók embætti við 1. maí og var settur formlega inní embætti á hvítasunnudag.

Fyrirkomulag um val á presti er sífellt til umræðu og umfjöllunar á vettvangi kirkjunnar. Sýnist þar sitt hverjum. Ég vil þó leyfa mér að segja af fenginni reynslu af þessu fyrirkomulagi að það þurfi verulegrar endurskoðunar við, sér í lagi hvað varðar aðkomu sóknarfólks og athugunarefni hvort breyta ætti valnefnd í kjörnefnd er veldi prest úr hópi umsækjenda sem sérstakt fagráð myndi tilnefna.

Í Reykholti fer fram margháttuð starfsemi. Mikið líf er í Snorrastofu og þar meðal annars boðað reglulega yfir veturinn til fyrirlestra um efni er tengjast sögu og menningu í Borgarfirði.

Þá halda borgfirskir prestar þar mót með fermingarbörnum sínum, en Snæfellingar og Dalamenn hafa fermingabarnamót sitt að Laugum í Sælingsdal.

Samráðsfundir presta í prófastsdæminu hafa verið all nokkrir, bæði innan starfssvæðanna, og sömuleiðis á prófastsdæmisvísu.

Enn er hin Evangelísk – Lútherska kirkja þjóðkirkja á Íslandi. Hópar sem kunna vel að láta í sér heyra og kunna að ná eyrum fólks hafa gagnrýnt það mjög. Ýmislegt hefur verið á borð borið og misgáfulegt. Meira að segja hefur mannréttindahugtakið verið gengisfellt með staðhæfingum um að þjóðkirkjufyrirkomulagið fari í bága við mannréttindi.

Í atkvæðagreiðslu um drög stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá haustið 2012, var spurt um vilja fólks gagnvart þjóðkirkjuákvæði. Niðurstaðan var einkar afgerandi og ánægjuleg. Þvert á spár margra reyndist taugin römm. Þannig reynum við prestar og kirkjufólk líka hug almennings hér um slóðir til kirkju sinnar.

Margt hefur verið kirkjunni mótdrægt síðustu árin.

Guð gefi okkur gæfu til að vera samstæð og sterk út á við – ekki þurfum við að hafa sömu skoðun á öllu, en ef ekki ríkir sæmileg sátt innan kirkjunnar, til dæmis um endurskoðun kirkjulaganna – þá verður heldur ekki sátt um hana í samfélaginu.

Mikið hefur gengið á á vettvangi kirkjuþingisins síðustu árin og sviptingar nokkrar. Leikmenn – prestar. Ógæfulegt ef þar er að skiptast í fylkingar. Það er fráleitt að halda því fram að eitthvað sé til sem kallast annars vegar hagsmunir presta og hagsmunir leikmanna.

Kirkjan á að vera ein og óskipt og einvörðungu þannig getur hún sinnt köllun sinni og þjónustu.

Leikmenn á kirkjuþingi sem annars staðar verða að átta sig á því að það er nauðsynlegt að fagleg og guðfræðileg sjónarmið séu höfð til grundvallar við vinnu á kirkjuþingi, en ekki geðþótta eða skammtímalausnir. Hvað myndum við segja ef læknisfræðileg sjónarmið væru ekki lögð til grundvallar við rekstur heilsugæslu?

Spurningin er líka hvað vill kirkjuþing vera? Hvaða hugmyndafræði á þar að ríkja? Á að skipa kirkjunni eftir veraldlegu rekstrarmódeli eða byggja á hinu besta og nýtilegasta úr kirkjuhefð og hugsun og leiða saman með góðum stjórnsýsluháttum?

Það er ljóst að þjóðin vill áfram samleið kirkju og þjóðar og þakkar þjónustu og framlag kirkju til íslenkrar þjóðmenningar; það á að vera kirkjufólki öllu hvatning til góðra verka. Guð láti gott á vita.



Séra Sigríður, séra Dalla og séra Jón

# *Vestfjarðaprófastsdæmi*

**Sr. Magnús Erlingsson, prófastur**

## Sumar og sól, vín og víf

*Ég er vínviðurinn, þér eruð greinarnar. Sá ber mikinn ávöxt, sem er í mér og ég í honum, en án mín getið þér alls ekkert gert.* Í skáldverkinu *Sölku Völku* eftir Halldór Kiljan Laxness er stefið um vínviðinn eina og sanna oft í bakrunni sögunnar. Umhverfið er lítið sjávarþorp þar sem Salka Valka og móðir hennar slá sér niður. Bátarnir sigla út fjörðinn með mótorskellum, sem óma milli fjallanna. Á eyrinni höndlar kaupmaður. Sögusvið bókarinnar er mjög dæmigert fyrir vestfirskar byggðir. Það var því vel til fundið þegar Prestastefna Íslands var haldin á Vestfjörðum að hafa sem yfirskrift þessi orð Krists um að hann sé vínviðurinn og við greinarnar. Hver kirkja, hver söfnuður er eins og grein, sem vex á vínviðnum eina. Líkingin er reyndar athyglisverð fyrir margra hluta sakir. Vínviður er frekar óásjáleg jurt. Stofn hennar er rýr og greinarnar eru kræklóttar og afskaplega þurrar viðkomu. Samt ber þessi jurt afskaplega bragðmikil og gómsæt ber, sem ljúffengar veigar eru gerðar úr. Íslenska kirkjan líkist oft vínviði. Hún virðist stundum svo þurr og skorpin en samt ber hún með starfi sínu ávexti í mannlífinu þegar hún boðar Guðs orð og færir fólki hughreystingu og sálarbót.

Prestastefnan 2014 var haldin á Ísafirði dagna 10.-12. júní í blíðskaparveðri. Biblíulestrar og fundir voru í Ísafjarðarkirkju og safnaðarheimilinu. Síðan voru kynningarbásar, smiðjur og fyrirlestrar haldnir í húsakynnum Menntaskólans á Ísafirði. Var margt uppbyggilegt gert og



Jóna Símonía segir frá Jóni þumlungi.

sagt. Prófastsdæmin sýndu stuttmyndir, sem þau höfðu gert. Fyrra kvöldið var móttaka niðri í Neðsta. Þar leið mörgum prestinum vel við að gæða sér á reyktum rauðmaga og harðfiski, sem skolað var niður með öli og víni. Annað kvöldið var haldið til Bolungarvíkur og höfð helgistund í Hólskirkju og hátíðarkvöldverður í hinu glæsilega félagsheimili Víkaranna. Á heimleiðinni var stansað í Ósvör og skoðuð gömul verbúð þar sem fanggæsla þjónaði vermönnum í eina tíð. Svo skálaði klerkdómurinn í brennivíni og horfði rauðeygður á sólarlagið. Ljósmyndin, sem fylgir þessari skýrslu, sýnir einmitt þrjá presta, sem allir hafa lesið ber af bolvískum ástarvínvið. Konurnar giftust Bolungum en karlinn fann ástina í Bolungarvík.

## Það er eitthvað ljúfsárt við haustið

Um haustið var helgiganga á Ísafirði. Yfirskrift hennar var *frá myrkri til ljóss*. Gangan hófst handan Skutulsfjarðarins við Seljabrekku þá, er sóknarpresturinn á Eyri, síra Jón Magnússon, fékk brennda tvo feðga, sem báðir hétu Jón. En klerkur áleit þessi sóknarbörn sín hafa lagt á sig galdur. Voru feðgarnir brenndir með atbeina sýslumannsins Þorleifs Kortssonar, er numið hafði úti í Þýskalandi og lesið þar eina stórhættulega bók, *Nornahamarinn*, en eftir þann lestur gerðist Kortsson sýslumaður mjög áhugasamur og áfram um að sótthreinsa Ísland af galdrahyski því er spillt hefði landkostum og þjóðlífi. Þrátt fyrir það að feðgarnir væru brenndir upp svo askan ein stóð eftir þá skánaði síra Jóni ekki pestin og fór þá að læðast að klerki sá grunur að honum væri kannski ekki ætlað það að tilheyra útvöldum hópi guðsbarna. Þannig ritar síra Jón í Píslarsögu

sína: *Ég hugsaði, að þó Drottinn vildi, að djöflarnir tæki af mér lífið, þá mundi mega ske, að Drottinn veitti mér miskunn, ef ég kallandi eða biðjandi dæi. Eða þótt Drottinn vildi kasta mér frá sínu augliti í glötun og helvíti, þá skylda eg einn í tölu allra fordæmdra Drottin ákalla, líkavel þó eg ætti öngva von til náðar.*

Á hinni ljósmyndinni, sem fylgir þessari skýrslu, má sjá Jónu Símóníu Bjarnadóttur sagnfræðing standa undir Seljabrekku og segja frá Jóni þumlungi og galdrafárinu í Skutulsfirði. Eilítið fyrir aftan hana stendur finnska skáldið og guðfræðingurinn Tapio Koivukari, sem skrifaði hina stórgóðu bók *Ariasman*, þar sem sögð er sagan af því þegar Vestfirðingar undir forustu Ara sýslumanns Magnússonar í Ögri fóru að baskneskum hvalföngurum og skipsbrotsmönnum og drápu þá, þar sem þeir höfðu náttað sig á Sandeyri, handan Djúpsins. Alls vógu þeir 31 útlending þarna um haustið fyrir fjögur hundruð árum síðan. Nú er Tapio að vinna að nýrri sögulegri skáldsögu og mun hún fjalla um galdramál á Ströndum.

Á haustdögum þegar hlíðarnar í Tunguskógi skörtuðu gulu og rauðu og voru hvað fegurstar ásýndum, rétt í þann mund er trén fella blöðin þá var haldinn valnefndarfundur á Bíldudal. Auglýst hafði verið hálft embætti prests í Patreksfjarðarprestakalli og höfðu þrír guðfræðingar sótt um starfann. Má það kalla vel sótt því ritað er að maðurinn lifir eigi á brauðinu einu saman og þá ekki heldur ef brauðið er einungis hálft. Valnefndin settist á rökstóla og boðaði alla umsækjendurna í viðtal. Var ákveðið að velja elsta umsækjendann, Elínu Salóme Guðmundsdóttur. Hún er fædd og uppalin í Bolungarvík en rekur ættir sínar norður í Furufjörð en þar kúrir lítið bænhús, sem brottfluttir Furufirðingar hafa gert upp. Sr. Elín Salóme var vígð til prests í Dómkirkjunni og hefur hún þjónað sóknarbörnum i Patreksfjarðarprestakalli í vetur við hlið sr. Leifs Ragnars Jónssonar sóknarprests.

## Vetrarsnjór

Prófasturinn tók eftir því í byrjun vetrar að hempan hans var orðin slitin og stóðu spjöldin út úr svörtu klæðinu og pípukraginn var orðinn lúinn og velktur. Við svo búið mátti ekki standa og braust blessaður himnaríkissauðurinn suður heiðar í þreifandi byl, rakti sig áfram frá stiku til stiku til að ná fundi skraddarakerlingar einnar í Laxakvíslinni í Árbænum en hún náði að hressa upp á hempugarminn svo að enn um hríð getur þessi tilsjónarmaður Guðs kristni í vestrinu þjónað sinni kirkju þótt af veikum mætti sé.

Það er eitthvað himneskt við snjóinn. Þegar snjór er yfir öllu þá verður allt svo kyrrt. Engin bílahljóð heyrast. Aldrei er kyrrðin meiri en þegar snjórinn fellur í flygsum til jarðarinnar. Snjórinn fellur af himnum ofan enda eru krystallar hans eins og eþíópskir krossar. Snjórinn minnir mann á himnaríki. Ekkert er eins yndislegt og það að kasta sér í fönnina og þrýsta fésinu niður í hvíta breiðuna, sem tekur mót af andlitinu. Og aldrei er ljósið bjartara en einmitt þá er sólin sendir geisla sína yfir hjarnið á kyrrum vetrardegi. Þá fyrst skynjar mannsbarnið kraftbirtingarhljóm ljóssins. Þá upplýsist sálarsjón guðsbarna.

Á pálmasunnudag var haldin kirkjuskólahátíð í Hólskirkju í Bolungarvík. Þar kómu kirkjuskólabörn af norðanverðum Vestfjörðum saman ásamt prestum sínum og fræðurum og lofsungu Drottni. Refur og mús voru í predikunarstólnum og líkt og á sjálfa jólanóttina þá mæltu dýrin á íslensku og sögðu sagnir. Að guðsþjónustu lokinni var haldið pylsupartý í safnaðarheimili Bolungarvíkur en það er í Hvíta húsinu. Enginn Obama eða Michelle í því Hvíta húsi!

## Vorverk prestanna

Á vorin vaknar náttúran til lífsins. Þá fer æðarfuglinn að úa og karlfuglarnir fljúgast á. Vorin eru annatími hjá prestum. Þá er fermt í mörgum kirkjum en í vestrinu eru 50 kirkjur; þar af 37 sóknarkirkjur. Því miður var ekki fermt í öllum sóknarkirkjum þetta vorið en fermingarbörnum hefur fækkað hin seinni ár. Helst það í hendur við fækkun skólabarna. Kannski er einhver útideyfa komin í mannlega náttúru því fæðingum í vestrinu hefur fækkað. Kríuvarp og lundavarp er hins vegar með ágætum og heimskautaref hefur fjölgað stórum.

Áberandi er að fermingar eru að verða að einstaklingsathöfnum líkt og skírnirnar eru orðnar fyrir löngu síðan. Prestarnir ferma eitt og tvö börn í einu og hafa konfirmasjónir dreifst svo mjög í seinni tíð að á vorin eru flestar guðsþjónustur fermingarmessur. Lítið er um að vestfirsk börn velji það að fermast ekki. Flest vilja þau ganga fyrir gafl og staðfesta sín heit. Er það nokkur huggun gömlum manni og gráhærðum, sem er uppi á þessari guðlausu öld, sem einkennist meir og meir af taumlausri hlutadýrkun og sjálfsupphafningu. Þó má enn finna sanna auðmýkt og guðslotningu hjá vestfirskum sóknarbörnum, sem lúta höfði og meðtaka sakramentið þegar prestarnir leggja oblátuna í lófann og bera svo fram kaleikinn. Kannski er enn svolítil von. Kannski mun sá kalkvistur, sem íslenska kirkjan er, bera ávöxt. En ekki er það fyrir orðskrúð prestanna eða bænastagl, nei, það er verk Heilags anda: *Sjá, ég stend við dyrnar og ný á. Ef einhver heyrir raust mína og lýkur upp dyrunum þá mun ég fara inn til hans og neyta kvöldverðar með honum og hann með mér.*

# *Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi*

**Sr. Dalla Þórðardóttir, prófastur**

Upp er runninn fegursti dagur ársins hingað til. Veðurspá er að sögn farsæl næstu vikuna og von til þess að snúist til betri daga með hlýju. Vor og nýliðinn vetur urðu fólki nokkuð þung í skauti og eitthvað var um það, umfram venju, að fella yrði niður atburði eða fresta vegna veðra.

Kristnilíf í prófastsdæminu er þó með nokkuð sama móti það ár sem skýrsla þessi tekur til og var síðustu ár.

Að sögn prestanna og þeirra sem hvað gerst fylgjast með sækir fólk guðsþjónustur nokkuð vel og messusókn bæði á jólum og páskum er að aukast. Jólaguðsþjónustur voru sérlega vel sóttar.

Eins og fyrr hefur verið getið um í þessum pistlum er fermingarathöfnum að fjölga. Fermingarbörnin vilja fremur gera þennan hátíðisdag að sínum, en að eiga hann sameiginlegan með öllum hópnum. Þar með getur uppfræðarinn einnig gefið sér meiri tíma með fjölskyldunni og unnt er að setja persónulegri blæ á athöfnina. Vissulega útheimtir þetta meiri vinnu af hendi prests og kirkjukórs. Gleðilegt er að þátttaka vina og ættingja í athöfninni er að aukast og þar með eru þau fleiri eyrun, sem til næst með boðun fagnaðarerindisins.

Útfarir í vetur, sérlega eftir jól, hafa verið óvenjumargar á svæðinu.

## Fræðsla

Sunnudagaskóli er starfræktur í öllum prestaköllum, TTT starf einnig og í sumum 6-9 ára starf. Æskulýðsfélag er starfandi í tveimur prestaköllum.

Fermingarbörn sækja, auk reglubundinna fermingartíma í heimabyggð, námskeið í Vatnaskógi eða Löngumýri. Héraðssjóður styrkir för barna á þessi námskeið, svo og ferðir barna á TTT mót.

Verulegur skerfur af tekjum héraðssjóðs árlega fer til þessara verkefna.

Söfnuðir á skagfirska efnahagssvæðinu hafa notið þess að KS styrkir ungmennastarf þar myndarlega. Þakka ber það sem vel er gert.

Á liðnu ári var bryddað upp á þeirri nýbreytni að bjóða prestum og starfsfólki safnaðanna til fræðsluferðar út fyrir landsteinana. Í upphafi var velt vöngum yfir því að fara til Norðurlanda, til Bretlands eða Þýskalands og varð sá kostur fyrir valinu og réð þar nokkru að fólk fýsti að koma á Lúterssslóðir.

Hitann og þungann af bæði undirbúningi svo og fararstjórn báru þau sr. Guðni og Guðrún Lára á Melstað. Við nutum vinabanda þeirra þar og staðkunnáttu. Dvalið var ytra í eina viku í lok ágústmánaðar. Heimsóttir voru söfnuðir í Düsseldorf prófastsdæmi og hittum við m.a sr. Sjöfn Þór og Daníel mann hennar. Mjög fróðlegt var að kynnast starfsháttum þar um slóðir, en vegna námavinnslu eru heilu þorpin færð um set og endurbyggð. Wittenberg vann hug og hjörtu fólks og þar nutum við frábærrar leiðsagnar; sagan lifnaði við í söfnum og á gömlum strætum.

## Starfsmannahald

Kristín Árnadóttir djákni lýkur senn, sökum aldurs, farsælli þjónustu. Hún hóf störf í Húnavatnsprófastsdæmi forna með sérstakar skyldur við Hólmavíkurprestakall. Eftir sameiningu prófastsdæmanna hélt hún starfsvettvangi sínum að mestu, hefur þó komið endrum og sinnum yfir í Skagafjörð, aðallega sinnt starfi með eldri borgurum i Húnaþingi vestra, en í vetur hefur hún sinnt sérkennslu á Skagaströnd og komið að barnastarfi þar.

Sr. Bryndís Valbjarnardóttir var valin sóknarprestur í Skagastrandarprestakalli á liðnu ári og var sett inn í embætti 22. október sl. Hún var sóknarbörnum reyndar kunn þar, því hún kom til starfa árið 2013. Hún kom hingað reynslumikil úr vandasömu starfi í Reykjavík.

